# Ú R S K U R Ð U R
# Ó B Y G G Ð A N E F N D A R

**Mál nr. 4/2018**

**Fjalllendið milli Elliða og Lágafells**
**auk Baulárvalla**

ÓBYGGÐANEFND

**15. ágúst 2019**

## EFNISYFIRLIT


**1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD ..... 1**

**2 MÁLSMEÐFERÐ ..... 2**

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar ..... 2

2.2 Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandarhreppi (svæði 9B) tekið til meðferðar ..... 2

2.3 Lýstar kröfur og kynning ..... 3

2.4 Mál nr. 4/2018, Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla ..... 3

**3 KRÖFUGERÐ ..... 7**

3.1 Kröfur íslenska ríkisins ..... 7

3.2 Kröfur vegna Baulárvalla ..... 7

3.3 Kröfur vegna Syðra-Lágafells ..... 8

3.4 Kröfur vegna Elliða ..... 9

3.5 Kröfur vegna Ytra-Lágafells ..... 10

3.6 Kröfur vegna Hofsstaða ..... 10

3.7 Kröfur vegna Dals ..... 11

3.8 Kröfur vegna Hraunsfjarðar, Horns og Selvalla ..... 11

**4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN ..... 13**

4.1 Inngangur ..... 13

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar ..... 13

4.3 Vettvangsferð ..... 14

4.4 Skýrslutökur ..... 14

**5 SAGA LANDSVÆÐA ..... 15**

5.1 Landnám ..... 15

5.2 Afréttir og afréttarnot ..... 17

5.3 Baulárvellir ..... 20

5.4 Hraunsfjörður ..... 42

5.5 Selvellir ..... 43

5.6 Horn ..... 44

5.7 Dalur ..... 46

5.8 Hofsstaðir ..... 47

5.9 Lágafell (Ytra-Lágafell og Syðra-Lágafell) ..... 56

5.10 Elliði ..... 59

5.11 Eignir og réttindi kirkna o.fl. ..... 64

5.11.1 Gaul ..... 64

5.11.2 Staðarstaður ..... 65

5.11.3 Helgafell ..... 66

5.11.4 Stykkishólmskirkja ..... 68

**6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR .......... 70**
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði .......... 70
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar .......... 70
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum .......... 70
6.2 Landnám .......... 71
6.3 Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla .......... 72
6.3.1 Inngangur .......... 72
6.3.2 Sjónarmið aðila .......... 74
6.3.2.1 Íslenska ríkið .......... 74
6.3.2.2 Stykkishólmskirkja .......... 78
6.3.2.3 Horn, Selvellir og Hraunsfjörður .......... 89
6.3.2.4 Dalur .......... 95
6.3.2.5 Hofsstaðir .......... 101
6.3.2.6 Syðra-Lágafell .......... 106
6.3.2.7 Ytra-Lágafell .......... 118
6.3.2.8 Elliði .......... 123
6.3.3 Niðurstaða .......... 127
6.4 Um málskostnað .......... 173
**7 ÚRSKURÐARORÐ .......... 174**

**VIÐAUKI: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR .......... I**
**FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ .......... LXXXV**
**FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ .......... LXXXVI**
a) Efnisflokkuð skjalaskrá .......... LXXXVI
b) Skjalaskrá í númeraröð .......... XCIX
**FYLGISKJAL III: KORT .......... CXI**

# 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Fimmtudaginn 15. ágúst 2019 er tekið fyrir mál nr. 4/2018, Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla, og í því kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR**

Úrskurð þennan kveða upp Ása Ólafsdóttir formaður, Þorsteinn Magnússon og Aðalheiður Jóhannsdóttir.

Aðilar máls eru:[1]

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Andri Andrason lögmaður, Edda Andradóttir lögmaður og Indriði Þorkelsson lögmaður.)

Stykkishólmskirkja vegna Baulárvalla.

Dánarbú Jensínu Jensdóttur, Kristján Már Magnússon, Ingibjörg Magnúsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Jóhann M. Kristjánsson, Sveinn Magnússon, Ingibjörg Sveina Þórisdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Svava Guðrún Margrétardóttir, Einar Björn Þórður Þórisson, Hafdís Lind Hafsteinsdóttir, Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir og Birgitte Möhl vegna Syðra-Lágafells.

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

Múlavirkjun hf. vegna Elliða.

Elís Fells Elíasson, Magnús Elíasson og Erla Elíasdóttir vegna Ytra-Lágafells.

Eggert Kjartansson vegna Hofsstaða.

Dufgusdalur ehf. vegna Dals.

Jón Thors og Ásta Thors vegna Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns.

(Guðjón Ármannsson lögmaður.)

[1] Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I).

# 2 MÁLSMEÐFERÐ

## 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

## 2.2 Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandarhreppi (svæði 9B) tekið til meðferðar

Með bréfi dagsettu 17. september 2014 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 9, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998 og veittur frestur til 18. desember 2014 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða.

Landsvæði þetta, hið ellefta í röðinni hjá óbyggðanefnd,[2] tók til Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar, hluta Strandabyggðar (fyrrum Broddaneshrepps), hluta Húnaþings vestra (fyrrum Bæjarhrepps) og hluta Borgarbyggðar (fyrrum Kolbeinsstaðahrepps). Með bréfi dagsettu 30. september 2015 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið, vegna knappra fjárheimilda nefndarinnar og að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 9 í þrennt. Landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, eftir þessa breytingu, er auðkennt sem svæði 9B, þ.e. Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandarhreppi. Að fengnu áliti sérfræðinga Þjóðskjalasafnsins um tilhögun gagnaöflunar þótti fara best á því að fjalla um Skógarstrandarhrepp með Snæfellsnesi (svæði 9B).

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga afmarkast svæði 9B svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Að suðaustanverðu afmarkast svæðið af austurmörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps, allt frá hafi og til norðurs þar til komið er að austurmörkum fyrrum Skógarstrandarhrepps. Þaðan er austurmörkum fyrrum Skógarstrandarhrepps fylgt til norðurs að hafi. Að sunnan-, vestan-, og norðanverðu afmarkast svæðið af hafi.

---

[2] Upphaflega var landinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7 og 8 var báðum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A og 8B. Svæði 9 var því hið ellefta í röðinni þegar þarna var komið sögu.

Að teknu tilliti til framvindu gagnaöflunar og þeirrar uppskiptingar svæðisins í svæði 9A og 9B, sem að framan er greint frá var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu nokkrum sinnum framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, síðast til 8. febrúar 2018.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélögum var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar um að taka svæðið til meðferðar og gerð grein fyrir framhaldinu.

## 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 9B bárust óbyggðanefnd 8. febrúar 2018. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 23. sama mánaðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 25. maí 2018. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. sama lagaákvæði.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og á skrifstofum sýslumannsins á Vesturlandi á Hellissandi og í Stykkishólmi, auk þess sem þær voru birtar á vefsíðu óbyggðanefndar. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur til 22. júní 2018.

Eftir að kröfur annarra en íslenska ríkisins komu fram var gefið út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og voru þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Vesturlandi á Hellissandi og í Stykkishólmi frá 30. júlí til og með 30. ágúst 2018, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 6. september 2018. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar, skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók til 5 aðgreindra svæða. Á móti bárust 22 kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust.

## 2.4 Mál nr. 4/2018, Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla.

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 9B, sem fram fór 22. júní 2018, ákvað óbyggðanefnd að fjalla um ágreiningsmál á svæðinu í fjórum aðskildum málum, þ.e. mál nr. 1/2018, Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans, mál nr. 2/2018, Landsvæði milli

Hraunhafnardals, Mælifells og Bjarnarfossdals, mál nr. 3/2018, Eyrarbotn, og mál nr. 4/2018, Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla.

Við sömu fyrirtöku var farið yfir forsögu meðferðar svæðis 9B og stöðu kynningar krafna aðila. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Ása Ólafsdóttir formaður, Þorsteinn Magnússon og Aðalheiður Jóhannsdóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl í málinu, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Farið var yfir áætlun um framvindu málsmeðferðar á svæðinu, sem sett var fram með fyrirvara um framvindu gagnaöflunar og umfang mála þegar henni yrði lokið.

Vettvangsferð vegna máls nr. 4/2018 fór fram 31. ágúst 2018. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Önnur fyrirtaka mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 13. september 2018. Lögð voru fram skjöl í málinu, ásamt skjalaskrá. Í fundarboði vegna fyrirtökunnar kom fram að tilgangur hennar væri m.a. sá að leita sátta með aðilum í samræmi við hlutverk óbyggðanefndar skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998. Þeim tilmælum var beint til málsaðila og fulltrúa þeirra að leitast við að sætta kröfulínur og málin að öðru leyti, eins og hægt væri. Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir því að á grundvelli rannsóknarskyldu óbyggðanefndar skv. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 hygðist nefndin afla upplýsinga frá Veðurstofu Íslands um vatnaskil og upptök áa þar sem merkjum og kröfum væri lýst um vatnaskil og annars staðar þar sem nefndin teldi að það geti haft þýðingu við úrlausn málanna. Því var beint til lögmanna að huga að því hvort slíkar upplýsingar gætu stuðlað að frekari samræmingu kröfulína og mögulegum sáttum í málunum. Fram kom að misræmi í staðsetningu íslenska ríkisins og gagnaðila þess á tilteknum örnefnum á ágreiningssvæðinu vegna Baulárvalla stafaði ekki af ágreiningi um staðsetningu, enda væri textalýsing sú sama. Samhljómur var um það að sammælast um staðsetningu með hliðsjón af hnitsettum gögnum sem lægju fyrir. Þá kom einnig fram að töluvert misræmi væri milli staðsetningar nokkurra örnefna á sunnanverðu kröfusvæði ríkisins í málinu, bæði milli ríkisins og gagnaðila þess og innbyrðis milli gagnaðila ríkisins. Ákveðið var að aðilar færu yfir þessi örnefni og gerðu tilraun til að samræma línur með tilliti til þeirra.

Þriðja fyrirtaka mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 12. október 2018. Lögð voru fram skjöl í málinu, ásamt skjalaskrá. Tilgangur fyrirtökunnar var að halda áfram þeirri sáttaumleitan sem hófst við aðra fyrirtöku. Formaður gerði grein fyrir því að nefndin hefði aflað upplýsinga um vatnaskil frá Veðurstofu Íslands á tilteknum svæðum í málinu og að þeim hefði verið varpað inn á kröfulínukort sem lögð hefðu verið fram. Formaður kannaði afstöðu lögmanna til möguleika á sáttum í málinu. Lögmaður ríkisins og lögmenn gagnaðila ríkisins sammæltust um að ganga frá samræmingu kröfulína milli punkta nr. 5 og 12 á kröfulínu ríkisins. Lögmaður eigenda Hofsstaða, Ytra-Lágafells, Dals, Hraunsfjarðar, Horns, Selvalla og Elliða skoraði á lögmann ríkisins að draga kröfu ríkisins til baka á sunnanverðu kröfusvæðinu. Formaður beindi því til lögmanna að funda og kanna möguleika á sáttum í málinu fyrir 1. nóvember 2018.

Fjórða fyrirtaka mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 5. nóvember 2018. Lögð voru fram skjöl í málinu, ásamt skjalaskrá. Lögmaður ríkisins boðaði að kröfulína ríkisins í málinu yrði samræmd kröfulínum gagnaðila ríkisins milli punkta nr. 5 og 12 á kröfulínu ríkisins þar sem textalýsing væri sú sama. Lögmaður ríkisins og lögmaður eiganda Hofsstaða upplýstu að þeir hefðu fundað um málið og ekki hefðu tekist sættir í málinu að svo stöddu. Ákveðið var að veita íslenska ríkinu frest til 26. nóvember 2018 til að skila greinargerð vegna málsins og að í kjölfarið fengju gagnaðilar ríkisins frest til 21. desember 2018 til að skila sínum greinargerðum.

Við fimmtu fyrirtöku mála á svæði 9B, sem var haldin sameiginlega vegna allra málanna 26. nóvember 2018, var lögð fram greinargerð í málinu af hálfu íslenska ríkisins. Þar kom fram að kröfugerð ríkisins væri óbreytt en staðsetning örnefna, kröfupunkta og kröfulína hefði hins vegar verið samræmd kröfukorti gagnaðila ríkisins. Auk þess voru lögð fram önnur skjöl í málinu ásamt skjalaskrá. Í samræmi við það sem áður hafði verið rætt var gagnaðilum íslenska ríkisins veittur frestur til 21. desember 2018 til að skila greinargerðum í málinu.

Sjötta fyrirtaka mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 14. janúar 2019. Upphaflega stóð til að fyrirtakan færi fram 21. desember 2018, að liðnum greinargerðarfresti gagnaðila íslenska ríkisins, en henni var seinkað eftir að fallist var á að framlengja frestinn til 11. janúar 2019. Við fyrirtökuna voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins ásamt öðrum skjölum í málinu og skjalaskrá. Þá tilkynnti formaður að ákveðið hefði verið að aðalmeðferð í málum nr. 1–4/2018 færi fram á Hótel Búðum á Snæfellsnesi 28. febrúar 2019.

Aðalmeðferð mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 28. febrúar 2019 á Hótel Búðum á Snæfellsnesi. Formaður hóf fundinn á að þakka heimamönnum sérstaklega fyrir aðstoð við að upplýsa málin, m.a. á vettvangi og með því að mæta til skýrslugjafar. Því næst voru lögð fram skjöl í málunum ásamt skjalaskrá. Að því búnu fóru fram skýrslutökur sem nánar er gerð grein fyrir í kafla 4.4. Að skýrslutökum loknum var gert hádegishlé. Aðalmeðferðinni var fram haldið með málflutningi

og voru mál 1–4/2018 flutt sameiginlega. Lögmaður íslenska ríkisins tók fram að á þeim svæðum þar sem ekki hefðu komið fram gagnkröfur eða þar sem ríkið gæti verið gagnaðili væri það ósk ríkisins að óbyggðanefnd kannaði samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda. Að loknum málflutningi lögmanns íslenska ríkisins fluttu málið lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins. Lögmaður eigenda Syðra-Lágafells ítrekaði varakröfu þeirra í málinu, sem fram kom við skýrslutöku, þ.e. að ef niðurstaðan yrði að útmæling Baulárvalla væri ómerk, þá teldu eigendur Syðra-Lágafells sig eiga land að Baulárvallavatni. Gerð var sú grein fyrir afmörkun varakröfunnar að farið væri úr punkti nr. 12, Urðarmúlahorni og vestur úr eins og Baulárvallaland væri afmarkað, síðan að vatninu og þaðan austur úr og svo um Straumfjarðará að kröfulínu ríkisins og loks eftir henni aftur í Urðarmúlahorn. Lögmaður eigenda Hofsstaða, Ytra-Lágafells, Dals, Hraunsfjarðar, Horns, Selvalla og Elliða lýsti því yfir að innan krafna umbjóðenda hans rúmuðust kröfur um óbein eignarréttindi. Við lok aðalmeðferðar gerði formaður grein fyrir því að frekari gögn kynnu að koma í leitirnar, m.a. vegna útistandandi gagnaöflunarbeiðna hjá sýslumannsembætti o.fl. Málið yrði tekið aftur fyrir af því tilefni. Formaður áréttaði að lögmenn fengju færi á að tjá sig um þau gögn sem kæmu fram síðar og að óbyggðanefnd rannsakaði þau til jafns við önnur gögn.

Við 8. fyrirtöku 14. ágúst 2019 voru formlega lögð fram skjöl sem höfðu komið í leitirnar frá því að aðalmeðferð lauk. Þau höfðu þó áður verið gerð aðgengileg lögmönnum rafrænt. Jafnframt var bókað um rökstuðning lögmanns ríkisins fyrir kröfupunkti nr. 16, Djúpagili, sem lögmaðurinn hafði áður sent nefndinni og lögmönnum annarra aðila málsins. Þá var bókað um athugasemdir Eggerts Kjartanssonar á Hofsstöðum við skýrslur sem gefnar voru fyrir nefndinni við aðalmeðferð málsins. Um leið var bókað um mótmæli Stykkishólmskirkju við athugasemdunum. Að því loknu tilkynnti formaður að málið væri tekið til úrskurðar.

# 3 KRÖFUGERÐ[3]

## 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er kröfum í málinu eins og að neðan greinir. Í endanlegri kröfugerð er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis:

> *Fjallendi Elliða og Lágafells, auk Baulárvalla:*
>
> Upphafspunktur er Faxasteinn (1), sem stendur ofarlega í Elliðahamri, þaðan er sjónhending norður í Sóleyjardalsöxl hina hærri (2), þaðan sjónhending í suðaustasta Tröllatind á suðurenda Kjósarhryggs (3), þaðan í Klettaborg (Breiðaborg) (4) sem er rétt sunnan við upptök Hvanngils (5), þaðan ofan í Hvanngil (6), sem ræður merkjum ofan í Hraunsfjarðarvatn (7), þaðan er sjónhending yfir vatnshornið í útnorður horn á Vatnafelli (8), þaðan til norðurs í vörðu á grjótborg sem heitir Kista (9), þaðan ráða vörður til austurs eftir Vatnahryggjum að Rauðalæk (10). Þaðan austur eftir Vatnamýrabrekkum í stóra vörðu sem stendur á brekkubrúninni þar sem vötnum fer fyrst að halla til landsuðurs ofan í Dufgusdal (11) og frá fyrrgreindri vörðu, sjónhending til suðurs í Urðarmúlahorn (Urðarhausa) (12), sem skagar næst Straumfjarðará, þaðan er sjónhending suður í Urðarmúla (13), þaðan er sjónhending í Þvergil (14), þaðan í Frakkaskarð (15) og þaðan er farið vestur og síðan norður eftir fjallseggjum, yfir Djúpagil (16) og áfram norður í ysta klofning á Markgili (17), sem er á hreppamörkum, þaðan er farin sjónhending vestur eftir háeggjum fjallsins Elliða, vestur að Faxasteini, sem er upphafspunktur.

## 3.2 Kröfur vegna Baulárvalla

Af hálfu Stykkishólmskirkju er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í land Baulárvalla verði hafnað og viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja undirorpin beinum eignarrétti landeiganda.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar Baulárvalla séu samkvæmt útmælingargjörð fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 6. apríl 1847. Gerð er samkvæmt framangreindu krafa um að heildarlandamerki Baulárvalla séu eftirfarandi, sbr. kröfulínur á framlögðum uppdrætti af landamerkjum og hornpunktaskrá:

> Í landsuður ræður Urðarmúlahorn, (p. 1) sem næst skagar Straumfjarðará, og eftir sem brún hans ræður (p. 2–5), til stefnunnar á klettahnúk er kallast Stakkur, sem er í hádegisstað frá bænum (p. 6). Þaðan í vestur í vörðu þá, sem stendur á borg þeirri er nú kallast Söðulsborg (p. 7). Þaðan í einstakan stóran stein, sem stendur á landsuður síðu Norðurmúla (p. 8). Þaðan sjónhending vestur á efstu fossa (p. 9), sem falla frá fjöllum, í austari Breiðadalsbotna. Þaðan í vörðu, sem stendur á klettaborg, kippkorn fyrir austan Hvanngil (p. 10), og svo í gilið (p. 11). Síðan ræður Hvanngil, sem rennur ofaneftir svokölluðum Austari-Breiðdal, landi í vesturátt, uns það fellur í Hraunsfjarðarvatn. Þaðan sjónhending yfir Vatnshornið í Útnorðurshorn á Vatnafelli (p. 12). Þaðan frá til norðurs í vörðu á grjótborg þeirri er kallast Kista (p. 13). Síðan ráða vörður fyrir norðri til austurs (p. 14–15), eftir Vatnahryggnum að Rauðalæk, og þaðan austur eftir

[3] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

> Vatnamýrarbrekkum í Stóru-vörðu (p. 16), sem stendur á brekknabrúninni, þar sem fyrst hallar vötnum til landsuðurs, ofan að Dugfúsdal, og svo úr téðri vörðu sjónhending til suðurs í fyrstnefnt Urðarmúlahorn (p. 1). Á öllum framannefndum örnefnum eru vörður hlaðnar.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

## 3.3 Kröfur vegna Syðra-Lágafells

Af hálfu eigenda Syðra-Lágafells er þess aðallega krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, verði hafnað og viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finnan innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja undirorpin beinum eignarrétti landeigenda.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jaðrarinnar Syðra-Lágafells séu í samræmi við neðangreindar heimildir, sbr. kröfulínu á framlögðum uppdrætti af landamerkjum og hornpunktaskrá:

Landamerkjabréf frá 30. desember 1888 fyrir þjóðeignina Lágafell syðra í Miklaholtshreppi þar sem segi:

> 1, Að utanverðu úr Gróutjörn og þaðan í Pálshamar og þaðan í Selmúla á fjalli upp og að austanverðu í Frakkastarði á Syðra-Lágafellshyrnu, og þaðan í Hánefshóla og svo þaðan eins og götur ráða í Gráutjörn, að norðanverðu. Frekari landamerki veit ég ekki fyrir ofanskrifaðri þjóðjörð.

Landamerkjabréf frá 29. desember 1888 fyrir þjóðeignina Lágafell ytra í Miklaholtshreppi þar sem segi:

> 1, Milli Lágafellanna eru landamerki úr Pálshamri og þaðan sjónhending í Merkjalæk, hann ræður til Gróutjarnar, úr vesturenda tjarnarinnar sjónhending í Gróuhól, þaðan sjónhending í Merkjapytt. 2. svo milli Elliða og Lágafells ytra, sjónhending úr Merkjapytt í stein á Hrísholti eða Deildarholti þaðan í ysta Klofning á Markgili þar sem það klýfur sig úr brún, en landamerki veit maður ekki glögg fyrir fjall landinu en sem þó ættu að fást ef máldagar eru til fyrir því.

Landskiptagjörð vegna nýbýlis að Lágafelli syðra frá 17. október 1951 og afsal frá 20. maí 1957 þar sem afsalað er nýbýlinu Lágafelli syðra II, þar sem segi um landamerki nýbýlisins frá aðaljörðinni:

> Syðsti framræsluskurðurinn skiptir túnum jarðanna, svo ræður sjónhending merkjum úr neðri enda skurðsins í Leirskál við Langholtsveg, þaðan eins og Langholt ræður til móts við Gaularland, í syðri enda Gróutjarnar, þá ræður lækur er fellur í sunnanverða Gróutjörn merkjum (milli nýbýlisins og ytra Lágafells) að upptökum frá þeim sjónhending í Pálshamar. Að norðan og austan ræður girðing merkjum milli óræktaðs lands eða beitilands og nýræktarlandsins.

Um landamerki jarðarinnar gagnvart Baulárvöllum er vísað til útmælingargjörðar fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 6. apríl 1847, þar sem vísað sé til brúnar Urðarmúla um merki milli Baulárvalla og Lágafellanna.

Um landamerki jarðarinnar að neðanverðu gagnvart jörðinni Gaul er vísað til landamerkjaskrár fyrir þjóðeigninni Gaul í Staðarsveit frá 23. júní 1885.

Um landamerki jarðarinnar að austanverðu gagnvart jörðinni Hofsstöðum er vísað til landamerkjaskráa fyrir jörðina Hofsstaði í Miklaholtshreppi frá 19. mars 1886 og 2. janúar 1890.

Til vara, verði ekki fallist á kröfu Stykkishólmskirkju vegna Baulárvalla, er þess krafist að viðurkennt verði að afmörkun lands Syðra-Lágafells sé í samræmi við aðalkröfuna og það nái auk þess að Baulárvallavatni. Afmörkun varakröfunnar er þessi: Farið er úr punkti nr. 12 á kröfulínu ríkisins í Urðarmúlahorni og vestur eftir kröfulínu vegna Baulárvalla að Draugagili, þaðan norður að Baulárvallavatni og eftir vatninu að Straumfjarðará. Þaðan er Straumfjarðará fylgt að kröfulínu ríkisins og henni svo fylgt aftur í Urðarmúlahorn.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

### 3.4 Kröfur vegna Elliða

Af hálfu eiganda Elliða er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda yfir landi jarðarinnar, sem lýst sé innan neðangreindra merkja. Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan téðra merkja, að meginstefnu til milli Draugagilsár og Moldargilsár, sé því mótmælt.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu eftirfarandi, í samræmi við landamerkjalýsingu Elliða frá 1. janúar 1964, sbr. framlagðan uppdrátt af landamerkjum:

> Austurmörk: Úr yzta klofningi Markgils, þar sem það fellur fram af fjallsbúninni, sjónhending í Kistugil sem gljúfrin enda – af brúninni séð. Þaðan eins og Baulárvallavegur ræður inn að Draugagilsá á móti Stakk. Þaðan ræður svo Draugagilsá í Baulárvallavatn.
>
> Norðurmörk: Baulárvatnavatn að Vatná, þá Vatná í Hraunsfjarðarvatn, þá Hraunsfjarðarvatn að Hvanngili. Þaðan ræður Hvanngil eftir Breiðdal hinum úr Hvanngili efst ræður sjónhending í merkjavörðu á Breiðuborg sem stutt er frá upptökum Hvanngils í suðurátt.
>
> Vesturmörk: Úr merkjavörðu á Breiðuborg uppeftir Kjósarhrygg þar sem hann er hæztur, þaðan eins og vötnum hallar í suðaustasta Tröllatindinn. Þaðan ræður sjónhending í Sóldeygjardalsöxl hina hærri úr henni sjónhending í Faxastein, sem stendur fremst í fjallabrúnni upp af Kaplasteini.

Fyrir liggi óformlegt samkomulag milli eiganda Elliða og eigenda Horns, Selvalla og Hraunfjarðar um að merki Elliða til vesturs skuli miðast við Moldargilsá upp í Kjósarhrygg þar sem hann er hæstur.

Í kröfugerð jarðeiganda felst krafa um ótakmarkaðan hagnýtingarrétt í Baulárvallavatni innan netlaga fyrir framangreindu landi.

Fram kom í málflutningi við aðalmeðferð málsins að litið væri svo á að kröfur um óbein eignarréttindi rúmuðust innan krafna málsaðilans.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 3.5 Kröfur vegna Ytra-Lágafells

Af hálfu eigenda Ytra-Lágafells er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda yfir landi jarðarinnar, sem lýst sé innan neðangreindra merkja. Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan téðra merkja sé því mótmælt.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu eftirfarandi, í samræmi við landamerkjalýsingu Hofsstaða og Ytra-Lágafells fyrir fjalllendi jarðanna frá 20. apríl 1964, sbr. framlagðan uppdrátt af landamerkjum:

> Mörkin eru samkv. ofanrituðu er úr Baulárvallavatni: A) Á móti Dal ræður Straumfjarðará úr vatninu á móts við Urðarmúlahorn og niður. B) Á móti Elliða ræður Draugagilsá úr vatninu allt á móts við Strakk og þaðan eftir hinum forna Baulárvallavegi.

Fyrir liggi samkomulag milli eigenda Hofsstaða og Ytra-Lágafells um skiptingu ofangreinds fjalllendis milli jarðanna. Efnis samkomulagsins birtist í meðfylgjandi uppdrætti frá júlímánuði 2011. Merki milli jarðanna séu dregin úr Pálshamri í punkt á Selmúla, í punkt á Hvítfossagili, í punkt í Stokkalæk og þaðan í Baulárvallavatn.

Í kröfugerð jarðeigenda felst krafa um ótakmarkaðan hagnýtingarrétt í Baulárvallavatni innan netlaga fyrir framangreindu landi.

Fram kom í málflutningi við aðalmeðferð málsins að litið væri svo á að kröfur um óbein eignarréttindi rúmuðust innan krafna málsaðilanna.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 3.6 Kröfur vegna Hofsstaða

Af hálfu eiganda Hofsstaða er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda yfir landi jarðarinnar, sem lýst sé innan neðangreindra merkja. Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan téðra merkja sé því mótmælt.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu eftirfarandi, í samræmi við landamerkjalýsingu Hofsstaða og Ytra-Lágafells fyrir fjalllendi jarðanna frá 20. apríl 1964, þar sem mörkum sé lýst upp í Baulárvallavatn, sbr. framlagðan uppdrátt af landamerkjum:

> Mörkin eru samkv. ofanrituðu úr Baulárvallavatni: A) Á móti Dal ræður Straumfjarðará úr vatninu á móts við Urðarmúlahorn og niður. B) Á móti Elliða ræður Draugagilsá úr vatninu allt á móts við Stakk og þaðan eftir hinum forna Baulárvallavegi.

Fyrir liggi samkomulag milli eigenda Hofsstaða og Ytra-Lágafells um skiptingu ofangreinds fjalllendis milli jarðanna. Efni samkomulagsins birtist í uppdrætti frá júlímánuði 2011. Merki milli jarðanna séu dregin úr Pálshamri í punkt á Selmúla, í punkt á Hvítfossagili, í punkt í Stokkalæk og þaðan í Baulárvallavatn.

Í kröfugerð jarðeiganda felst krafa um ótakmarkaðan hagnýtingarrétt í Baulárvallavatni innan netlaga fyrir framangreindu landi.

Fram kom í málflutningi við aðalmeðferð málsins að litið væri svo á að kröfur um óbein eignarréttindi rúmuðust innan krafna málsaðilans.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 3.7 Kröfur vegna Dals

Af hálfu eiganda Dals er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda yfir landi jarðarinnar, sem lýst sé innan neðangreindra merkja. Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan téðra merkja sé því mótmælt.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu eftirfarandi, í samræmi við landamerkjabréf Dals frá 28. september 1887, þar sem merkjum sé lýst svo:

1. Úr gömlu grasrótarbyrgi á Langholti í merkjaþúfu í Dalflóa og þaðan sjónhending í Fagurhól; og svo þaðan í neðri rúst með Hjarðarfellsgili, og þaðan í Lynghól í Votumýrarlækjarkjaft.
2. Köldukvísl skilur löndin milli Hjarðarfells og Dals, inn í fúsaskurðum, svo úr Fúsaskurðum í Þrivörður og svo úr þrívörðum í Rauðsteinalæk þá tekur Baulárvallavatn við og Straumfjarðar úr því ofan á Langholt, og svo ræður sýsluvegurinn suður að Grasrótarbyrgi.

Í kröfugerð jarðeiganda felst krafa um ótakmarkaðan hagnýtingarrétt í Baulárvallavatni innan netlaga fyrir framangreindu landi.

Fram kom í málflutningi við aðalmeðferð málsins að litið væri svo á að kröfur um óbein eignarréttindi rúmuðust innan krafna málsaðilans.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 3.8 Kröfur vegna Hraunsfjarðar, Horns og Selvalla

Af hálfu eigenda jarðanna Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda yfir öllu landi innan kröfusvæðis íslenska ríkisins milli Rauðsteinalækjar og Moldagilsár. Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan téðra merkja sé því mótmælt.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðanna séu eftirfarandi, í samræmi við neðangreindar heimildir:

Landamerkjabréf Horns og Selvalla frá 27. maí 1889 sem afmarki land jarðanna með eftirfarandi hætti:

1. Milli Hraunsfjarðar og Horns ræður Hraunsfjarðará frá sjó og upp að Giltugili, þaðan sjónhending í Hraunsfjarðarvatn svo ræður Vatnaá til Baularvallavatns. Þaðan aftur í Rauðsteinalæk, og ræður sá lækur í fjall upp, þaðan aptur sjónhending í svo kallað sátu.
2. Milli Berserkjahrauns og Selvalla ræður Fossá frá Sátu ofan í Selvallavatn; þaðan sjónhending þvert yfir vatnið í rauðan hól út í hrauninu og þaðan aptur sjónhending í upptök á Hraunlæk og svo ræður hann í sjó fram.

Landamerkjabréf Hraunsfjarðar frá 15. október 1888 sem afmarki land jarðarinnar með eftirfarandi hætti:

1. Landamerki milli Horns og Hraunsfjarðar eru þannig eptir þvi sem Hraunsfjarðará ræður upp að Giltugili og beina sjónhending úr gilinu upp í Hraunsfjarðarvatn.

Fyrir liggi samkomulag milli eiganda jarðarinnar Elliða annars vegar og eigenda Horns, Selvalla og Hraunfjarðar hins vegar um að merki síðarnefndu jarðanna gagnvart Elliða skuli miðast við Moldargilsá upp í Kjósarhrygg þar sem hann er hæstur.

Í kröfugerð jarðeigenda felst krafa um ótakmarkaðan hagnýtingarrétt í Baulárvallavatni innan netlaga fyrir framangreindu landi.

Fram kom í málflutningi við aðalmeðferð málsins að litið væri svo á að kröfur um óbein eignarréttindi rúmuðust innan krafna málsaðilanna.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

# 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

## 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1−15 ásamt undirskjölum, samtals 294 skjöl, auk 23 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

## 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Lögmönnum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, þ.e. skjals nr. 2, og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, sbr. hliðsjónargögn nr. 7–9. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

## 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins föstudaginn 31. ágúst 2018 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Föstudaginn 31. ágúst var lagt af stað frá Langaholti og ekið austur eftir Snæfellsnesvegi nr. 54 að Vegamótum, við upphaf Vatnaleiðar nr. 56. Á leiðinni var numið staðar sunnan Lágafellshyrnu og litið upp í skarð austarlega í hyrnunni, sem ýmist er nefnt Breiðaskarð eða Frakkaskarð. Á Vegamótum bættust í hópinn Áslaug Sigvaldadóttir og Þórður Runólfsson frá Syðra-Lágafelli og Ásgeir Gunnar Jónsson og Sigurþór Hjörleifsson vegna Baulárvalla. Þegar voru með í för Jón Thors, Ellen Thors, Edda Thors, Hildur Thors, Sigurður Guðjónsson og Helgi Sigurðsson vegna Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns. Frá Vegamótum var útsýni yfir hluta af ágreiningssvæðinu á Lágafellshálsi. Ekið var norður eftir Vatnaleið og numið staðar nálægt fossinum Rjúkanda, þaðan sem horft var í átt að Hvítfossagili og Múlabrekkum. Því næst var ekið áfram norður að símamastri, rétt austan Baulárvallavatns. Þar var rýnt í kort og kröfulínur á svæðinu skoðaðar, auk þess sem sagt var frá helstu örnefnum við Baulárvallavatn og bæjarstæði gamla Baulárvallabæjarins. Þá var ekið að Vatnafelli milli Baulárvallavatns og Hraunsfjarðarvatns, á vesturmerkjum ágreiningssvæðisins vegna Baulárvalla. Þaðan var horft yfir Kistu á norðanverðu kröfusvæðinu og Draugagil, Baulá og Moldargilsá, sunnan Baulárvallavatns. Að því loknu var ekið inn í Kolgrafafjörð til að kanna vettvang máls nr. 3/2018.

## 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Eggert Kjartansson á Hofsstöðum, Áslaug Sigvaldadóttir og Þórður Runólfsson á Syðra-Lágafelli, Magndís Alexandersdóttir í Stykkishólmi, Sigurþór Hjörleifsson í Stykkishólmi og Ásgeir Gunnar Jónsson í Stykkishólmi. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga svæðisins sem málið varðar. Í fyrstu er greint frá elstu ritheimildum um landnám þar og síðan heimildum um afrétti og afréttarnot. Því næst verða raktar heimildir um ágreiningssvæði málsins og aðliggjandi jarðir, einkum afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum kafla.[4]

### 5.1 Landnám

Sturlubók og Hauksbók *Landnámu* greina svo frá landnámi Björns austræna, norðan og norðvestanvert við kröfusvæðið:

> Björn hét son Ketils flatnefs ok Yngvildar, dóttur Ketils veðrs hersis af Hringaríki. Björn sat eptir at eignum föður síns, þá er Ketill fór til Suðreyja. En er Ketill hélt sköttum fyrir Haraldi konungi enum hárfagra, þá rak konungr Björn son hans af eignum sínum ok tók undir sik. Þá fór Björn vestr um haf og vildi þar ekki staðfestask; því var hann kallaðr Björn hinn austræni. Hann átti Gjaflaugu Kjallaksdóttur, systur Bjarnar ens sterka.
>
> Björn enn austræni fór til Íslands ok nam land á milli Hraunsfjarðar ok Stafár; hann bjó í Bjarnarhöfn á Borgarholti ok hafði selför upp til Selja ok átti rausnarbú. Hann dó í Bjarnarhöfn ok er heygðr við Borgarlæk, því at hann einn var óskírðr barna Ketils flatnefs.[5]

Efnislega samhljóða lýsingu á landnámi Björns er að finna í Melabók *Landnámu*.[6]

Sturlubók og Hauksbók *Landnámu* greinir svo frá landnámi Þórólfs Mostarskeggs, við norðaustanvert kröfusvæðið:

> Þórólfur son Örnólfs fiskreka bjó í Mostr; því var hann kallaðr Mostrarskegg; hann var blótmaðr mikill ok trúði á Þór. Hann fór fyrir ofríki Haralds konungs hárfagra til Íslands ok sigldi fyrir sunnan land. En er hann kom vestr fyrir Breiðafjörð, þá skaut hann fyrir borð öndvegissúlum sínum; þar var skorinn á Þórr. Hann mælti svá fyrir, at Þórr skyldi þar á land koma, sem hann vildi, að Þórólfr byggði; hét hann því að helga Þór allt landnám sitt ok kenna við hann.
>
> Þórólfr sigldi inn á fjörðinn ok gaf nafn firðinum ok kallaði Breiðafjörð. Hann tók land fyrir sunnan fjörðinn, nær miðjum firðinum; þar fann hann Þór rekinn í nesi einu; þat heitir nú Þórsnes. Þeir lendu þar inn frá í váginn, er Þórólfr kallaði Hofsvág; þar reisti hann bæ sinn ok gerði þar hof mikið og helgaði Þór; þar heita nú Hofstaðir. Fjörðrinn var þá byggður lítt eða ekki.
>
> Þórólfr nam land frá Stafá inn til Þórsár ok kallaði þat allt Þórsnes. Hann hafði svá mikinn átrúnað á fjall þat, er stóð í nesinu, er hann kallaði Helgafell, at þangat skyldi engi maðr óþveginn líta, og þar var svá mikil friðhelgi, at øngu skyldi granda í fjallinu,

---

4 Þessi kafli er að mestu leyti byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 31. október 2018, sem lögð var fram sem skjal nr. 5(4), sbr. einnig drög að greinargerðinni sem lögð voru fram sem skjöl nr. 5(1)–5(3). Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins, auk þess sem bæst hefur við umfjöllun um gögn sem komið hafa í leitirnar eftir að greinargerðin kom fram o.fl. gögn sem þar var ekki getið. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, hliðsjónargögnum nr. 7–9, er grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir eða annað sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram.

5 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 122, sbr. skjal nr. 4(66).

6 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 122–123, sbr. skjal nr. 4(66).

> hvárki fé né mönnum, nema sjálft gengi á braut. Þat var trúa þeirra Þórólfs frænda, at þeir dæi allir í fjallit.[7]

Efnislega samhljóða lýsingu á landnámi Þórólfs er að finna í Melabók *Landnámu*.[8]

Sturlubók *Landnámu* greinir svo frá landnámi Þormóðar og Þórðar gnúps, austan og suðaustanvert við kröfusvæðið:

> Þormóðr ok Þórðr gnúpa, synir Odds ens rakka Þorviðarsonar, Freyviðarsonar, Álfssonar af Vörs, þeir bræðr fóru til Íslands ok námu land frá Gnúpá til Straumsfjarðarár; hafði Þórðr Gnúpudal og bjó þar. Hans son var Skapti, faðir Hjörleifs goða ok Finnu, er átti Refr enn mikli, faðir Steinunnar móður Hofgarða-Refs.
>
> Þormóðr bjó á Rauðkollsstöðum; hann var kallaðr Þormóður goði; hann átti Gerði, dóttur Kjallaks ens gamla. Þeirra son var Guðlaugr enn auðgi; hann átti Þórdísi, dóttur Svarthöfða Bjarnarsonar gullbera ok dóttur Þuríðar Tungu-Odds(dóttur), er þá bjó í Hörgsholti.[9]

Hauksbók *Landnámu* greinir hins vegar svo frá landnámi Þormóðar og Þórðar gnúps:

> Þormóðr goði ok Þórðr gnúpa, synir Odds hins rakka Þorviðarsonar, Freyviðarsonar, Álfssonar af Vörs, þeir bræðr fóru til Íslands ok námu land milli Laxár ok Straumfjarðarár, hafði Þórðr Hnúpudal ok bjó þar, en síðan Skopti son hans, faðir Hjörleifs goða ok Finnu, er átti Refr hinn mikli. Dálkr, faðir Steinunnar, móður Skáld-Refs. Þormóðr bjó á Rauðkolsstöðum; hann átti Gerði, dóttur Kjallaks hins gamla. Þeira son var Guðlaugr hinn auðgi; hann átti Þórdísi, dóttur Þuríðar Tungu-Oddsdóttur, er þá bjó í Hörgsholti.[10]

Sturlubók *Landnámu* greinir svo frá landnámi Guðlaugs auðga, að sunnanverðu við kröfusvæðið:

> Guðlaugr enn auðgi sá, at Rauðamelslönd váru betri en önnur lönd suðr þar í sveit. Hann skoraði á Þorfinn til landa ok bauð honum (hólm)göngu; þeir féllu báðir á hólmi, en Þuríðr Tungu-Oddsdóttir græddi þá báða ok sætti þá.
>
> Guðlaugr nam síðan land frá Straumfjarðará til Furu milli fjalls ok fjöru ok bjó í Borgarholti; frá honum eru Straumfirðingar komnir.[11]

Efnislega samhljóða lýsingu á landnámi Guðlaugs er að finna í Hauksbók *Landnámu*.[12]

Sturlubók *Landnámu* greinir svo frá landnámi Auðuns stota, að vestanverðu við kröfusvæðið:

> Auðun stoti, son Vola ens sterka, nam Hraunsfjörð allan fyrir ofan Hraun, á milli Svínavatns ok Tröllaháls; hann bjó í Hraunsfirði ok var mikill fyrir sér ok sterkr. Auðun átti Mýrúnu, dóttur Maddaðar Írakonungs.[13]

Efnislega samhljóða lýsingu á landnámi Auðuns er að finna í *Hauksbók* og *Melabók* Landnámu.[14]

---

7 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 124–125, sbr. skjal nr. 4(66).
8 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 124–125, sbr. skjal nr. 4(66).
9 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 98, 100, sbr. skjal nr. 4(66).
10 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 100–101, sbr. skjal nr. 4(66).
11 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 100, sbr. skjal nr. 4(66).
12 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 101–103, sbr. skjal nr. 4(66).
13 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 120, sbr. skjal nr. 4(66).
14 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 121, sbr. skjal nr. 4(66).

Þess má geta að Hraun það sem getið er um í landnámi Auðuns stota er Berserkjahraun. Því má bæta við að Svínavatn, sem svo er kallað, er það vatn sem almennt kallast nú Selvallavatn. Einnig hefur sama vatn verið kallað Hornsvatn.[15]

## 5.2 Afréttir og afréttarnot

Ítök og afréttarnot á ágreiningssvæðinu koma allnokkuð við sögu í kirknaskjölum fyrri alda sem könnuð hafa verið. Í heimildum um Helgafellsklaustur, Helgafellskirkju og Helgafell í aldanna rás kemur þó ekkert fram um afréttarmálefni eða annað sem varðar kröfusvæðið, sbr. umfjöllun í kafla 5.11.3, fyrir utan að í fasteignamatinu 1916–1918 er nefnt að fjallland Helgafells sé ekkert.[16]

Í ýmsum heimildum um Staðarstað í aldanna rás er hins vegar getið upprekstrar- og beitarréttinda á svæðinu. Máldagi Staðarstaðar, ársettur 1274, eignar kirkjunni þar selför í Dufgusdal og fjallhaga á Vatnaheiði. Í máldaganum sjálfum segir: „sel for j duggus dal og fiall hagi á vatna heidi."[17]

Máldagi kirkjunnar að Staðarstað er Gyrðir biskup Ívarsson setti um 1354 eignar kirkjunni síðan stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnsheiði með fleiru. Þar segir:

> hun a oc birtueinngiar. gelldfiär rekstur j kolgrafafiord. selsker af akranese. stodhrossa beit a baularuollum. gelldneyta rekstur ä vatnnzheidi.[18]

Hítardalsbók getur kirkjunnar að Staðarstað árið 1367. Þar getur hvorki um Vatnaheiði né heldur Baulárvelli en í máldaga Vilchins frá árinu 1397 og Gíslamáldaga frá því um 1570 kemur fram að kirkjan að Staðarstað eigi m.a. stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði.[19]

Í biskupsvísitasíum að Staðarstað á árunum 1642–1783 er stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði einnig talin meðal eigna kirkjunnar.[20] Aftur á móti getur prófastsvísitasía að kirkjunni, dagsett 10. júlí 1824, þess að kirkjan þykist hafa tapað þeim réttindum sínum er fólust í ítaki á Vatnaheiði vegna byggingar Baulárvalla, sbr. umfjöllun í kafla 5.3.[21] Prófastsvísitasía 8. júlí 1825 getur þess að ítakið á Baulárvöllum og Vatnaheiði hefi hvergi verið „reserverad vid þargjörda útmælíngar Forréttin[g]."[22] Hins vegar eru réttindin aftur talin meðal eigna Staðarstaðar í biskupsvísitasíu dagsettri 30. júlí árið 1831 þar sem tilgreind er stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði og í prófastsvísitasíu 16. júlí 1840 þar sem kirkjunni er eignuð stóðhrossabeit á Baulárvöllum þrátt fyrir byggð þar. Í prófastsvísitasíu 5.

---

15 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 120 nm, sbr. skjal nr. 4(66), og *Landið og Landnáma* I, bls. 171, sbr. skjal nr. 4(67).
16 Skjal nr. 2(50), bls. 43.
17 Skjal nr. 4(46).
18 Skjal nr. 4(46).
19 Skjöl nr. 4(53), 4(48)–4(49).
20 Skjal nr. 2(21)–2(28).
21 Skjal nr. 2(35).
22 Skjal nr. 2(36).

október 1843 er presturinn á Staðarstað beðinn að gæta vel réttar kirkjunnar þar sem hún eigi talsverðar eignir og ítök víða. Einnig er getið um upprekstur á Vatnaheiði í vísitasíu kirkjunnar, dagsettri 9. júní árið 1874.[23]

Í kafla um Staðarstað í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 hermir að stóðupprekstur á Baulárvöllum hafi ekki verið nýttur nýlega.[24]

Í úttekt á kirkjunni að Staðarstað 19. janúar árið 1878 er getið um stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði í upptalningu á ónýttum ítökum kirkjunnar.[25] Í úttekt Staðarstaðarkirkju árið 1883 er einnig getið um stóðhrossabeit á Baulárvöllu, sem ekki sé að jafnaði notuð, á meðal ítaka kirkjunnar. Þá segir að geldnautarekstur á Vatnaheiði sé fyrir löngu hætt að nota.[26] Í biskupsvísitasíu að Staðarstað 26. júlí árið 1891 segir að kirkjan þar haldi enn öllum sínum eignum og ítökum óskertum, sem um getur í fyrri máldögum.[27]

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um réttindi eða nýtingu Staðarstaðar innan kröfusvæðisins. Þess er getið að fjallland Staðarstaðar sé ekkert.[28]

Sjá einnig kafla 5.11.2 um Staðarstað.

Um selstöður og afréttarlönd í Staðarstaðarsókn árið 1839 segir eftirfarandi í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsness:

> 31. <*Selstöður*.> Engar jarðir í sókninni eiga selstöðu utan Staðastaður á Dökkfossdal í Miklholtshrepp, sem aflögð er fyrir vegalengd og örðugleika.
>
> 32. *Afréttarlönd* eru engin í sókninni nema áðurnefnd skörð upp í fjallgarðinn, sem í er rekið á sumrin. 2 réttir eru í sveitinni, önnur á Elliða, önnur á Bláfeldi, sem réttaðar eru í 21tu viku sumars.[29]

Í umfjöllun um kirkjujarðir í Staðarstaðarsókn er getið um stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði í sömu heimild:

> 43. <*Kirkujarðir*.> Staðastaðarkirkja á Böðvarsholt, Slítvindastaði, Hól, Álftavatn, Gröf, Ölkeldu, Foss, Furubrekku, Syðrikrossa, Kerlingarholt, Arnartungu, Ytrikrossa, Syðritungu, Hól í Tunguplátsi, Glaumbæ, Tungubúð, Ytritungu, Lukku, Tanga, ½ Einarslón, ½ Malarrif, ½ Gufuskála og hjáleigurnar Árnes, Hrossakot, Bolavelli, Tröð og Traðarbúð. Ítök: Kirkjan á alla silungsveiði í Staðará, Gamlahólma, reka með ströndinni millum Deildarhamars og Hrafnshellirs, hérumbil 1½ mílu vegar, Selsker fyrir Akranesi (sem nú er kallað Stakkhamarsnes) með veiði, stóðhrossabeit á Baulárvöllum, geldneytarekstur á Vatnsheiði [svo], geldfjárrekstur á Flötur, selför í Duggfossdal, so og stóðhrossabeit í Grendhól í Seljafelli, hálfan Sámstaðaskóg með tupt og vexti.[30]

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsness segir svo um selstöður og afrétti í lýsingu á Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknum árið 1842:

---

23 Skjöl nr. 2(29), 2(37), 2(38) og 2(40).
24 Skjal nr. 4(2), bls. 159–160.
25 Skjal nr. 2(41).
26 Skjal nr. 2(39).
27 Skjal nr. 2(116).
28 Skjal nr. 2(50), bls. 317–318.
29 *Snæfellsnes. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* 1839–1875 (1970), bls. 73.
30 *Snæfellsnes. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* 1839–1875 (1970), bls. 74–75.

31. <*Selstöður.*> Til forna tíðkuðu bændur mjög að hafa í seli, og er venja sú því miður ofmjög aflögð. Ekki veit eg samt til, að margir bæir hafi hér átt selstöður, og sízt með vissu nema Helgafell í Valabjörgum. Þangað til 1790 mun oftast hafa verið haft héðan í seli þar. Nú í 2 ár hefi eg og gert það, en þó ei látið þar vera nema ærnar. Hefi eg það reynt, að það er ómissandi fyrir hvörn þann, sem hér hefir töluvert sauðfé, því fyrir það er ei beit hér heima á sumrum, sé margt haft, og einkum verður það þá magurt undir vetrargöngu, en landlítið er í Valabjörgum á sumardag, og gerir það mest ágangur af fjallafé, sem hvörgi hefir viðnám á fjallinu sökum skorts á afrétt, og ei má þar hafa að sumrinu meir en 80 ær. Sagt er, að Grunnasundsnes hafi átt selstöðu hjá svokölluðum Gæshól<um>, rétt fyrir sunnan Kerlingarfjall. Kóngsbakki hefir og átt sel í landi sínu uppá fjalli.

32. <*Afréttir.*> Það má heita, að engin afréttarlönd séu hér til. Bæir þeir, sem liggja kringum Bjarnarhafnarfjall, reka lömb og geldfé sitt á það og rétta í svonefndri Kothraunsrétt þar undir fjallinu. Arnarhólsrétt nálægt Gríshólsá að austanverðu er aðalrétt sveitarinnar, og er þangað rekið það, sem finnst við fjallgarðinn og nálægt búfjárhögum frá Svelgsá að austanverður og Krákhyrnu að vestan, því engin er afréttin til, þar fjallið er víða uppi graslaust, og lönd ná enda sumstaðar saman yfir fjallið. Hrísar og Hrísakot reka geldfé sitt og lömb þar uppá fjallið, og gengur það á haustin til Langadalsréttar, sem heyrir til Skógarströnd. A<r>narhólsrétt er haldin föstudaginn í byrjun 21tu viku sumars, og er rétt sú skilarétt. Er hún því aftur haldin viku seinna, þegar úrgangur er kominn þangað frá öllum öðrum réttum sýslunnar, og sækja þá þangað menn úr flestum nálægum sveitum. Eiga þá Bjarnarhafnarmenn líka að vera búnir að rétta Kothraunsrétt.[31]

Þann 15. janúar árið 1920 svaraði sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dagsettri 29. desember árið 1919, um almenninga í sýslunni. Svar sýslumannsins var sem hér segir:

Í tilefni af brjefi hins háa stjórnarráðs dags. 29. f. m., þar sem leitast er skýrslu um almenninga hjer í sýslu, undanfelli jeg eigi hjermeð að skýra frá, að hjer í sýslu eru engir almenningar, heldur eingöngu heimalönd. Lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnessfjallgarðsins jaðra hvarvetna saman á há-fjallgarðinum að því er sjeð verður af landamerkjabók sýslunnar. Í sýslunni eru eigi til afrjettarlönd [í] eigu sveitarfjelaga og því hvergi hjer í sýslunni [um] að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða.[32]

Árið 1989 sendi félagsmálaráðuneytið sveitarfélögum svohljóðandi fyrirspurnir um afréttarmálefni með bréfi dagsettu 20. febrúar 1989.

1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt?
2. Hvað nefnist sá afréttur?
3. Hvar liggja mörk hans?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarrétt í sama afrétt?
5. Hvaða sveitarfélög eru það?
6. Hafa sveitarfélögin koið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast? [33]

Bæjarstjórinn í Stykkishólmi svaraði fyrirspurninni 20. nóvember árið 1989 með svofelldum hætti:

[31] *Snæfellsnes. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* 1839–1875 (1970), bls. 194–195.
[32] Skjal nr. 2(98).
[33] Skjal nr. 2(94).

> Svar vegna spurninga um upprekstrarrétt frá Stykkishólmi.
>
> 1. Já.
> 2. Afréttur er frá löndum Helgafellssveitar og í landi Baulárvalla á Vatnaheiði.
> 3. Mörk hans liggja á hreppamörkum Helgafelssveitar og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar og Eyrarsveitar, og Helgafellssveitar og Skógarstrandar.
> 4. Já, íbúar Helgafellssveitar.
> 5. Helgafellssveit.
> 6. Enginn ágreiningur hefur komið upp.[34]

Oddviti Miklaholtshrepps svaraði sömu fyrirspurn 4. desember 1989 á þennan veg:

> Varðandi spurningu ráðuneytisins um afrétti er því að svara að í Miklaholtshreppi er enginn sameiginlegur afréttur. Eingöngu er um heimalönd jarða að ræða bæði á láglendi og til fjalla. Væntanlega svar[ar] þetta spurningu ráðuneytisins frá 20/2 1989.[35]

Í fjallskilareglugerðum og -samþykktum fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sem hafa verið settar á árunum 1894–2012 eru afréttarsvæði hvorki skilgreind sérstaklega né fjallað um smalamennsku á einstökum svæðum.[36]

Sjá einnig kafla um einstök svæði, jarðir og kirkjur hér á eftir.

## 5.3 Baulárvellir

Í máldögum og vísitasíum Staðarstaðar frá fyrri öldum er stóðhrossabeit á Baulárvöllum talin meðal eigna kirkjunnar, sbr. kafla 5.2 og 5.11.2.

Baulárvalla er ekki getið í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns[37] yfir Snæfellsnessýslu en getið er tvívegis um svonefnda Gaulárvelli í sömu heimild, nánar tiltekið í kaflanum um Staðarsveit frá árinu 1714. Annars vegar er þess getið að jörðin Gaul eigi selstöðu „þar sem heita Gaulárvellir norður á fjöllum [fyrir]vestan Kellíngarskarð" og hins vegar er þess getið að kirkjan á Staðarstað eigi „[s]tóðhrossabeit á Gaulárvöllum [sem] brúkast enn nú."[38]

Þann 9. desember árið 1822 skrifaði Grímur Paulsson á Helgafelli til hreppstjóra og bænda í Helgafellssveit um heyskap hans á fjalli upp, nánar tiltekið á svonefndum Baulárvöllum. Með bréfi Gríms fylgir yfirlýsing Jóns Kolbeinssens og fleiri manna, dagsett 14. desember sama ár, um afréttarplássið Baulárvelli. Hvoru tveggja hljóðar svo:

> Kunnugt var ijdur, hvörsu ad hér í Sveit, almennur Grasbrestur nærstlid Sumar, - þrýsti mér til ad leita þeirra ördugu Úrræda, ad abla heijja á Fjalli uppi, í Svonefndumm Baulárvalla Óbygdar-Reit, – og ad eg, tilad halda þar vid tali þeim Fódra-fénadi, hvörjum Lítill eda einginn Kastur var, hér í Sveit ad útvega Vetrarfódur, – hefi þar, med miklu ómaki, uppbyggt, Vetrar-veru hús, svo vel fyrir Fénadinn, 6. Nautkindur, sem 3. eda 4. Manneskjur, til ad sjá hinum fijrir naudsýnlegri Ummönnun Vetrarlángt; Þar ed á sagdri Neijd, er nú svokomid, kijnni mín framar til hugar koma – af sérdeilisleg hardæri, ecki vildu meina mér þad, – ad festa og auka þar Bijggd frammveigis;

[34] Skjal nr. 2(96).
[35] Skjal nr. 2(97)
[36] Skjöl nr. 4(6)–4(20).
[37] Hér eftir verður vísað til hennar sem *Jarðabók* Árna og Páls.
[38] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 90, 134.

Þessvegna er þad hérmed, mín þénastusamleg Bón til allra ijdar, ad þér, – sem sumpart hafid búid hér í Sveit – er liggur þéttast ad nefndu Fjall-platsi, – ijfir 20. til 30. ár, og sumpart hafid í hinni sömu uppalist, frá Úngdómi til 60.ugs a 70tugs ára Aldurs ijdar nú, – vildud géfa mér, sérhvörs ijdar hér uppá teiknada, adgreinda Skírslu umm,: hvad Þér vitid og sannad getid, – eda af trúverdugum, ijdur eldri mönnumm heijrt hafid, umm upphaflega ámijnnst Baularvalla Fjall pláts; svosem: hvört þad tilheijri nockurri Sveit eda Sveita-jörd sérílagi, ellegar sé nú ödruvisi ad álíta, enn, – sem einhvörntíma, – eptir eld-gamallri, – þó ósannadri Sögn, mann af manni, – í Fornöld, ijfirgéfin Bijgd, – lángsamlega lögd til afréttar nærstliggjandi Sveita nla Helgafells- og hinsvegar Stadar-Sveitar-Afrétta; enn mikid leingur enn í manns mijnni, – ecki brúkad eda hagnýtt sér, af nockurrar eirnrar Jardar- eda Sveitar-Bændumm útaf fijrir sig. – Stutta- enn skilmerkilega Skírslu, ijdar 3ia, á þessu Efni, bid eg umm, her uppá teiknada og mér tilsenda, þá sem þér sidar vildud, med ijdar Eydi sanna, ef þess þörf gjördist.–

Helgafelli, þann 9da December 1822

Grímur Paulsson

[…]

Kaupmans herra J. Kolbeinsens

Hreppstjóra Sgn. Gudmundar Jónssonar

og Bóndans Mr. Gísla Tómassonar

Allra í Helgafells Sveit.

Vidvikiande hins vegar skrifudu, kann ing ei annad ad færa til upplisingar, en ad sidan 1794 þa ing kom til Stikkisholms- og Helgafells Sveitar, hefur Fiallplatsed a svo köll-udum Baularvöllum vered taled med þeim afettum sem óuppatalad meige og hafe brukast af hier Sveitar mönnum og ad þángad hafe matt hafa upprekstur hesta og nauta. – elstu menn nu lifande, af hvörium ing tilnefna einkanlega: Steindor Magnusson gamlan hreppstora Sveitar ockar og greindan mann, nu á attrædes aldre, og Jon Jonison blinda, nu á Nirædes Aldre, sem báder eru minnuger, þó heldur sé fyrrnefnde, Steindor, hafa sagt mier ad epter Lögbok, ad þvi leite sem Vötnum hallar, <u>helgest platsed meir Mikla holts hrepp enn Stadarbakka þíngsókn</u> enn liggur þo nær þessare sídarnefndu Sveit; þar vænest hafa vered <u>bygd Jörd hierum 8. ar</u>, Laungu fyrer manna mynne verdur ei sagt hvört hafa leged til Biarnarhafnar Sóknarkyrkiu ellegar Miklaholts; Árid sem þesse Jord lagdest aptur i Eide, seigest ad Folk þadan hafe fared til Jolatida ad Biarnar-höfn, ad tvær manneskiur sem þa voru heima, hafe vid heimkomu kyrkiu folksins, vered undarlega hvorfnar frá Heimelenu og sídan aldrei fundest og vid þetta tilfalle hafe Jördenn lagst i Eide og aldrei bigd sidan. – A þessu ónotada platse hafe á seirne Timum <u>reint til ad heia</u>; fyrst Sýsslumadur Jon Árnason a Jngialdshóli og laungu seirna Petur Sal. Sysslumadur a Gördum, fader nu lifande Profasts Sr. Peturs i Stafholti, – enn ad vegna óhægenda, hafe ei notast heied og fúnad þar upp. – Ad í Forn öld hafe <u>Bænhús á Gaul átt 2 hundrud land á Baularvöllum</u>. gietad sie lika um <u>nauta upprekstur fra Stadarstad</u> a Baularvelli. ecke veit eg eda hafi heirt ad þetta hafe vered notad i minne Tid fremur enn <u>nauta og hesta upprekstur</u> hedann fra Sveit. – Steindor hefur sagt mier ad Baularvellir <u>hafe aldrei taldir vered til Fiárupprekstur</u>s ur nokkurre Sveit, enn geted hefur hann þess, ad Jvar Jonsson madur Gudrunar Einarsdottir sem do á Helgafelli ared hierum 1806, hún þa a nírædis aldre – ad hann hafe vered nokkur ár á sama Bæ med hönum og ad hann hafe sagt sier ad Baularvellir hafe ei verid bygder nema hierum 8. ar. og ad Brædur. syner Þorgilsar Sigurssonar sem bió á Hofstödum födur Sr. Jons Þorgilssonar prests vid Hellna, hafe ætlad ad biggia þar Bæ og stunged þar 800 af hnaus og lagt i Búnka enn ecke komst lengra Bigginenn. fyrer hierum 60 arum þa Steindor for þarum vænest hann hafa sied merke til hnausa búnkanna

Meira til upplisíngar um Baularvalla afrétt, minest ecke, enn treister sier med Eide ad stad festa þad ofanskrifada – vitnar med underskrifudu nafne ad Stikkisholmi þan 14 December 1822.

J Kolbeinsen

Ofan skrifad veit eg ej betur en þessar baulárvellir hafe vered afriett firer ótamda hesta og naut frá Helgafells sveit sidan eg first til man undur 60, ar, bæde hiedan úr sveit sem annar stadar þángad reked, og fadir minn salúge sagde mier ad fader sinn, Jon Jndrida son sem bio mörg ar á Erlida, hafde ej vitad hverre sveit þeir til heirdu, þettad vil eg stad festa med Eide ef til kinni úr Saurum d 16di Decemb 1822

Gisle Tomasson

Þad sama sem hier er ad ofannskrifad, vitna eg ad eg firrumm heirt hafi, áhrærandi Baulárvelli, ad Fólk hafe notad sier þad firgreinda pláts til hesta og nauta upprekstrus, frá Helgaf: Stadar: og Eyrarsveyt umm tyma sé sydast nefnda, eirum hafa a Stadsveytíngar notad sier þetta sama firir lamba og géldfjár afriett; í þridia máta hafi eg notad þad firir mitt géldfie, þess vegna ad þad hefur ei unad annarstadar enn firir Sunnann vötn í a Fiallinu; –

Kóngsbacka þann 18da Dec: 1822 G: Jónsson.[39]

Varðveitt er eftirfarandi minnisgrein bænda í suðurhluta Staðarsveitar og Miklaholtshreppi, dagsett 20. desember 1822, vegna upprekstrarplássins á Baulárvöllum:

Pró Memóría

þar prófasturinn hr. Grímur Pálsson a Helgafelli hefur á næstlidnu sumri umm sláttarbirjun a sudurstadar sveitar og alt til straumfjardar ár í Miklaholts hrepp venjulegu og frá aldaódli brúkudu upprekstrar plátsi Baulárvöllum svo kölludu bigt Bæ, án allra þeirra vitundar sem þar upprekstur átti og voru þá búnir ad reka þángad sitt géldfé hvar firer fé manna tvístradist víds vegar venju framar sem orsakadi slæmar heimtir ördugri og leingri gaungur med fleirum þar af leidandi óhægdumm, og þess vegna eru allir undirskrifadir hædst óánægdir med þetta prófastsins firir tæki. Því jafnvel þó kóngleg forording leifi ad bigga Bili á afréttumm þá er spursmál þeirra er ádur nefnda forordning hvörki séd eda heitt hafa hvört hún leifi ad bigga þar sem sveitar menn taka skada vid og án þeirra samþickis og vilja. nú er adur nefndt pláts Baulárvellir ecki stærra (þad hagar heita) enn svari 12 til 16 hundrada Jardarlandi hvar í þó Stadar kirkja á vissann part og búfjár hagar næstu bæa ligga þar ad svo búsmali frá þeim hefur verid þángad þrálegasóktur líka qrörtudu botnabæa menn Jnnannfjalls jfir átrodning af fá her sunnan jfir er í sumar venjuframar sókti í slægur þeirra og búfjárhaga þeim til skada og ohægdar. En – haldi nú ádur nefndur prófastur hr. Grímur áframm med þettad sitt adur nefnda firertæki sem þó væri á móti allra hlutad eigenda vilja og í þeirra forbodi hvört heldur hann hafdi þar bæ selstödu eda slægjur verdur þángad aldeilis eckert fé Rekid og því beidast undirskrifadir áreidanlegs úrskurdar umm hvört þeir skuli Reka sitt geldfé þar sem þeir taka á meiri skada vid eda hafa firerhöfn fyrir enn venjulega verif hefur: þessari ockar ofannskrifadri ummqvörtun til merkis undirskrifumm vid.

Álftavatni þann 20 decemb. 1822

| | |
|---|---|
| Jón Jónsson búandi i Hagaseli | Gudmundur Arnason |
| Sigurdur Þordars. i Haga | Bjarni Jonsson |
| Magnús Þorkéllss. á Slitv. stödum. | Gudrún JonsDottir |
| Joseph Jónsson i Tungu ytri | Jon Jonsson |
| Jón Þorst. á Kirkiuholi | Olafur Arnason |

[39] Skjal nr. 2(70).

G G Brandsson á Sidretúngu — Biarne Magnússon

Þórdur Einarsson

Gudmundur Eggertsson

Hermann Hermannsson

Skapti Arnason

Til hreppstjoranna í Stadarsveit

Framanskrifud umqvörtun Stadsveitungu sumer samhlióda þessara manna Munnlegu klögun um þetta Efni i haust á hreppskilum, tilsendist hér med Ydar hávelborinheitum til velþoknar legrar med ferdar eftir forordning af 15 April 1776 Eftir þvi eg frekast til veit mun ummqvörtun þesse vera sannmæli lika sagde Biarne Magnson á Gaul i haust ad ábílis Jordu hans sem er kóngs Jörd tilheirdi 2 hundrud i lande á Baulárvollum. –

Budum þann 15da Januari 1823. G Gudmundson

Til S: T: hr. Amtmans B. Thorsteinson.[40]

Þann 30. apríl árið 1823 skrifaði Grímur Paulsson á Helgafelli amtmanninum í Vesturamtinu, um útmælingu nýbýlis á Baulárvöllum, sem og um nytjar og eldri byggingar á staðnum sem hann hafði látið gera. Bréf Gríms er svohljóðandi:

Eptir ad eg, undir 26ta yfirstand April mán. til skrifad hafdi Ydar hávelborinheitum mína audmjuku Beidni umm, ad géra vildud þénanlega Radstöfun fyrir, ad mér, nálægt nærstu Fardögum, lögformlega útmælt ijrdi land til nýbýlis á Fjallplátsinu Baularvöllum, m. fl. Því Efni vidvíkjandi; – medtók eg ígjær frá strídcansellir Sekretéra J. J. Bonneund Tilskrif af 12ta þ. mán, med því sama innlagdri útskrift af amtsbréfi til hans dati 31ta f.m., hvörutveggi áhrærandi, ad eg tafarlaust innsendi til hr. amtmansins mína ofannefndu medfijlgjandi Begiæringu um útmælíngu Lands til Nýbýlis á Baulárvöllum ef eg vilji framhalda því, samt mína Erklæríngu um, hvörjar orsakir dregid hafi mig til ad forma þad þar, án yfirvalds Samþyckis m.in. –

J ofan áminnstu Bréfi minu til hr. Amtmansins samt þar inni áreknum 2ur Bréfum mínum til Vikomandi Sýslumanns, dater./ 15. Júl og 31ta Decembr f.á, (hvör eg bædi meina hr. Amtmanninum tilsend af Sýslumanni:) – hefi eg gétid flestra þeirra orsaka, er neijddu mig til ad bijja heijskap á Baulárvöllum f.á., samt í mínu fyrra, nærstnefndu Bréfi af 15. Júl. minnst á, hvörs ad verid hafi mér Frumqvödull þessa Fijrirtækis, og gét þar fáu vidbætt; enn leijfi mér einasta hér ad ítreka af því hid marksverdasta

Almennilegur óvenju-Grasbrestur hér, neijddi mig til, þó í ótíma, fijrst um nærstl. midsumar, ad ásetja heijslátt og þaraf leidandi kofa-byggíngar á Baulárvöllum, án þess eg þó ætladist til, ad þad héti stofnad Nýbýli, ámedan eg ej uppfærdi þar nockrar adrar Gijrdíngar enn Veggi til nefndra smá-kofa, – ej fjár-rétt, fjós nje heijgard, sem þó mun fijlgia flestum, Sveita-býlum, því sjálfur var eg þá mjög óradinn í, ad vilja fá þar festa Bijgd, til hvörs og héltt mér Fásinnu ad flasa, ad flestu þar óreijndu, utan fallegu útliti umm há-sumar-tímann, og – ádur enn eg hefdi nockra vissa þeckíngu, umm Baularvalla-plátsins, meiri, eda mun hæfileg leika til nýbýlis, – ad alla ædri og lægri, yfirvöldum þess ónædis og omaks, vid Land-útmælíngu mér til Nýbýlis, sem ordid gæti til ónýtis, ef Býlis-nefnan félli, á fijrsta eda nærsta ári, í sína fyrri audu, einsog ordid hafa forlög ijmsra þeirra, er á seirni Tímum, hafa útmæld og áformud verid í afréttumm Lands vors; þess vegna fijlgdi eg einkum Rádi prófasts Síra Gudmundar a Stadastad, ad heijja þar fijrst til Reijnslu og hagnýta mér sem best eg gjæti heijid, eg héldt mér nockurnveiginn óhult, ad því Rádi og í hans Traust, sérilagi þar eg vissi eingann utan hann einann, eiga nockurt Lands-Tilkall a Baularvöllum, – ad géra þessa Litlu Tilraun umm heij-safn og brúkun þess til Fénadar-ródurs á Baularvöllum, hvad jafnframt í

[40] Skjal nr. 2(71).

hugd, kynni géta ordid ummþeinkíngar og undirbúníngs Tækifæri til annars meira, – og hafdi þá undireins alla mögulega fijrirspurn umm, hvört Land þad gæti tilheijrt nockrumm serílagi ad nockru leiti, ödrumm enn Beneficiaris á Stadar stad, enn féck þad þá ej, heldurenn sídan frétt; sami Velnefndur Prófastur og fleiri sögdu mér hérhjá, hvörsu ad þeir Tveir, – þótt dugnadar- og Efna-gódir, Sýslumenn hér í Sýslu, – sem í Manna Mijnni, hefdu látid heijja abla á Baularvöllum, – borid hefdu úr bijtum, annar litil, enn hinn einginn Nót Þeirra, hvörsvegna ásamt, eg taldi mér óvinníng ad flijtja þadan heij í Bijgd til nockurrar hlýtar, og sýndist, eg ætti láta mér hinna Víti hér í ad Varnadi verda.–

Med 3ja trúverdugra manna skriflegri Skírslu, hvörja bodid hafa ad eijdfesta nærsum þess þörf finndist, – innsendri til Vidkomandi hr. Sýslumanns, – hefi eg fært nockra Sönnur á þad Atmæli, ad Bijgd hafi til forna verid á Baulárvöllum, hvad ennframar mætti þó sanna skynsamra Manna Skodun á því plátsi, og ad því ásamt athugudu, vona eg, ej ad hafa brotid mót For. af 15da Apr. 1776, síst hennar 5tu [grein]., – þegar hægt mundi ennbetur sanna, ad þad væri yfirgéfin Fornbijgd, – þótt eg, med leijfi þess eina, sem á Landinu átti Tiltölu, notadi mér þar heijskap, uppá hinn einasta mögulega mata, umm eins árs Tíma, máské til naudsýnlegrar Fyrir hijggju, nijtsamari Framm-qvæmdar.–

Þannig hefi eg í skyldugri Audmýkt, stuttlega bendt ydar hávelborinhtm til, fijrri Bréf-umm mínumm og hér látid-eitt ávikid, hvör Naudsyn mig hafi borid til, nærst. Sumar, ad abla heyja, med því er þaraf leiddi á Fialllendinu Baulárvöllum, og hvad leidt hafi mig til, ad leita ej þá strax, nú fyrrenn nýlega, Yfirvalda atqvæda þarumm; samt, ad hvörs Rádum og í hvörs Trausti, – sem þess eina, er eg vissi eiga þar nockurn Rétt til Landsins, – ad eg abladi þar Fénadi Fódurs; Enn skyldi sú Breijtni mín, mót Von ecki vijrdast mér ósaknæm, – svo bid eg audmjúkla um naduga Advörun, ad eg áný inngéfa mætti í eittsafnada greinilegri utmálun mér til afsökunar í sögdu Efni, ádurenn sú Sök gierdist til fulls ad álitumm.–

Helgafelli, þann 30ta April. 1823

Undirgéfnast

Grímur Paulsson.[41]

Þann 7. júlí árið 1823 var settur útmælingarréttur að Baulárvöllum til nýbýlis þar:

Anno 1823 þann 7 dag Julii var eirn útmælingar Rettur settr ad Baularvollum af constituerudum syslumanni i Snæfellsness sýslu Ólafi Gudmundssyni til þar eptir amt-skipun af 20 Maii þ.á. ad útmæla prófasti Hr. Grími Pálssyni á Helgafelli land til nýbýlis í eidibigdinni Baulárvollum. nefnd amtskipun og henni filgiandi Reqvisition frá profasti G. Pálssyni um ad honum verdi tied nybili útmæld var lögd ad acta og mörkud Litt$^{r}$ A og B þar næst var logd ad acta Reqvisition profasts Grims Palssonar til syslumannsins um ad aqvarda dag til tedar forrettingar fyrirtektar samt syslumannsins svar þar uppa markad og upplesid C og D. til útmælingarmanna voru breflega útnefndir af sýslumanni Hreppstjórarnir i Ejrarsveit Helgi Jonsson a Hellnafelli og Johannes Palsson ad Myrum samt bændurnir Jon Hakonarson á Narfeyri og Jón Jonsson á Ørlogsstodum ofannefnd útnefning var logd ad acta og morkud Litt$^{r}$ E. Þar næst var þessum monnum stíladur solátandi Eidur: Jeg Helgi Jonsson, jeg Jóhannes Pálsson, jeg Jón Hákonarson, jeg Jon Jonsson sver þann Eid, og segi þad almattugum Gudi og þessum Retti, ad eg skal svoleidis mæla og meta land til Nybýlis á Baularvollum, sem eg er útnefndur til ad giöra, sem eg hefi betst vit og skinsemi á, og eckert frá því víkia, sem eg eptir skynsemi minni álít rettast, hvörke fyrir Gunst eda Giafir Hatur eda ofund. Svo sannarlega hiálpi mer Gud og hanns heilaga ord. – hvorn Eid þeir allir aflögdu efter lag Fyrirmælum.

[41] Skjal nr. 2(69).

Nábýlismenn vid eydiplátsed Baulárvelli í Stadarsveit Miklaholtshrepp og Helgafellssveit voru adr skriflega advarader af syslumanninum ad mæta her. ted advorun var logd ad acta og morkud Lit$^{r}$ F. Frá Stadarsveit mætti profastur Herra Gudmundur Jonsson á Stadastad sem framleggur útskrift af Vilchins máldaga um Ítök þau sem Stadastadar kirkia á í Baulárvalla landi. nefnd útskrift var logd ad acta og morkud Lit$^{r}$ G. og Finnur Þórdarson frá Ellida sem framfærir munnlega ad ábýlisjörd sín eckert tilkall egi til Baularvalla utann ad þeir frá henni ásamt ödrum jördum í Stadarsveit. hafi brúkad Baulárvelli um langa Tíma til afrettar sem annars sé mesti skortur á. flejri mættu ei frá Stadarsveit. Frá Miklaholtshrepp mættu bóndinn Narfi Þorleifsson frá Dal. sem framfærir munnlega ad hann eckert tilkall egi til lands vestanverdu Straumfiardarár og Baularvallavatns, enn Dals land hefir hingad til kallad vered til Raudalækiar sem tekur sig upp hia Þrívördum og fellur í Baulárvallavatn ad austanverdu. enn fyrir þessu gefi hann þó eckert skriflegt löglegt bevís fært. Frá Helgafellssveit mæt(t)u bóndinn Jón Þordarson frá Berserkiahrauni sem framleggur skriflegt skial undir sinu egin nafni um landamerki ábýlisjardar sinnar, sem hann bídur sig til ad stadfesta ef þörf giörest. þad upplesed og markad Lit$^{r}$ H. og Sigurdur Sigurdsson á Horne sem munnlega frammber ad hann eckert tilkall egi til lands í Baulárvalla óbygd enn gamler menn segi ábylisjörd sina land ega ad Vatnaá, sem fellur á milli Hraunsfiardar og Baulárvallavatns ad þadan í Raudalæk. enn eckert skriflegt authentiskt bevís kunni hann hér fyrir ad færa. Flejri nábýlismenn mættu ecki. Var so fyrirtekid landed ad útmæla, og efter ad útmælingarmennirnir hofdu ýtarlega skodad og yfirfared platsed so vel í tilliti til slægna sem beitarlands, voru jördinni Baulárvöllum áqvördud fylgiandi Landamerki: Í Landsudur rædur Urdarmúlahorn, sem næst skagar Straumfiardará og eptir sem Brún hanns rædur til útsudurs í klettahnúk þann er kallast Stackur. sem er í Hádegisstad ad siá frá bæarstædinu. þaðan í vestur í vördu þá sem nefnist Södulsborg, þadan í einstakan stórann stein sem stendur á landsudurs sídu Moldarmúla, þadan Siónhending vestur í efstu Fossa, sem falla frá Fiöllum í austari Breiddalsbotna, þadan í vördu sem stendur á klettaborg kipp korn austan Hvanngil, og svo í Gilid. Sídan rædur Hvanngil, sem rennur(r) ofan eptir sokolludum vestari Breiddal landi fyrir vesturátt uns þad fellur í Hraunsfiardarvatn, þadan Siónhending yfir vatnshorned í útnordur horn á Vatnafelli, þaðan frá til nordurs í vördu á Griótborg þeirri er kallast Kista. Sídan ráda vordur fyrir nordri til austurs eptir vatnahryggium ad Raudalæk, og þadan austur eptir Vatnamýrar Breckum í stóra vördu er stendur á Breckna brúninni þar sem fyrst hallar vötnum til landsudurs ofan ad Dugfúsdal og svo úr tjádri vördu Siónhending til Sudurs í ádurnefnt Urdarmúlahorn.

Á öllum framannefndum ørnefnum eru vördur hladnar í hvöriar vidarkol eru nidursett.

Jnnan þessara takmarka er Túnstærd á Baulárvöllum álitinn ad vera nægeleg til Tveggia kúa fódurs þá útræktad er. á bádar sídur Bæarstædisins. eru útheies slæur, sem tilliti til audsýnilegs lángvaranlegs vetrar ríkis er öll þessi tiltekna landeiggn árlega er undirköstud, svo sem Fiallland, metst ad framfært geti í medallagi 1 kú, Búnaut 50 ær. 20 lömb og 4$^{ra}$ hesta, sem þurfe hér fullt vetrarfódur ad ætla.

Fyrir framann tjedan qvikfenad álítst nægelegt Beitarland, af óskerdtum Retti þeim sem framlögd útskrift af Vilchins máldaga, egnar her Stadastadar kirkiu. Midt í þessari útmældu landareign liggur stórt Stöduvatn, Baularvallnavatn kallad í hvöriu reynt er ad Silungur er. hvar því mætti veide stunda til nota.

brúkanlegt mótak er nóg til, enn skógr enginn.

Epter framan skrifudu verdur því þad nú nýblýlinu Baularvöllum þanninn útmælda og afmarkada land, ad medlögdum þeim hlunnindum er silungsveidi í vatninu kann ad gefa, ad álítast og setiast til 14 hndr. ad jardar Dyrleika.

Enn þar ed útmælingarmennirnir álitu beitelanded, medfram og enkum, vega Stadastada(r) kirkiu Ítaka, miög so ónóg fyrir þann, eptir nýbýlisins slægna lands magni áqvedna qvikfenad, ad sunnanverdu Baulárvallavatns, án þess miög svo ad útiloka

> Stadsveitinga frá gieldpenings upprekstri edur afrettar tilkalli framvegis á hér nærliggiandi Fiallalenendum, svo hlaut nýbýlinu hiklaust ad tilleggiast, til beitarlandsins vidurauka nockra landeygn nordan vatned af Eydelande því er ábúendur Horns og Dals ad sönnu villdu ábýlum sínum tileigna og mótmæltu ad útmælt væri af til nýbýlisins, enn sem ei kunni til greina ad takast, þar þeir hvörke gátu nockra máldaga edr önnur löggylld skilríki fyrir því sýnt ad jarder þeirra ættu land þad, þótt endrum og sinnum eitthvad brúkad hefdu, og ei helldur halladi vötnum þadan ofan ad löndum þeirra enda siást engin merki til ad landid hafi um langa tíma yrkt vered. og vard því ad alítast teked af ódýrkudu óbygdarlandi, sem enginn kynni ser ödrum fremur löglega ad tileinka, eins lítid sem siálfa Baulárvelli sunnann vatnid.
>
> Þannig var þessi Forretting til likta leidd ár og dag sem upphaflega greinir.
>
> ut supra
>
> Ó. Gudmundsson.
>
> H. Jónsson. Jóhannes Paulsson.
>
> J. Hákonarson. Jón Jónsson.[42]

Þann 28. maí árið 1824 var þinglesið byggingarbréf fyrir nýbýli að Baulárvöllum á manntalsþingi höldnu að Saurum:

> Ar 1824 þan 28da Maji var Mantalsþíngs Rétturin settur ad Saurum fyrir Stadarbacka þingsokn og haldin af þeim retta domara og Skrifara i Vidurvist Vitnanna […]
>
> 1. […] og en framar var upplesid
>
> a. byggingar bréf útgefid af hra amtmanni B. Thorsteinsyni dat. 15da aug. 1823 hvar med han byggir profastinum Grimi Paulssyni a Helgafelli nybylid Baularvelli med ollum þeim Rettugheitum sem forord. af 15da apr. 1776 tilseigir þeim mönnum sem uppbyggia nybili.
>
> […]
>
> Þar eckert frekara var i þettad sin ad fyrirtaka var Rettinum uppsagt.
>
> E.Sverrisson
>
> Sem vitni
>
> N Jonsson Gisle Tomarsson.[43]

Prófastsvísitasía að kirkjunni að Staðarstað, dagsett 10. júlí 1824, getur þess að kirkjan þykist hafa tapað þeim réttindum sínum er fólust í ítaki á Vatnaheiði og um var fjallað í kafla 5.3 vegna byggingar Baulárvalla. Þar segir:

> Laugardaginn þann 10 Julii 1824 visiteradi Prófasturinn í Sydra Þórsness þíngi Björn Pálsson kyrkjuna á Stadastad. Frá henni er eckert gengid af hennar Orna- edur Instrumentis né utensilibus, enn af Rettugheitum sínum þykir hún tapad hafa Itaki því er hún á á Vatnsheidi og Baulárvöllum vid Byggíngu þá, er þar er reyst.[44]

Hins vegar eru réttindin aftur talin meðal eigna Staðarstaðar í biskupsvísitasíu dagsettri 30. júlí árið 1831 þar sem tilgreind er stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði. Einnig er getið um upprekstur á Vatnaheiði í vísitasíu kirkjunnar, dagsettri 9. júní árið 1874.[45] Ítakanna er einnig getið í fleiri heimildum um kirkjuna

42 Skjöl nr. 2(51) og 2(72).
43 Skjal nr. 2(73).
44 Skjal nr. 2(35).
45 Skjal nr. 2(29) og 2(40).

fram til 1891 en oftast í því samhengi að þau séu ekki lengur notuð.[46] Sjá kafla 5.2 og 5.11.2.

Á manntalsþingi höldnu að Dröngum 28. júní 1828 var þinglesið tilboð prófastsins yfir Snæfellsnessprófastsdæmi um hvort einhver vildi taka nýbýlið Baulárvelli til eignar eða ábýlis:

> Ár 1828 þann 24da Junii var Manntalsþíngsretturinn settur ad Draungum og halldinn af þeim konstituerada dómara og Skrifara, í vidurvist þíngvitnanna […]
>
> 3. Var eptir begieringu profastsinns hra Grims Pálssonar á Þíng velli upplesed skriflegt tilbod hanns hvört nockur villdi annad hvort taka Nylenduna Baularvelli til Abjles edur Eignar, uppá þar lofada Skilmála – daterad 12a þ.m. og fram kom enginn ad þessu sinne sem villde sig til þess gefa. –
>
> […]
>
> Vídara var ecki fyrir teked og Rettinum uppsagdt.
>
> P Benedichtsen Sem þíngvitni
>
> p.t. konstit. Sysslum.
>
> J Hialtalín S Sigurdsson.[47]

Á manntalsþingi höldnu að Saurum 28. maí 1832 var þinglýst kaupbréfi fyrir hálfum Baulárvöllum:

> ár 1832 þann 28da Maii var manntals þingsrétturinn settur ad Saura þingstad af þeim reglulega Domara og Skrifara í vidurvist vitnana […]
>
> 4 V[ar] þinglyst kaupbrefi fyrir ½ Baularvollum [hvar] Mdm A. Steinbak med 27da f a. selur Guðmundi [Sum]arlidasyni fyrir 20 Spec.
>
> […]
>
> [Fleira var ecki fyrir]tekid og [rettinum uppsagt].[48]

Á manntalsþingi höldnu að Syðri-Görðum, þann 10. maí árið 1839, var þinglesinn kaupgjörningur fyrir hálfum Baulárvöllum:

> Ár 1839 þann 10da Mai var Manntalsþíngs retturinn sett[ur] ad Sidrigördum í Stadarsveit af þeim reglulega [doma]ra og Skrifara í Vidrvist Vitnanna […]
>
> 4 Var lesinn kaupgjorningr af 29da November f.a. hvarmed Gudmundr Sumarlidason a Baularvollum selr þessar Jardar hálflendu 7 hundruð pró[f]astenum Sira P. Petursyni og hreppstjora Þorleifi Þorleifssyni fyrir 30 Speciur danskar –
>
> […]
>
> Var svo ekki fleira fyrertekid, en Retturin hafinn ut supra.
>
> S Schulesen Steph. Gudmundsson Jon Jonsson.[49]

Á manntalsþingi höldnu að Saurum, 15. maí 1839 var þinglesið kaupbréf fyrir hálfum Baulárvöllum:

> Ár 1839 þann 15da Maii var Manntalsþíngsretturinn settur ad Saurum, af þeim reglulega dómara og Skrifara, í Vidurvist þingvitnanna […]

---

[46] Skjöl nr. 2(39), 2(41), 2(116) og 4(2).
[47] Skjal nr. 2(74).
[48] Skjal nr. 2(75).
[49] Skjal nr. 2(76).

4, Var upplesid kaupbréf fyrir ½ Baularvöllum 7 hundruð hvarvid Gudmundur Sumarlidason selur þessa Eign prófasti S$^{r}$ P. Petersen, og Þorleifi Þorleifssyni fyrir 30 Sepciur Vid hvörs kaupbrefs upplesningu h$^{r}$ factor Smith á Stickisholmi framkom fyrir Rettinn, med þá munnlegu Erklæríngu, ad Jardarparturinn væri sér skriflega pantsettur í hvöriu Tilliti hann forbehelldur sér allt löglegt. –

[…]

Fleyra var ecki fyrirtekid, var því þíngbókin un[dir]skrifud og Retturinn hafinn.

S Schulesen J. Samsonsson

Ch. Chonradsson.[50]

Í lýsingu á Staðarstaðarsókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsness árið 1839 er getið um Baulárvelli:

8. <*Dalir.*> Eiginlegir dalir eru hér engir, heldur dældir og skörð á milli áðurgreindra hnúka. Milli Elliða- og Leysingjahamra eru sokallaðir Furudalir með litlu graslendi, Slitvindastaðaskarð milli Hólsfjalls og Torfahlíðar. Milli Torfahlíðar og Þorgeirsfellshyrnu er Þorgeirsfellsfrétt með litlu graslendi. Vestan við Þorgeirsfellshyrnu eru sokallaðir Lækir. Milli Ánahyrnu og Lýsuhyrnu er Lýsuskarð, því nær graslaust. Milli Lýsu- og Böðvarsholtshyrna er Bláfeldarskarð, öðru nafni Arnarskarð, með góðu graslendi. Milli Böðvarsholtshyrnu og Mælisfells liggur lítilfjörlegur dalur með bezta haglendi. Hann kallast Bjarnarfossdalur. Milli Mælifells og Axlarhyrnu liggur þjóðvegurinn Fróðárheiði með góðu graslendi. Geta má þess, að bak við Elliðahamar að norðanverðu liggja Baulárvellir, sem var afrétt frá austari parti sveitarinnar, hvar nú fyrir nokkrum árum er búið að byggja nýbýli. Þaðan hallar öllum vötnum í suðaustur.

[…]

39. *Nýbýli* er ei annað en það áður áminnzta á Baulárvöllum.[51]

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsness segir svo um Baulárvelli í lýsingu á Miklaholts- og Rauðamelssóknum um 1840:

2. <*Fjöll og heiðar.*>Á bak við Miklaholtssókn, frá norðvestri til landsuðurs, liggur sá sami fjallgarður sem á bak við Staðastaðarsókn, nema hvað hann verður þá lægri og beygist meir til suðurs, til þess lægð, kölluð Vatnsskarð, skiptir hönum í sundur. Er fjallland þettað ekki breitt, sumstaðar grösugt, þó meiri hluti grjót og klettar. Er þar nýbýli í fornöld þó byggt, Baulárvellir að nafni, hérumbil á miðju fjallinu millum sveitanna Miklaholtshrepps að útsunnan og Helgafellssveitar að austanverðu; er þó lagt til Staðastaðarkirkjusóknar og Helgafellsþingsóknar.[52]

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsness segir síðan um Baulárvelli í lýsingu á Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknum árið 1842:

39. *Nýbýli* er hér í sóknum ekkert utan *Selvellir*, hvörra áður er getið, eiginlega ½ Horn. Þeir eru byggðir hér um fyrir 20 árum. *Baulárvellir*, byggðir 1823 á miðju fjallinu, heyra til Staðastaðarsókn, en Sauraþinghá.[53]

27. maí 1843 skrifuðu hreppstjórar og bændur Vesturamtinu svohljóðandi bréf vegna Baulárvalla:

---

[50] Skjal nr. 2(77).

[51] *Snæfellsnes.* Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1875 (1970), bls. 67–68, 74.

[52] *Snæfellsnes. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* 1839–1875 (1970), bls. 49.

[53] *Snæfellsnes. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* 1839–1875 (1970), bls. 198.

Þad er venja í landi voru, ad talad er á Mantalsþínginu í hvörri sveit um sérhvörja naudsýn sveitarinnar, sem þá þykir brádust, og hvetja Sýslumenn innbúa sveitarinnar alloptast til þess í þíngbodssedlinum, einsog þér, herra Sýslumadur! nú og eirnig gért hafid í ár.

[…]

En um hid sídara, Baularvallabyggínguna, er nú einmidt tími ad tala, þar er alkunnugt, og mörgum hlytur þad minnistædt vera, ad á Baularvöllum var sumarid 1823 mælt út nýbýli, 14 hundrud ad dýrleika, eptir ósk þáverandi prófasts, nú Pastors emeriti, Séra Gríms Paulssonar á Þíngvelli og skipun Vesturamtsins, þvert á móti vilja flestra hlutadeiganda í kríngumliggjandi sveitum, Stadarsveit, Miklaholtshrepp, og Helgafellssveit. Sérhvör heilvitamadur í tédum sveitum sé sumsé strax fyrirfram, hvílíkt skadrædi ad Byggíng þessi á Baularvöllum yrdi fyrir alla og óborna í nálægum sveitum, þared Baularvellir, einsog alkunnugt er, hartnær má heita sá eini grasblettur á fjallhriggnum milli sveita þessara, sem ad gagni er til afréttar. Eystri hluti Stadarsveitar misti þarver algjörlega svo ad kalla afrétt sína, því honum tilheyrdi eginlega Baularvellir, og þó nokkrir smáblettir þar í kríng, og svokalladir Breiddalir séu ætladir hönum til afréttar, þá hefir nú reynslan sýnt, einsog sjáanlegt var, ad þar er hvört tveggja, ad hönum nægir ekki þetta, þared margir bæir þadan hafa sídan keypt upprekstur í Eyrarbotni og í Seljafelli í Miklaholtshrepp, og líka flæmist sökum stigdarinnar frá Baularvöllum, strax fé þeirra, er reka þángad, híngad ofaní Helgafellssveit, til óreiknanlegs skada bædi fyrir þá, er þad eiga, og hana, er ágóng þennan þola meiga, en þad eru allir bæir frá Arnabotni innad Drápuhlid, sem land eiga upp ad fjalli, hvar búsmali þeirra gengur á sumrum; málnytan er mikid minni sökum ágóngsins og urdsins af fjalla fénu, og í ruglíng þennann tínist tídum mörg ærin, og er þá búid mjólkurgagn hennar þar sumarid, þó apturkumi ad hausti, sem mjög er óvíst, því mörg ein kua hefur aldrei sídan sést. eí hinni litlu afrétt, sem vid eigum hér um midja Helgafellssveit, verdur sami ruglíngur, því ávallt géngur rekstruinn þángad á sunnanfénu, en svo mætir þad aptur stigdinni á Baulárvöllum, svo auk málnytu missirsins, verdur líka géldaféid af ónædi þessu miklu lekara, enn ella. Jnnsveitarmenn í Helgafellssveit verda og fyrir sama tjóninu af Baularvalla byggíngunni, þó þar sé ei beinlínis, heldur stendur svo á því, ad allir sem fá, og sumir kannskí leyfislaust reka géldfé sitt á fjall þvi, sem eirnig er lítid, en af því ofsett er í hagana, hleypur þad fljótt ofan aptur, og saman vid búféid, fá þeir því lítt tjón og hinir.

Þannig er þad næstum öll Helgafellssveit, sem lídur óbætanlegan skada vid bygdina á Baularvöllum, og ad líku skapi Miklaholtshreppur, og eystri hluti Stadarsveitar, þó ei hinir sídarnefndu, nema máské fáir bæir í Miklaholtshrepp, á málnytunni, og þannig má þad augljóst virdast, hvílíkt skadrædi ekki einasta vid Helgafellíngar, heldur og hinar adrar nefndu sveitir lída vid bygd þessa; og hvör er nú á hina síduna ávöxturinn af bygd á Baularvöllum fyrir ábúandan þar sjálfan, eda sveitarfélagid. Reynslan hefir sýnt þad best. Sira Grímur, sem stofnadi nýbýlid héldt nokkra stund vid, og reyndi med ymsu móti ad nota Baularvelli, en hætti þó brádum, og vid höldum þar sé öllum kunnugt, eptir þar, hann hafdi bodid þann skada af því fyrirtæki, hvörs hann aldrei bætur bídur. Svo komu þángad ymsir ábúendur, sem stundum voru 1 eda 2 ár, fóru svo í burtu aptur, og þóktust gódu bættir, ad géta slórt þar fram á vorid, eda flosnudu upp, eins og Jón heitin Brinjúlfsson. Sídum var og nýbýli þetta í eydi milli ábúenda þessara, og fá hús uppistandandi þar. Loksins keypti hálflenduna Gudmundur Sumarlidason, sem nú býr á henni, enn hestir opt ekki verid þar, nema einsamall med köflum, þángadtil nú fyrir 2r eda 3r árum, þá vid baslbúskap. Sgr. Jónas Samsonsson, fyrrum á Berserkjahrauni bygdi þar loks upp bæ, reisuglegan í hitt ed fyrra, og hestir nú: 2 ár reynt ad búa þar, þá med tilstirk annarar bestu jardar, Berserkjahrauns, og er alkunnugt, hvílíkan skada hann, med öllum dugnadi sínum, hefir þó lidid, af ad búa þar.

Og til þess nú ad þvílíkt býli skyldi framvegis vidhaldast hvar, ad allra vitni, sem vit á hafa, bóndi aldrei gétur þrifist, sem bóndi, til þess skyldu bændur og húsfedur í 3r

sveitum lída árlega óbætanlegt tjón, bædi á búsmala sínum og géldfé? gétur þad þenkst, ad vera tilgángur hins gódgjarna löggjafara? En – hvad sem um þad er, bygd var sett á Baularvöllum, sem sagt 1823, og land þar útmælt eptir bædi amtsins, bygdu á tilskipuninni um nýbíli, og er ei framar þar um ad tala; en mörgum, nú fullordnum mun þó í barnsminni svo stránglega þá var fylgt bókstaf Tilskipunar þessarar, til ad reka mótmæli bænda, einkum Stadarsveitúnga, sem þá stódu mest á móti nýbílinu. En – einsog bygdin var þannig sett, og landid úmælt, ad bodi yfirvaldsins eptir optáminstri Tilskipan, þannig virdist okkur sem þar sé nú eirnig skylda sama yfirvalds, amtsins, ad láta Sýslumanninn, med tilteknum mönnum skada, hvört allt er gért vid nýbíli þetta, sem þessi hin sama Tilskipan sinntar, edur réttara sagt: hvört nokkru því sé þar fullnægt, sem hún krefur, ad vid nýbíli sé gjört, til þess þad, eptir 20 ár, géti komist í tölu annara jarda, og gengid, sem prívat eign, mann frá manni, og þad því heldur, sem þad er alkunnugt, ad nybílid Baularvellir hefir tídum verid í eydi á þessum 20 árum, og sídan Sira Grímur slepti búi þar, þángad til Sgr Jónas kom þángad, optast verid sóda- og trassalega setid af flestum hinum, sem þar hafa hángid vid hús, einsog allt þar sýnir sig sjálfs, ad eg undantaki byggíngar Jónasar, því ekkért tún gétur þar heitid, því sídur ad túngardur sé þar komin, sem Tilskipunin þó heimtar, auk alls annars. Eptir okkar meiníngu gétr ei ábúandi nybílis ödlast eignarrétt þess, nema med sífeldri, rækslusamri og alúdarfullri ábúd þess, samtengtt í 20 ár, ad hvörjum lidnum hann og hafi girdíngu fullgilda kríngum túnid, þad sjálft vel ræktad í gódu standi, og hafi þess utan sýnt hvörja adra jardarrækt; þetta virdist okkur sé þad, sem af hönum á, og hlýtur ad krefjast, vilji hann verda eigandi nýbílisins, því útmælíngin veitir honum ei eignarrétt, heldur tækifæri til eignarréttar, því – ad okkar meiníngu – á þad ad vera dugnadur og atorka sjálfs hans, sem þannig gérir hann ad jardeigandi manni. En – ekkert af þessu hefir sést á Baularvöllum og fyrst yfirvaldid vard ad hlyda Tilsk: í því ad láta mæla landid út, þá óskad var, þótt þar væri svo ótalmörgum til skada, þá virdist ockur þar og sjálfsagt, ad hid sama yfirvald, eins á hina síduna, heimti allt þetta af ábúendum Baularvalla, sem nú vilja eignast þá, og sannist þad, ad þad hafi ei verid í té látid, ad þar þá og eirnig frelsi almenníng vid ólífjan þessa, bygdina á Baularvöllum, því margt hvad þúngbært, sem verdi ad vera, hvílir samt á almenníngi, þó nýbíli þetta gángi undan.

Sökum hins framansagda krefjum vid undirskrifadir, okkar og annara vidkomandi Helgfellínga vegna: ad Vesturamtid Láti nú í sumar hid fyrsta á kostnad almenníngs nefnda skodunargjörd yfir nýbílinu Baularvöllum fyrirtaka, sem og uppáleggi Sýslumanninum, samkvæmt henni, med dóms atkvædi, ad ákvarda: hvört nýbíli þetta hér eptir skuli álitast sem hvör önnur bygd jörd, med egindómsrétti, eda þad, sökum trassalegrar ábúdar og annars fleira mist hafi nybílisrétt sinn. Og vonum vid, ad ockur verdi ei neitad þessarar sanngjörnu, almanna heill vardandi kröfu.

Sauraþíngstad þann 27da Maii 1843.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Gudmundsson (prestr) | | A. O. Thorlacius |
| Sumarlidi Þorkelsson | Jón Jónsson | N. Þorleidsson |
| bóndi | fyrrum hreppstjóri | (Hreppstjórar Helgafsveit) |
| | | Sveinn Sveinsson |
| | | Bóndi.[54] |

8. ágúst 1843 skrifaði sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu amtmanninum í Vesturamtinu um nýbýlið Baulárvelli og hvort bygging þess hefði uppfyllt skilyrði nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776. Bréf sýslumannsins er svohljóðandi:

Medfölgende Memorial blev af Fattig forstanderne i Helgufellssveit overvægt mig paa det i Foraaret afholdte Manntalsting paa Saurum med Anmodning om, at indsende

54 Skjal nr. 2(68).

samme til Amtet ledsaget af min Betænkning over dens Jndhold. Det den fornemmelig gaver udpaa er, at som Nyebyggerstedet Baularveller ofskaffet, som mindre nyttigst fir det Almindelige, og höist skadeligt for om kring liggende Reppers Oeconomie.–

Efter mit Skjönnende er den Anke som för over dette Nyebyggersted, i flere Herunder grundet, og fornemmelig den, som föres over den store Efterladenhed i dets Rögt og Opdyrkning, som saavel Provst Paul sin, som dets oprindelig Nybygger, som de, der i hans Sted have benyttet det, have gjört sig skyldige i, du de aldelis ikke have opfyldt nogen af de Betingelser, som den 12 [del] i Forord: af 15$^{de}$ April 1776 forskriver, og som dag synes at Nyebyggeren bör opfylde for at vinde Odel og Eiendom. Vel er Forord: af 13 Mai 1776 ophovet ved Placat af 9de Marts 1836, men derfor kan neppe antages, at den Forpligtelse som hun Forord: paalægger Nyebyggerer, at sætte Tungjorde om sit Nyebyggersted, ogsaa skal være ophævet thi hviken nævner Placaten denne Forord: og er heller ikke er der fuldkommen Forsagens Lighed, Fornemmelig synes et Nyebyggersted, som er i Afretter, at burde være forsynet med saadan Jndhægning, da ellers den haven beboer det, vil verde til stor Ubeleilighed for de omkring boende; thi hvis han ingen Jndhægning her, i det minste om sin Hiemmemark, saa maae har, for at halde den ubeskadt, bortdrive alle Craataarer, som græste om kring paa Fiældet, i flere Miiles Omfang – og dette have ogsaa Nyebyggerne paa Baularveller faaet Skyld for, flere Sinde, at have gjört. Herfor uden maatte maatte det synes, som Nyebyggerstedet ved flere Gange at læger öde, burde være hiemfaldet igjen, til den eller de Eiendomme og Afretsfælleder som det er taget af, uden at dertil skulde være fornödent at det i Hævdstid ligger öde; thi at den som hor erhvervet Udmaaling forlader Stedet, synes at tilkjendegive, at han ikke mere vil benytte samme som Nyebyggersted, ligesom og Forord: Ord, at han skal erholde af Amtmanden (Byggelsbrev) Byggingsbrev, synes at hentyde paa, at Udmaalingen ingen Eiendom giver, men at denne först erhvarves ved Nyebyggerstedets fortsatte Beboelse og Brug og Opfyldelsen af Forord: Forskrifter om dets Rögt og Opdyrkning.–

Det er en Selvfölge at en lovligen erhvervit Rettighed ikke kan fratages En, omendskjöndt dens Udövelse kan være til Ubeleilighed for det Almindelige; men dette forlonges heller ikke, often mit Skjönnende, i ovenmeldt Memorial, men kuns Undersögelsen af det Sporgsmaal, om Nyebyggerne paa Baulárveller have erhvervet nogen Rettighed til bemeldt sted? eller rettere, om de ikke ved at tilsidesætte og Forsorerne Opfyldelsen af de Forpligtelser, som Forord: foreskriver have forbrudt og tabt sin Ret, som den judicielle Udmaaling og Vesteramtits Bygningebrev til Provst Grim Paulsen hiemlede? Og dette fore kommer mig at Beboerne i Helgefellssveit, saavel som Enhver unden, der ved ovennævnte Nyebyggersteds Anlæggelse her tabt den Brugs ret, som han for havde af denne Afretsfælled, maae kunne fordre undirsögt og afgjört.–

Jeg vil ikke undlade at bemærke; at den i Memorialen ommeldte af Jonas Samsonson opfört Vaaning (Bæi) nu skal være ned taget igjen, og at som entligen den halve Deel af Jörden Baularveller, som han havde i Byggelse af Provst Grim Paulsen nu starr öde.–

Krossnæs den 8$^{de}$ Aug: 1843

| | |
|---|---|
| Deres Hoivelbaarenhed | underdaningst |
| Herr Conterents raad Amtmand Thorsteinson | A. Thorstenson |

Ridder af Dannebroge og Dannebrogsmand.[55]

25. ágúst 1843 svaraði amtmaðurinn í Vesturamtinu bréfi sýslumanns Snæfellsnessýslu frá 8. sama mánaðar:

J Hensende til den, i Herr Sysselmands behagelige Skrivelse af 8de d. m., omhandlede Sag, angaaende Nyebyggergarden Baularvollum, undlader jeg ikke tjenstligen hermed

[55] Skjal nr. 2(67).

at melde til svaret der fra Amtets Side intet vil være imod, at det judicielle Handlinger bliver undersögt og afgjort, om denne Gaard fremdeles skal bestaae, eller ansees de jure at være indlagt, i betragtning af at Nyebyggeren og de efterfölgende besiddere eller Eiere, ikke punctlige skulde have opfyldt, enhver dem, med Forordningen af 15de april 1776, paalagt Forbindtlighed, dog saaledes, at disse indicielle handlaager institueres, efter nærmere Reqvisition, og bekostes af de kommunes, der ansee sig forurettede ved Nybyggerstadets anlæg og brugsmaade hidindtil.

Forövrigt da kan jeg, dog blot til Herr Sysselmands egen underretning ikke tilbageholde den ytring, at jeg meget paatvivler, om Baularvellir ved nogen Dom, paa det af Dem og af andre Vedkommende under Sagen anbragte Resonnements, skulde blive anseet for, ætter at være bleve Ødestrækning, og den Mand eller de Mænd, som maatte prætendere nu at være Eiere af gaarden der, skjönt under mislige Omstændigheder, allerede har bestaaet i 20 Aar, antages at have tabt sin Ret, ligesom og selv i dette Tilfælde andre derved ikke er betagen Leileghed til, i Strækningen Baularvollum igen at stifte Nybygger saa længe Forordningen af 15de April 1776 beholder sin Kraft og Gyldighed, om hvis storre eller mindre hvor det offentlige gavnlige Anvendelighed for m[0000] sted der en casu kommende aldrig egentlig [0000] har været. noget Sporgsmaal, men blot om, i Folge Embedspligt, at opfylde Forordningens bud.

Denne sags mærkværdige Ældre Acter, er jeg ellers villig til, at udlaane Herr Sysselmand til Eftersyn og dette saa meget hellere, som Samme i et og andet ere i Strid med og gaar udenfor det andragende i Sagen, som nu er indkommet fra Vedkommende i Helgafellssveit, samt end ydermere viise, at nu afdode Provst. G. Johnsen til Stadestad synes at have været den forste motor til, at Præst Gr. Paulsen til Helgefell begyndte med paa Baularvollum at Anlægge Et Nybyggeri.

Jslands Vester-Amts Contoir, Stappen, 25de August 1843.

Thorsteinson[56]

Á manntalsþingi höldnu í Stykkishólmi, þann 7. júní árið 1847 var þinglesin lögfesta Arnfinns Arnfinnssonar frá 6. apríl sama ár fyrir landamerkjum Baulárvalla.

N° 8

Á Stikkishólms Þíngstað.

Jeg undir skrifadur Arnfinnur Arnfinnson, nú búandi á Ytra-Lágafelli í Miklaholts Hrepp, giori vitanlegt; ad jeg her med Logfesti og hefi Logfest Eignarjord mína Baularvelli, 14 Hundrud ad dýrleika, Liggiandi í Snæfellsnes Sýsslu í Saura Þingsókn sem [svo] Stadastadar Kyrkiusókn til réttra Landamerkia hennar í móti odrum Londum; Logfesti eg Jardarinnar Tún og Engiar, holt og haga, Votn og Veidistadi, samt alt hvad nefndri Jordu tilheyrir og tilheyra ber, innann Þessara eftirfylgiandi Landamerkia: J Landsudur rædur Urdarmulahorn, sem nærst skagar Straumfjardará, og eptir sem brún hans [svo] rædur til hásudurs a Klettahniúk er kallast Stakkur, sem er í hádeigisstad frá bænum.

Þadann í Vestur í vördu þá sem stendur á borg þeirri er nú kallast Södulsborg, þadann í einstakann stórann Stein, sem stendur á Landsudur sídu Nordurmúla, þadann siónhendíng vestur í efstu Fossa sem falla frá fiöllum í austari Breiddalsbotna, þadann í vördu sem stendur á Klettaborg, kippkorn fyrir austann Hvanngil, og so í gilid. Sídann rædur Hvanngil sem rennur ofanneptir svokolludum vestari Breiddal[s]Lundi í vestur átt, uns þad fellur í Hraunsfjardarvatn.

Þadan siónhendíng yfir Vatnshornid, í Utnordurshorn á Vatnafelli. Þadan frá til Nordurs í vördu á Griótborg þeirri er kallast Kista.

56 Skjal nr. 2(115).

> Sídan ráda Vördur fyrir nordri til austurs eftir Vatnahriggium ad Raudalæk, og þadann austur eftir Vatnamýrarbrekkum í stóra vördu, sem stendur á Brekknabrúninni, þar sem fyrst hallar votnum til Landsudurs, ofann ad Dugfúsdal [svo] og svo úr tédri vördu, siónhendíng til sudurs, í fyrstnefndt Urdarmúlahorn.
>
> Fyrirbíd eg hérmed og banna öllum og sérhvorium, undir Lagasektir, í ad vinna, beita eda nokkur not hvoriu nafni sem heita kunni, sér ad draga eda hagnýta af Baularvalla Landi, innan Þessara ad framan tédu [svo] Landamerkia.
>
> Er þessi Logfesta bygd á Baularvalla Utmælíngar Réttar Úrskurdi, dagsettum á Baularvöllum þann 7da Julii 1823, stadfestum og loggyltum, af Amtmanni þann 15da Aug. s[ama] á[r] samqvæmt forordn: af 15da April 1776.
>
> Jtralágafelli þann 6ta April 1847.
>
> Arnfinnur Arnfinnsson
>
> (L. S.)
>
> Upplesid fyrir Manntals Þíngsrétti ad Stikkisholmi þann 7da Junii 1847.
>
> Testerar A. Thorsteinsson[57]

Í bréfi til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, dagsettu 14. október árið 1854 er gerð grein fyrir deilum Guðmundar Sumarliðasonar, er bjó á hálfum Baulárvöllum, við nágranna sinn. Í bréfinu segir að Jónas Samsonarson hafi eignast hálfa Baulárvelli:

> Firir nokkrum árum sídann. var nemdur Gudmundur. búandi á hálfum Baularvöllum. í Sambili vid Dánumanninn Jón Sigurds son, sem nú er búandi á Gröf i Miklaholtshrepp, um vetur inn neiddist Jón ad kvarta firír þá verandi Sislumanni, yfir ágjengdí Gudm, einkum þeirri, ad hann, bædi obinberlega og leinilega gaf fjenadi Sinum heij Jóns, so hann var komin í vandrædi, þar til ad Sislum. mun hafa hlutast til, millí þeirra, eí ad Sidur gat Jón þar ekki vid haldist, firir, ójöfnudi Gudmundar, og neiddist til ad leita sjer annars ábílis –
>
> Sidann Eignadist Bóndinn Jónas Samsons son, hálfa Baulárvelli og flutti þángad, milli Gudmundar og Jónasar fjell sá ófridur, ad Jónas mun ekki óhræddur ordid hafa um lif sitt eda síns, og eptir órólegt Sambili vid Gudmund vard ad flija af eignar ábili sinu, og leita sjer annars ábílis –
>
> […]
>
> Hjardarbóli þann 14 Octobr, 1854
>
> E. W. Fjelsted
>
> Til Herra Sislumans, B. Thorsteinssen.[58]

Þann 2. janúar árið 1858, skrifaði Árni Thorlacius sýslumanninum í Snæfellsnessýslu um ágreining út af byggingu jarðarinnar Baulárvalla. Bréf Árna hljóðar svo:

> Eydijördin Baulárvellir, er upp var tekin sem nýbýli, ad vid meinum, árid 1823., og þá metin 14 hundrud ad dýrleika, hefur ad undanförnu ýmist verid i byggíngu eda stadid í eydi, og af ábúendum og eigandinn samt, þad frekast vid vitum verid, sídan 1834 tíundud, og af henni goldid til allra slíka án þess ad útaf því hafi ordid nokkur ágreiningur, eda um þad hafi verid kvartad ad tíundar væri ekki rétt krafist. Arid 1855 fengum vid viturskyn um, ad þáverandi eigandi eydijardar þessarar, bóndinn Arnfinnur Arnfinnsson á Ytra Lágafelli i Miklaholtshrepp ætladi, eda jafnvel væri búinn ad selja hana prestinum Sr. Sveini Níelssyni á Stadastad og víst er þad ad hann sídan hefur notad hana fyrir afrétt edur upprekstrarland; vid höfum þessvegna krafid velnefndann

57 Skjöl nr. 4(34) og 2(78).
58 Skjal nr. 2(91).

prest Sr. Svein Nielsson á Stadastad um tíundina, sem nú í 3 ár eda sída 1855 er ordin ad upphæd 25/5 fiska, en hann fastur neitad ad greida hana, af þeim ástædum ad ei beri tíund ad gialda af eydi- eda afréttarlöndum. Af því vid vitum ekki hvörnig í þessu kann ad liggja, og ad þad máské géti verid ad presturinn hafi á réttu máli ad standa, og ad ei beri ad krefja hann um tíund af jördinni, svo dyrfustum vid vyrdíngarfyllst ad gjöra þá fyrirspurn, hvört nokkur lagastadir eda úrskurdur sé fyrir því ad dýrleiki hennar skuli falla nidur, þegar land hennar er notad á þennann hátt, en sé þad ekki, dyrfustum vid jafnframt ad bidja Ydur velbyrdugheit ad hlutast til um ad rettur fátækra hér í hrepp, ad þó miklu leiti snertir tíund af eydijörd þessari, ei verdi fyrir bord borinn, og ad prestinum Sr. Sveini Nielssyni á Stadastad. sem eiganda eydijardarinnar verdi uppálagt ad borga þessa áfallna tíund 25/5 fiska, og þó ad tíunda jördina eptirleidin einsog gíört hefur verid ad undan förnu. –

Stykkishólmi þann 2an Januar 1858

Æruskyldugast

A. O. Thorlacius Jón Jónsson

Velbyrdugum

Herra Syslumanni A. Thorsteinson.[59]

12. mars árið 1858 skrifaði séra Sveinn Níelsson til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, vegna ágreinings um tíund og byggingu jarðarinnar Baulárvalla. Bréf séra Sveins er svohljóðandi:

Ydar Velbyrdugheitum hefir þóknast med mjög heidrudu bréfi frá 9da f.m. ad senda mér bréf hreppstjóranna í Helgafellssveit til Ydar, dags: 2. Janúar. þ.á, áhrærandi kröfu um tíund til tédrar sveitar fátækra sjóds, af eydijördunni Baulárvöllum, sem nú á 3ja ár hefir verid í minni eign. Og hafid þér um leid æskt af mér skýrslu um, hversvegna eg hafi híngad til færst undan ad gjalda nefnda fátækra tíund af Baulárvöllum; enn fremur hafid þér æskt af mér skýrslu um, hvort, og á hvada hátt eg, eda fyrri eigendur Baulárvalla kynnu ad hafa reynt til ad halda þar vid ábúd; og ad hverju leyti þeir, sem eydijörd séu, eda hafi verid mér til ards.

Af þessu tilefni leyfi eg mér þá ad skýra þannig þetta málefni:

Fyrir sína og opt ítrekada umkvörtun hreppstjóra og fleiri málsmetandi sveitarmanna hér í Stadarsveit um, ad Baulárvellir, sem um lángar aldir hefdu verid upprekstrar land eda afréttur Stadarsveitar, voru sídan 1823 frá numdir þessari aldeilis ómissanlegu notkun, og gjördir ad einstaks manns eign, til sérstakra búnytja, og sídan til ábúdar – af þessum umkvörtunum, sem mér virtust, þá eg kynntist hér, á gódum rökum byggdar, rédist eg í, vorid 1855 ad kaupa téda eydijörd, og þad einúngis í þeim tilgángi, ad bæta úr tédum vanhag sveitúnga minna, med því ad leggja alla landareign tédrar eydijardar afdráttarlaust til afréttar, handa svo miklum hluta Stadarsveitar, sem þurfa og nægja þætti. Sama vorid og eg keypti landid, baud eg þad sveitúngum mínum fram á þíngi til afréttar, og var því þá af öllum vel tekid. Nú vóru þá Baulárvellir, med allri landareign sinni, aptur horfnir til sömu notkunar, sem ad fornu, ordnir nefnilega afréttur, og, ad mínum tilgángi og ætlun, alkomnir úr jarda og byggdra bóla tölu. En þared eg hvorgi veit til, ad af afréttarlandi, hvort þad er stærra eda minna, sé nokkur tíund goldin, þá skildist mér ekki réttar, en ad þessi notkunar breytíng sem nú var ordin á Baulárvöllum, ætti, ad almennri lands venju ad hafa þad í för med sér, ad bædi tíundir og adrar kvadir, sem af beinlínis eda óbeinlínis byggdum jördum vanalega eru goldnar, ekki framar ad greidast af Baulárvöllum, medan þannig stædi. Og þad er því af þessum ástædum ad eg hefi færst undan ad gjalda fátækra tíund af optnefndri eydijörd.

59 Skjal nr. 2(65).

Í tilliti til næsta atridis, þess nl. hvort, og á hvada hátt eg eda fyrri eigendur Baulárvalla hafi reynt til ad halda þar vid ábúd, leyfi eg mér einúngis ad geta þess: ad sídan eg til þekkti, eda sídan 1850, brúkadi næsti eigandi á undan mér Baulárvelli í sameiníngu vid ábýlis jörd sína undir bú sitt, bædi til beytar og slægna, án þess ad leyfa þar neina ábúd, einúngis ad einu ár, nl. 1854–1855, undan teknu, hvar þá var ábúd, ad nafninu til, en eigandinn brúkadi þó landid til beytar fyrir sitt þar hagvana búfé. En hvad mig í því tilliti áhrærir, þá leyfi eg mér ad skýrskota til þess, en eg hefi hér á undan sagt, nefnilega: ad eg keypti landid einúngis í þeim tilgángi, ad sveitúngar mínir mættu nota þad árlega sem afrétt fyrir geldfé sitt, og gat mér þá ekki til hugar komid ad reyna til ad vidhalda þar ábúd á nokkurn hátt; Enda sýnast mér margar líkur láta ad því, ad hvernig sem fer um uppreksturinn á Baulárvöllum, þá muni eydijörd þessi naumast komast sídan af stöduglega í byggdra jarda tölu.

Þá er eptir ad minnast á ardinn, sem eg hefi haft af Baulárvöllum, og þar fátt og lítid af ad segja; því þótt eg fyrir marg ítrekada umkvörtun sveitarmanna hér, og eftir nokkurra þeirra ósk keypti þessa opt nefndu eydijörd, undireins og hún vard föl, og fram bydi sveitúngum mínum hana sídan opinberlega, sem afréttarland fyrir geldfé sitt, móti einhverri sanngjarnlegri borgun, eptir samkomulagi, þá hafa þó færri, en líklegt þótti, rekid þángad sídan geldfé sitt, og þó en færri goldid mér nokkurn afréttar toll. Vid söluna tilskyldi seljandinn sér ókeypis upprekstur í landid, og notar hann þad til beytar í því skyni, vor, sumar og haust fyrir sitt þar landvana fé. Þó eg teldi grannt þad eptirgjald, sem eg þessi árin þannig hefi feingid eptir Baulárvelli, nær þad ekki ad upphæd laga leigu kaupverdsins.

Fleira huxast mér ekki, þessu máli til skýríngar, og leyfi eg mér svo ad lyktum viríngarfyllst ad fela þad Ydar Velbyrdugheita vitru og sanngjörnu tillögum, og Amtsins hávísa úrskurdi.–

Stadastad. þann 12ta Marz. 1858

virdíngarfyllst

S: Níelsson.

Velbyrdugum

Herra Sýslumanni A. Thorsteinson.[60]

Þann 6. maí árið 1858 skrifaði sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu amtmanninum í Vesturamti svohljóðandi bréf um byggingu jarðarinnar Baulárvalla:

Hérmed leifi eg mér ad senda Ydar Hávelborinheitum bréf, er eg hefi medtekid frá hreppstjóranum í Helgafellssveit dags: 2 Jan. þ.á. í hverju bréfi þeir óska minnar tilhlutunar, ad tíund til fátækra af jördunni Baulárvöllum 14 hundrud ad dýrleika verdi goldin fyrir sídustu 3 ár.

Þared mér vyrdtist áhorfsmál, ad skéra strax úr málefni þessu, afrídi eg i þessu efni, ad leita álita jardareigandans Sr. S. Nielssonar á Stadastad, sem einnig sjálfur brúkar jördina, og hefi eg nú frá honum medtekid svar hans af 12 Marts þ.á. er eg hérmed leyfi mér ad láta medfylgja.

Af þessum skjölum, mun as vísu mega sjá, ad jördin Baulárvellir hefir verid af þeim núverandi eiganda keypt, í þeim tilgángi, ad leggja jördina í eydi, og nota hana sem afréttarland Ad einsog þad er víst ad jördin hefir ekki verid bodin fram til byggíngar, svo má á hinn bóginn álíta, ad eptir kríngumstædonum, hefdi þad verid líklegt, ad jördin hefdi gétad byggst, ef leitad hefdi verid ad ábúanda, og vyrdist mér, ad eptir 41ta Cap. i Jónsbókar landsleigubálki, þá egi enginn jardar eigandi rétt á því, eptir egin hugþótta, ad leggja jörd sína, (:bólstad:) (:lögbýli:) í eydi og til afréttarlands, fyrr enn hann á löglegan hátt, med því ad bjóda jördina fram til ábúdar, gétur sannad, ad jördin ekki sie

[60] Skjal nr. 2(66).

byggileg. Hvernig sem þessu er varid, gétur jardareigandinn þó ad líkindum ekki, med því, eptir egin hugþótta, ad leggja jörd í eydi, og nota sem afréttarland, fríad sig vid þeim ahlögum sem hvíla á jördunni, hvará medal er sú, í þessu máli ágreinda fátækra tíund. Þad reyndist líka vera í augum uppi, ad einsog Landssbálki 41. kapitulí, um skyldu manna, ad bjóda jardir fram til byggíngar (sbr. isl. Landsyfirréttardóm af 23 Oct. 1854. er stadfestir þetta) alls ekki er upphafinu, svo væri líka med slíku frelsi, fyrir jardareigandann, ruddur greidur vegur, til þess, ad leggja jardir í eydi eptir vild, fría þær fyrir ýmislegu afgjaldi til hins opinbera, og leggja þær undir adrar jardir án þess ad þær vid þad, fái nýan dýrleika og adrar kvadir. Samkvæmt manntalsbók sýslunnar, hefir líka jafnadanlega, verid reiknud tíund og alþíngistollur af tedri jörd, einsog eg líka, hefi ordid þess var, ad hún, sem var í eydi árin 1848–50, var metin vid jardamat þad er framfór árid 1849. Þad mun vera sjálfsagt, þegar jörd á löglegan hátt leggst í eydi, (sbr. ennfremur, framfærslubálk 11tu gr. í byrjuninnini) þá verdi jördin laus vid tíundargjald, því hún er þá ad nokkru leiti ardlaus eign og heimilt beitarland þar jördin ekki verdur notkud á betri hátt, enn þaraf er erfidt ad leida, ad þegar ad jörd er lögd i eydi af egin hugþótta og i sierstöku augnamidi eda til afréttarlands, einsog hér er tilfellid, þá sú ástæda til ad neita ad borga tíund til fátækra, eda til annara þeirra stétta, er slíkt gjald ber ad greida.

Næst eptir þannig ad hafa skýrt frá þessu álíti mínu, skal eg géta þess, ad jördin Baulárvellir árid 1823. hefir verid tekin upp sem nýbýli, samkvæmt útmælingargjörd af 7 Juli 1823; ad jörd þessi hefir á því tímabili verid af og til óbygd aptur og aptur, enn aptur bygd ár og ár, þannig á tímabilinu 1841–50. verid bygd í 5 ár, enn eptir 1850 einúngis 1 ár eda árid 1854. var þá jördin, einsog fyr er umgétid lögd til afréttarlands. Øll þau ár, sem jörd þessi þannig hefir verid í eydi, er af henni mótmælalaust greidd fátækra tíund, þángadtil núverandi egandi keypti jördina. – Þared egandi jardarinnar Baulárvalla eptir fyrrnefndu bréfi hans, af 12 Marts þ.á. felur málefni þetta Ydar Hávelborinheita úrskurdi, og eg fyrir mitt leiti, ad því leiti taka má ennþá hina ógoldnu fátækra tíund af jördunni med fjárnámi, hefi ekki strax, án þess ad heyra jardaregandans álit, viljad géfa þessa skipan, verd eg því ad leifa mér ad géra fyrir spurn um:

1º) Hvort fátækratíundar skuli krefjast af jördinni Baulárvöllum fyrir sídustu 3 ár?

Eda hvort þá í Helgafellssveitar fátækrareikníng til til umtektar færda tíund af þessari jörd, skuli aptur fara til útgiptar, sem óréttilega krafna?

Skrifstofu Snæfellsnessýslu Stykkishólmi 6te Mai 1858.

Thorsteinson.[61]

Hér fylgir afrit af útmælingarrétti að Baulárvöllum, dagsett 7. desember 1858, en útmælingarrétturinn fór fram þann 7. júlí árið 1823 og hljóðar svo:

Útdráttur af justitsprotocol Snæfellsnessýslu.

Anno 1823 þann 7da Julii var einn útmælingarréttur settur ad Baulárvöllum af constitueredum Sýslumanni Snæfellsnessýslu Olafi Gudmundssyni til þar eptir amtsskipan af 20 Maji þ.á, ad útmæla Profasti hr. Grími Pálssyni á Helgafelli land til nýbýlis á eydibygdinni Baularvöllum nefnd Amtskipun og henni fylgjandi Reqvisition frá Prófasti G. Palssyni um ad honum verdi téd nýbýli útmælt var lögd ad acta og markad Ltr A. og B. Þarnæst var lögd ad acta Reqvisition prófasti Gríms Palssonar til Syslumannsins um ad áqvarda dag til tédar forrettingar fyrirtektar samt Syslumannsins svar þaruppá markad og upplesid G og D, til útmælingarmanna voru bréflega útnefndir af Sýslumanni Hreppstjórarnir í Eyrarsveit Helgi Jónsson á Hellnafelli go Jóhannes Pálsson ad Mýrum, samt bændurnir Jón Hákonarson ad Narfeyri og Jón Jónsson á

[61] Skjal nr. 2(64).

Ørlögsstödum, ofannefnd útnefning var lögd ad acta og mörkud Littr E. Þarnæst var þessum mönnum skiladur svolátandi eidur: – “ –

Nabýlismenn vid eydiplátsid Baulárvelli í Stadarsveit, Miklaholtshrepp og Helgafellssveit voru adur skriflega advaradir af Syslumanninum ad mæta, hér – téd advörun var lögd ad acta og mörkud Littr F. Frá Stadarsveit mætti Prófastur Herra Gudmundur Jónsson á Stadarstad sem framleggur útskrift (:sic:) af Wilchins máldaga um itök þau, sem Stadastadar kyrkja á í Baulárvallar landi – nefnd útskrift var lögd ad acta og mörkud Ltr G. – og Finnur Þórdarsson frá Ellida, sem framfærir munnlega ad ábýlisjörd sín eckert tilkall egi til Baulárvalla utan ad þeir frá henni ásamt ödrum jördum í Stadarsveit, hafi brúkad Baulárvelli um langa tíma til afréttar sem annars sé mesti skortur á. Fleiri mættu ei frá Stadarsveit. – Frá Miklaholtshrepp mætti bóndinn Narfi Þorleifsson frá Dal, sem framfærir munnlega ad hann ekkert tilkall egi til lands vertanverdu Straumfjardarár og Baularvallavatns, en Dalsland hefir hingadtil kallad verid til Raudalækjar sem tekur sig upp frá hjá þrívördum og fellur í Baularvallavatn ad austanverdu – en fyrir þessu géti hann þó ekkert skriflegt bevís fært – Frá Helgafellssveit mæta bóndinn Jón Þórdarsson frá Berserkjahrauni sem framleggur skriflegt skjal undir sinn egin nafni um landamerki ábýlisjardar sinnar, sem hann býdur sig til ad stadfesta ef þörf gjörist – Þad upplesid og markad Ltr H. og Sigurdur Sigurdsson á Horni, sem munnlega framber ad hann ekkert tilkall egi til lands í Baulárvalla óbygd, en gamlir menn segi ábýlisjörd sína land ega ad Vatna á sem fellur ámilli Hraunsfjardar og Baularvalla vatns og þadan í Raudalæk, en ekkert skriflegt authentiskt bevís kunni hann hérfyrir fram ad færa. Fleiri nábýlismenn mættu ekki.

Var svo fyrirtekid landid ad útmæla og eptir ad útmælingar mennirnir höfdu ýtarlega skodad og yfirfarid plátsid, svovel í tilliti til slægna – sem beitarlands, voru jördinni Baularvöllum áqvördud fylgjandi landamerki.

J landsudur rædur Urdarmúlahorn sem næst skeigar Straumfjardar á, og eptirsem brún hans rædur til útsudurs í Klettahnúk þann er kallast Stackur, sem er í hádegis stad ad sjá frá bæarstædinu; þadan í vestur í vördu þá, sem nefnist Södulsborg, þadan í einstakan stóran stein sem stendur á landsudurssídu Moldarmúla – þadan sjónhending vestur í efstu Fossa, sem falla frá fjöllum í vestari Breiddalsbotna – þadan J vördu, sem stendur á Klettaborg, kippkorn fyrir austan Hvanngil og svo í Gilid. Sídan rædur Hvanngil, sem rennur ofaneptir svo kölludum vestari Breiddal landi fyrir Vesturátt, um þad fellur í Hraunsfjardarvatn; þadan sjónhending yfir Vatnshornid í útnordurshorn á Vatnafelli; þadanfrá til Nordurs í vördu á Grjótborg þeirri er kallast Kista. Sídan ráda vördur fyrir nordri til austurs eptir Vatnahryggjum ad Raudalæk, og þadan austur eptir Vatnamýrarbrekkum í stóra Vördu er stendur á Brekknabrúninni, þar sem fyrst hallar vötnum til landsudurs ofaní Dugfursdal, og svo úr tédri vördu sjónhending til sudurs í ádurnefnt Urdarmúlahorn. – Á öllum framanskifudum örnefnum eru vördur hladnar, í hvörjar vidarkol eru nidursett

Jnnan þessara takmarka er túnstærd á Baulávöllum álitin ad vera nægileg til tveggja kúa fódurs, þá útræktad er. Á bádar sídur bæarstædisins eru útheyisslægjur – sem med tilliti til audsýnilegs langvaranlegs vetrarríkis, er öll þessi tiltekna landegn árlega er undirköstud – svo sem fjalland, nætst ad framfært géti í medallagi 1 kú, búnaut 50 ær 20 lömb og 4 hesta – sem þurfa hér fullt vetrarfódur ad ætla. Fyrir framantédan kvikfénad álítst nægilegt beitarland, ad óskértum rétti þeim, sem framlögd útskrift af Vilcins máldaga, egnar hér Stadastadar kyrkju. Midt í þessari útmældu landaregn liggur stórt stöduvatn Baulárvallavatn kallad í hvörju reynt er ad silungur er. hvar því mætti veidi stunda til nota. Búkanlegt mótak er nóg til, en skógur enginn –

Eptir framanskrifudu verdur því þad nú Nybýlinu Baulárvöllum þannin útmælda og afmarkada land, ad verdlögdum þeim hlunnindum, er silungsveidi í vatninu kann ad géfa – ad álítast og setjast til 14 hundrud ad jardardýrleika. En þared útmælingarmennirnir álítu beitilandid, medfram og einkum, vegna Stadastadar kyrkju ítaka, mjög svo ónóg fyrir, þann – eptir nýbýlisins slægnalands megni áqvedna qvikfénad – ad

sunnanverdu Baulárvalla vatns, án þess mjög svo ad útiloka Stadarsveitinga frá géld-penings upprekstri edur afréttar tilkalli framvegis á hér nærliggjandi fjallalendum, svo hlaut nýbýlinu hiklaust ad tilleggjast til beitarlandsins vidurauka nokkra landegn nordan vatnid af eydilandi því, er ábúendur Horn og Dals ad sönnu vildu abýlum sínum tilegna, og mótmæltu því ad útmælt væri af til nýbýlisins; en sem ei kunni til greina ad takast, þar þeir hvörki gátu, nokkra máldaga edur onnur löggyld skilríki fyrir því sýnt ad jardir þeirra ættu land þad, þótt endrum og sinnum eitthvad brúkad hefdu, og ei heldur halladi vötnum þadan ofan ad löndum þeirra enda sjást engin merki til ad landid hafi um langa tíma yrkt verid og vard því ad álítast tekid af ódyrkudu óbygdarlandi, sem enginn kynni sér odrum fremur löglega ad tileinka, eins lítid sem sjálfs Baulárvelli sunnan Vatnid. – Þannig var þessi Forretting til lykta leidd, ár og dag sem upphaflega greinir.

ut supra

O. Gudmundsson

H. Jónsson Jóhannes Paulsson Jón Jónsson

J. Hákonarson

Rétta útskrift af justitsprotocol Snæfellsnessýslu stadfestir Snæfellsnessýslu skrifstofu þann 7 Decembr 1858

A Thorsteinsson.[62]

Skýrsla um byggingu og tíundargjald af nýbýlinu Baulárvöllum á árabilinu 1823–1855 er dagsett 24. janúar árið 1859 og hljóðar svo:

Samkvæmt tilmælum Ydar herra Syslumadur! gáfum vid svolátandi skýrslu um byggíngu og tíundargjald af nýbýlinu Baulárvöllum:

1823 var eydiplátsid svonefndir Baulárvellir tekid upp sem nýbýli af prófasti Grími sáluga Pálssyni á Helgafelli, en frá þeim tíma og þángadtil 1829 finnst ekkert um nýbýli þetta gétid i sveitarbókinni; 1830 er þessar sömu gétid, en þó ekki talid sem byggt býli; húsmadur er þar nefndur sem gaf 25 fiska til sveitar, 1831 – 33 er þessar nýbýlis heldur ekki gétid, en líklega hefur þad þó verid i byggíngu en ábúandinn máské álitinn frí vid skyldugjald bædi fyrir sig og jördina. –

1834 eru taldir fyrir ábúendur og af þeim goldin tíund af dyrleika jardarinnar 14 hundrud.

1835 er talinn einn ábúandi og tíund goldin af 14 hundrud í fasteign. –

1836 eins, en tíund goldin einúngis af 7 hundrud og óvíst hvört eigandinn hefur tíundad sitt. –

1837 Sömuleidis. –

1838. Sömuleidis. –

1839 er býlid talid í eydi, en tíund þá goldin af 14 hundrud í fasteign af eigandanum. –

1840, einn ábúandi sem tíundar 7 hundrud í fasteign en ekki verdur séd hvört eigandinn hefur þá tíundad sína hálflenduna. –

1841 Sömuleidis einn ábúandi, en finnst ekki þá ad vera tíundud áf ábúandanum. –

1842. Sömuleidis. –

1843 tveir ábúendur sem tíunda til samans 14 hundrud. –

1844 eru Baulárvellir taldir í eydi, en tíund goldin af 14 hundrud af eiganda jardarinnar bóndanum Gudmundi Sumarlidasyni á Hrauni.

62 Skjal nr. 2(62).

1845. Sömuleidis og tiundud af eigandanum. –

1846. einn ábúandi sem tíundar 7 hundrud í fasteign en hin 7 hundrud eru tíundud af eigandanum bondanum Arnfinni Arnfinnssyni a Lágafelli

1847. Sömuleidis, tíundar alla jördina. –

1848 incl 1853 er jördin talin í eydi, en öll árin tíundud af sama manni. –

1854. einn ábúandi sem tíundadi alla jördina. –

1855 mun jördin vera seld prestinum Sr S. Nielssyni á Stadastad, og sídan hefur ei tíund af henni verid goldin, jafnvel þá þess hafi verid krafist, einsog vid líka höfum fráskýrt í bréfi okkar af 2um Januar fyrra árs.

Stykkishólmi og Dældarkoti 24 Jan: 1859

A. O. Thorlacius Jón Jónsson

Velbyrdugum herra Syslumanni A. Thorsteinson.[63]

Þann 8. febrúar árið 1859 skrifaði sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu amtmanninum í Vesturamtinu bréf viðvíkjandi tíundargreiðslum af eyðibýlinu Baulárvöllum. Bréfið getur um landamerki og afréttarland. Það hljóðar svo:

Eptir ad hafa medtekid bréf Ydar Hávelborinheita af 4. December f.á, i hvörju æskt er eptir frekari upplýsingum vidvikjandi tiundargreidslu af núverandi eydi jördu Baulárvöllum fyrir og eptir árid 1823 m.fl. leyfi eg mér hérmed ad senda til mín innkomna skýrslu frá hreppstjórunum í Helgafellssveit, dags. 24 Jan. þ.á, og er hún bygd á sveitarbók téds hrepps samt medfylgir stadfestur útdráttur af útmælingargjörd þeirri er framfór 7. Júli 1823, þá jörd þessi var tekin upp sem nýbýli. –

Eg finn ekki ástædu til ad géra sérlegar athugasemdir vid þessi skjöl, en mér mætti þó leyfast ad benda til þess, ad land þad sem árid 1823 var lagt undir nýbýli þetta, ekki mun hafa verid tíundad sérstaklega fyrir þann tíma, heldur í dýrleika kringliggjandi jarda, sem áttu land þar sem nýbýlid var upptekid.– Enda þótt eg egi hafi séd skilríki umm landamerki þeirra jarda, sem þannig ega lönd ad, en sem munu vera konungsjardirnar Ellidi, Lágafell, Dalur Horn Hraunsfjördur, og bændaegnirnar Hrísdalur og Berserkjahraun, þá er mér þad kunnugt ad landamerkjum tédra jarda til fjalls mun hafa verid svo hagad, ad ekkert óskipt afréttarland hafi til verid á fjallendi því, þar sem Baulárvellir eru, því þad er ekki breidara en svo, ad þad á þeim stad má allt telja sem búfjárhaga á sumrum. Þad mun vera komid af einhvörjum misskilningi ad land þad sem árid 1823 var útmælt til jardarinnar Baulárvalla er kallad eydi plats eda eydibygd, svo sem þad væri afréttarland, er einnig styrkist vid þad ad Stadastadar kyrkju eptir máldögum er egnadur stódupprekstrarrettur sem ítak á Baulárvöllum (sbr Johnseni jardatalbli 16v:) en alls ekki géldfjárupprekstur.

Þad er athugavert vid útmælingargjördina ad einungis ábúendur nærliggjandi jarda en alls ekki umbodshaldari Arnarstapa umbodsjarda, frá hvörjum ad land var tekid, voru advaradir til ad vera vid útmælingargjördina – og ad þad med öllu er ósannad ad Stadsveitingar, þó því sé hreyft í útmælingargjördinni hafi haft tilkall til afréttarnotkunar á svokölludum Baularvöllum. En enda þótt svo hefdi verid er þad þó án alls efa, úr því einns inni nýbýlid var stofnad og þad fékk réttindi bygdra jarda, öldungis lögum gagnstæt, ad núverandi egandi jardarinnar géti fríad sig vid gjöld af jördinni, fyrrenn hann á lögbodinn hátt gétur sannad, ad hún ekki lengur sé byggjanleg og brýn naudsyn beri til ad leggja hana í eydi, eda afmá úr bygdra jarda tölu.

Eg skal vidvikjandi þeim nú frams enda útdrætti af útmælingargjörd jardarinnar Baularvalla géta þess ad mér hefir eigi audnast í skjölum sýslunnar, hvörjum umm þann tíma,

[63] Skjal nr. 2(63).

> hefir verid mjög illa saman haldid, ad finna skjöl þau, sem framlögd hafa verid, og tekin ad acta vid útmælingargjördina, og hefi því ei gétad látid medfylgja útskrift af þeim, en eg sé af bréfabókinni ad Amtinn þann 7 Júli 1823 hefir verid send útskrift af starfinu in extenco, ásamt med útleggingu á dönsku. –
>
> Snæfellsnessýslu skrifstofu þann 8 Febrúar 1859.
>
> A Thorsteinson.
>
> Hávelbornum
>
> Herra Amtmanni P. Melsted
>
> Riddara af Dannebroge og Dbrm.[64]

Á manntalsþingi höldnu í Stykkishólmi þann 27. maí árið 1868 var þinglesið afsalsbréf fyrir Baulárvöllum:

> Ár 1868 þ 27 Mai 1868 var venjulegt manntalsþing sett að Stykkishólmi og haldið af sýslumanni P. Böving í viðurvist vottanna […]
>
> 5) Afsalsbréf dags. þ 4 April þ.á., með hvörju Sra Sveinn Nielsson afhendir Egilsson í Stykkishólmi jörðina Baulárvelli, 4,8 hundruð að dýrleika. –
>
> […]
>
> Rétturinn hafinn
>
> P Böving
>
> Þ. Þorleifsson Egilsson
>
> Jón Magnússon
>
> Gudmundur Magnusson.[65]

9. september árið 1882 gaf Egill Sveinbjarnarson Egilsson Stykkishólmskirkju Baulárvelli í Helgafellssveit. Gjörningurinn var þinglesinn í Stykkishólmi þann 13. júní árið 1883:

> [Á spássíu:] 1883. Nr. 1. Afsalsbréf. Egill Sveinbjarnarson Egilsson gefur Stykkishólmskirkju: jörðina Baularvelli í Helgafellssveit.
>
> I. Þinglesið að Stykkishólms þingstað 13. júní 1883.
>
> Jeg undiskrifaður Egill Sveinbjarnarson Egilsson, alþingismaður og fulltrúi Reykjavíkur kaupstaðar, gef og afhendi með þessu mínu brjefi, til Stykkishólms kirkju eignarjörð mín Baulárvelli liggjandi í Helgafellssveit innan Snæfellsness sýslu með öllum þeim rjettindum sem henni fylgja og fylgja ber að fornu og nýju til lands og vatns hverju nafni sem nefnist, en áskil að Sóknarnefnd Stykkishólms sóknar hafi jafnan alla umsjón með tjeðri jörð kirkjunnar vegna, og gjöri hana henni svo arðsama sem frekast má og sjái enn fremur um að jörð þessi aldrei verði frá kirkjunni seld og aldrei veðsett, hvorki í kirkjunnar þarfir nje annarra.
>
> Þetta gjafabréf mitt staðfesti jeg með minni vanalegu eiginhandar undirskrift í tveggja valinkunna tilkvaddra votta viðurvist.
>
> Staddur í Stykkishólmi, 9. septbr. 1882.
>
> Egilsson

64 Skjal nr. 2(61).
65 Skjal nr. 2(79).

Viðstaddir vottar

D.Á. Thorlacíus

Páll Friðriksson

Lesið á manntalsþingi að Stykkishólms þingstað þ. 13. júní 1883 og síðan innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar Nr. 6 bls. 1–2.

Vottar

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

Stykkishólmi 9. júlí 1883 Sigurður Jónsson

Borgun: þinglestr. 75 aur.

ritun 25 –

Samtals 1- ein króna

Sigurður Jónsson.[66]

Í landamerkjabréfi Dals í Miklaholtshreppi, dagsettu 28. september 1887, er getið um Baulárvallavatn í merkjalýsingu sömu jarðar. Sjá nánar téð landamerkjabréf í kafla 5.7 um Dal.[67]

Í landamerkjaskrá fyrir Horni og Selvöllum, dagsettri 30. apríl 1889, er Baulárvallavatns getið í merkjalýsingu. Sjá nánar umfjöllun um Horn og Selvelli.[68]

Í biskupsvísitasíu að Stykkishólmskirkju 19. júlí 1891 kemur fram að kirkjan eigi eyðijörðina Baulárvelli. Þar segir:

Stykkishólmskirkja

Ár 1891, sunnudaginn 19. Júlí, vísiteradi biskupinn yfir Íslandi, Hallgrímur Sveinsson, kirkju og söfnuð í Stykkishólmi í Snæfellsnesprófastsdæmi

[…]

Kirkjan í Stykkishólmi er byggð 1879 og henni lagður til sóknar ákveðinn hluti af hinni fyrverandi Helgafellssókn. – Kirkja þessi, sem er í ábyrgð og umsjón safnaðarins, á enga fasteign aðra en eyðijörðina Baulárvelli, sem henni hefir verið gefin.[69]

Átta prófastsvísitasíur að Stykkishólmskirkju á árabilinu 1898–1952 herma, að kirkjan þar eigi Baulárvelli. Elsta prófastsvísitasían, dagsett 22. júní árið 1898, segir að til sé þinglesið gjafabréf til kirkjunnar fyrir Baulárvöllum. Sjá nánar kafla 5.11.4 um Stykkishólmskirkju.[70]

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Baulárvellir hafi verið eyðijörð í tugi ára en hafi verið nýtt af Guðmundi Guðmundssyni héraðslækni í Stykkishólmi. Baulárvellir eru sagðir eign Stykkishólmskirkju og umráðandi jarðarinnar er sóknarnefnd Stykkishólmskirkjusóknar. Baulárvellir liggja á fjalli upp á milli Staðarsveitar og Helgafellssveitar og er land jarðarinnar sagt vera vel fallið til upprekstrar. Ekkert kemur fram um afmörkun Baulárvalla í fasteignamatinu.[71]

[66] Skjöl nr. 2(32) og 2(80).
[67] Skjal nr. 2(8).
[68] Skjal nr. 2(10).
[69] Skjal nr. 2(20).
[70] Skjöl nr. 2(42)–2(49).
[71] Skjal nr. 2(50), bls. 71.

Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Baulárvalla sé 500 kr og að hún sé eyðijörð.[72]

Í yfirlýsingu um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi, dagsettri í aprílmánuði árið 1964, er getið um hinn forna Baulárvallaveg og Baulárvallavatn. Sjá nánar umfjöllun um Hofsstaði og Ytra-Lágafell í köflum 5.8 og 5.9.[73]

## 5.4 Hraunsfjörður

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi er getið um kirkju í Hraunsfirði.[74]

Hraunsfjarðar er getið í fjarðatali á Íslandi, ársettu árið 1312.[75]

Í stuttu bréfságripi um Hraunsfjörð frá árinu 1362 getur þess að Einar Þorláksson hafi gefið Helgafellsklaustri Hraunsfjörð sama ár. Þar segir:

> Hraunsfiordur.
>
> Eynar þorlakzson gaff j testamentizgioff sijna Helgafellzklostre jordina Hronsfiord og skilde a hana omagauist. Anno 1362.[76]

Bréfið sjálft er kallað gjafabréf fyrir Hornsfirði (Hraunsfirði) og dagsett 14. janúar árið 1362. Með því gefur Einar Þorláksson (er var bróðir Ketils hirðstjóra) Helgafellsklaustri jörðina í Hraunfirði, sér til legs, með öðru. Í gjafabréfinu segir meðal annars eftirfarandi:

> Giafabref fyrir Hornzfirde.
>
> Jn nomine Domini Amen.
>
> giore eg Einar Þorlaksson þetta testamentum til syndalausnar mier og saluhialpar heill ad samvitsku þo nockud sie krangtt j lijkamanum.
>
> (J) fyrstu ad eg kys mig liggia ad H(eilagri) Helgafellzkirkiu epter þui sem gyrder biskup j Skaalhollte hefur þar orlof til giefit. hef eg til þess legz lagtt land allt j Hraunfirdi. med þessum skilmala ad sex fiordungar smiorz skulu giefast ärtijdardag minn þurfamonnum af stadnnm ad Helgafelle æfinliga.
>
> […]
>
> Actum Anno 1362 in festo felicis.[77]

Í Vilchinsmáldaga fyrir Helgafellsklaustur frá árinu 1397 er Hraunsfjarðar getið á meðal jarða í eigu klaustursins. Dýrleiki Hraunsfjarðar er þá sagður 20 hundruð.[78]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Helgafellssveit frá árinu 1702 segir að Hraunsfjörður sé konungsjörð og fylgi Stapaumboði. Jörðin er sögð 12 hundruð að dýrleika. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

[72] Skjal nr. 2(50)
[73] Skjal nr. 2(4).
[74] Skjal nr. 4(62), bls. 1 og 11.
[75] Skjal nr. 4(64), bls. 15.
[76] Skjal nr. 4(54).
[77] Skjal nr. 4(55).
[78] Skjal nr. 4(41).

> **Hraunsfiördur.**
>
> Jarðardýrleiki xii hundruð eftir tíund.
>
> Kóngsjörð, ein af Stapaumboðs jörðum.
>
> […]
>
> Selstaða í besta lagi í heimalandi og þar slægjur, en mjög erfitt til að sækja.
>
> Vetrarþúngt.[79]

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Hraunsfjarðar. Jörðin er sögð konungsjörð, metin til 12 hundraða að dýrleika.[80]

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Hraunsfjörður sé Stapaumboðsjörð, metin til 12 hundraða að dýrleika.[81]

Landamerkjaskrá fyrir Hraunsfjörð var samin 15. október árið 1888. Hún hljóðar svo:

> Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hraunsfjörð í Helgafellssveit.
>
> 1. Landamerki milli Horns og Hraunsfjarðar eru þannig, eftir því sem Hraunsfjarðará ræður upp að Giltugili og beina sjónhending úr gilinu upp í Hraunsfjarðarvatn.
>
> Jóhann Þorsteinsson í Hraunsfirði. Jón Jóhannesson á Horni.
>
> 2. Á milli Hraunsfjarðar og Fjarðarhorns ræður svokallaður Simbalækur úr hyrnukolli niður til sjóar.
>
> Hraunsfirði 15. október 1888.
>
> Jóhann Þorsteinsson (ábúandi). Ólafur Össurarson á Fjarðarhorni.
>
> Sem umboðsmaður framan nefndar jarða. Jón Jónsson umboðsmaður í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði.[82]

Á manntalsþingi höldnu í Stykkishólmi 13. júní árið 1889 var þinglesið landamerkjabréf fyrir Hraunsfirði. Inntak og efni landamerkjabréfsins var ekki fært til bókar.[83]

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Hraunsfjörður sé í eigu landsjóðs og landamerki sögð ágreiningslaus. Vísað er til landamerkjaskrár Hraunsfjarðar, dagsettrar 15. október 1888. Ekkert kemur fram um afmörkun Hraunsfjarðar í fasteignamatinu.[84]

Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Hraunsfjarðar sé 2750 kr.[85]

Hraunsfjörður féll í eyði á árunum 1958–1959.[86]

## 5.5 Selvellir

Selvalla í Helgafellssveit er ekki getið í *Jarðabók* Árna og Páls.

---

79 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 338–339.
80 Skjal nr. 2(58), nr. 3, opna 87.
81 Skjal nr. 4(2), bls. 153.
82 Skjal nr. 2(11).
83 Skjal nr. 2(87).
84 Skjal nr. 2(50), bls. 68.
85 Skjal nr. 2(50).
86 Martin Schuler, *Búsetuþróun á Íslandi 1880–1990*, bls. 34.

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsness segir svo um Selvelli, í lýsingu á Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknum árið 1842:

> 39. *Nýbýli* er hér í söknum ekkert utan *Selvellir*, hvörra áður er getið, eiginlega ½ Horn. Þeir eru byggðir hér um fyrir 20 árum. *Baulárvellir*, byggðir 1823 á miðju fjallinu, heyra til Staðastaðarsókn, en Saurаþinghá.[87]

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Selvellir séu hjáleiga Horns. Þar segir:

> Sýslumaður telur Selvelli með Horni, en eigi er þeirra getið [þ.e. Selvalla] í jarðabókunum.[88]

Landamerkjaskrá fyrir Selvelli var samin 30. apríl árið 1889. Hún hljóðar svo:

> Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Horn og Selvelli í Helgafellssveit.
>
> 1. Milli Hraunsfjarðar og Horns ræður Hraunsfjarðará frá sjó og upp að Giltugili, þaðan sjónhending í Hraunsfjarðarvatn svo ræður Vatnaá til Baulárvallavatns. Þaðan aftur í Rauðsteinslæk, og ræður sá lækur í fjall upp, þaðan aftur sjónhending í svo kallaða Sátu.
>
> 2. Milli Berserkjahrauns og Selvalla ræður Fossá frá Sátu ofan í Selvallavatn, þaðan sjónhending þvert yfir vatnið í rauðan hól út í Hrauninu, og þaðan aftur sjónhending í upptök í Hraunlæk, og svo ræður hann í sjó fram.
>
> Selvöllum 30. apríl 1889.
>
> Jón Jóhannesson ábúandi á Horni, handsalað. Guðmundur Jónsson ábúandi á Selvöllum (handsalað). Jóhann Þorsteinsson ábúandi á Hraunsfirði (handsalað).
>
> Sóknarnefndin í Stykkishólmi 27. maí 1889. E. Kúld. Sæm. Halldórsson. S.Richter.[89]

Á manntalsþingi höldnu í Stykkishólmi 13. júní 1889 var þinglesið landamerkjabréf fyrir Selvöllum. Inntak og efni landamerkjabréfsins var ekki fært til bókar.[90]

Í fasteignamatinu 1916–1918 er Ingibjörg Jóhannsdóttir sögð eigandi Selvalla. Fjalllendi jarðarinnar er sagt lítið en jörðin liggi þó til fjalls að hluta. Landamerki Selvalla eru sögð ágreiningslaus og er vísað til landamerkjaskrár jarðarinnar frá 30. apríl 1889. Ekkert kemur fram um afmörkun Selvalla í fasteignamatinu.[91]

Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Selvalla sé 1900 kr.[92]

Selvellir féllu í eyði árið 1937.[93]

## 5.6 Horn

Árið 1360 eða 1365 seldi Snorri Andrésson Ásgrími ábóta og klaustrinu að Helgafelli jörðina Horn, fyrir fjórðung í Berserkseyri og lausafé að auk. Getið er merkja fyrir Horni. Gerningur þeirra Snorra og Ásgríms hljóðar svo:

---

[87] *Snæfellsnes. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* 1839–1875 (1970), bls. 198.
[88] Skjal nr. 4(2), bls. 154.
[89] Skjal nr. 2(10).
[90] Skjal nr. 2(87).
[91] Skjal nr. 2(50), bls. 66.
[92] Skjal nr. 2(50).
[93] Martin Schuler, *Búsetuþróun á Íslandi 1880–1990*, bls. 34.

Kaup fyrer Horne.

Jn nomine Domini Amen.

var þetta kaup þeirra abota Asgrimz og snorra Andriessonar ad snorre selur abota Jord ad Horne med ollum þeim gognum og gædum sem þui landi fylgia ä og hann vard fremst eigandi ad. Hier j mot gefur aboti j bersersseyre fiordung med ollum þeim gognum og gædum sem abotin vard fremst eigandi ad. og þeirre Jordu eigu ad fylgia til fiordungz og v$^{c}$ er sijra Thomas Snorrason gaf til stadarinz j sijnu Testamente og þar til bok er kolbrun er kollud. og leiguburd af halfri akurey med tueggia kugillda leigu. ero þau merke ad mitt hraunskard aa fra þorustadafirdi millum hornzselia og kothraunz. skilde huor sier aptur þad sem hefdi at(t) ef nockrar lagariptingar geinge ä. voro þesser vottar vid sijra Jon Hall(dor)sson. sijra Snorre þordarson. Halldor Jonsson og Einar Gudmundsson og marger adrer goder menn.[94]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Helgafellssveit frá árinu 1702 segir að Horn sé konungsjörð og fylgi Stapaumboði. Horn er sögð 12 hundraða jörð að dýrleika. Getið gagnlegar slægjur á fjalli sem eru „lángt [í] burt“. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

**Horn.**

Jarðardýrleiki xii hundruð.

Kóngsjörð, ein af Stapaumboðs jörðum.

[…]

Engiar eru heima sendnar mýrar, en á fjalli eru slægjur, gagnlegar en lángt burt.

Hagar góðir og víðlendir.

Selstaða góð í heimalandi.

Vetrarþúngt stundum.[95]

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Horns. Jörðin er sögð konungsjörð, metin til 12 hundraða að dýrleika.[96]

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Horn sé Stapaumboðsjörð, metin til 12 hundraða að dýrleika.[97]

Landamerkjaskrá fyrir Horn var samin 30. apríl 1889. Hún hljóðar svo:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Horn og Selvelli í Helgafellssveit.

1. Milli Hraunsfjarðar og Horns ræður Hraunsfjarðará frá sjó og upp að Giltugili, þaðan sjónhending í Hraunsfjarðarvatn svo ræður Vatnaá til Baulárvallavatns. Þaðan aftur í Rauðsteinslæk, og ræður sá lækur í fjall upp, þaðan aftur sjónhending í svo kallaða Sátu.

2. Milli Berserkjahrauns og Selvalla ræður Fossá frá Sátu ofan í Selvallavatn, þaðan sjónhending þvert yfir vatnið í rauðan hól út í Hrauninu, og þaðan aftur sjónhending í upptök í Hraunlæk, og svo ræður hann í sjó fram.

Selvöllum 30. apríl 1889.

---

94 Skjal nr. 4(57). Í fyrirsögn skjalsins er ártalið 1360 en í efnisyfirliti *Íslenzks fornbréfasafns* segir „1365, fremur en 1360“. Einnig fylgir athugasemd um að bréfið hefði verið gefið út áður, sbr. skjal nr. 4(56), og þar ársett 1377 en það væri rangt.

95 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 337–338.

96 Skjal nr. 2(58), nr. 4, opna 88.

97 Skjal nr. 4(2), bls. 153.

> Jón Jóhannesson ábúandi á Horni, handsalað. Guðmundur Jónsson ábúandi á Selvöllum (handsalað). Jóhann Þorsteinsson ábúandi á Hraunsfirði (handsalað).
>
> Sóknarnefndin í Stykkishólmi 27. maí 1889. E. Kúld. Sæm. Halldórsson. S.Richter.[98]

Á manntalsþingi höldnu í Stykkishólmi 13. júní árið 1889 var þinglesið landamerkjabréf fyrir Horni. Inntak og efni landamerkjabréfsins var ekki fært til bókar.[99]

Dómkvaddir voru matsmenn 22. apríl 1916 til að meta jörðina þjóðjörðina Horn.[100]

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Horn sé í eigu landsjóðs. Fjallland Horns er sagt vera lítið og landamerki sögð ágreiningslaus. Vísað er til landamerkjaskrár Horns, dagsettrar 30. apríl 1889. Ekkert kemur fram um afmörkun Horns í fasteignamatinu.[101]

Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Horns sé 1400 kr.[102]

Horn féll í eyði árið 1920.[103]

## 5.7 Dalur

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Miklaholtshrepp frá árinu 1714 segir að Dalur sé konungsjörð og liggi til Stapaumboðs. Jarðardýrleiki er sagður 26 hundruð. Þess er getið að sumir vilji kalla land jarðarinnar afrétt. Ekki er þess getið hversu stór sá afréttarhluti eigi að vera né heldur er vísað til staðsetningar á því svæði innan jarðarinnar sem þeir hinir sömu kalla afrétt. Þar segir:

> **Dalur.**
>
> Bænhúsvað heitir hjer á ánni. Þar af atla sumir hjer hafi einhverntíma bænhús verið, ekki vita menn þess önnur rök.
>
> Jarðardýrleiki xxvi hundruð og so tíundað fjórum tíundum.
>
> Eigandinn kóngleg Majestat, af Stapa umboði ut supra.
>
> […]
>
> Geldfjárupprekstur og lamba leyfir ábúandi stundum í þessarar jarðar land sem sumir vilja kalla afrjett en sumir ekki, á tollunum fær hann allmisjöfn skil, og þó gjalda margir góðir menn honum v álna virði fyrir xl lömb a ári, sumir annaðhvert ár.[104]

Í skoðunargerð Arnarstapaumboðs frá árinu 1778 er getið um deilu á milli Dals og Hofsstaða, en Hofsstaðir höfðu lögfest sér landið Króka, sem væru þó í landi Dals. Ekkert er getið um afmörkun jarðanna í sjálfri skoðunargjörðinni. Sjá nánar í kafla 5.8 um Hofsstaði.[105]

---

98 Skjal nr. 2(10).
99 Skjal nr. 2(87).
100 Skjal nr. 2(88).
101 Skjal nr. 2(50), bls. 67.
102 Skjal nr. 2(50).
103 Martin Schuler, *Búsetuþróun á Íslandi 1880–1990*, bls. 34.
104 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 57–58.
105 Skjal nr. 2(30).

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 kemur fram að Dalur, sem einnig er kallaður Döggfossdalur, sé Stapaumboðsjörð, metin til 26 hundraða að dýrleika.[106]

Landamerkjabréf fyrir jörðinni Dal er dagsett 28. september 1887 og hljóðar svo:

> Landamerki fyrir umboðsjörðinni Dal í Miklaholtshreppi.
>
> 1. Úr gömlu grasrótarbyrgi á Langholti í merkjaþúfu í Dalflóa og þaðan sjónhending í Fagurhól, svo þaðan í neðri rúst með Hjarðarfellsgili, og þaðan í Lynghól, og svo aftur úr Lynghól í Votumýrarlækjarkjaft.
>
> 2. Köldukvísl skilur löndin milli Hjarðarfells og Dals, inn í Fúsaskurð, svo úr Fúsaskurðum í Þrívörður og svo úr Þrívörðum í Rauðsteinalæk þá tekur Baulárvallavatn við og Straumfjarðará úr því ofan á Langholt, og svo ræður sýsluvegurinn suður að Grasrótarbyrgi
>
> Brimilsvöllum 28. Sept. 1887.
>
> Samþykkur Kristján Guðmundsson (ábúandi á Hjarðarfelli).
>
> Sem umboðsmaður ofan nefndrar jarðar Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.[107]

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Dalur sé í einkaeigu. Jörðin er sögð eiga mikið fjallland. Ekkert kemur fram um afmörkun Dals í fasteignamatinu. [108]

Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Dals sé 5.000 kr.[109]

## 5.8 Hofsstaðir

Máldagi Hofsstaðakirkju í Miklaholtshreppi er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti um 1375 varpar engu ljósi á afmörkun jarðarinnar.[110]

Varðveittar eru landamerkjalýsingar á milli Hofsstaða í Miklaholtshreppi til móts við jarðir Helgafellsklausturs. Lýsingarnar eru taldar frá því um árið 1380. Um merki á milli Hofsstaða og Lágafellsjarðanna, þess syðra og þess ytra, og þá um ummerki Hofsstaðalandsins sjálfs, segir eftirfarandi:

> Þesse eru landamerke a mille Hofstada og Lagafella.
>
> ad gata su skilur. er liggur epter Langhollte. og svo a motz vid Gaularland. steinar ij standa sinumeigen gotu hvor. sionhending ur hinum nedra j hinn efra. enn ur hinum efra sionhending j frackaskard. enn ur austanuerda skardinu j stein þann er stendur a þrongubrun. oc þadan j Gialparstapa. og sionhending i Vidilækiar botn ur stapanum. enn firir utan er sionhending ur Groutiorn j stackgardz brot þat er stendur under sauda-bolzhollte. enn ur holltinu j kielldu þa er fellur ur floalæk. þa skilur lækurenn upp þar til ad upp kiemvr ad efra floa. og þadan sionhending j stackgardzbrot þad er stendur undir saudabolsas. og þadan eptir asnum upp þar sem hann er hvassastur og j stackgardz brot þad er firir ofan stendur asinn. og þadan sionhending j markgil. enn markgil rædur til uppsprettu þeirrar er þad fellur ur.
>
> þesse eru ummerke umm Hofstadaland.

106 Skjal nr. 4(2), bls. 135.
107 Skjal nr. 2(8).
108 Skjal nr. 2(50), bls. 346–347.
109 Skjal nr. 2(50).
110 Skjal nr. 4(50).

> ad steirn stendur a Gissurarvollum. ur þeim steine er sionhending j ostleifahamar. enn sa hamar stendur j austur fyrer sunnan reidgötu. þadan sionhending i saudabolshollt. þar er hæst er. þadan er sionhending i steina ij. nidur a myrum. ur steinum þeim er sionhending j stackgard a midgotuhollte. Ur stackgarde þeim j gilldrubrot a Balkastodum. þadan sionhending j stein vid mastada kielldu. þadan j frackaskard firir utan hanefshola. þadan er sionhending i marklæk. þadan i Urdarmula. þa rædur Valla þar ummerkium. er hun fellur j straumfiardara. þa rædur Straumfiardara. ofann til marks þess er fyrr var ritad. Saudabeit eigu Duggusdalsmenn ut yfer a saudum sinum vj vikur. Hier fyrir þetta jtak leggia þeir einge a mot er heiter Hauagardseinge. Hofstader eiga iiij. einge i Straumfiardarlaund. og þorbiarnarholm um framm. Hofstadamenn eiga og torfristu j Borgarholltz land til þeirra heya. sem i holminum fast. Hofstader eiga allann reka fra Grensa og til Gudlaugs hamars. enn þadan ä helmingi i stolpa þann. er stendur firir Breckubæ.
>
> Þerse merke taldi þorsteinn um Hofstada land.[111]

Önnur útgáfa af landamerkjalýsingu á milli Hofsstaða og Lágafellsjarðanna, úr sama handriti og sú sem framar stendur, er svohljóðandi:

> Landamerkie millum Hofstada oc Lagafella. Þesse eru landamerkie millum Hofstada oc Lagafella.
>
> at gata su skilr er liggur epter langaholltte. oc suo til motz vid Gaular land. Steinar ij. standa sijnu meiginn gautu huorer. Sionhending ur hinum nedra j hinn efra. En ur hinum efra sionhending j frackaskard. En ur austanverdu skardinu j stein þann er stendur aa þraungua brun. oc þadan j Gialparstapa oc sionhending j vijdelækiarbotn ur stapanum. Enn firir utann er sionhending j Groutiaurnn j stackgardz brot þad er stendur under saudabolzs holltte. enn ur holltinu j kielldu þa er fellur j floalæk. þa skilur lækurinn upp þar til ad upp kiemur ad efra floa. oc þadan j stackgardz broth þad er stendur nedan under saudabolsas. og þadan epter asnum upp þar sem hann er huassastur. oc j stackgardz brot þad er fyrer ofann stendur asenn. oc þadan upp sionhending j markgyl. enn markgyl rædur til uppsprettu þeirrar er þad [svo] fellur ur.[112]

Máldagi kirkjunnar á Hofsstöðum í Miklaholtshreppi, ársettur á árabilinu 1491–1518, varpar engu ljósi á afmörkun jarðarinnar.[113]

Í skipan hirðstjóra og biskups um kirkju og sóknir á Snæfellsnesi, dagsettri 27. september 1563, segir að Gaularkirkja skuli áfram halda sínum tekjum, frá fornu fari. Þar segir:

> Gaular kyrkia og Hofstada kyrkia skulu vera samt med allre sinne rentu. sem til forna.[114]

Gíslamáldagi fyrir Hofsstöðum í Miklaholtshreppi frá því um 1570 varpar engu ljósi á afmörkun jarðarinnar.[115]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Miklaholtshrepp frá árinu 1714 segir að Hofsstaðir séu í einkaeigu og jarðardýrleiki sagður vera 40 hundruð, með Hrísdal, en heimajörðin sjálf án Hrísdals 30 hundruð. Hagar Hofsstaða eru þar sagðir þurfa að líða átroðning af

[111] Skjal nr. 4(59).
[112] Skjal nr. 4(59).
[113] Skjal nr. 4(51).
[114] Skjal nr. 4(63).
[115] Skjal nr. 4(52).

nábúum. Getið er um gamla fjárborg, Mástaðabyrgi og fornt eyðiból, hvert legið hafi í langvarandi eyði. Getið er um hey, slegin í fjallhögum. Þar segir:

> **Hofstader.**
>
> Hjer er hálfkirkja og tíðir veittar þá fólk er til altaris, stundum oftar fyrir bón eður nauðsyn manna.
>
> Jarðardýrleiki xl hundruð á allri jörðunni að meðreiknuðum Hrísdal, vide infra. Heimajörðin sjálf er talin xxx hundruð.
>
> Eigandinn kvinna Sigurðar Pálmasonar fyrrum lögrjettumanns á Breiðabólstað í Sökkhólsdal í Miðdölum.
>
> […]
>
> Engið heima og hagarnir líða átroðníng af nábúum.
>
> […]
>
> Mástadabyrge heitir hjer í landinu þar sem er gömul fjárborg, efa menn hvert þar hafi nokkurntíma bygð verið, og þykjast engin fyllileg rök til hafa nema vera megi nafnið eitt því að ekki sjást hjer girðíngaleifar.
>
> **Hrísdalur.**
>
> Hefur nú í nokkur ár síðan í tíð sál. lögmannsins Magnúsar Jónssonar verið gjörð fyrirsvarsjörð, mest vegna megunar ábúenda. En fyrir 35 árum er það fyrst upp aftur bygt á fornu eyðibóli, sem um lángvarandi aldur hafði í auðn legið og haldið verið so sem enn nú átölulaust eignarland jarðarinnar Hofstaða og er nú kallað fjórðúngur úr þeirri jörðu. Talið og tíundað 4 tíundum x hundruð vide supra Hofstaði.
>
> […]
>
> Fóðrast kann iv kýr, lx ær, xxx lömb, vi hestar. Hinu er vogað á útigáng eður framfært á tilfengnum heyjum eður þeim, sem í fjallhögum slegin eru.
>
> Aðrir kostir og ókostir sem segir um heimajörðina.[116]

Þann 17. mars árið 1774 fór fram svofelldur gjörningur vegna Hofsstaða:

> Eg underskrifadur lögfeste hier med Jördena Hofstade med tilligjande Eyde hiábíle Hálse, þriátyger hundrud ad dyrleika lyggiande i Hnappadals Sysslu, Jnnann Miklaholts Hrepps, Lögfeste eg tiedrar Jardar land allt til epterskrifadra ummerkia, Nefnelega: Úr Steine þeim er stendur i austare árbackanum á Gissurarvöllum, siónhending i Ostleifa hamar, er sumer kalla Brattholt, og Sagt er nu sie kallad Nónklettar fra Straumfiardartungu, hvar Hamar stendur i austur fyrer sunnann Reydgötu, þadann i stein þann sem stendur á Steins Ás, og sumer kalla Reydgautu klett, þadann aptur Siónhending i steina tvo nidur a Myrum, er kallast Tvisteinar, ur steinum þeim siónhennding i stackgard a midgautu hollte, ur Stackagarde þeim i gilldrubrot a Bálkastödum, þadann siónhending i Stein vid Mástada kielldu, þadann i frackaskard, fyrer utann Hánefs hóla, þadann siónhending i Marklæk, þadann i Urdarmula, þá rædur Vallaa þar umm merkium, er hún fellur i Straumfiardaraa, þá rædur – Straumfiardar aa ofann til marks þess sem fyrr var ritad, nefnelega steins þess sem stendur i austare árbackanum á Gissurar völlum.
>
> So og lögfeste eg Haaagards eínge og Gríms eínge, Einnig fiogur eínge i Straumfiardar lönd, og þorbiarnar Hólm umframm.
>
> Líka Reka allann frá Grens aa og til Gudlaugs Hamars, enn þadann i helmínge i stólpa þann er stendur fyrer Brecku bæ. Lögfeste eg meirnefndrar Jardar Hofstada, Tún og Eingiar, Stóga, hollt og haga Vautn og Veídestade samt Landsnitiar allar, hvoriu nafne

[116] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 55–56.

sem heíta Kunna. Fyrerbíd eg eínum og Sierhvöriu i ad bruka edur sier njta nockud af þessu, nema mitt hafe leífe til, leggiande vid allar þær Sekter, er lög framaz leífa, ef hier á móte giört er, enn tilbjd þeim laga adgiörder i frame ad hafa a hentugum stad og tíma, sem af þessare minne lögfestu vanhaldnir þikiaz. bid eg þienustusamlega Gofugan Sysslmannenn i Hnappadals Sysslu Sr. Paal Axelsson þessa Logfestu upplesa edur upplesa láta, samt uppáskrifa fyrer nærstkomande fáskrúdarbacka Manntalsþjngs Riette. Enn aullu framann og ofanskrifudu til stadfestu er mitt Nafn og Signet ad Reykiahollte d. 17da Martii 1774

Þorleifur Biarnason

Uplesed fyrir Manntallz þings Rette ad Faskrudarbacha d. 13 Junii 1774

Tester P Axelsson

Upplesed fyrer manntalsþings rette ad Faskrudarbacka þann 24 Apr 1805

Tester Ketilson

Lesinn í Rétti ad Fáskrúdarbacka þíngstad þann 30. junii 1827, samt bókud vitnar

P. Ottesen.

Lögfesta firer jordenne Hofstödum.[117]

Á manntalsþingi höldnu að Fáskrúðarbakka 13. júní árið 1774 var þinglesin lögfesta fyrir Hofsstöðum, dagsett 17. mars sama ár. Ekki er getið um efni eða innihald lögfestunnar.[118]

Í skoðunargerð Arnarstapaumboðs frá árinu 1778 er getið um deilu á milli Dals og Hofsstaða, en Hofsstaðir höfðu lögfest sér landið Króka, sem væri þó í landi Dals. Ekkert er getið um afmörkun jarðanna í sjálfri skoðunargjörðinni:

Skodunargjørd yfir Arnarstapa-Umbod árid 1778.

[…]

Nr 20

Dalur xxvi hndr.

[…]

Gaarden haver Rætighed [ti]l kratskov udi Hofstade Land /: som er en Proprietari gaard :/, i mod et Höeslæt Eng ved Grimsaae inde for bemelte Dals Land, bemelte gaardes opsiddere tviste om et Stk. Land, kaldet Krökar, Hvilket skal være nu lovfæstet under Hofstader, men ligger dog i Dals land.[119]

Skoðunargerð Arnarstapaumboðs frá árinu 1778 hermir að ábúandi Syðra-Lágafells hafi getið þess að Hofsstaðir hefðu lögfest stóran hluta af landi Syðra-Lágafells. Sjá nánar þar um í kafla 5.9 um Lágafell.[120]

Þann 10. júlí árið 1779 fór fram svofelldur gjörningur vegna Hofsstaða:

Anno 1779 þann 10da Julii ad Skildínganese innann Gullbríngu Sysslu, frammfór so látandi kaupgiörníngur sem fylger, ad p[r]ófasturinn í Borgarfiardar Sysslu Sr Þorleifur Biarnas[on] selur til fullkomennar Eignar og alls agóda hedann í frá, Mr. Þ[or]byrn[e] Biarnasyne, Eignar Jörd Systur sinnar Madme Þorunnar Bia[rn]a Dóttur, alla Heima Jördena Hofstade í Miklaholts hrepp innann Hnappadals Sysslu, XXX hndr. ad

[117] Skjal nr. 2(52).
[118] Skjal nr. 2(84).
[119] Skjal nr. 2(30).
[120] Skjal nr. 2(31).

Dýrleika, med öllum gögnum og gædum, Eignum og Jtökum, sem sömu 30 hndr. fylgia og fylgia eiga, og Mad[me] Þorunn vard framast Eigande ad, til itstu ummmerkia á allar Sýdur, mót 8[rd] til Specie betalíng, fyrer hvort hundrad, er giörer til samans tvo smá hundrud og fiörutíu Rixdale, hvoria 240[rd] til Specie reiknada kaup[a]ndinn mr Þ[orbiörn] nu strax betalar og Qvitterar Prófasturinn S[r] Þorleifur, hann fyrer þá sömu, nefnl[a] tvö smáhundrud & fiörutíu Rixdale Specie. Lofar Seliandi ad svara laga-riptíngum fyrer þvj keipta ef vid þarf, enn kaupandi skal halda sínu kaupe til laga, og ganga ad þvj sem sinne rettu Eign, í næstkomandi fardögum, án frekare afhendíngar. Frammfór allt her adframannskrifad med liúfum jáyrdum og handsölum hlutadeigenda í vor tilkalladra Votta vidurvist, er ásamt þeim sín Nöfn her under skrifa, á sama Stad og Deige og upphaflega greiner.

Þorleifur Biarnason Þorbiörn Biarnason

Sem Vottar underskrifa

Marcus Sigurdsson Biarne Haldorsson.[121]

## Þann 4. júní árið 1800 fór fram svofelldur gjörningur vegna Hofsstaða:

N[o] 179

Anno 1800 þann 4[da] Junij ad Skogar nese sydra innann hnappadals Sijslu framm for so latandi kaup giørningur sem filger af mr Sigurde Gudbrands sine bonda j Skogar nese sidra selur til fullkomennar eignar og alls agóda hiedann j fra mr Þor birne olafs sine eignar Jørd sina og sinna sistkina med samþicke þeirra og liufumm vilia alla jørdina hofstade XXX hndr. ad dijrleika j mikla hollt hrepp innann hnappa dals Sijslu med øllumm gognumm og giædumm eignumm og jtøkumm sem sømu 30 hndr. filgia og filgt hefur til ytstu umm merkia a allar Sijdur mót 7[rd] curant firer hvort hundrad er giører til samans tvo sina hundrud og tiju[rd] hvoria 200 hndr. og 10[rd] til curants reiknad mr Þorbiørn olafs son nu strags betalar og kvitterar mr Sigurdur hann firer þa sømu nefnelega tvo hundrud og tiju rjxdale curant lofa seliendur ad svara lagariptingumm firir þuj keeifta ef vid þarf enn kaupande skal hallda sinu kaupe til laga framm for allt hier ad framann Skrifad med liufum vilia og jairdum hlutadeigenda eru so ockar nøfn under skrifud med eigenn hende

Sigurdur Gudbrands son Thorbiörn Olafsson

Sigurdur Gud

Sem vottar underskrifader

Helge Jonsson Olafur Olafsson

Upplesid fyrir Lands yfirrette ad Reýkiavík þann 6 Aug. 1804 og betalad med 5 mk. skrifa fimm mark. d.c. testerar

B. Stephensen.[122]

## Þann 5. júlí árið 1836 fór fram svofelldur gjörningur vegna Hofsstaða:

Eg undir skrifadur giöri vitanlegt ad eg hefi selt og afhendt eins og eg med þessu minu afsalsbrefi sel og afhendi eignar jörd mina Hofstadi 30 hndr. ad dyrleika liggiandi i Miklaholts hrepe og Hnappadals Sysslu, an odalsrettar tilkalls, med 1 hundrads landskuld og 4 malnytu kugildum, hvör kugildi aungvar upehæckun giöra i jardar verdinu, jafnvel þo mer sem Seljanda se aldeilis ókunnugt ad þau seu annars Slags en sidvanaleg Jardar Kugildi, þar þau fyrrverandi Hofstada kirkju kugildi meinast ad vera a Kirkju jördinni Mel, hvor jörd nu er i umrádum prestsins hra O. Gudmundssonar a Sveinstödum, ofannefnda jörd til fullkomins eigindoms og friáls forrædis Odals bonda Sg[r] J. Sveinssyni a Snoksdal fyrir 315 Sp. d. seigi og rita þriuhundrud og fimmtan

[121] Skjal nr. 2(53).
[122] Skjal nr. 2(54).

Speciu dali i danskri mynt; Og þar þettad andvyrdi er mer skilmerlega greidt, geingur velnefndur J. Sveinsson ad nefndu kaupi sinu, er eg svara þeim lagariftingum sem lög seljendum yfir hofud a hendur seigia. – Þessu til stadfestingar er min hönd og Jnnsigli, samt tilqvaddra votta.–

Leyra þan 5ta Julii 1836. –

S Scheving

Vitundar vottar undir skrifa

E. Sverrisson J. Björnsson

Upplesid og protokollerad fyrir manntalsþingsréttinum ad Hróksholti þann 30ta Maji 1837 og innfært i Mýra og Hnappadals Sýsslu kaup og vedsetningar bréfabók bladsidu 51–52

testerar

E. Sverrisson

Hérfyrir betalast:

| | |
|---|---|
| ½ Procta til Kongsins Kassa | 3rbd 7sk. |
| Þinglesturinn | 1 – 32 |
| Protkollation | " – 12 |
| | 4rbd 51 sk. |

Betalad E. Sverrisson.[123]

Á manntalsþingi höldnu að Fáskrúðarbakka 24. apríl árið 1805 var þinglesin lögfesta fyrir Hofsstöðum. Ekki er getið um efni eða innihald lögfestunnar.[124]

Þann 26. október árið 1837 fór fram svofelldur gjörningur vegna Hofsstaða:

Ar 1837 þann 26ta Octobr framfór og fullgjördist ad Melum vid Hrútafjörd svofeldur kaupgjörníngur ad Oðalsbóndi Sgnr Jón Sveinsson á Snóksdal, selur og afhendir Sysslumanni Jóni Jónssyni á Melum til fullkominnar Eignar og umráda Jördina Hofstadi i Miklaholts hrepp innan Hnappadals Sysslu, 30 hundrud ad dýrleika, med henni nú fylgjandi 4um málnytu kugyldum, og 1 hundrads landskuld, hvörja eg Seljandin Jón Sveinsson ábyrgist og innestend kaupandanum fyrir, ad árlega gjaldist hönum i gyldum óframfærdum aurum á réttum gjalddaga, samt öllum tilheyrandi landsnytjum hlunnindum og Réttugheitum fyrir 640rbdli Sylfurs i dönskum peníngum sem nú afgreidast, og fyrir hvörja sex Hundrud og fjörutíu Ríkisbánkadali sylfurs Seljandin hérmed qvitterar kaupandan. –

Frekari Skilmálar vid þessi Jardakaup eru: ad næstkomandi Vors Landskuld tilfalli kaupandanum sem haldi kaupi sínu til laga og betali allar þaraf leidandi afgiptir og umkostnad en Seljandi svari lögbrigdum ef framkoma. –

Þessum kaupgjörníngi til fullkominnar stadfestu eru Seljanda kaupanda og tilkalladra Votta undirskrifud nöfn og hjásett Jnnsigli á sama Stad Ari og degi sem ad ofan er greint

J Sveinsson J Jónsson

Vitundar vottar eru

Magnus Illiggason Gudm: Jllugason

123 Skjal nr. 2(55).
124 Skjal nr. 2(85).

Framanskrifadur kaupgjörníngur er framvísadur Sýsslumanninum í Mýra og Hnappadals Sýslu, þann 23ja Febr. 1838, og sama dag innfærdur í nefndrar Sýsslu kaup- og vedsetníngar-bréfa bók, Pag. 54–55. og verdur upplesinn fyrir manntalsþíngs rétte, á vidkomandi stad, á næsta vori 1838.

Hamri þann 23ja Febr. 1838

Fredr: Lund.

Borgad med 1r 44 sk. Sylfurs einum ríkisbánkadal fjörutíu og fjórum skildíngum silfurs.[125]

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 kemur fram að Hofsstaðir séu beneficium og jörðin sé metin til 20 hundraða að dýrleika. Þar segir einnig:

A. M. [þ.e. Árni Magnússon] og sýslumaður telja hér 24 h. dýrleika. 1804 var eyðihjáleigan Heiðarbær höfð til beitar.[126]

Þann 2. janúar árið 1856 fór fram svofelldur gjörningur vegna Hofsstaða:

Vid undir skrifaðir høfum samið og fullgjört svofeld makaskipti: að eg, Kammerráð Jón Jónsson á Þíngeyraklaustri afsala og makaskipti sjálfseígnarbonda Ásmundi Jónssijni á Sauðafelli í Miðdölum til frjáls forræðis og fullkominnar eígnar jörðina Hofstaði í Miklaholts hrepp og Hnappadals syslu, eptir jarðatali Johnsens 20 hndr. að dyrleíka, með fjórum ásauðar kúgildum, hvar af þó gjaldast fjórir fjórðúngar smjörs til Miklaholts prests – móti jörðunni Villíngadal í Jörfa þíngsókn og Dalasyslu, 24 hndr. að dyrleíka með þremur ásauðarkúgildum, hvörja eg, sjálfseígnarbóndi Ásmundur Jónsson afsala og makaskipti Kammerráði Jóni Jónssyni til fullkominnar eígnar og umráða jörðunni Hofstöðum til andvirðis; hvörri fyrir sig af þessum þannig makaskiptu jörðum, fylgja þau jarðarhús, er seínustu úttektir þeirra tilvísa; en hlutaðeígandi leíguliða skylda er, að svara húsum þessum í löggildu standi. Til mín, Kammerráðs Jóns Jónssonar, borgast yfirstandandi fardagaárs lanskuld af Hofstöðum, en landskuld af Villíngadal fyrir sama tímabil til mín Ásmundar Jónssonar. –

Landamerki Hofstaða sjást af lögfestu fra 17. Marts 1774 hvörja eg Kammerráð Jón Jónsson, afhendi nú, ásamt öðrum skjölum Hofstaða til Ásmundar bónda Jón[s]sonar, er aptur lofar með fyrstu vissri ferð að senda mér vitnisburði og önnur skjöl fyrir Villíngadal.

Hvör fyrir sig af þessum makaskiptu jörðum virðist á 500 Rbd. r. s.

Þessu makaskiptabréfi til fullkominnar staðfestu eru okkar og tilkvaddra votta undirskrifuð nöfn og innsigli.

Þíngeyraklaustri, 2. dag Janúarm. 1856.

A Jónsson J Jónsson

Vidstaddir vórum vid sem vitundarvottar

Erlendur Jónsson Þorbergur Björnsson

Lesid og protokollerad á Fáskrúdarbakka manntalsþíngi þann 28da Mai 1856 og innfært í Mýra og Hnappadalssýslu afsals- og vedbréfa-bók Ltra D. Pag 18–19.

B. Thorarensen

Borgun:

Þínglestur 1Rd. –

Bókun " 12

[125] Skjal nr. 2(56).
[126] Skjal nr. 4(2), bls. 135.

= $1^{\underline{Rd}}$ 12 sk.

Einn ríkisdalur og tólf skild. r. m.

B. Thorarensen.[127]

## Landamerkjaskrá Hofsstaða, dagsett 19. mars 1886, hljóðar svo:

Hofsstaðir.

Landamerki jarðarinnar Hofsstaða í Miklaholtshreppi eru sem nú greinir: Úr steini þeim er stendur á austari árbakkanum á Gissurarvöllum sjónhending í Nónkletta, sem svo eru kallaðir og eru vestanvert við Straumfjarðará í suð-vestur frá Straumfjarðartungu, þaðan í hinn stóra stein á Steinaás; þaðan í Tvísteina, þaðan í Stakkgarðsrúst á Miðgötuholti, þaðan í gildrubrot á Bálkastöðum, þaðan í stein við Mástaðakeldu þaðan í Frakkaskarð fyrir utan Hánefshóla, þaðan í Marklæk, (nú kallað Þvergil), þaðan í Hvítfossagil og svo eftir austurbrún Urðarmúla í Urðarhausa, þaðan í Straumfjarðará, skamt frá því er hún rennur úr Baulárvallavatni, svo ræður Straumfjarðará þangað að, sem Vallnaá rennur í hana, þá ræður sjónhending frá Vallná þar sem Múlabekksgil rennur í hana og ofan í Gjálparstapa, þaðan í Prjónhúfulæk, svo ræður hann til þess hann rennur í Þrengslalæk, þá ræður Þrengslalækur þar til hann rennur í Straumfjarðará, sem svo ræður merkjum að áðurnefndum steini í austari árbakkanum á Gissurarvöllum.

Slægju ítök eiga Hofsstaðir fyrir austan Straumfjarðará er svo heita: Háagarðsengi og Grímsengi, sem takmarkast að austanverðu af Grímsá, sunnan eða neðanvert af Langholti, vestanvert af Hvíthól hinum eystri og þaðan sjónhending í Grímsá 30 faðma í norður frá Háagarði, sem er hin hringmyndaða Stakkgarðsrúst er liggur á Langholti skamt fyrir vestan Grímsá. Ennfremur eiga Hofsstaðir fjögur engi í Straumfjarðarlönd og Þorbjarnarhólm umfram. Reka ítak eiga Hofsstaðir við sjó niður, með þeim takmörkum, sem nú greinir: allan reka frá Grensá til Guðlaugshamars, en þaðan hálfan reka að stólpa þeim er stóð fyrir Brekkubæ, nú sjónhending til sjóar í suður frá Brekkubæjarrústum.

Hofsstöðum 19. marz 1886

Í umboði eiganda Jóhannes Vigfússon

Framan og ofanskrifuð landamerki samþykkjast hérmeð af undirskrifuðum nábúum Hofsstaða. Halldór Guðmundsson vegna Hrísdals Jón Jónsson í Borgarholti.[128]

## Landamerkjaskrá Hofsstaða, dagsett 2. janúar 1890, hljóðar svo:

Eptirrit

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hofsstöðum í Miklaholtshreppi inna Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

Ég undirskrifaður Sigfús Eymundsson, ljósmyndari í Reykjavík, eigandi jarðarinnar Hofsstaða í Miklaholtshreppi 20.2 hndr. að dýrkeika, eptir hinu nýja jarðamati, skráset hérmeð samkvæmt lögum Nr. 5. 17. marz 1882 þessi landamerki fyrir téðri eignarjörð minni.

„Úr steini þeim, er stendur á eystri árbakkanum á Gissurarvöllum, sjónhending í Ósaleifshamar, er sumir kalla Brattholt og nú eru kallaðir Nónklettar frá Straumfjarðartungu hver hamar stendur í austur fyrir sunnan Reiðgötu; þaðan í stein þann, sem stendur á Steinsás og sumir kalla Reiðgötuklett, þaðan aptur sjónhending í steina tvo, niðri á Mýrum, er kallast Tvísteinar; úr steinum þeim sjónhending í Stakkgarð á Miðgötuholti; úr Stakkgarði þeim í gildrubrot á Bálkastöðum, þaðan sjónhending í stein við Mástaðakeldu, þaðan í Frakkaskarð fyrir utan Hánefshóla, þaðan sjónhending í Marklæk, þaðan í Urðarmúla eða Hvítfossagil, þaðan sjónhending í Urðarhausa við

[127] Skjal nr. 2(57).
[128] Skjal nr. 2(177).

> Straumfjarðará; þá ræður Straumfjarðará merkjum ofan til marks þess, er fyr var ritað, nfl. steins þess, er stendur á eystri árbakkanum á Gissurarvöllum.
>
> Jörðin á alla veiði í Straumfjarðará fyrir sínu landi. Ítök á jörðin þessi: í Dalslandi, Svartabakkaengi, líka kallað Háagarðsengi, nú kallað Hofsstaðaengi og Grímsengi. Jörðinni tilheyrir ennfremur Þorbjarnarhólmur.
>
> Reka á jörðin allan frá Grensá til Guðlaugshamars, en hálfan reka þaðan í stólpa þann, er stendur fyrir Brekkubæ. Ískyldur, kvaðir eða ítök hvíla eigi á jörðinni. Afbýli er í landi jarðarinnar, að nafni Hrísdalur."
>
> Skora ég hérmeð á alla hlutaðeigendur sem lönd eiga til móts við Hofsstaði eða að ofangreindum ítökum, svo og alla, er telja þessa merkjalýsing snerta rétt sinn í nokkru, að rita á hana samþykki sitt og yfirlýsing um að hún sé rétt.
>
> Reykjavík 2. janúar 1890
>
> Sigfús Eymundsson
>
> Samþykkur framanskrifuðum landamerkjum fyrir landssjóðsjarðirnar.
>
> Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs
>
> – – –
>
> Samhljóða frumritinu staðfestir Sigurður Jónsson.
>
> Borgun 25 – tuttugu og fimm – aurar borgað Sj.
>
> Sem eigandi Melkots, samþykki ég hinsvegar rituð landamerki fyrir Hofsstöðum.
>
> Bjarnarhöfn 25. Marts 1891
>
> Kristín Þorleifsdóttir (handsalað Magnús Jónsson)
>
> Vitundarvottar: Jósafat S. Hjaltalín Jón Guðmundsson[129]

Á manntalsþingi höldnu að Fáskrúðarbakka, þann 10. júní árið 1891, var þinglesin framangreind landamerkjaskrá fyrir Hofsstöðum, dagsett þann 2. janúar árið 1890:

> Ár 1891 þ. 10. júni var reglulegt manntalsþing sett og haldið að Fáskrúðarbakka og haldið af hinum reglulega sýslumanni með vottum […]
>
> 7. Lesin landamerkjaskrá fyrir jörðunni Hofsstöðum á Miklaholtshreppi dags. 2. jan. 1890.
>
> […]
>
> Lesið samþykkt. Manntalsþíngi sagt slitið
>
> Sigurðr Jónsson Árni Þórarinsson
>
> Sigurður Kristjánsson Guðmundr Sigurðsson
>
> Sigurðr Sigurðsson.[130]

Með dómi Landsyfirréttar í máli nr. 33/1890 var staðfest að eigandi Hofsstaða ætti veiði í Straumfjarðará fyrir landi jarðarinnar en ekki Helgafell. Ekki kemur þó fram í dómnum frekari afmörkun svæðisins.[131]

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Hofsstaðir séu í einkaeigu. Jörðin er sögð eiga mikið fjallland. Ekkert kemur fram um afmörkun Hofsstaða í fasteignamatinu.[132]

[129] Skjal nr. 2(118).
[130] Skjal nr. 2(86).
[131] Skjal nr. 4(22).
[132] Skjal nr. 2(50), bls. 344–345.

Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Hofsstaða sé 4500 kr.[133]

## 5.9 Lágafell (Ytra-Lágafell og Syðra-Lágafell)

Varðveittur er vitnisburður um landamerki á milli Lágafells og Elliða í Staðarsveit, ársettur um 1380. Lýsing merkjanna er svohljóðandi:

> Landamercki mille Lagafellz og Ellida.
>
> Þesse landamerckie sagde Olafur Biornsson. ad Snorri Biarnarson. oc Jon Bardarson hefdi reiknad so ad hann heyrde í millum Ellida og Lagafelltz. ad þar rædur2 Lækur sa er fellur af bruninne firir austann Ellidatinda. er hann þrikloferm uppe j bruninne. enn hinn jndre firir nedan brunina oc suo firir utan þann stein er stendur aa hrijsholltte eda deyldar holltte. Þuiat þad er kallat huerttueggia. oc ur hrijsholltte ofann j læk þann. er fellur j slattu kielldu firir utan baulluholltt. Suo sagdist hann oc heyrtt hafa sagtt sier elldre menn ad Lagafell hid sydra ætte t[u]au einge j Ellida. oc þad bar þorlakur Markusson med honum.[134]

Varðveittur er vitnisburður um landamerki á milli Lágafellanna beggja, þ.e. Lágafells-syðra og Lágafells-ytra í Miklaholtshreppi, ársettur um 1380. Lýsing merkjanna er svohljóðandi:

> Landamercki a mille Lagafellanna beggia.
>
> Þesse landamerkie saugdu þeir Olafur Biornsson oc þorlakur Markusson j mille Lagafella. ad ur Valhamri er stendur firir ofan reidgautur er sionhending ofan j kroklæk. rædur þa lækurinn ofann j Groutiaurnn.[135]

Varðveittar eru landamerkjalýsingar á milli Hofsstaða í Miklaholtshreppi, til móts við jarðir Helgafellsklausturs. Lýsingarnar eru taldar frá því um árið 1380. Um merki á milli Hofsstaða og Lágafellsjarðanna, þess syðra og þess ytra, og þá um ummerki Hofsstaðalandsins sjálfs, segir eftirfarandi:

> Þesse eru landamerke a mille Hofstada og Lagafella.
>
> ad gata su skilur. er liggur epter Langhollte. og svo a motz vid Gaularland. steinar ij standa sinumeigen gotu hvor. sionhending ur hinum nedra j hinn efra. enn ur hinum efra sionhending j frackaskard. enn ur austanuerda skardinu j stein þann er stendur a þrongubrun. oc þadan j Gialparstapa. og sionhending i Vidilækiar botn ur stapanum. enn firir utan er sionhending ur Groutiorn j stackgardz brot þat er stendur under saudabolzhollte. enn ur holltinu j kielldu þa er fellur ur floalæk. þa skilur lækurenn upp þar til ad upp kiemvr ad efra floa. og þadan sionhending j stackgardzbrot þad er stendur undir saudabolsas. og þadan eptir asnum upp þar sem hann er hvassastur og j stackgardz brot þad er firir ofan stendur asinn. og þadan sionhending j markgil. enn markgil rædur til uppsprettu þeirrar er þad fellur ur.
>
> þesse eru ummerke umm Hofstadaland.
>
> ad steirn stendur a Gissurarvollum. ur þeim steine er sionhending j ostleifahamar. enn sa hamar stendur j austur fyrer sunnan reidgötu. þadan sionhending i saudabolshollt. þar er hæst er. þadan er sionhending i steina ij. nidur a myrum. ur steinum þeim er sionhending j stackgard a midgotuhollte. Ur stackgarde þeim j gilldrubrot a Balka-

---

[133] Skjal nr. 2(50).
[134] Skjal nr. 4(61).
[135] Skjal nr. 4(60).

> stodum. þadan sionhending j stein vid mastada kielldu. þadan j frackaskard firir utan hanefshola. þadan er sionhending i marklæk. þadan i Urdarmula. þa rædur Valla þar ummerkium. er hun fellur j straumfiardara. þa rædur Straumfiardara. ofann til marks þess er fyrr var ritad. Saudabeit eigu Duggusdalsmenn ut yfer a saudum sinum vj vikur. Hier fyrir þetta jtak leggia þeir einge a mot er heiter Hauagardseinge. Hofstader eiga iiij. einge i Straumfiardarlaund. og þorbiarnarholm um framm. Hofstadamenn eiga og torfristu j Borgarholltz land til þeirra heya. sem i holminum fast. Hofstader eiga allann reka fra Grensa og til Gudlaugs hamars. enn þadan ä helmingi i stolpa þann. er stendur firir Breckubæ.
>
> Þerse merke taldi þorsteinn um Hofstada land.[136]

Önnur útgáfa af landamerkjalýsingu á milli Hofsstaða og Lágafellsjarðanna, úr sama handriti og sú sem framar stendur, er svohljóðandi:

> Landamerkie millum Hofstada oc Lagafella. Þesse eru landamerkie millum Hofstada oc Lagafella.
>
> at gata su skilr er liggur epter langaholltte. oc suo til motz vid Gaular land. Steinar ij. standa sijnu meiginn gautu huorer. Sionhending ur hinum nedra j hinn efra. En ur hinum efra sionhending j frackaskard. En ur austanverdu skardinu j stein þann er stendur aa þraungua brun. oc þadan j Gialparstapa oc sionhending j vijdelækiarbotn ur stapanum. Enn firir utann er sionhending j Groutiaurnn j stackgardz brot þad er stendur under saudabolzs holltte. enn ur holltinu j kielldu þa er fellur j floalæk. þa skilur lækurinn upp þar til ad upp kiemur ad efra floa. oc þadan j stackgardz broth þad er stendur nedan under saudabolsas. og þadan epter asnum upp þar sem hann er huassastur. oc j stackgardz brot þad er fyrer ofann stendur asenn. oc þadan upp sionhending j markgyl. enn markgyl rædur til uppsprettu þeirrar er þad [svo] fellur ur.[137]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Miklaholtshrepp frá árinu 1714 segir að Ytra-Lágafell sé konungsjörð og liggi til Stapaumboðs. Jarðardýrleiki er sagður 16 hundruð. Getið er um hjáleiguhrak við túngarðinn sem stóð skammt yfir. Þar segir:

> Ytralágafell
>
> Jarðardýrleiki xvi hundruð og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn kóngleg Majestat, af Stapa umboði ut supra.
>
> […]
>
> **Kambioraland** [svo] hefur hjer kallað verið við túngarðinn hjáleiguhrak. Bygð fyrst fyrir 30 árum þar sem aldri hafði fyrri bær verið. Bygðin varaði 2 eðurr 3 ár, og hafði þá eina grasnautn, er heimabondinu miðlaði.[138]

Skoðunargerð Arnarstapaumboðs frá árinu 1778 hermir að ábúandi Syðra-Lágafells hafi getið þess að Hofsstaðir hefðu lögfest stóran hluta af landi Syðra-Lágafells. Þar segir:

> Skodunargjørd yfir Arnarstapa-Umbod árid 1778.
>
> […]
>
> Nr 23 Sydre Laugefeld xiii hndr.
>
> […]

[136] Skjal nr. 4(59).
[137] Skjal nr. 4(59).
[138] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 53–54.

> Opsidderen angiver, at fra gaarden skal være lovfæstet et Stykke land, det beste af Egnen, hvilket haver giort Eyermanden, eller Opsidderen af den Nærmeste gaard Hofstader, hvor i mod dog skal kunde föres beviser, Neml. at dette Stk. land skal bestandig have hört til Kongs Jorden forbemelte Laugefeld.[139]

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 kemur fram, að Ytra-Lágafell og Syðra-Lágafell séu Stapaumboðsjarðir. Ytra-Lágafell er þar metið til 16 hundraða og Syðra-Lágafell til 13 hundraða að dýrleika.[140]

Landamerkjabréf fyrir Ytra-Lágafell er dagsett 29. desember 1888 og hljóðar svo:

> Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Lágafell ytra í Miklaholtshreppi.
>
> 1. Milli Lágafellanna eru landamerki úr Pálshamri og þaðan sjónhending í Merkjalæk, hann ræður til Gróutjarnar, úr vesturenda tjarnarinnar sjónhending í Gróuholt, þaðan sjónhending í Merkjapytt, 2. svo milli Elliða og Lágafells ytra, sjónhending úr Merkjapytt í stein á Hrísholti eða Deildarholti þaðan í ysta Klofning á Markgili þar sem það klýfur sig úr brún, en landamerki veit maður ekki glögg fyrir fjall landinu en sem þó ættu að fást ef máldagar eru til fyrir því.
>
> Lágafelli ytra 29/12 1888.
>
> Kristján Elíasson (ábúandi). Jón Jónsson (á Elliða). Óli Daníelsson (Syðra-Lágafelli).
>
> Sem umboðsmaður framannefndra jarða. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.[141]

Landamerkjabréf fyrir Lágafell-syðra er dagsett þann 30. desember árið 1888 og hljóðar svo:

> Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Lágafell syðra í Miklaholtshreppi.
>
> 1. Að utanverðu úr Gróutjörn og þaðan í Pálshamar og þaðan í Selmúla á fjalli upp og að austanverðu í Frakkaskarð á Syðra-Lágafellshyrnu, og þaðan í Hánefshóla og svo þaðan eins og götur ráða í Gróutjörn, að nerðanverðu. Frekari landamerki veit ég ekki fyrir ofanskrifaðri þjóðjörð.
>
> Lágafelli syðra 30/12 1888.
>
> Kristján Elíasson Ytra Lágafelli. Óli G. Daníelsson (ábúandi á Lágafelli-syðra).
>
> Samþykkur hvað landamerkin móts við Gaul áhrærir. Jón Jónsson umboðsmaður.[142]

Þann 12. maí árið 1908 seldi Landsjóður Kristjáni Elíassyni þjóðjörðina Lágafell-ytra í Miklaholtshreppi. Sölunni var þinglýst þann 9. júní árið 1909. Ekki er getið um afmörkun, en vísað er til eldri landamekja.[143]

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Ytra-Lágafell sé í einkaeigu og að landið liggi til fjalls þar sem jörðin eigi upprekstur. Þá kemur fram að Syðra-Lágafell sé í eigu landsjóðs og lítið fjallland fylgi. Ekkert annað kemur fram um afmörkun jarðanna.[144]

Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Ytra-Lágafells sé 4.300 kr. og Syðra-Lágafells 1.200 kr.[145]

---

[139] Skjal nr. 2(31).
[140] Skjal nr. 4(2), bls. 132.
[141] Skjal nr. 2(2).
[142] Skjal nr. 2(3).
[143] Skjal nr. 2(34).
[144] Skjal nr. 2(50), bls. 342–343.
[145] Skjal nr. 2(50).

Yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi var samin í aprílmánuði árið 1964 og hljóðar svo:

> Ytra-Lágafell og Hofstaðir.
>
> Yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi.
>
> Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi, lýsum hér með landamerkjum jarðanna, að því er tekur til fjalllendis þeirra hið efra. Er það gert að gefnu tilefni, þar sem landamerkjaskrár hafa ekki að geyma glögg ákvæði um merki á þessum slóðum. Er merkjunum lýst hér á eftir í samræmi við það, sem gilt hefir að fornu fari og frá ómunatíð, enda í samræmi við staðhætti og náttúrulega aðstöðu, sem og sérstaklega fjallskilareglugerðir sýslunnar, hvað hreppamerki snertir, og skrifar hreppsnefnd Miklaholtshrepps hér undir því til staðfestingar. Er því, sem fyrr mótmælt að merkjum jarðanna á þessum slóðum hafi nokkru sinni verið breytt, með neinum löglegum hætti, eða þá þær breytingar fyrir löngu fallnar niður, og merkin þannig komin í hið upprunalega og rétta horf, enda þótt dregist hafi að færa þau inn í landamerkjaskrár sýslunnar, á tilsvarandi hátt og aðrar aðliggjandi jarðir hafa gert, Dalir 1887, og Elliði nú með sérstakri lögfestu þar að lútandi, en fyrirsvarsmenn þeirra jarða skrifa hér upp á til samþykkis af þeirra hálfu.
>
> Það skal tekið fram að við lýsum merkjum þessum í fjalllendum sameiginlega, en munum hinsvegar sjálfir gera nánari ráðstöfun þar um, hvort heldur við eigum landið í óskiptri sameign áfram, eða skiptum því með ákveðnum merkjum milli jarðanna innbyrðis.
>
> Mörkin samkv. ofanskrifuðu eru úr Baulárvallavatni: A) Á móti Dal ræður Straumfjarðará úr vatninu á móts við Urðarmúlahorn og niður. B) Á móti Elliða ræður Draugagilsá úr vatninu allt á móts við Stakk og þaðan eftir hinum forna á Baulárvallavegi. Við ákveðum sjálfir innbyrðis hversu langt hið sameiginlega land nær frá Baulárvallavatni og niður eftir fjalllendinu.
>
> Hofstaðir apríl 1964.
>
> Eggert Kjartansson F.H. hreppsnefndar. Alexander Guðbjartsson F.H. Dals. Erlendur Halldórsson F.H. Jarðkaupasjóðs. v/Ytra-Lágarfells F.H.R. Sveinbjörn Dagfinnsson.
>
> Ytra-Lágafell 20/4 1964.
>
> Ársæll Jóhannesson. Sigvaldi Jóhannsson. Syðra-Lágafelli. F.H. Elliða Kristján Elíasson.
>
> Þinglýst athugasemd: Embættið gerir þá athugasemd að það hafi ekki borið framan téða landamerkjalýsingu við eldri heimildarskjöl varðandi framangreint landsvæði.
>
> Stykkishólmi 12/5 ´64. Gjald kr. 37.50. Hinrik Jónsson. -embættis stimpill- Greitt H.J.[146]

## 5.10 Elliði

Varðveittur er vitnisburður um landamerki á milli Lágafells og Elliða í Staðarsveit, ársettur um 1380. Lýsing merkjanna er svohljóðandi:

> Landamercki mille Lagafellz og Ellida.
>
> Þesse landamerckie sagde Olafur Biornsson. ad Snorri Biarnarson. oc Jon Bardarson hefdi reiknad so ad hann heyrde í millum Ellida og Lagafelltz. ad þar rædur2 Lækur sa er fellur af bruninne firir austann Ellidatinda. er hann þrikloferm uppe j bruninne. enn hinn jndre firir nedan brunina oc suo firir utan þann stein er stendur aa hrijsholltte eda

[146] Skjal nr. 2(4).

> deyldar holltte. Þuiat þad er kallat huerttueggia. oc ur hrijsholltte ofann j læk þann. er fellur j slattu kielldu firir utan baulluholltt. Suo sagdist hann oc heyrtt hafa sagtt sier elldre menn ad Lagafell hid sydra ætte t[u]au einge j Ellida. oc þad bar þorlakur Markusson med honum.[147]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Staðarsveit frá árinu 1714, segir að Elliði sé konungsjörð og liggi til Stapaumboðs. Jarðardýrleika er ekki getið. Þar segir:

> **Ellide.**
>
> Jarðardýrleiki [eyða]
>
> Eigandinn er kóngleg Majestat og liggur jörðin til Stapaumboðs, sem Oddur vicelögmaður heldur.[148]

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Elliða. Jörðin er sögð konungsjörð, metin til 16 hundraða að dýrleika.[149]

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 kemur fram að jörðin Elliði sé Stapaumboðsjörð, metin til 16 hundraða að dýrleika.[150]

Landamerkjabréf fyrir jörðinni Elliða er dagsett 29. desember 1888 og hljóðar svo:

> Landamerkjaskrár í Staðarsveit.
>
> Landamerkjaskrá fyrir þjóðeigninni Elliða í Staðarsveit.
>
> 1. Milli Elliða og Ytra-Lágafells eru landamerki, úr ysta klofningi á Markgili sjónhending í stein á Hrísholti (eða Deildarholti) Þaðan í merkjapytt.
>
> 2. Milli Elliða og Bergsholtskots, úr merkjapytti sjónhending í Grástein, þaðan í Böltarholt og þaðan sjónhending í Blágil, að Furubrekkulandi.
>
> 3. Milli Elliða og Furubrekku, úr merkjavörðu sjónhending í Kaplastein og þaðan í Faxastein, sem stendur fremst á fjallsbrúninni.
>
> Elliða 29/12 1888.
>
> Kristján Elíasson (á Lágafelli). Jón Jónsson (ábúandi). Kristján Sigurðsson (á Furubrekku).
>
> Samþykkur Jón Jónsson umboðsmaður.[151]

Þann 15. mars árið 1897 fór fram virðingargjörð á Elliða. Þar er getið landamerkja. Virðingargjörðin hljóðar svo:

> Arið 1897 dag 15 Mars várum vjer undskrifaðir eptir skipunarbrjefi frá sýslumanni dags 10. þ.m. staddir að þjódeigninni Elliða, til að vyrða nefnda jörð samkvæmt reglum þeim sem gegnar eru í Reglugjörð Landshofdíngjans fyrir Landsbánkanum í Reikjavýk, dags 5 júní 1886, og leiðarvýsi Landshodfíngjans dags 29 November 1878, stjórntidindi B blað sídu 168–71.
>
> Þjódeigninn Elliði liggur í Staðarsveit sunnanverðri hjer um bil 4 mýlur frá kauptúninu Búðum. Vegur þangað er meiripart góður, og hjer um bil 1 míla til næstu verstoðar [svo]. Tun jarðarinnar liggur við fjallshlýd og getur skjemst af árenni úr fjallinu sem hefur komið fyrir tvisvar á næstu 14 árum og í fyrra skipti stórkostlega.

147 Skjal nr. 4(61).
148 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 92–93.
149 Skjal nr. 2(58), nr. 14, opna 11.
150 Skjal nr. 4(2), bls. 142.
151 Skjal nr. 2(1).

> [E]ingjar hennar liggja ekki að jafnaði undir skjemdum enn getur komið fyrir í miklum rigníngum að leir renni á þær og skjemmi þær sje gras ordið sprottið, jörð þessi er að níu mati 18,04 að dýrleika.
>
> Landamerki jarðarinnar eru talinn úr stakk sem er borg inná fjalli, og eins og götur ráda á Baulárvallavegi ofan í marksgil sem er fyrir vestan Lágafellsstíga, og úr því sjónhendíngu ofan í stein á ofanverðu Hrýsholti, og úr honum beint ofaní merkjapitt, sem skilur merki milli Lágafells og Bergholtslág úr nefndum pitti útí grástein og úr honum útí Baltarholt [svo] og úr nefndu holt[i] uppí kaplastein, og úr honum í stein uppá brúninni sem nefndur er fattasteirn, vestann Elliðahamar úr því getur ábúandi ekki upplýst okkur um merki þaðan að fyr nefndum stakk.
>
> Hús jarðarinnar eru og eoga að vera:
>
> […]
>
> [B]eitiland er ekki til nema lítiðfjörlega fyrir geldfje í fjalli, og verður því að leggja undir sumarbeit fyrir alla málnitu og hesta nokkuð af slæu landinu, enn vetrarbeit er ekki til sem verður talinn í landareigninni og þarf að fá hana annar staðar.
>
> […]
>
> Komumst vjer að þeirri niðurstöðu að jörð þessi sje rjett seld og keipt fyrir 1500 krónur eitt þúsund og fymmhundruð krónur.
>
> Vyrðum vjer því jörð þess á 1500 krónur.
>
> Að vjer höfum gjör framanskrifaða výrðíngargjörð eptir bestu samvysku og þekkíngu vorri erum vjer fúsir á að staðfesta með eiði ef krafist verður: staddir að Elliða 15 Mars 1897.
>
> Björn Andrjesson, Sigurgeir Sigurðsson.
>
> Ofanskrifaðir menn voru 10. marts þ.á. dómkvaddir til þess að meta þjóðeignina Elliða í Staðarsveit til peningaverðs.
>
> Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
>
> Stykkishólmur 20. maí 1897.
>
> Lárus Bjarnason.[152]

Matsgerð frá 25. ágúst 1906 vegna sölu Elliða var staðfest á manntalsþingi 3. júní 1907.[153]

Þann 23. maí árið 1908, seldi Landsjóður Sæmundi Sigurðssyni þjóðjörðina Elliða í Staðarsveit. Sölunni var þinglýst 10. júní sama ár. Ekki er getið um afmörkun, en vísað er til eldri landamekja.[154]

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Elliði sé í einkaeigu og að landið liggi til fjalls þar sem jörðin eigi upprekstrarland. Ekkert kemur fram um afmörkun Elliða í fasteignamatinu.[155]

Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Elliða sé 3.700 kr.[156]

Byggingarbréf fyrir Elliða frá 3. október árið 1941 hljóðar svo:

---

[152] Skjal nr. 2(60). Sjá einnig skjal nr. 2(82).
[153] Skjal nr. 2(83).
[154] Skjal nr. 2(33).
[155] Skjal nr. 2(50), bls. 328–329.
[156] Skjal nr. 2(50).

N° 2. Lagt fram í fógetsrétti Snæfellsnessýslu 13. júlí 1943

Kr. Steingrímsson

BYGGINGARBRÉF

Eg, Kristján Elíasson, Ránargötu 4 Reykjavík, byggi hérmeð Jörundi Þórðarsyni bónda að Elliða í Staðarsveit, eignarjörð mína Elliða í Staðarsveit að túni eyðihjáleigunnar Holt undanteknu, frá fardögum 1941 til fardaga 1942 með eftirgreindum skilmálum:

Landamerki jarðarinnar eru samkv. landamerkjaskrá frá 29/12. 1888 í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Leiguliði skal greiða í landsskuld eftir jörðina fóður og árshirðingu alla á 20 kindum.

Leiguliði greiði alla skatta og skyldur er á jörðinni hvíla eftir lögum Þeim er nú gilda og síðar kunna að verða sett og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu.

Leiguliði má ekki byggja öðrum af jörðinni eða láta landsnytjar eða hlunnindi í té, nema landsdrottinn leyfi.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot af jörðinni með Þeim takmörkunum, sem í fyrstu grein segir og að hann má ekki skera torf í engjum eða of nálægt túni.

Með Þessum skilmálum er leiguliða heimil ábúð á jörðinni Elliða, en bregði hann út af Þeim á nokkurn hátt varðar Það útbyggingu.

Í Þeim atriðum, sem ekki eru greind hér að framan, fer um skyldur og réttindi landsdrottins og leiguliða samkv. ákvæðum ábúðarlaganna nr. 87 frá 1933.

Rísi málsókn út af byggingarbréfi Þessu eða ábúðinni má reka málið fyrir rétti í Staðarsveitar-Þinghá án undangenginnar sáttaumleitunar fyrir sáttamönnum.

Byggingarbréf Þetta er gert í Þremur samhljóða eintökum, eitt handa landsdrot annað handa leiguliða og hið Þriðja handa hreppstjóra Staðarsveitar lögum samkvæmt.

Eg, undirritaður Jörundur Þórðarson, samÞykki framangreinda skilmála og skuldbind mig til að halda Þá.

Elliða 3. okt. ~~september~~ 1941.

Jörundur Þórðarson

Kristján Elíasson

Vitundarvottar:

Kristján Guðmundsson.

Sara Magnúsdóttir.[157]

## Yfirlýsing um landamerki jarðarinnar Elliða frá 1. janúar 1964 hljóðar svo:

Eg undirritaður, Kristján Elíasson frá Elliða, yfirfiskmatsmaður í Reykjavík, réttur og löglegur eigandi téðrar jarðar, Elliða í Staðarsveit, lýsi hérmeð og lögfesti landamerki jarðarinnar, að því er tekur til fjalllendis hennar. Lýsi ég merkjum þessum að gefnu tilefni, og að öllu í samræmi við það, sem verið hafa gildandi landamerki jarðarinnar frá fornu fari um ómunatíð, enda í samræmi við staðhætti og náttúrulega aðstöðu, sem og sérstaklega fjallskilareglugerðir sýslunnar, hvað hreppamörkin snertir, og skrifar hreppsnefnd Staðarsveitar hér undir, þeim til staðfestu. Er því sem fyrr mótmælt, að merkjum jarðarinnar hið efra hafi nokkru sinni verið breytt, með neinum löglegum hætti, eða þá þær breytingar fyrir löngu niður fallnar, og merkin þannig komin í hið upprunalega og rétta horf, enda þótt dregist hafi að færa þau í landamerkjabók sýslunnar, á tilsvarandi hátt og t.d. Dalur gerði 1887 og Botnajarðir 1889, en þær jarðir

[157] Skjal nr. 2(92).

eiga lönd um sömu slóðir þar efra og eru merki þar í samræmi við það, sem hér fer á eftir. Merkjalýsingu þessari til staðfestu skrifa hér undir fyrirsvarsmenn hliðarliggjandi jarða, sem og nokkrir fleiri gjörkunnugir menn.

Samkvæmt þessu lýsi ég og lögfesti landamerki jarðarinnar hið efra, sem hér segir:

Austurmörk: Úr ysta klofningi Markgils, þar sem það fellur fram af fjallsbrúninni, sjónhending í Kistugil, þar sem gljúfrin enda, - af brúninni séð. Þaðan eins og Baulárvallavegur ræður inn að Draugagilsá, á móti Stakk. Þaðan ræður svo Draugagilsá í Baulárvallavatn.

Norðurmörk: Baulárvallavatn að Vatnaá, þá Vatnaá í Hraunsfjarðarvatn, þá Hraunsfjarðarvatn að Hvanngili. Þaðan ræður Hvanngil upp eftir Breiðdal hinum vestari. Úr Hvanngili efst ræður sjónhending í merkjavörðu á Breiðuborg, sem er stutt frá upptökum Hvanngils í suðurátt.

Vesturmörk: Úr merkjavörðu á Breiðuborg, upp eftir Kjósarhrygg þar sem hann er hæstur, þaðan eins og vötnum hallar í suðaustasta Tröllatindinn. Þaðan ræður sjónhending í Sóldeygjardalsöxl hina hærri úr henni sjónhending í Faxastein, sem stendur fremst í fjallsbrúninni upp af Kaplasteini.

Landamerki jarðarinnar niður af fjallsbrúnum beggja vegna eru áður skráð í merkjalýsingum jarðanna, en geta má þess, að merkin milli Elliða og Lágafells eru á herforingjaráðskortunum sýnd miklu austar, en vera ber.

Jafnframt því, að lýsa og lögfesta ofangreind landamerki, læt ég til glöggvunar fylgja örnefnaskrá, og uppdrátt með innfærðum landamerkjalínum.

Reykjavík 1. janúar 1964.

Kristján Elíasson

Staðfestum ofangreind landamerki milli Elliða og Lágafells.
Jóhann M. Kristjánsson Lágafelli syðra
Ársæll Jóhannesson Lágafelli Ytra
Staðfestum ofangreind landamerki milli Foss og Furubrekku annars vegar og Elliða hins vegar.
Hjörtur Gíslason Fossi
Jóhannes Guðjónsson Furubrekku
Samþykkt fyrir hönd jarðeignadeildar ríkisins
F.h.r.
Sveinbj. Dagfinss

Í hreppsnefnd Staðarsveitar
Þráinn Bjarnason
Kristján Guðbjartsson.
Jón Lúthersson
Þorgr. V. Sigurðsson – með fyrirvara
Júlíus Kristjánsson með fyrirvara

Ofangreind landamerki eru samkvæmt ofanrituðu, það ég best veit.
Sig. Sæmundsson frá Elliða[158]

[158] Skjal nr. 4(21).

Yfirlýsingunni fylgdi örnefnalisti frá Kristjáni Elíassyni á Elliða frá 27. desember 1963 ásamt uppdrætti af svæðinu. Henni var svo þinglýst 25. febrúar 1964 með eftirfarandi athugasemd:

> Embættið gerir þá athugasemd að það hefir ekki borið landamerkjalýsingu þessa saman við eldri heimildarskjöl varðandi hér greind landssvæði.[159]

## 5.11 Eignir og réttindi kirkna o.fl.

### *5.11.1 Gaul*

Varðveittur er vitnisburður um landamerki fyrir jörðina Gaul í Staðarsveit, ársettur um 1380. Þar getur ekki um réttindi eða ítök jarðarinnar.[160]

Máldagi kirkjunnar að Staðarstað er Gyrðir biskup Ívarsson setti um 1354 getur þess, að undir kirkjuna liggi hálfkirkja á Gaul. Þar segir:

> Þar liggur vnndir halfkirkia a gaul oc liggur þo tijvnnd thil stadar.[161]

Máldagi Vilchins frá árinu 1397 fyrir kirkjuna að Staðarstað hermir einnig að hálfkirkja að Gaul liggi undir Staðarstað. Þar segir:

> Þangad liggur vnnder halfkirkia a Gaul oc lvkast af ij merkur oc tiundinn til Stadar. [162]

Máldagi Vilchins fyrir Helgafellsklaustur frá árinu 1397 getur fjölda jarða í eigu klaustursins. Í máldaganum getur þess, að á meðal jarða í eigu klaustursins sé jörðin Gaul, samkvæmt „fornum máldaga". Ekki er gerð nánari grein fyrir þeim forna máldaga sem vísað er til.[163]

Í skipan hirðstjóra og biskups um kirkju og sóknir á Snæfellsnesi, dagsettri þann 27. september árið 1563, segir að Gaularkirkja skuli áfram halda sínum tekjum, frá fornu fari. Þar segir:

> Gaular kyrkia og Hofstada kyrkia skulu vera samt med allre sinne rentu. sem til forna.[164]

Í máldaga fyrir hálfkirkjunni að Gaul í Staðarsveit, frá því um 1570, kemur ekkert fram um réttindi kirkjunnar.[165]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Staðarsveit frá árinu 1714 segir að Gaul sé konungsjörð sem fylgi Stapaumboði, metin til 10 hundraða að dýrleika. Fram kemur að Gaul eigi selstöðu á norður fjöllum sem kallast Gaulárvellir, vestan við Kerlingarskarð. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

---

[159] Skjal nr. 4(21).
[160] Skjal nr. 4(58).
[161] Skjal nr. 4(47).
[162] Skjal nr. 4(48).
[163] Skjal nr. 4(41).
[164] Skjal nr. 4(63).
[165] Skjal nr. 4(65).

**Gaul.**

Hjer segja menn verið hafi bænhús eður hálfkirkja að fornu og sjer enn tóftaleifina, sem kölluð er Kirkjutóft. Enginn man hjer tíðir veittar.

Jarðardýrleiki x hundruð og fjórar tíundir.

Eigandinn kóngleg Majestat, liggur jörðin til Stapa umboðs ut supra.

[…]

Selstöðu á jörðin þar sem heita Gaularvellir norður á fjöllum vestan Kellíngarskarð.[166]

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Gaul sé Stapaumboðsjörð, metin til 20 hundraða að dýrleika. Ekki er getið um selstöðu til fjalla í umfjöllun um Gaul.[167]

Landamerkjabréf fyrir jörðinni Gaul er dagsett þann 23. júní árið 1885. Það getur ekki um selstöðu á Baulárvöllum (Gaulárvöllum).[168]

Í umfjöllun um Gaul fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um réttindi eða nýtingu innan kröfusvæðisins en þess er getið að fjallland sé ekkert.[169]

### *5.11.2 Staðarstaður*

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi er getið um kirkju að Stað.[170]

Máldagi kirkjunnar að Staðarstað, ársettur 1274, eignar kirkjunni þar selför í Dufgusdal og fjallhaga á Vatnaheiði. Í máldaganum sjálfum segir svo:

sel for j duggus dal og fiall hagi á vatna heidi.[171]

Máldagi kirkjunnar að Staðarstað er Gyrðir biskup Ívarsson setti um 1354 eignar kirkjunni geldfjárrekstur í Kolgrafafjörð, stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnsheiði, með fleiru.[172]

Hítardalsbók getur kirkjunnar að Stað árið 1367. Þar er getur ekki um Baulárvelli né heldur um Vatnaheiði. Staðarstað er eignaður geldfjárrekstur í Kolgrafafjörð.[173]

Máldagi Vilchins frá árinu 1397 fyrir kirkjuna að Staðarstað getur um stóðhrossabeit á Baulárvöllu, geldnautarekstur á Vatnaheiði, selför í Duggasdal (Dufgusdal) og stóðhrossabeit í Græntóar.[174]

Í Gíslamáldaga frá því um 1570 fyrir kirkjuna að Staðarstað kemur fram að kirkjan þar eigi geldfjárrekstur stóðhrossabeit á Baulárvöllum, geldnautarekstur á Vatnaheiði, geldfjárrekstur á Flautur, selför í Dufgusdal og stóðhrossabeit í svokallaðar „Græntóar“.[175]

---

166 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 90.
167 Skjal nr. 4(2), bls. 142.
168 Skjal nr. 2(7).
169 Skjal nr. 2(50), bls. 333–334.
170 Skjal nr. 4(62), bls. 1 og 11.
171 Skjal nr. 4(46).
172 Skjal nr. 4(47).
173 Skjal nr. 4(53).
174 Skjal nr. 4(48).
175 Skjal nr. 4(49).

Vísitasíur biskupa að kirkjunni á Staðarstað á árabilinu 1642–1891 vitna um að kirkjan þar eigi stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði, með fleiru.[176]

Sjá einnig kafla 5.2 um framangreinda máldaga og vísitasíur.

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Staðarsveit frá árinu 1714 segir að Staðarstaður sé kirkjustaður og beneficium. Jarðardýrleika er ekki getið. Í kafla Árna og Páls um Staðarstað er getið um stóðhrossabeit á Gaulárvöllum (Baulárvöllum), geldnautarekstur á Vatnaheiði sem og á svonefndar Flautur, selför í Duggusdal (Dufgusdal) og þá stóðhrossabeit á svokallaðar Græntóar, sem menn ætluðu að væru „í fjöllunum við Kellíngarskarð". Þar segir meðal annars eftirfarandi:

> **Stadarstadur**, kallast annars **Stadur á Ölduhrygg** og **Stadarstadur á Ölduhrygg** og **undir Ölduhrygg**. Stundum í fornsögum **Stadur á Snæfellsnesi**.
>
> Kirkjustaður og beneficium.
>
> […]
>
> Stóðhrossabeit á Gaulárvöllum brúkast enn nú.
>
> Geldnauta rekstur á Vatnaheiði, hún liggur fyrir vestan Kellíngaskarð, brúkast ennnú.
>
> Geldfjárrekstur á Flautur brúkast eigi um stundir.
>
> Selför í Duggusdal brúkast árlega.
>
> Stóðhrossabeit á Græntóar, þær atla menn í fjöllunum við Kellíngarskarð, en þykjast það ekki skýrlega vita.[177]

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir meðal annars eftirfarandi í kafla um Staðarstað:

> 1, Staðastaður; […]. Brauðið er metið 105 rd, 5 mk. 10 sk.
>
> […]
>
> Selstaðan í Döggfossdal, geldfjár upprekstur í Eyrarbotn og stóðupprekstur á Baulárvöllum hefir að nýjúngu eigi verið notað.[178]

Skrá yfir landamerki Staðarstaðarkirkjujarða, dagsett 7. maí 1885, varpar engu ljósi á fjalllendið milli Elliða og Lágafells, né heldur svæðið sem tekur til Baulárvalla.[179]

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um réttindi eða nýtingu Staðarstaðar innan kröfusvæðisins. Þess er getið nefnt að fjallland Staðarstaðar sé ekkert.[180]

### *5.11.3 Helgafell*

Í skrá Ögmundar ábóta Kálfssonar um kanokasetur og staðarforráð að Helgafelli, sem ársett er 1186, kemur ekkert fram um afréttarmálefni.[181]

---

176 Skjöl nr. 2(21)–2(29).
177 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 133–138.
178 Skjal nr. 4(2), bls. 159–160.
179 Skjal nr. 2(6).
180 Skjal nr. 2(50), bls. 317–318.
181 Skjal nr. 4(35).

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi er getið um kirkju að Helgafelli og klaustur en ekkert kemur þar fram um afréttarmálefni.[182]

Máldagar kirkjunnar að Helgafelli, sem og ýmsir aðrir skjallegir gjörningar á árabilinu 1250–1570 er varða umsvif, réttindi og eignir Helgafells, benda ekki til tengsla kirkjunnar þar við fjalllendið milli Elliða og Lágafells, né heldur við Baulárvelli og Vatnaheiðarsvæðið.[183] Um er að ræða eftirfarandi skjöl:

- Skrá, ársetta um 1250, um landamerki staðarins á Helgafelli, til móts við ýmsar jarðir, sem og um ítök staðarins og nokkurra annara jarða.[184]
- Máldaga sem Árni biskup Þorláksson setti um 1274 og varpar engu ljósi á afréttarmálefni kirkjunnar.[185]
- Máldaga fyrir rekum Helgafellsklausturs, fyrir sunnan heiði, frá því um 1280 og ítarlegar rekaskrár klaustursins frá 1355 og 1398.[186]
- Hítardalsbók sem getur klaustursins að Helgafelli árið 1367 en þar kemur ekkert fram er varðar kröfusvæðið.[187]
- Máldaga Helgafellsklausturs sem ársettur er 1377–1378, Vilchinsmáldaga frá 1397 og Gíslamáldaga frá því um 1570. Getið er fjölda jarða í eigu klaustursins en ekkert kemur fram um afréttarmálefni.[188]

25. júlí árið 1556 seldi Knútur hirðstjóri Steinsson Daða Guðmundssyni í Snóksdal á leigu Helgafellsklaustur og eignir þess. Ekkert kemur þar fram er varðar kröfusvæðið sem hér er til umfjöllunar.[189]

20. mars árið 1563 lagði Danakonungur það fyrir Eggert lögmann Hannesson að úrskurða um jarðir er gengu undan Helgafellsklaustri við siðbreytinguna. Ekkert kemur þar fram er varðar kröfusvæðið.[190]

Vísitasíur biskupa að Helgafellskirkju á árabilinu 1642–1891 vitna ekki um ítök, réttindi, nýtingu afmörkun eða eignarhald, hvað varðar fjalllendið milli Elliða og Lágafells, né heldur er minnst á Baulárvelli.[191]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Helgafellssveit frá árinu 1702 kemur ekkert fram í kaflanum um Helgafell, sem bendir til tengsla þess við kröfusvæðið.[192]

Í kafla um Helgafell í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 kemur ekkert fram um nýtingu Helgafells á svæðinu.[193]

---

182 Skjal nr. 4(62), bls. 1 og 12.
183 Skjöl nr. 4(36)–4(45) og 4(53).
184 Skjal nr. 4(36).
185 Skjal nr. 4(37).
186 Skjal nr. 4(38)–4(39) og 4(42).
187 Skjal nr. 4(53).
188 Skjal nr. 4(40)–4(41) og 4(45).
189 Skjal nr. 4(43).
190 Skjal nr. 4(44).
191 Skjöl nr. 2(12)–2(19).
192 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 316–318.
193 Skjal nr. 4(2), bls. 160–161.

Á manntalsþingi 18. maí 1850 friðlýsti presturinn á Helgafelli heimaland og allar eignir og ítök kirkjunnar, en þeirra var ekki getið.[194]

Fjöldi bréfagerða á árabilinu 1891–1910 er varða mat, virðingu og loks sölu Helgafells í Helgafellssveit geta hvergi um tengsl eða réttindi sömu jarðar við fjalllendið milli Elliða og Lágafells, né heldur við Baulárvelli.[195]

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um réttindi eða nýtingu Helgafells innan kröfusvæðisins. Nefnt er að fjallland Helgafells sé ekkert.[196]

### *5.11.4 Stykkishólmskirkja*

Þann 9. september árið 1882 gaf Egill Sveinbjarnarson Egilsson Stykkishólmskirkju Baulárvelli í Helgafellssveit. Gjörningurinn var þinglesinn í Stykkishólmi þann 13. júní árið 1883. Sjá nánar umfjöllun um Baulárvelli í kafla 5.3.[197]

Í prófastsvísitasíu að Stykkishólmskirkju 22. júní árið 1898 hermir að kirkjan þar eigi eyðijörðina Baulárvelli, og að til sé þinglesið gjafabréf fyrir þeirri eign:

> Kirkjan á aðeins eina fasteign, sem eru eyðijörðin Baulárvellir, og er til þinglesið gjafabréf fyrir þeirri eign.[198]

Í prófastsvísitasíu 10. október árið 1902 segir um eign Stykkishólmskirkju á Baulárvöllum: „Kirkjan heldur fasteign sinni, Baulárvöllum, óátalinni.“[199] Svipað orðalag er notað í prófastsvísitasíu 17. júní árið 1906.[200]

Í prófastsvísitasíu 12. júlí árið 1910 segir:

> Kirkjan á ekki aðra fasteign en Baulárvelli, og hefir nú um skeið haft samkvæmt samningi 24 kr. tekjur af þeirri eign.[201]

Í prófastsvísitasíu 21. desember árið 1913 segir eftirfarandi um eign Stykkishólmskirkju og leigu á Baulárvöllum:

> Hin eina fasteign kirkjunnar, Baulárvellir, er, að loknum leigutíma Guðmundar héraðslæknis Guðmundssonar, leigð honum að nýju fyrir sama eptirgjald, kr. 24,00 á ári.[202]

Einnig er leiga Baulárvalla til Guðmundar Guðmundssonar héraðslæknis nefnd í prófastsvísitasíu 3. september árið 1917.[203] Í prófastsvísitasíu 4. júní árið 1935 segir aftur á móti um kirkjuna og Baulárvelli: „Kirkjan á fasteign, jörðina Baulárvelli, sem er í eyði, og nytjalaus.“[204]

---

194 Skjal nr. 2(89).
195 Skjöl nr. 2(99)–(114).
196 Skjal nr. 2(50), bls. 43.
197 Skjal nr. 2(32).
198 Skjal nr. 2(42).
199 Skjal nr. 2(43).
200 Skjal nr. 2(44).
201 Skjal nr. 2(45).
202 Skjal nr. 2(46).
203 Skjal nr. 2(47).
204 Skjal nr. 2(48).

Í prófastsvísitasíu 14. júlí árið 1952 segir síðan:

> Kirkjan á enn jörðina Baulárvelli, sem er í eyði. Veiðiréttur jarðarinnar er leigður stangarveiðifélagi Stykkishólms, en upprekstrarland jarðarinnar er leigt Stykkishólmshreppi.[205]

[205] Skjal nr. 2(49).

# 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

## 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirliggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### *6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem fylgdu úrskurðum á svæðum 7B, 8A og 8B höfðu með sama hætti verið uppfærðar með umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Í úrskurðum á svæði 9A þótti ekki þörf á að uppfæra þær að nýju með efni úr úrskurðum á svæði 8B og ekki þykir heldur ástæða til að uppfæra þær nú með efni úr úrskurðum á svæði 9A. Sú útgáfa *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem hér fylgir í viðauka er því óbreytt frá þeirri sem birtist með úrskurðum á svæði 8B.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 6.3 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

### *6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum*

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði um sig hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir á svæði 9A, þ.e. Dalasýslu að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi, voru kveðnir upp 3. maí 2018. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem fyrr fyrir samtals 68 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Með lögum nr. 50/2016, um dómstóla, sem tóku gildi 1. janúar 2018, var Landsrétti komið á fót og verður dómum héraðsdómstóla á sviði þjóðlendumála nú áfrýjað þangað í stað Hæstaréttar áður. Engir dómar um þjóðlendumál hafa enn fallið í Landsrétti.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[206] Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur í Nesjum).

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Eins og þar kemur fram er greint frá því í Sturlubók *Landnámu* að Guðlaugur hinn auðgi hafi numið land frá Straumfjarðará til Furu, milli fjalls og fjöru, og búið í Borgarholti. Straumfjarðará rennur úr suðaustanverðu Baulárvallavatni til austurs út fyrir ágreiningssvæðið og þaðan til suðausturs til sjávar. Í sömu heimild segir að Þormóður og Þórður gnúpa, synir Odds hins rakka Þorviðarsonar, hafi numið land frá Gnúpá til Straumfjarðarár. Þórður hafi búið í Gnúpudal en Þormóður á Rauðkollsstöðum. Gnúpá er nú nefnd Núpá og rennur austan við Hafursfell og til sjávar um 11 km austan við ós Straumfjarðarár. Í Hauksbók *Landnámu* eru austurmörk landnáms þeirra bræðra þó sögð liggja vestar, þ.e. um Laxá en hún rennur vestan við Hafursfell og rennur svo til suðvesturs í Straumfjarðará gegnt ósi hennar.

Norðan við ágreiningssvæðið er Björn hinn austræni í Sturlubók *Landnámu* sagður hafa numið land milli Hraunsfjarðar og Stafár og búið í Bjarnarhöfn á Borgarholti. Hraunsfjörður er norðvestan við ágreiningssvæðið. Þar austur af er Berserkjahraun og Stafá rennur til norðurs austan þess. Í sömu heimild er Auðun stoti sagður hafa numið Hraunsfjörð allan fyrir ofan Hraun, milli Svínavatns og Tröllaháls, og búið í Hraunsfirði. Svínavatn heitir nú Selvallavatn og með Hrauni mun vera átt við Berserkjahraun. Tröllaháls er milli botna Hraunsfjarðar og Kolgrafafjarðar.

Af þessum frásögnum verður ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu langt inn til dala og upp til fjalla landnám hafi náð. Við mat á líkum á landnámi er m.a. til þess að líta að við suðurmörk ágreiningssvæðisins eru skörp skil milli fjalllendis og undirlendis og víðast hvar á ágreiningssvæðinu hallar vötnum frá landi þeirra jarða sem eru aðliggjandi. Þessi atriði eru til þess fallin að draga úr líkum á landnámi svæðisins. Á hinn bóginn er til þess að líta að Straumfjarðará, sem sögð er hafa afmarkað landnám Guðlaugs hins auðga að austanverðu, rennur úr Baulárvallavatni og um Dökkólfsdal sem er fremur láglendur og greiðfær. Þá eru aðeins um 13 km í beinni loftlínu frá útfalli Straumfjarðarár úr Baulárvallavatni að ósi hennar. Því

[206] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

er ekki sérstök ástæða til að ætla að staðnæmst hafi verið við landnám áður en komið var norður að vatninu. Að teknu tilliti til þessara atriða telur óbyggðanefnd að staðhættir og fjarlægðir mæli því ekki í mót að ágreiningssvæðið kunni að hafa verið numið.

## 6.3 Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla

### *6.3.1 Inngangur*

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þess er vísað til sem fjalllendisins milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla. Í málinu liggja fyrir kröfur af hálfu ýmissa annarra um að afmarkaðir hlutar svæðisins séu eignarlönd. Samanlagt taka þessar kröfur um eignarlönd til alls svæðisins og sumar þeirra skarast.

Þess er krafist af hálfu Stykkishólmskirkju að nyrsti hluti svæðisins, þ.e. Baulárvallavatn og land umhverfis það, teljist til nýbýlisins Baulárvalla sem stofnað hafi verið samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776[207] og sé háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli. Kröfur annarra gagnaðila ríkisins taka jafnframt til sama svæðis og krafa kirkjunnar, auk stærra svæðis þar sunnan við. Nánar tiltekið er þess krafist af hálfu eigenda Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar að allt land innan ágreiningssvæðisins sem er vestan Rauðsteinalækjar, Baulárvallavatns og Moldargilsár sé eignarland á þeim grundvelli að það sé innan sameiginlegra merkja jarðanna. Þá er þess krafist af hálfu eiganda jarðarinnar Dals að norðausturhluti kröfusvæðis kirkjunnar sé eignarland þeirrar jarðar, nánar tiltekið land austan Baulárvallavatns, frá Rauðsteinalæk í norðvestri að Straumfjarðará í suðri. Sunnan Baulárvallavatns, frá Moldargilsá í vestri og austur að Draugagilsá, er svæði sem gerð er krafa til af hálfu eiganda Elliða, auk kirkjunnar. Krafa eiganda Elliða tekur jafnframt til mun stærra svæðis sunnan suðurmarka kröfusvæðis Stykkishólmskirkju, allt suður að suðurmörkum kröfusvæðis íslenska ríkisins á háeggjum fjallsins Elliða. Austan Draugagilsár er nyrst svæði sem krafist er sem eignarlands bæði af hálfu Stykkishólmskirkju og eigenda Ytra-Lágafells og þar austan við er svæði sem eigandi Hofsstaða gerir kröfu til sem eignarlands, auk kirkjunnar. Varakrafa eigenda Syðra-Lágafells tekur einnig til þessara tveggja síðastnefndu hluta ágreiningssvæðisins.

Kröfur vegna Ytra-Lágafells og Hofsstaða taka jafnframt til mun stærra svæðis innan marka þjóðlendukröfu ríkisins, sunnan við suðurmörk þess svæðis sem krafa Stykkishólmskirkju tekur til. Aðalkrafa eigenda jarðarinnar Syðra-Lágafells tekur einnig til bróðurparts þess hluta kröfusvæðis íslenska ríkisins sem kröfur eigenda Ytra-Lágafells og Hofsstaða ná til og liggur sunnan suðurmarka kröfusvæðis Stykkishólmskirkju en skarast þó ekki við kröfur kirkjunnar. Varakrafa þeirra nær þó til hluta af því svæði sem krafa kirkjunnar tekur til, norðan þess svæðis sem aðalkrafan lýtur að, austan

[207] Um er að ræða tilskipun Kristjáns VII Danakonungs sem bar yfirskriftina „Forordning um fríheit fyrir þá, sem vilja upp taka eyðijarðir eða óbygð pláz á Íslandi“.

Draugagilsár, norður að Baulárvallavatni og Straumfjarðará og austur að kröfulínu ríkisins. Varakrafan vegna Syðra-Lágafells tekur þannig til stærra svæðis en aðalkrafan vegna jarðarinnar. Hún er þó gerð að geymdum betri rétti Stykkishólmskirkju, þ.e. ef óbyggðanefnd fellst ekki á aðalkröfu kirkjunnar um beinan eignarrétt á landi Baulárvalla.

Óumdeild eignarlönd jarðanna Horns og Selvalla, Hraunsfjarðar, Dals, Elliða, Ytra-Lágafells, Syðra-Lágafells og Hofsstaða liggja að þeim hlutum þjóðlendukröfusvæðisins sem kröfur vegna jarðanna varða. Fjöldi jarða liggur aftur á móti milli þéttbýlisins í Stykkishólmi, þar sem Stykkishólmskirkja stendur, og ágreiningssvæðisins. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til 3. kafla og meðfylgjandi úrskurðarkorts.

Baulárvallavatn er nærri norðurmörkum ágreiningssvæðisins í 191 m hæð yfir sjávarmáli. Vestan þess rís Vatnafell nokkuð skarpt upp í 345 m hæð, milli Baulárvallavatns og Hraunsfjarðarvatns sem er í 207 m hæð. Vatná rennur til austurs milli vatnanna, sunnan Vatnafells. Heiðin þar sem vötnin eru nefnist Vatnaheiði og á það örnefni við um stærra svæði en einungis ágreiningssvæðið. Norðan Hraunsfjarðarvatns, sem er við norðvesturmörk ágreiningssvæðisins, gnæfir strýtumyndað fellið Horn, 406 m hátt, og er samnefnd jörð kennd við það. Rauðsteinalækur eða Rauðalækur rennur í Baulárvallavatn að norðanverðu, Moldargilsá að suðvestanverðu og Baulá og Draugagilsá að sunnanverðu. Straumfjarðará rennur aftur á móti úr vatninu til suðausturs um Dökkólfsdal, sem er við austurmörk ágreiningssvæðisins, og áfram til suðausturs skammt vestan við bæjarstæði Dals en austan við bæina Hrísdal og Hofsstaði áður en hún kemur til sjávar við Löngufjörur. Hvanngil er á norðvesturmörkum ágreiningssvæðisins og um það rennur á til norðausturs í suðaustanvert Hraunsfjarðarvatn. Suður af upptökum Hvanngils er klettaborgin Breiðaborg í um 600 m hæð og þar suður af er Kjósarhryggur í yfir 700 m hæð, ofan við upptök Moldargilsár. Moldarmúli er austan Moldargilsár en vestan Baulár, nokkurn veginn beint suður af Vatnafelli. Austan Baulár eru Draugagil, Draugatjarnir og Rauðhólar, en þar austur af er Baulárvallavegur og svo Draugagilsá norðan vatnaskila en suður af Baulárvallavegi og sunnan við ágreiningssvæðið er Markgil, milli lands Elliða og Syðra-Lágafells. Þar eru sveitarfélagamörk Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar og þar voru áður sýslumörk milli Snæfellsnessýslu og Hnappadalssýslu. Austan Baulárvallavegar og Draugagilsár en vestan Dökkólfsdals er Urðarmúli sem nær allt frá gilinu sem Vallná rennur um til austurs að sunnanverðu og norður á Urðarmúlahorn sem er skammt frá þeim stað þar sem Straumfjarðará rennur úr Baulárvallavatni.

Að sunnanverðu er Urðarmúli í meira en 300 m hæð yfir sjávarmáli en lægri að norðanverðu. Nærri suðurmörkum ágreiningssvæðisins gnæfa Elliðatindar sem rísa þar hæst í 864 m hæð. Land rís mjög skarpt upp til norðurs ofan við þann stað þar sem bærinn á Elliða stóð, upp þverhníptan Elliðahamar og í Elliðatinda þar ofan við. Austan við Elliðatinda en sunnan við gilið sem Vallná rennur um til austurs er Lágafellsháls og upp úr honum rís Djúpagilsborg í 260 m hæð, syðst á ágreiningssvæðinu. Vestan í Lága-

fellshálsi er Djúpagil en um það lá áður alfaraleið til Stykkishólms. Suður af Lágafellshálsi eru Þrengsli sem Þrengslalækur rennur um til austurs og sunnan við hann er Lágafellshyrna, 230 m há, utan ágreiningssvæðisins. Bæjarstæði Ytra-Lágafells og Syðra-Lágafells eru vestan við Lágafellshyrnu.

Frá þeim stað þar sem bærinn á Horni stóð eru rúmir 2 km í beinni loftlínu til suðausturs að toppi samnefnds fjalls en rúmir 4 km í sömu stefnu að norðvesturhorni Baulárvallavatns. Bæjarstæði Selvalla var norðan fjallsins Horns en sunnan Selvallavatns en frá þeim stað þar sem bærinn á Selvöllum stóð eru rúmir 2 km að sama stað á norðvesturbakka Baulárvallavatns. Bærinn í Hraunsfirði stóð skammt sunnan við bæinn á Horni og eru vegalengdir þaðan að fjallinu Horni og Baulárvallavatni því svipaðar og áður greinir varðandi Horn. Þá eru tæpir 4 km frá fyrrum bæjarstæði Hraunsfjarðar að þeim stað þar sem áin í Hvanngili rennur í Hraunsfjarðarvatn. Frá fyrrum bæjarstæði Elliða er tæplega 1 km í beinni loftlínu að suðurmörkum ágreiningssvæðisins en aftur á móti tæpir 6 km norður að Baulárvallavatni sem er við norðurmörk þess svæðis sem krafa er gerð til vegna Elliða. Frá bæjarstæði Ytra-Lágafells er innan við 1 km til norðausturs að suðurmörkum ágreiningssvæðisins vestur af Þrengslum en tæpir 7 km norður að Baulárvallavatni. Frá bæjarstæði Syðra-Lágafells er um 1 km að ágreiningssvæðinu og rúmir 7 km að vatninu. Frá bæjarstæði Hofsstaða eru um 2 km til norðvesturs að ágreiningssvæðinu en um 8 km að Straumfjarðará við Urðarhausa, suðaustan við Baulárvallavatn, sem norðurmörk kröfusvæðis vegna Baulárvalla eru miðuð við. Frá bæjarstæði Dals eru tæpir 7 km til norðvesturs í beinni loftlínu að þeim stað þar sem Straumfjarðará rennur úr Baulárvallavatni en um 9 km að norðurenda óumdeilds eignarlands Dals í Kerlingarskarði austan Hafrafells.[208]

### *6.3.2 Sjónarmið aðila*

Verða nú sjónarmið aðila málsins rakin, fyrst sjónarmið íslenska ríkisins og að því búnu sjónarmið gagnaðila þess, hvers um sig. Eins og að framan er rakið er þess krafist af hálfu Stykkishólmskirkju og eigenda þeirra jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu að einstakir hlutar þess séu háðir beinum eignarrétti. Gerðar eru slíkar kröfur til alls ágreiningssvæðisins og sumar þeirra skarast.

#### *6.3.2.1 Íslenska ríkið*

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, hvað varðar þjóðlendukröfur á Snæfellsnesi, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign

[208] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafnanna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, ef svæðin hafa verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðanna á Snæfellsnesi teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, ef beinn eignarréttur hefur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitarsvæði, einkum til sumarbeitar fyrir sauðfé.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrt tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna og/eða staðhættir bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra. Í þessu sambandi sé þess getið að kröfulýsingin taki enn fremur til svæða sem virðist utan merkjalýsinga aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra.

Á einu svæði á Snæfellsnesi fari kröfulína íslenska ríkisins inn fyrir merkjalýsingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Sé þá á því byggt að slík bréf, þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar á beinum eignarrétti. Sé þá einkum litið til þess að lýsingar í landamerkjabréfum séu oft ónákvæmar og styðjist hvorki við eldri ritaðar heimildir né heimildir um nýtingu lands og/eða landfræðilegar aðstæður að öðru leyti. Hvað þetta varðar sé vísað til þeirrar meginreglu sem hafi verið mótuð með dómum Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og síðan ítrekuð í mörgum dómum réttarins í þjóðlendumálum, þess efnis að með gerð landamerkjabréfs geti landeigandi ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt sinn umfram það sem verið hafi

og að landamerkjabréf, eitt og sér, teljist ekki nægjanleg sönnun fyrir eignarrétti landeiganda, séu bornar brigður á þann rétt.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins almennt vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar eru á vefsíðu nefndarinnar.

Hvað varðar sérstaklega ágreiningssvæði þessa máls kemur fram af hálfu íslenska ríkisins að punktar nr. 1–6 í kröfulínu þess séu lýsing á fjalllendi Elliða, sbr. yfirlýsingu um landamerki jarðarinnar frá 1. janúar 1964 og korti sem hafi fylgt henni. Faxasteinn (punktur nr. 1) sé jafnfram hornmark jarðarinnar Elliða gagnvart Furubrekku, sbr. landamerkjabréf dags. 7. maí 1885. Þá séu punktar 7–11 á kröfulínu ríkisins úr útmælingu Baulárvalla og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar fyrir Baulárvelli, dags. 6. apríl 1847. Punktur 12 í kröfulýsingunni sé hornpunktur, samkvæmt áðurnefndri útmælingu og lögfestu fyrir Baulárvelli, landamerkjabréfi Hofsstaða, dags. 2. janúar 1890 og yfirlýsingu um landamerki Lágafells og Hofsstaða, dags. í apríl 1964, sem nái til fjalllendis jarðanna. Óljóst sé um staðsetningu punkta 14 og 15 en til þeirra sé vísað í áðurnefndu landamerkjabréfi Hofsstaða, dags. 2. janúar 1890. Þá sé Frakkaskarð á merkjum milli Syðra-Lágafells og Hofsstaða, sbr. landamerkjabréf Syðra-Lágafells, dags. 30. desember 1888. Punktur 17, Markgil, sé samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar Elliða, dags. 29. desember 1888, hornmark gagnvart Ytra-Lágafelli. Merkjalýsingin í bréfi Elliða frá 1888 nái ekki lengra norður en að Faxasteini (1) að vestanverðu og Markgili (17) að austanverðu. Frá punkti nr. 15 í Frakkaskarði og að punkti 17 liggi kröfulínan eftir fjallseggjum og yfir Djúpagil, punkt 16. Kröfulínan skeri Djúpagil þar sem hún sé dregin vestur og norður eftir fjallseggjum milli punkta 15 og 17.

Íslenska ríkið byggir á því að af heimildum um Baulárvelli og landsvæðið þar í kring megi ráða að fjalllendi Elliða, Lágafells og Baulárvalla hafi verið nýtt til upprekstrar og afréttarnota fram eftir öldum. Svæðið hafi nær eingöngu verið haft til slíkra nota. Þá komi fram í heimildum frá 19. öld að stofnað hafi verið nýbýli með tilgreindum landamerkjum á landsvæði sem kallað sé Baulárvellir. Í umfjöllun um Baulárvelli í *Árbók* Ferðafélags Íslands árið 1986 komi fram að Baulárvellir hafi verið stofnaðir úr landi aðliggjandi jarða í óþökk eigenda þeirra. Ríkið telji að fyrirliggjandi heimildir skeri ekki úr um hvort sú nýbýlisstofnun teljist uppfylla skilyrði nýbýlatilskipunar um landnám og byggingu eyðijarða frá 15. apríl 1776. Byggingarbréf liggi ekki fyrir en þess sé þó getið í dómabók Snæfellsnessýslu 15. ágúst 1823 að það hafi verið lesið upp. Hins vegar liggi fyrir útmæling á landi Baulárvalla, dagsett 7. júlí 1823, og lögfesta sama efnis, dagsett 6. apríl 1847, þar sem landamerkjum Baulárvalla sé lýst.

Lýsingar í landamerkjabréfi Dals, dagsettu 28. september 1887, og landamerki Baulárvalla samkvæmt framangreindri útmælingu og lögfestu fari ekki saman. Dalur lýsi merkjum inn að Baulárvallavatni og þannig inn fyrir landamerki Baulárvalla samkvæmt útmælingunni og lögfestunni. Við fyrrgreinda útmælingu á Baulárvöllum hafi

Narfi Þorleifsson frá Dal lýst því að hann ætti ekkert tilkall til lands vestan við Straumfjarðará og Baulárvallavatn en að merki Dals hefðu verið talin ná til Rauðalækjar. Fyrir því hafi hann hins vegar ekki haft nein skrifleg gögn.

Það sama eigi við um landamerkjabréf Horns með Selvöllum, dagsett 27. maí 1889, þ.e. landamerkjalýsing Horns fyrir Selvöllum nái að Baulárvallavatni og þannig inn fyrir lýsingu í útmælingu og lögfestu Baulárvalla. Við fyrrgreinda útmælingu hafi Sigurður Sigurðsson frá Horni mætt og borið þar að hann ætti ekkert tilkall til lands í Baulárvalla „óbyggð" en að gamlir menn segðu að ábýlisjörð hans ætti að Vatnaá sem félli milli Hraunsfjarðar og Baulárvallavatns og þaðan í Rauðalæk en fyrir því hefði hann engar skriflegar heimildir. Ekki liggi fyrir eldri landamerkjalýsingar fyrir Dal og Horn.

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir jörðina Elliða, dags. 29. desember 1888, nái merki jarðarinnar ekki norðar en að Faxasteini að vestanverðu og Markgili að austanverðu, sbr. til hliðsjónar yfirlýsingu eiganda Elliða við útmælingu Baulárvalla. Sé litið til lýsingar í landamerkjabréfi Elliða megi sjá að nokkurt landsvæði sé milli jarðarinnar og að mörkum Baulárvalla samkvæmt lýsingum í útmælingu og lögfestu þeirra, sem fyrirliggjandi landamerkjalýsingar nái þannig ekki til. Með yfirlýsingu um landamerki jarðarinnar Elliða, dags. 1. janúar 1964, hafi eigandi Elliða, Kristján Elíasson, lýst og lögfest landamerkjum jarðarinnar að því er varðar fjalllendi hennar, upp að Baulárvallavatni. Ljóst sé að lýsing Kristjáns sé ekki í samræmi við yfirlýsingu Finns Þórðarsonar frá Elliða við útmælingu Baulárvalla 7. júlí 1823, þess efnis að ábýlisjörð hans eigi ekkert tilkall til Baulárvalla að öðru leyti en að landsvæðið hafi verið nýtt til afréttar af honum og öðrum í Staðarsveit.

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Lágafell (Ytra), dagsettu 29. desember 1888, sé merkjum lýst nyrst að Merkjagili (Markgili) og svo segi: „… en landamerki veit maður ekki glögg fyrir fjall landinu en sem þó ættu að fást ef máldagar eru til fyrir því."

Eldri lýsingar á landamerkjum jarðanna Elliða og Lágafells megi finna í vitnisburði frá því um 1380. Þær lýsingar séu í samræmi við lýsingar á landamerkjum jarðanna í landamerkjabréfum þeirra frá 1888. Að mati íslenska ríkisins verði þannig ekki ráðið að jarðirnar Elliði og Lágafell hafi átt eignarréttarlegt tilkall til fjalllendisins norðan jarðanna og að Baulárvallavatni. Með hliðsjón af framangreindu geti yfirlýsing Kristjáns Elíassonar frá 1. janúar 1964 að mati íslenska ríkisins ekki verið til stuðnings kröfu um beinan eignarrétt. Í kröfulýsingu eiganda Elliða sé til stuðnings kröfu hans um beinan eignarrétt m.a. vísað til þess að jarðeignadeild íslenska ríkisins hafi undirritað framangreinda landamerkjalýsingu Kristjáns frá 1964, án þess að þýðing þess sé nánar rakin í kröfulýsingunni. Af hálfu íslenska ríkisins sé byggt á því að líta verði svo á að í samþykki jarðeignadeildar hafi einungis falist samþykki á merkjum milli tilgreindra landsvæða en ekki viðurkenning á beinum eignarrétti.

Með vísan til framangreinds telji íslenska ríkið óljóst hvort nýbýlisstofnun hafi uppfyllt skilyrði nýbýlatilskipunar og Baulárvellir teljist þannig löglega stofnað nýbýli.

Ekkert hafi komið fram í málatilbúnaði gagnaðila eða greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sem varpi frekara ljósi á það. Þá liggi ekki fyrir hvort hluti landsvæðis sem afmarkað hafi verið Baulárvöllum í útmælingu 1823 og lögfestu 1847 hafi verið eignarland Horns með Selvöllum annars vegar og Dals hins vegar en eldri landamerkjalýsingar fyrir jarðirnar liggi ekki fyrir. Þó verði að líta til yfirlýsinga eigenda þeirra jarða við útmælingu Baulárvalla um að þeir gerðu ekki tilkall til landsvæðisins og jafnframt að þeir hefðu ekki skrifleg gögn fyrir því að landamerki jarða þeirra næðu að Baulárvallavatni.

Hins vegar telji íslenska ríkið að fyrir liggi að jarðirnar Elliði og Lágafell hafi ekki átt eignarréttarlegt tilkall til landsvæðis norðan jarða þeirra og að Baulárvallavatni. Landsvæði það falli að hluta til innan fyrrgreindrar útmælingar og lögfestu Baulárvalla og þannig sé óljóst hvort þar sé um að ræða eignarland eða þjóðlendu að mati íslenska ríkisins.

Þá sé landsvæðið sem afmarkað er í fyrrgreindri útmælingu og lögfestu einnig innan landamerkja jarðanna Horns með Selvöllum og Dals, og þannig óljóst hvort sá hluti svæðisins sé eignarland Baulárvalla, Horns með Selvöllum og/eða Dals eða hvort um þjóðlendu sé að ræða. Því sé gerð krafa til landsvæðisins með vísan til þessa.

### *6.3.2.2 Stykkishólmskirkja*

Af hálfu Stykkishólmskirkju er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.

Á því er byggt að landsvæðið sem hér er deilt um eignarrétt á sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt, og því séu ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa kirkjunnar byggist á þinglýstum landamerkjabréfum fyrir jarðirnar Lágafell, Elliða, Horn og Dal, og örnefnaskrám fyrir jarðirnar, leyfisbréfi nýbýlisins frá árinu 1823, útmælingargjörð fyrir nýbýlið frá sama ári, lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 1847 og afsalsbréfi útgefnu 9. september 1882, auk ýmissa eldri heimilda.

Hinn 15. ágúst 1823 hafi verið gefið út leyfisbréf fyrir nýbýli til handa Grími Pálssyni, prófasti á Helgafelli. Kröfugerð kirkjunnar sé í samræmi við útmælingu Baulárvalla frá 7. júlí 1823 ásamt lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 6. apríl 1847 þar sem landamerkjum sé lýst á sama veg en hann hafi keypt jörðina árið 1844. Af útmælingunni verði ekki betur ráðið en að býlið hafi verið stofnað með heimild í 4. gr. nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 sem nýtt og sjálfstætt býli, óháð öðrum jörðum. Útmælingargjörðinni, sem kallist forrétting í tilskipuninni, hafi að auki verið þinglýst 28. maí 1824 og ætlað með því, eins og segi í 6. gr. tilskipunarinnar, að álítast og gilda sem viss og óbrigðul heimild.

Í þessu sambandi verði að horfa til þess hvernig staðið hafi verið að útvísun landsins, þ.e. hvort það hafi verið talið liggja undir einhverja aðra jörð eða fasteign og vera þannig hjáleiga viðkomandi jarðar en ekki sjálfstæð jörð. Í því skyni að sannreyna þetta hafi verið skylt að auglýsa fyrirhugaða útmælingu og síðan skora á alla nálæga búendur að mæta við útmælinguna og halda fram rétti sínum gagnvart sýslumanni og útmælingamönnum sem skyldu vera „ópartískir og skynsamir dánumenn".

Í útmælingargerðinni hafi fyrst verið rakið hvenær útmælingarétturinn var settur að Baulárvöllum, greint frá því að boðað hafi verið til hans með réttum hætti, hverjir útmælingarmenn væru og þeir því næst eiðfestir fyrir guði. Fram komi að nábýlismenn hafi verið boðaðir á vettvang og því næst tekið að rekja vitnisburð þeirra um réttindi í landi.

Þar segi:

> Frá Staðarsveit mætti prófastur Herra Guðmundur Jónsson á Staðastað sem framleggur útskrift af Vilchins máldaga um ítök þau sem Staðastaðarkirkja á í Baulárvallalandi. Finnur Þórðarson frá Elliða framfærði munnlega að ábýlisjörð sín ekkert tilkall ætti til Baulárvalla utan að þeir frá henni ásamt öðrum jörðum í Staðarsveit hafi brúkað Baulárvelli um langa tíma til afréttar sem annars væri mesti skortur á. Fleiri mættu ekki frá Staðarsveit. Frá Miklaholtshrepp mættu bóndinn Narfi Þorleifsson frá Dal sem framfærði munnlega að hann ekkert tilkall ætti til lands vestanverðu Straumfjarðarár og Baularvallavatns, en Dalsland hefði hingað til verið kallað til Rauðalækjar sem tæki sig upp hjá Þrívörðum og félli í Baulárvallavatn að austanverðu en fyrir þessu geti hann þó ekkert skriflegt löglegt bevís fært. Frá Helgafellssveit mættu bóndinn Jón Þórðarsson frá Berserkjarhrauni sem framlagði skriflegt skjal undir sínu eigin nafni um landamerki ábýlisjarðar sinnar, sem hann bað um að staðfest yrði ef þörf gerðist, það upplesið og markað, ásamt Sigurði Sigurðssyni á Horni sem munnlega fram bar að hann ætti ekkert tilkall til lands í Baulárvalla óbyggð en gamlir menn segðu ábylisjörð sína land eiga að Vatnaá sem félli á milli Hraunsfjaðar og Baulárvallavatns og þaðan í Rauðalæk en ekkert skriflegt authentískt bevís kynni hann þar fyrir að færa. Fleiri nábýlismenn mættu ekki.

Í síðasta hluta úttektarinnar er lýst forsendum landamerkjanna að nokkru. Þar segi:

> Enn þar ed útmælingarmennirnir álitu beitelanded, medfram og einkum vegna ítaka Stadastada kirkiu ítaka, miög so ónóg fyrir þann, eptir nýbýlisins slægnalands magni áqvedna qvikfenad, ad sunnanverdu Baulárvallavatns, án þess miög svo ad útiloka Stadarsveitínga frá gelldpenings uppreksti edur afrettar tilkalli framvegis á hér nærliggiandi Fiallalendum, svo hlaut nýbýlinu hiklaust ad tilleggiast til beitarlandsins vidurkauka nockra landeygn nordan vatned af Eydelande því er ábúendur Horns og Dals ad sönnu villdu ábýlum sínum tileigna og mótmæltu ad útmælt væri af til nýbýlisins, enn sem ei kunni tilgreina ad takast, þar þeir hvörke gátu nockra máldaga edr önnur löggyld skilríki fyrir því sýnt ad jarder þeirra ættu land þad, þótt endrum og sinnum eitthvad brúkad hefdu, og ei heldur halladi vötnum þadan ofan ad löndum þeirra, enda siást engin merki um ad landid hafi um langan tíma yrkt vered. og vard því ad alítast teked af ódýrkudu óbygdarlandi, sem enginn kynni sér ödrum fremur loglega ad tileinka, eins lítid sem siálfa Baulárvelli sunnann vatnid.

Af framangreindu sé ljóst að skilyrðum tilskipunarinnar fyrir því að um sjálfstæða jörð væri að ræða hafi verið fullnægt hvað útmælinguna varðar. Skorað hafi verið á alla nálæga búendur að mæta við útmælinguna og halda fram rétti sínum. Þeir sem það hafi gert hafi samkvæmt framansögðu ekki haft nein löggild skilríki fyrir því að jarðir þeirra

ættu landið sem um ræðir, þótt þeir hefðu notað það endrum og sinnum ásamt því að engin merki hafi sést um að landið hefði um langan tíma verið yrkt. Hafi það því verið álitið einskis manns land rétt eins og annað land Baulárvalla fyrir útmælingu jarðarinnar samkvæmt tilskipuninni.

Verði því að telja að þessi gögn beri með sér að allt landið innan framangreindrar kröfulýsingar, sem er í samræmi við útmælingu bréfsins og lögfestuna, tilheyri Baulárvöllum, en ekki aðliggjandi jörðum.

Vakin sé athygli á því að nú sé rekið mál fyrir dómstólum þar sem krafist sé viðurkenningar á því að rétt landamerki jarðarinnar Baulárvalla í Eyja- og Miklaholtshreppi gagnvart aðliggjandi jörðum séu samkvæmt útmælingargjörð fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 1847, með sama hætti og gerð sé krafa um hér.

Að því leyti sem landamerkjabréf aðliggjandi jarða Baulárvalla séu ósamrýmanleg eldri heimildum um landsvæði þau sem um ræði hafi eigendur þeirra jarða einhliða fært út landamerki jarða sinna yfir landsvæði jarðarinnar Baulárvalla. Eins og Hæstiréttur hafi margítrekað í úrlausnum sínum geti eigandi jarðar ekki aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hefur, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Biskupstungur) og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (land aðliggjandi Ölfusafrétti). Það sé þannig ekki á valdi eiganda jarðar að auka með landamerkjabréfi við land sitt eða annan rétt umfram það sem áður hefur verið. Þessi landsvæði tilheyri samkvæmt eldri heimildum Baulárvöllum en ekki aðliggjandi jörðum.

Landamerkjabréf jarðarinnar Horns og Selvalla frá 30. apríl 1889 virðist við fyrstu sýn frábrugðið landamerkjabréfum hinna jarðanna að því leyti að sóknarnefnd kirkjunnar hafi undirritað það bréf fyrir hönd kirkjunnar sem eigandi Baulárvalla. Kirkjan telji hins vegar að sóknarnefndin hafi skrifað undir bréfið í þeirri villu að bréfið samrýmdist eldri heimildum sem lágu til grundvallar eignarrétti á jörðinni Baulárvöllum, og hafi því ekki ætlað sér með undirritun sinni að gefa eftir landsvæðið sem eigendur hinna aðliggjandi jarða hafi einhliða fært jarðir sínar fram um. Í samræmi við þetta hafi bréfinu verið þinglýst með þeirri athugasemd af hálfu embættisins að það hefði ekki borið landamerkjalýsinguna saman við eldri heimildarskjöl varðandi þar greint landsvæði. Samkvæmt afsali frá 9. september 1882, sem hafi falið í sér gjafagerning Egils Sveinbjarnarsonar Egilsson til handa kirkjunni um jörðina, hafi verið lögð sú kvöð á jörðina að hún yrði aldrei seld frá kirkjunni og hana mætti aldrei veðsetja, hvorki í kirkjunnar þarfir né annarra. Kirkjan telji því að þrátt fyrir að sóknarnefndin hafi undirritað landamerkjabréf Horns og Selvalla frá 30. apríl 1889, þá hafi kirkjan ekki haft heimild til að gefa eftir eignarrétt sinn yfir jörðinni vegna þeirrar kvaðar sem á henni hvíli samkvæmt fyrrnefndu afsali. Því hafi undirskriftin enga þýðingu í þessu tilliti og það bréf verði því að skoðast líkt og hin bréfin sem séu öll óundirrituð af hálfu

kirkjunnar og því einhliða gerningar eigenda þeirra jarða sem fái ekki staðist sem eignarheimildir fyrir umræddum landsvæðum.

Samkvæmt framansögðu telji kirkjan að fyrirliggjandi heimildir sýni fram á að land það sem um ræði tilheyri eyðijörðinni Baulárvöllum, rétt eins og kveðið hafi verið á um í framangreindri útmælingu frá árinu 1823 og lagt hafi verið til grundvallar í lögfestunni frá árinu 1847.

Kennileiti sem kirkjan vilji miða við séu staðfest af Ásgeiri Gunnari Jónssyni og Sigurþóri Hjörleifssyni, sem meðal annars hafi í áratugi frá æsku smalað landið með kunnugum mönnum og þekki alla staðhætti vel. Þeir hafi gengið land Baulárvalla og hnitsett landamerki samkvæmt örnefnum og vörðum sem vísað sé til í landamerkjaskrám.

Þá byggi kirkjan á því að við túlkun þeirra landamerkjabréfa sem hér eigi í hlut verði að horfa heildstætt á þau og meta þau í ljósi eldri heimilda og með hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum og örnefnum. Þá er byggt á því að miðlína vatnsfalls á landamerkjum ráði mörkum ef vatnsföll deila.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu sé ljóst að allt land jarðarinnar sé háð beinum eignarrétti. Samkvæmt framangreindum heimildum hafi kirkjan óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan framangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum Baulárvalla, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum kirkjunnar hafi verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild verði talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar í dómasafni 1961, bls. 629. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land kirkjunnar sé ekki fullkomin eign hennar.

Vísað er til uppdráttar frá 30. september 2015, sem fylgdi kröfulýsingunni, þar sem merki jarðarinnar komi fram. Ásgeir Gunnar Jónsson, sem sé mælingamaður búsettur í Stykkishólmi og ættaður af svæðinu, hafi mælt landið og hnitsett uppdráttinn. Hann hafi stuðst við gjafabréfið sjálft, landamerkjaskrá samkvæmt útmælingargjörð fyrir jörðina, örnefnaskrár og landamerkjabréf fyrir jarðirnar Lágafell, Elliða, Horn og Dal. Þá hafi við gerð kortsins einnig verið byggt á munnlegum heimildum frá Sigurþóri Hjörleifssyni í Stykkishólmi sem sé uppalinn á svæðinu og hafi smalað landið frá barnsaldri um áratugaskeið með staðkunnugum bændum á svæðinu.

Málskostnaðarkrafa sé byggð á 17. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnar-

skrárinnar, einkum 72. gr. hennar. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar og reglna um hefð.

*Mótmæli við kröfulýsingu ríkisins*

Því er haldið fram af hálfu kirkjunnar að allt land á Snæfellsnesi hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi og tilheyrt ákveðnum jörðum. Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið námi lands til eignar. Land Baulárvalla sé greinilega allt innan landnáms og byggt hafi verið á því alla tíð.

Hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti virðist úr lausu lofti gripnar og þær stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst sé að framan. Samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land á svæðinu hafi verið háð beinum eignarrétti. Ef eignarréttur að því hafi fallið niður af einhverjum ástæðum hafi beinum eignarrétti að minnsta kosti verið fyrir að fara frá stofnun nýbýlisins Baulárvalla árið 1823.

*Almennt um eignarrétt*

Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigendur að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu hafi af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum hvernig farið hefði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum

um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (Papamichalopoulos o.fl. gegn Grikklandi), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (fyrrum Grikklandskonungur o.fl. gegn Grikklandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (Beyeler gegn Ítalíu).

Þá byggi kirkjan einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær séu byggðar á sanngjörnu og réttlætanlegu trausti á réttargerningi sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (Pine Valley Developments Ltd. o.fl. gegn Írlandi), dóms MDE frá 24. júní 2003 (Stretch gegn Bretlandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (Kopecký gegn Slóvakíu).

*Land innan landamerkja*

Af hálfu Stykkishólmskirkju er vísað til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt landeigenda Baulárvalla í gegnum tíðina. Sérstaklega er vísað til leyfisbréfs fyrir nýbýlið sem gefið hafi verið út 15. ágúst 1823 til handa Grími Pálssyni, prófasti á Helgafelli, og þess sem segi um landamerki Baulárvalla í útmælingargjörð fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823. Þar segi m.a.:

> Í Landsudur rædur Urdarmúlahorn, sem næst skagar Straumfiardará og eptir sem Brún hanns rædur til útsudurs í klettahnúk þann er kallast Stackur. sem er í Hádegisstad ad siá frá bæarstædinu. þaðan í vestur í vörðu þá sem nefnist Södulsborg, þadan í einstakan stórann stein sem stendur á landsudurs sídu Moldarmúla, þadan Siónhending vestur í efstu Fossa, sem falla frá Fiöllum í austari Breiddalsbotna, þadan í vörðu sem stendur á klettaborg kipp korn austan Hvanngil, og svo í Gilid. Sídan rædur Hvanngil, sem rennur(r) ofan eptir sokolludum vestari Breiddal landi fyrir vesturátt uns þad fellur í Hraunsfiardarvatn, þadan Siónhending yfir vatnshorned í útnordur horn á Vatnafelli, þaðan frá til nordurs í vördu á Griótborg þeirri er kallast Kista. Sídan ráda vordur fyrir nordri til austurs eptir vatnahryggium ad Raudalæk, og þadan austur eptir Vatnamýrar Breckum í stóra vördu er stendur á Breckna brúninni þar sem fyrst hallar vötnum til landsudurs ofan ad Dugfúsdal og svo úr tjádri vördu Siónhending til Sudurs í ádurnefnt Urdarmúlahorn. Á öllum framannefndum ørnefnum eru vördur hladnar í hvöriar vidarkol eru nidursett.

Einnig er vísað til lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 6. apríl 1847 fyrir eignarjörðinni Baulárvöllum þar sem landamerkjum sé lýst á sama veg en hann hafi keypt jörðina árið 1844.

Hér að framan er gerð nánari grein fyrir sjónarmiðum sem varða útmælingargjörðina, lögfestuna og landamerki annarra jarða.

Að mati kirkjunnar virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Líklegt verði að telja að landsvæði það sem um ræðir sé innan marka upphaflegs landnáms á Snæfellsnesi. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki

rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það. Aftur á móti virðist eignarréttur á því hafa týnst þar sem aðliggjandi jarðir hafi engin löggild skilríki getað lagt fram fyrir því að þeim tilheyrði landið sem um ræðir, *þótt fram komi að þeir hafi notað það endrum og sinnum ásamt því að engin merki hafi sést um að landið hefði um langan tíma verið yrkt*. Um þetta megi einnig vísa til þess sem segir í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsnes árið 1839 um að afréttur hafi verið á Baulárvöllum áður en þar var stofnað nýbýli. Hafi það því verið álitið einskis manns land, rétt eins og annað land Baulárvalla fyrir útmælingu jarðarinnar samkvæmt tilskipuninni. Beinum eignarrétti hafi þó að minnsta kosti verið fyrir að fara frá stofnun nýbýlisins Baulárvalla árið 1823.

Jörð með þinglýstum landamerkjum sem styðjist við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er haldi öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Megi í þessu sambandi vísa til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði í Þistilfirði) og 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu) og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt).

Í þessu sambandi megi einnig vísa til Kolviðarhóls á Hellisheiði, en hann hafi verið útmældur á sýnum tíma á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar. Land Kolviðarhóls hafi verið svo staðfest eignarland í Hæstarétti í framhaldi af meðferð óbyggðarnefndar á Ölfusafrétti, sbr. úrskurð óbyggðanefndar 31. maí 2006 í máli nr. 6/2004 og dóm Hæstaréttar frá 3. júní 2009 í máli nr. 184/2009.

Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland. Þegar heimildir fyrir landamerkjum þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði.

Ríkið beri sönnunarbyrðina fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Hér sé um eignarland að ræða og því beri að hafna þjóðlendukröfu til þess. Þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysivíðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

*Notkun, staðhættir og gróðurfar*

Vísað er til fyrirliggjandi lýsinga landsvæðanna í framlögðum gögnum, sögulegs yfirlits í kröfulýsingu landeiganda og í kröfulýsingu ríkisins, sem og til sögulegs yfirlits Þjóðskjalasafns Íslands.

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé svæðið umlukið öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi hvorki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almenningsafrétta, né heldur hafi það staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti, „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að það hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnist um slíkt. Þau fáu skrif sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða.

Ítreka beri hve geysiverðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi hvað þetta varðar benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitilönd ofan skógarmarka hafi verið meðan birki og víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að eigendur þeirra jarða sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mætti.

*Hefðarsjónarmið*

Í ljósi framangreinds sé því haldið fram að land innan þinglýstra landamerkja Baulárvalla sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og hún sé skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga um hefð, nr. 46/1905. Fyrstu grein þeirra sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands sem sé í opinberri eigu, þá hljóti þeim mun fremur að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1955, bls. 108 (Landmannaafréttur I), sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttareign. Hið sama megi lesa út úr lokamálsgrein 3. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Fræðimenn hafi talið að eignarhefð verði unnin á landi, hvort sem það sé afréttur eða almenningur, ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt, en gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að ræða. Því sé þó alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, að eignarréttur að því hafi síðan týnst og til nýs eignarréttar hafi verið stofnað með stofnun nýbýlis lögum samkvæmt. Ef ekki verði fallist á að stofnun nýbýlisins hafi verið gerð með réttum hætti, þá telji landeigandi að hann hafi unnið fullnaða hefð á landsvæðinu eftir þann tíma.

Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1997, bls. 2792 (Laugavellir), hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1939, bls. 28 (Einarsnes), hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

*Réttmætar væntingar*

Í ljósi framangreindra heimilda telji kirkjan að hún, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst er í útmælingargjörð fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 1847, sé fullkomin eign hennar. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi Mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmálann, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þessu ljósi verði þjóðlendulög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðili ríkisins þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert að umrædd landsvæði, eins og þau séu afmörkuð í landamerkjabréfum, séu utan þjóðlendu.

Kröfugerð landeiganda byggi m.a á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem hann hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum fyrir aðliggjandi jarðir. Á því er byggt að heimildarbréf jarðanna séu löglega frá gengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Útmælingargjörðinni, sem kallist forrétting í tilskipuninni, hafi að auki verið þinglýst 28. maí 1824 og sé ætlað með því, eins og segi í 6. gr. tilskipunarinnar að álítast og gilda sem viss og óbrigðul heimild. Ekki verði annað

séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðisins og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu landeiganda. Um landsvæðið vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð og þeirra heimilda sem hafi fylgt kröfulýsingu kirkjunnar. Þar sé landnámi og staðháttum í sveitinni lýst.

Landeigandi leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti, sbr. dóm réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum).

*Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd*

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem byggist á almennum óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12 gr. laganna beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi að því er varðar íþyngjandi ákvarðanir, og ríkisvaldinu beri að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls. Landeigandi verði á þeim grundvelli ekki sviptur eignaréttindum sínum bótalaust, né á hann lögð óhófleg sönnunarbyrði.

*Reglur um sönnun*

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gilda fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar í dómasafni 1961, bls. 629. Landeigandi telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki í mót heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeiganda sé ekki fullkomin eign hans.

Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum hafi verið sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland og sá sem héldi öðru fram hefði

sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt hafi það verið niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands einnig komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þótt rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

*Jafnræðissjónarmið*

Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál skuli hljóta sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Einnig hafi verið litið til þess af Mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum mannréttindadómstólsins verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttar hafi háttsemi talist brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigandi hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að svæðið væri í heild háð beinum eignarrétti. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á hann en aðra landeigendur á Íslandi.

*Sérstök mótmæli við kröfulýsingu ríkisins*

Kröfugerð ríkisins um þjóðlendur, inn á landsvæði kirkjunnar, er mótmælt. Svo virðist sem einkum sé byggt á því að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í öndverðu, að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur, ekki liggi fyrir hvort nýbýlisstofnun hafi verið lögleg og þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum er mótmælt af hálfu landeiganda. Með kröfum ríkisins um framangreint landsvæði sé farið inn á land Baulárvalla.

Af hálfu kirkjunnar er vísað til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt landeigenda Baulárvalla í gegnum tíðina. Sérstaklega er vísað til leyfisbréfs fyrir nýbýlið sem gefið hafi verið út 15. ágúst 1823 til handa Grími Pálssyni, prófasti á Helgafelli, og þess sem segi um landamerki Baulárvalla í útmælingargjörð fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823. Einnig er vísað til lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 6. apríl 1847 þar sem landamerkjum sé lýst á sama veg en hann hafi keypt jörðina árið 1844.

Um lögmæti útmælingargjörðarinnar að þessu leyti vísist til þess er segir hér að framan um það efni. Af því sem þar er rakið sé ljóst að skilyrðum tilskipunarinnar fyrir því að um sjálfstæða jörð væri að ræða hafi verið fullnægt hvað útmælinguna varðar.

Hér að framan er gerð nánari grein fyrir sjónarmiðum sem varða útmælingargjörðina, önnur skjöl, staðhætti o.fl.

Þá byggi eigandi Baulárvalla á því að við túlkun þeirra landamerkjabréfa og annarra heimildarskjala, sem hér eigi í hlut, verði að horfa heildstætt á landamerkjabréfin og meta þau í ljósi eldri heimilda og með hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum og örnefnum.

Landeigandi telji rétt að vatnaskil ráði merkjum þar sem það eigi við, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár).

Núverandi landamerkjum hafi verið þinglýst athugasemdalaust og þau hafi verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið.

*Lagatilvísanir*

Vísað er til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar. Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjalaga, nr. 41/1919, laga nr. 46/1905, um hefð, og laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Vísað er til þinglýsingalaga, nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendulaga), einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

### *6.3.2.3 Horn, Selvellir og Hraunsfjörður*

*Almennt um sjónarmið jarðeigenda*

Eigendur jarðanna Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns mótmæla þjóðlendukröfu íslenska ríkisins, enda sé hún í grófu ósamræmi við þinglýst landamerki á svæðinu. Þá sé þjóðlendukrafan í mótsögn við fyrri lögskipti íslenska ríkisins hvað varðar jarðirnar Hraunsfjörð, Elliða, Horn og Selvelli.

Fyrir liggi að íslenska ríkið lýsi þjóðlendukröfu sem kljúfi það landsvæði sem afmarkað sé í þinglýstum landamerkjabréfum jarðanna. Nánar tiltekið lýsi ríkið kröfu úr suðaustasta Tröllatindi á suðurenda Kjósarhryggs, Hvanngil, sem ráði merkjum ofan í Hraunsfjarðarvatn, þaðan sé sjónhending yfir vatnshornið í útnorðurhorn á Vatnafelli, þaðan til norðurs í vörðu á grjótborg sem heiti Kista, þaðan ráði vörður til austurs eftir

Vatnahryggjum að Rauðalæk. Þessi lýsing fari þvert gegn landamerkjabréfi Horns og Selvalla frá 1889 þar sem merkjum sé lýst frá Hraunsfjarðarvatni og í Vatná til Baulárvallavatns allt að Rauðsteinalæk. Fyrir liggi að Horn og Selvellir hafi verið þjóðjarðir við gerð landamerkjabréfsins. Landamerkjabréf jarðarinnar stafi því beinlínis frá ríkinu sjálfu. Krafan fari jafnframt gegn landamerkjabréfum Hraunsfjarðar og Elliða.

Í kjölfarið á gerð landamerkjabréfs Horns og Selvalla hafi því verið þinglýst án athugasemda. Þegar íslenska ríkið hafi svo selt jörðina Horn árið 1918 hafi um merki jarðarinnar sérstaklega verið vísað til landamerkjaskrár hennar.

Jarðeigendur byggja á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið hafi verið til forna sé ekki minna en það land sem þeir telja til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

*Landnám*

Í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns sé gerð ítarleg grein fyrir landnámi á svæðinu. Jarðeigendur byggi á því að sá hluti jarða þeirra sem sé innan kröfusvæðis íslenska ríkisins hafi verið numinn í öndverðu. Í *Landnámu* komi fram að Björn hinn austræni hafi farið til Íslands og numið land milli Hraunsfjarðar og Stafár. Þá greini *Landnáma* frá landnámi Auðuns stota sem hafi búið í Hraunsfirði og numið Hraunsfjörð allan fyrir ofan Hraun á milli Svínavatns og Tröllaháls. Svínavatn sé það sem í dag beri heitið Selvallavatn.

Jarðeigendur byggi á því að þegar við landnám hafi verið stofnað til beins eignarréttar yfir ágreiningslandinu. Engin gögn liggi fyrir um að sá beini eignarréttur hafi fallið niður heldur þvert á móti, sbr. gildandi landamerkjabréf á svæðinu sem gerð séu af íslenska ríkinu. Jarðeigendur byggi á því að rekja megi eignarhald óslitið allt frá landnámi og til vorra daga. Sé ágreiningslandið nú undirorpið eignarétti jarðeigenda og verði ekki af þeim tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

*Ágreiningssvæði innan þinglýstra landamerkja*

Hinn 17. mars 1882 hafi tekið gildi landamerkjalög, nr. 5/1882. Í 3. gr. laganna hafi komið fram að eigandi hverrar jarðar væri skyldur til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Fram komi að merkjalýsingu þessa skyldi sýna hverjum þeim sem land ætti á móti eða ætti ítak í landið. Skyldu þeir aðilar rita á lýsinguna samþykki sitt, hver fyrir sína jörð, nema þeir álítu lýsinguna eigi rétta. Í kjölfar gildistöku laganna hafi farið í gang mikil vinna um allt land við gerð landamerkjabréfa fyrir jarðir og önnur landsvæði. Enn hafi verið hnykkt á skyldu til gerðar merkjalýsinga með nýjum landamerkjalögum, nr. 41/1919.

Sameiginlegt landamerkjabréf fyrir þjóðjarðirnar Horn og Selvelli hafi verið undirritað 30. apríl árið 1889. Lýsi bréfið merkjum upp í Baulárvallavatn milli Vatnár og Rauðsteinalækjar. Nánar tiltekið segi í bréfinu:

> Milli Hraunsfjarðar og Horns ræður Hraunsfjarðará frá sjó og upp að Giltugili, þaðan sjónhending í Hraunsfjarðarvatn svo ræður Vatnaá til Baulárvallavatns. Þaðan aftur í Rauðsteinslæk, og ræður sá lækur í fjall upp, þaðan aftur sjónhending í svo kallaða Sátu

Þegar landamerkjabréfið var gert hafi Horn og Selvellir verið þjóðjarðir í eigu Landssjóðs. Landamerkjabréfið hafi verið áritað vegna Hraunsfjarðar. Jafnframt hafi bréfið verið áritað af sóknarnefnd Stykkishólmskirkju. Þá hafi bréfið verið þinglesið og fært í landamerkjabók. Loks sé bréfið í samræmi við önnur gildandi landamerkjabréf á svæðinu. Vísist þar til landamerkjalýsingar Elliða frá 1. janúar 1964 sem hafi lýst norðurmörkum jarðarinnar þannig: „Baulárvallavatn að Vatná, þá Vatná á Hraunsfjarðarvatn“. Áréttað sé að landamerkjalýsing Elliða hafi sérstaklega verið samþykkt af íslenska ríkinu. Landamerkjabréf Horns og Selvalla sé jafnframt í samræmi við landamerkjabréf Dals frá 28. september árið 1887 en þar sé merkjum lýst úr Rauðsteinalæk í Baulárvallavatn. Á þeim tíma hafi Dalur verið þjóðjörð og bréfið því gert af umboðsmanni Landssjóðs.

Óumdeilt sé að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríka sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða. Sú regla gildi að sá sem hafi þinglýsta heimild yfir fasteign sé talinn eiga þann rétt sem slík heimild greini frá þar til annað sannist. Þannig sé ákveðinn áreiðanleiki eða opinbert trúgildi bundið við þinglýstar heimildir og þinglýsingabækur sem réttarvernd sé reist á. Í þessu felist jafnframt að treysta megi að þinglýsingabækur greini frá tilvist allra réttinda yfir eignum þannig að ekki sé um önnur réttindi yfir þeim að ræða en þau sem bækurnar greini frá, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli 457/2011 (landamerki á Reykjanesi).

Byggt er á því að landamerkjabréf Horns og Selvalla sé í samræmi við eldri heimildir um merki jarðarinnar. Þegar útmæling Baulárvalla fór fram árið 1823 hafi Sigurður Sigurðsson ábúandi Hrauns látið bóka að gamlir menn hafi greint honum frá því að jörð hans ætti land „að Vatnaá, sem fellur á milli Hraunsfjardar og Baularvallavatns og þadan i Raudalæk“.

Vesturamtið hafi tekið málefni Baulárvalla til skoðunar árið 1889. Í bréfi amtsins til sýslumannsins í Snæfellssýslu 26. mars 1889 hafi verið fjallað um gildi þeirrar útmælingargjörðar sem fram fór 7. júlí 1823. Í bréfinu segi m.a.:

> Það virðist nefnilega eftir þeim skýrslum, er þér herra sýslumaður, hafið meðdeilt Amtinu, að vera in cofesso, að allt það land, er Baulárvöllum hefur verið útmælt, hafi áður tilheyrt, eða verið innan landamerkja konungsjarðanna: Elliða, Lágafells, Dals, Horns og Hraunsfjarðar. [Leturbr. lögmanns.]

Af þessu tilefni sé áréttað að nýbýli hafi verið hægt að stofna jafnt í eignarlandi sem eigendalausu landi.

*Aðkoma íslenska ríkisins og fyrri lögskipti þess*

Með afsali, dags. 16. júní 1898, hafi Landssjóður Íslands selt jörðina Selvelli til ábúanda, Ólafs Össurarsonar. Afsalið hafi verið þinglesið 8. júní 1899. Salan hafi farið fram með vísan til laga nr. 35/1895 um heimild landstjórnar til að selja nokkrar þjóðjarðir. Eðli málsins samkvæmt hafi kaupandi mátt ganga út frá að afmörkun jarðarinnar væri samkvæmt þinglýstri landamerkjalýsingu.

Íslenska ríkið hafi selt jörðina Horn til Kristínar Hafliðadóttur, sbr. afsal undirritað af ráðherra Íslands 4. apríl 1918. Í afsalinu segi að Horn sé selt með „þeim landamerkjum sem tiltekin eru í landamerkjaskrá jarðarinnar". Sama ár hafi íslenska ríkið selt jörðina Hraunsfjörð til ábúanda. Salan á Selvöllum og Hraunsfirði hafi farið fram með heimild í lögum nr. 31/1905, um sölu þjóðjarða.

Allar jarðirnar þrjár hafi síðar gengið til Thors Jensen og síðar til sonar hans Lorentz Thors. Með afsali, dagsettu 12. september 1961, hafi Jón Thors eignast jörðina Horn. Um landamerki jarðarinnar hafi í afsalinu bæði verið vísað til landamerkjabréfs Horns og Selvalla og landamerkjabréfs Hraunsfjarðar. Þá hafi í afsalinu verið sett niður merkjalína milli Horns og Selvalla.

Jarðeigendur byggi á því að þjóðlendukrafan í máli þessu fari í bága við fyrri lögskipti og athafnir íslenska ríkisins. Vísað sé til þess að íslenska ríkið hafi staðfest með beinum og óbeinum hætti að jarðirnar Horn, Selvellir, Hraunsfjörður, Elliði, Ytra-Lágafell og Dalur ættu allar eignarland að Baulárvallavatni. Þannig liggi fyrir að íslenska ríkið hafi verið eigandi Horns, Selvalla, Hraunsfjarðar, Dals og Ytra-Lágafells þegar gildandi landamerkjabréf þeirra jarða voru gerð. Þá liggi fyrir að fulltrúi íslenska ríkisins hafi samþykkt með áritun sinni gildandi landamerkjabréf Elliða og Hofsstaða. Þá er bent á að landbúnaðarráðherra hafi heimilað jarðeiganda Dals að leysa til sín veiðiréttindi í Baulárvallavatni árið 1980 en til þess að slíkt væri heimilt að lögum hafi viðkomandi jörð þurft að eiga eignarland að viðkomandi veiðivatni, sbr. 3. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Áður hefur verið rakið að í afsali íslenska ríkisins fyrir jörðinni Horni hafi um afmörkun hennar verið vísað til landamerkjaskrár. Hljóti sú tilvísun að útiloka að hægt sé að taka þjóðlendukröfu íslenska ríkisins til greina.

Hæstiréttur Íslands hafi í nokkrum dómum hafnað þjóðlendukröfu með vísan til þess að krafan væri ósamrýmanleg fyrri lögskiptum og aðkomu íslenska ríkisins, sjá dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II), 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Í fyrstnefnda dómnum hafi Hæstiréttur talið að í þátttöku íslenska ríkisins í landskiptum Skaftafells hefði falist afstaða til þess að landsvæðið væri eignarland. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, **ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar** í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér

> er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu Laufeyju, Önnu Maríu, Stefáni og Árna eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda. [Leturbr. lögmanns.]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (Hellisheiði) megi sjá að ósamrýmanleg lögskipti geti haft áhrif á eignarréttarlega stöðu jarða í næsta nágrenni. Málið hafi varðað land á Hellisheiði en íslenska ríkið hafi átt aðild að kaupsamningi sem hafi mátt túlka sem viðurkenningu á því að landið væri háð beinum eignarrétti jarðeigenda í Ölfusi. Í dómi Hæstaréttar segi:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða **mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra.** Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum Ytri-Þurá, Eystri-Þurá, Núpum I, II og III, Kröggólfsstöðum, Vötnum, Þúfu, Litla-Saurbæ og Stóra-Saurbæ, var þessu alls ósamrýmanleg. [Leturbr. lögmanns]

Í þriðja hæstaréttardómnum í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) hafi íslenska ríkið átt aðkomu að landskiptum og töku lands úr landbúnaðarnotum. Talið hafi verið að með þeirri aðkomu hafi íslenska ríkið viðurkennt að ágreiningslandið væri háð beinum eignarrétti. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda.

Jarðeigendur byggi á því að fyrri lögskipti íslenska ríkisins hafi verið til marks um að ríkið hafi ávallt lagt til grundvallar að jarðirnar Elliði, Hofsstaðir, Ytra-Lágafell, Dalur, Selvellir og Horn ættu allar eignarland að Baulárvallavatni. Sú aðkoma sé á allan hátt fjölþættari og umfangsmeiri en í þeim tilvikum sem voru til umfjöllunar í hæstaréttardómum í málum nr. 496/2005 (Skaftafell II), 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti) og 94/2017 (Hvassafellsdalur).

Hæstiréttur hafi í fjölmörgum dómum áréttað að landamerkjabréf séu í eðli sínu samningar og þeir sem áriti þau séu bundnir við þau. Í því sambandi er vísað til dóma Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki á Reykjanesi), 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 (Reykjahlíð o.fl.), 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir og Hrollaugsstaðir), 10. september 2015 í máli nr. 637/2014 (Brekka og Snartarstaðir) og 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey). Jarðeigendur mótmæli að íslenska ríkið geti á einhvern hátt borið brigður á undirritanir

landamerkjabréfa jarða þeirra. Um þetta allt megi vísa til eftirfarandi ummæla Hæstaréttar í dómi frá 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir):

> Sú skipan mála um merki milli Ásgrímsstaða og Hrollaugsstaða sem þar er mælt fyrir um hefur staðið óbreytt frá upphafi og án þess að gögn málsins beri með sér að eigendur Ásgrímsstaða hafi nokkru sinni hreyft andmælum gegn gildi þess fyrr en í aðdraganda þess að mál þetta var höfðað. Hafa jarðirnar þó báðar gengið kaupum og sölum í millitíðinni. Eins og nánar greinir í dómum Hæstaréttar 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 og 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 eru landamerkjabréf í eðli sínu samningar séu þau samþykkt af eigendum eða umráðamönnum aðliggjandi jarða. Þegar litið er til þessa eðlis landamerkjabréfa er fallist á með gagnáfrýjanda að aðaláfrýjandi geti ekki nú, tæpum 90 árum eftir gerð landamerkjabréfs Hrollaugsstaða og athugasemdalausan þinglestur þess, haft uppi andmæli gegn gildi bréfsins vegna þess hvernig háttað var undirritunum á það. Er réttur hans í þeim efnum því fallinn niður fyrir tómlætis sakir af hálfu eigenda Ásgrímsstaða.

*Hagnýting jarðeigenda*

Jarðeigendur byggi á því að hagnýting og ráðstöfun þeirra á ágreiningslandinu sé til marks um það að þar sé enga þjóðlendu að finna. Sama gildi um hagnýtingu forvera þeirra.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líður þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905, um hefð. Jarðeigendur hafi í meira en öld verið í góðri trú og haft öll umráð landsins. Fullnægt sé öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

Fyrir liggi að jarðeigendur og forverar þeirra hafi í tugi ára selt veiðileyfi í Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. Þegar eigendur Dals hafi leyst til sín veiðiréttindi í Baulárvallavatni 1980 hafi eftirfarandi komið fram í matsgerð um verðmæti og umfang réttindanna:

> Silungsveiði er talin hafa verið nokkuð góð í Baulárvallavatni, en gögn um veiðina eru af mjög skornum skammti. Jón Thors, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu, hefur gefið skýrslu í málinu, dags. 22. maí 1979. Kveður hann, að db. Lorentz Thors, sem veiðirétt hefur átt í Baulárvallavatni og Hraunsfjarðarvatni, hafi selt um það bil 130–150 veiðileyfi í báðum vötnunum saman ári á undanförnum árum.

Árið 2003 hafi hafist undirbúningur að gerð Múlavirkjunar sem standi við Straumfjarðará, skammt neðan við útfall hennar úr Baulárvallavatni. Samningar um virkjunina hafi verið undirritaðir 2004 og framkvæmdir hafist sama ár. Meðal þeirra samninga sem hafi verið undirritaðir hafi verið lóðaleigusamningar sem meðal annars taki til lands innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Í því sambandi er vísað til þriggja þinglýstra leigusamninga sem Múlavirkjun ehf. hafi gert við eigendur Hofsstaða, Dals og Horns. Ljóst sé að íslenska ríkið hafi átt aðkomu að virkjuninni sem leyfisveitandi. Af hálfu íslenska ríkisins hafi því aldrei verið hreyft að landsréttindi virkjunarinnar væru utan eignarlanda jarða á svæðinu.

Sérstaklega sé áréttað að kröfusvæði íslenska ríkisins taki ekki til hefðbundina afréttarsvæða. 15. janúar 1920 hafi sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu svarað fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dagsettri 29. desember 1919, um almenninga í sýslunni. Í svari sýslumannsins hafi komið fram að engir almenningar væru í sýslunni heldur eingöngu heimalönd. Þá segi þar:

> Lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnessfjallgarðsins jaðra hvarvetna saman á háfjallgarðinum að því er sjeð verður af landamerkjabók sýslunnar. Í sýslunni eru eigi til afrjettarlönd í eigu sveitarfjelaga og því hvergi hjer í sýslunni að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða.

Framangreind hagnýting, ráðstafanir, umsýsla og framkvæmdir innan ágreiningssvæðis séu að mati jarðeigenda svo umfangsmiklar að þeir hafi í öllu falli eignast fyrir hefð það land sem tiltekið sé í landamerkjabréfum jarðanna og liggi að Baulárvallavatni.

*Önnur atriði*

Bent er á að hluti þess lands sem eigendur Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar gera kröfu til sé jafnframt innan merkjalýsingar Elliða frá 1. janúar 1964. Hafi sú merkjalýsing verið árituð um samþykki af hálfu íslenska ríkisins. Fyrir liggi samkomulag um að mörk gagnvart Elliða skuli vera úr Baulárvallavatni í Moldargilsá upp í Kjósarhrygg þar sem hann sé hæstur. Þá er sérstaklega mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins.

*Lagarök*

Til stuðnings kröfum sínum vísa jarðeigendur til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísa jarðeigendur til almennra meginreglna íslensks eignarréttar. Jarðeigendur vísa enn fremur til ákvæða laga um hefð, nr. 46/1905, og til vatnalaga, nr. 15/1923. Einnig er vísað til ákvæða þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Jarðeigendur vísa að auki til landamerkjalaga, nr. 41/1919, og eldri laga um sama efni, nr. 5/1882, sem og til girðingarlaga, nr. 135/2001, og til eldri laga um sama efni, nr. 10/1965.

*6.3.2.4 Dalur*

*Almennt um sjónarmið jarðeiganda*

Eigandi Dals mótmælir þjóðlendukröfu íslenska ríkisins, enda sé hún í grófu ósamræmi við þinglýst landamerki á svæðinu. Þá sé þjóðlendukrafan í mótsögn við fyrri lögskipti íslenska ríkisins hvað varðar jörðina Dal.

Fyrir liggi að íslenska ríkið lýsi þjóðlendukröfu sem kljúfi það landsvæði sem afmarkað sé í þinglýstu landamerkjabréfi Dals. Nánar tiltekið lýsi ríkið kröfu m.a. úr grjótborg sem heiti Kista, þaðan ráði vörður til austurs eftir Vatnahryggjum að Rauðalæk. Þaðan austur eftir Vatnamýrabrekkum í stóra vörðu sem standi á brekkubrúninni

þar sem vötnum fari fyrst að halla til landsuðurs ofan í Dufgusdal og frá fyrrgreindri vörðu, sjónhendingu til suðurs í Urðarmúlahorn.

Þessi kröfugerð fari þvert gegn landamerkjabréfi Dals frá 1887 sem afmarki land milli Rauðsteinalækjar og Straumfjarðarár allt að Baulárvallavatni. Fyrir liggi að Dalur hafi verið þjóðjörð við gerð landamerkjabréfsins. Stafi landamerkjabréf jarðarinnar því beinlínis frá ríkinu sjálfu.

Í kjölfarið á gerð landamerkjabréfs Dals hafi því verið þinglýst án athugasemda. Landssjóður hafi selt Dal til Jóhanns Erlendssonar með afsali dagsettu 7. júlí 1896. Það afsal hafi ekki fundist en vísað sé til þessarar sölu í öðrum heimildum. Eðli málsins samkvæmt hafi þinglesin landamerkjalýsing verið lögð til grundvallar við kaupin.

Jarðeigandi byggi á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið hafi verið til forna sé ekki minna en það land sem hann telji til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

*Landnám*

Í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns sé gerð ítarleg grein fyrir landnámi á svæðinu. Byggt sé á því að sá hluti Dals sem sé innan kröfusvæðis íslenska ríkisins hafi verið numinn í öndverðu.

Jarðeigandi byggi á því að þegar við landnám hafi verið stofnað til beins eignarréttar yfir ágreiningslandinu. Engin gögn liggi fyrir um að sá beini eignarréttur hafi fallið niður heldur þvert á móti, sbr. gildandi landamerkjabréf á svæðinu sem gerð séu af íslenska ríkinu. Jarðeigandi byggi á því að rekja megi eignarhald óslitið allt frá landnámi og til vorra daga. Sé ágreiningslandið nú undirorpið eignarétti jarðeiganda og verði ekki af honum tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

*Ágreiningssvæði innan þinglýstra landamerkja*

Hinn 17. mars 1882 hafi tekið gildi landamerkjalög, nr. 5/1882. Í 3. gr. laganna hafi komið fram að eigandi hverrar jarðar væri skyldur til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Fram komi að merkjalýsingu þessa skyldi sýna hverjum þeim sem land ætti á móti eða ætti ítak í landið. Skyldu þeir aðilar rita á lýsinguna samþykki sitt, hver fyrir sína jörð, nema þeir álítu lýsinguna eigi rétta. Í kjölfar gildistöku laganna hafi farið í gang mikil vinna um allt land við gerð landamerkjabréfa fyrir jarðir og önnur landsvæði. Enn hafi verið hnykkt á skyldu til gerðar merkjalýsinga með nýjum landamerkjalögum, nr. 41/1919.

Landamerkjabréf Dals hafi verið undirritað 28. september 1887. Bréfið lýsi merkjum upp í Baulárvallavatn milli Straumfjarðarár og Rauðsteinalækjar. Þegar landamerkjabréfið var gert hafi Dalur verið þjóðjörð í eigu Landssjóðs. Bréfið hafi verið gert á

Brimilsvöllum en þar hafi búið Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Bréfið hafi verið áritað af hálfu eiganda Hjarðarfells en aðrar aðliggjandi jarðir hafi líka verið í eigu Landssjóðs. Bréfið hafi verið þinglesið og fært í landamerkjabók.

Landamerkjabréf Dals sé í samræmi við önnur gildandi landamerkjabréf á svæðinu. Vísist þar í landamerkjalýsingu Horns og Selvalla frá 27. maí 1889 sem lýsi merkjum í Rauðsteinalæk. Þá sé bréfið í samræmi við heimildir um merki Hofsstaða, sbr. landamerkjalýsingu Hofsstaða og Ytra-Lágafells frá aprílmánuði 1964. Síðastnefnt bréf hafi verið sérstaklega undirritað af íslenska ríkinu.

Óumdeilt sé að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríka sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða. Sú regla gildi að sá sem hafi þinglýsta heimild yfir fasteign sé talinn eiga þann rétt sem slík heimild greini frá þar til annað sannist. Þannig sé ákveðinn áreiðanleiki eða opinbert trúgildi bundið við þinglýstar heimildir og þinglýsingabækur sem réttarvernd sé reist á. Í þessu felist jafnframt að treysta megi að þinglýsingabækur greini frá tilvist allra réttinda yfir eignum þannig að ekki sé um önnur réttindi yfir þeim að ræða en þau sem bækurnar greini frá, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli 457/2011 (landamerki á Reykjanesi).

Byggt sé á því að landamerkjabréf Dals sé í samræmi við eldri heimildir um merki jarðarinnar. Þegar útmæling Baulárvalla fór fram árið 1823 hafi bóndinn á Dal til að mynda mætt og greint frá því að sú jörð næði: „til Raudalækiar sem tekur sig upp hia Þrívördum og fellur í Baularvallavatn að austanverdu“.

Vesturamtið hafi tekið málefni Baulárvalla til skoðunar árið 1889. Í bréfi amtsins til sýslumannsins í Snæfellssýslu 26. mars 1889 hafi verið fjallað um gildi þeirrar útmælingargjörðar sem fram fór 7. júlí 1823. Í bréfinu segi m.a.:

> Það virðist nefnilega eftir þeim skýrslum, er þér herra sýslumaður, hafið meðdeilt Amtinu, að vera in cofesso, að <u>allt það land, er Baulárvöllum hefur verið útmælt, hafi áður tilheyrt, eða verið innan landamerkja konungsjarðanna: Elliða, Lágafells, Dals, Horns og Hraunsfjarðar.</u> [Leturbr. lögmanns.]

Af þessu tilefni sé áréttað að nýbýli hafi verið hægt að stofna jafnt í eignarlandi sem eigendalausu landi.

*Aðkoma íslenska ríkisins og fyrri lögskipti þess*

Með afsali, dags. 7. júlí 1898, hafi Landssjóður Íslands selt jörðina Selvelli til Jóhanns Erlendssonar. Afsalið hafi verið þinglesið 8. júní 1899 en hafi ekki fundist. Áður hafi Jóhann gefið Sigfúsi Eymundssyni umboð til að annast kaupin fyrir sína hönd. Hafi salan farið fram með vísan til laga nr. 35/1895 um heimild landstjórnar til að selja nokkrar þjóðjarðir. Eðli málsins samkvæmt hafi kaupandi mátt ganga út frá að afmörkun jarðarinnar væri samkvæmt þinglýstri landamerkjalýsingu.

Jarðeigandi byggi á því að þjóðlendukrafan í máli þessu fari í bága við fyrri lögskipti og athafnir íslenska ríkisins. Vísað sé til þess að íslenska ríkið hafi staðfest með beinum og óbeinum hætti að jarðirnar Horn, Selvellir, Hraunsfjörður, Elliði, Ytra-Lágafell og

Dalur ættu allar eignarland að Baulárvallavatni. Þannig liggi fyrir að íslenska ríkið hafi verið eigandi Dals, Horns, Selvalla og Ytra-Lágafells þegar gildandi landamerkjabréf þeirra jarða voru gerð. Þá liggi fyrir að fulltrúi íslenska ríkisins hafi samþykkt með áritun sinni gildandi landamerkjabréf Elliða og Hofsstaða.

Hér skipti gríðarlega miklu sú staðreynd að landbúnaðarráðherra hafi heimilað jarðeiganda Dals að leysa til sín veiðiréttindi í Baulárvallavatni árið 1980 en til þess að slíkt væri heimilt að lögum hafi viðkomandi jörð þurft að eiga eignarland að viðkomandi veiðivatni, sbr. 3. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Forsaga málsins er sú að veiðiréttur Dals í Baulárvallavatni virðist snemma hafa verið skilinn frá jörðinni. Meðal annars liggi fyrir afsal frá 17. janúar 1945 þar sem Kristján Einarsson í Reykjavík selji veiðiréttinn til kaupmannsins Hans Eide.

Miklaholtshreppur hafi keypt jörðina Dal með afsali dagsettu 21. nóvember 1968. Um merki jarðarinnar hafi verið vísað til landamerkjaskrár hennar. Þá segi í afsalinu.

> Þá skal tekið fram, að samkvæmt veðbókarvottorði, sem liggur frammi við kaupin og kaupandi hefir kynnt sér hefir Árni Kristjánsson og Kristín Eide veiðirétti Baulárvallavatni fyrir Dalslandi og eiga þau þar veiðihús og bát. Fylgir ekkert af þessu með í kaupunum.

Erlendur Halldórsson, eigandi Dals, hafi óskað eftir því við landbúnaðarráðuneytið árið 1978 að leysa til sín umrædd veiðiréttindi fyrir landi Dals. Með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 5. mars 1979, hafi leyfið verið veitt. Þar segi:

> Ráðuneytinu hefur borist beiðni yðar um að ráðherra leyfi yður, skv. heimild í 3. gr. laga nr. 76/1970, sem eigandi jarðarinnar Dals í Miklaholtshreppi að leysa til sín yðar veiðiréttindi í Baulárvallavatni, sem skilin voru frá jörðinni með afsali, dags. 21. nóvember 1968. Umsagnar veiðimálanefndar var leitað um erindið og mælir nefndin með að innlausn verði heimiluð. Í samræmi við þetta veitir ráðuneytið yður með bréfi þessu heimild til að leysa til jarðarinnar Dals veiðréttindi þau, sem voru skilin frá jörðinni árið 1945.

Hæstiréttur Íslands hafi í nokkrum dómum hafnað þjóðlendukröfu með vísan til þess að krafan væri ósamrýmanleg fyrri lögskiptum og aðkomu íslenska ríkisins, sjá dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II), 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Í fyrstnefnda dómnum hafi Hæstiréttur talið að í þátttöku íslenska ríkisins í landskiptum Skaftafells hefði falist afstaða til þess að landsvæðið væri eignarland. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, **ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar** í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu Laufeyju, Önnu María, Stefáni og Árna eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda. [Leturbr. lögmanns.]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (Hellisheiði) megi sjá að ósamrýmanleg lögskipti geti haft áhrif á eignarréttarlega stöðu jarða í næsta nágrenni. Málið hafi varðað land á Hellisheiði en íslenska ríkið hafi átt aðild að kaupsamningi sem hafi mátt túlka sem viðurkenningu á því að landið væri háð beinum eignarrétti jarðeigenda í Ölfusi. Í dómi Hæstaréttar segi:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða **mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra.** Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum Ytri-Þurá, Eystri-Þurá, Núpum I, II og III, Kröggólfsstöðum, Vötnum, Þúfu, Litla-Saurbæ og Stóra-Saurbæ, var þessu alls ósamrýmanleg. [Leturbr. lögmanns.]

Í þriðja hæstaréttardómnum í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) hafi íslenska ríkið átt aðkomu að landskiptum og töku lands úr landbúnaðarnotum. Talið hafi verið að með þeirri aðkomu hafi íslenska ríkið viðurkennt að ágreiningslandið væri háð beinum eignarrétti. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda.

Eigandi Dals byggi á því að fyrri lögskipti íslenska ríkisins hafi verið til marks um að ríkið hafi ávallt lagt til grundvallar að jörðin Dalur ætti eignarland að Baulárvallavatni. Sé sú aðkoma á allan hátt fjölþættari og umfangsmeiri en í þeim tilvikum sem voru til umfjöllunar í hæstaréttardómum í málum nr. 496/2005 (Skaftafell II), 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti), og 94/2017 (Hvassafellsdalur).

Hæstiréttur hafi í fjölmörgum dómum áréttað að landamerkjabréf séu í eðli sínu samningar og þeir sem áriti þau séu bundnir við þau. Í því sambandi er vísað til dóma Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki á Reykjanesi), 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 (Reykjahlíð o.fl.), 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir og Hrollaugsstaðir), 10. september 2015 í máli nr. 637/2014 (Brekka og Snartarstaðir) og 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey). Jarðeigandi mótmæli að íslenska ríkið geti á einhvern hátt borið brigður á undirritanir landamerkjabréfs jarðar hans. Um þetta allt megi vísa til eftirfarandi ummæla Hæstaréttar í dómi frá 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir):

> Sú skipan mála um merki milli Ásgrímsstaða og Hrollaugsstaða sem þar er mælt fyrir um hefur staðið óbreytt frá upphafi og án þess að gögn málsins beri með sér að eigendur

> Ásgrímsstaða hafi nokkru sinni hreyft andmælum gegn gildi þess fyrr en í aðdraganda þess að mál þetta var höfðað. Hafa jarðirnar þó báðar gengið kaupum og sölum í millitíðinni. Eins og nánar greinir í dómum Hæstaréttar 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 og 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 eru landamerkjabréf í eðli sínu samningar séu þau samþykkt af eigendum eða umráðamönnum aðliggjandi jarða. Þegar litið er til þessa eðlis landamerkjabréfa er fallist á með gagnáfrýjanda að aðaláfrýjandi geti ekki nú, tæpum 90 árum eftir gerð landamerkjabréfs Hrollaugsstaða og athugasemdalausan þinglestur þess, haft uppi andmæli gegn gildi bréfsins vegna þess hvernig háttað var undirritunum á það. Er réttur hans í þeim efnum því fallinn niður fyrir tómlætis sakir af hálfu eigenda Ásgrímsstaða.

*Hagnýting jarðeiganda*

Eigandi Dals byggi á því að hagnýting og ráðstöfun hans á ágreiningslandinu sé til marks um það að þar sé enga þjóðlendu að finna. Sama gildi um hagnýtingu forvera hans.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líður þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905, um hefð. Jarðeigendur hafi í meira en öld verið í góðri trú og haft öll umráð landsins. Fullnægt sé öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

Fyrir liggi að jarðeigandi og forverar hans hafi í tugi ára selt veiðileyfi í Baulárvallavatni. Jafnframt hafa þeir farið með allan veiðirétt í Straumfjarðará upp í Baulárvallavatn.

Árið 2003 hafi hafist undirbúningur að gerð Múlavirkjunar sem standi við Straumfjarðará, skammt neðan við útfall hennar úr Baulárvallavatni. Samningar um virkjunina hafi verið undirritaðir 2004 og framkvæmdir hafist sama ár. Meðal þeirra samninga sem hafi verið undirritaðir hafi verið lóðaleigusamningar sem meðal annars taki til lands innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Í því sambandi sé vísað til þriggja þinglýstra leigusamninga sem Múlavirkjun ehf. hafi gert við eigendur Hofsstaða, Dals og Horns. Ljóst sé að íslenska ríkið hafi átt aðkomu að virkjuninni sem leyfisveitandi. Af hálfu íslenska ríkisins hafi því aldrei verið hreyft að landsréttindi virkjunarinnar væru utan eignarlanda jarða á svæðinu.

Framangreind hagnýting, ráðstafanir, umsýsla og framkvæmdir innan ágreiningssvæðis séu að mati jarðeiganda svo umfangsmiklar að hann og forverar hans hafi í öllu falli eignast fyrir hefð það land sem tiltekið sé í landamerkjabréfi jarðarinnar og liggi að Baulárvallavatni.

Sérstaklega sé áréttað að kröfusvæði íslenska ríkisins taki ekki til hefðbundinna afréttarsvæða. 15. janúar 1920 hafi sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu svarað fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dagsettri 29. desember 1919, um almenninga í sýslunni. Í svari sýslumannsins hafi komið fram að engir almenningar væru í sýslunni heldur eingöngu heimalönd. Þá segi þar:

> Lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnessfjallgarðsins jaðra hvarvetna saman á háfjallgarðinum að því er sjeð verður af landamerkjabók sýslunnar. Í sýslunni eru eigi til afrjettarlönd í eigu sveitarfjelaga og því hvergi hjer í sýslunni að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða.

Oddviti Miklaholtshrepps hafi fengið fyrirspurn frá félagsmálaráðuneytinu 20. febrúar 1989 um afréttarmálefni sveitarfélagsins. Í svari oddvita hreppsins frá 4. desember 1989 segi:

> Varðandi spurningu ráðuneytisins um afrétti er því að svara að í Miklaholtshreppi er enginn sameiginlegur afréttur. Eingöngu er um heimalönd jarða að ræða bæði á láglendi og til fjalla. Væntanlega svarar þetta spurningu ráðuneytisins frá 20/2 1989.

Byggt er á því að af framansögðu ætti þannig að vera hafið yfir vafa að enga afrétti sé að finna innan landamerkja Dals eins og þeim sé lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1887.

*Önnur atriði*

Sérstaklega er mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins.

*Lagarök*

Til stuðnings kröfum sínum vísar jarðeigandi til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísar jarðeigandi til almennra meginreglna íslensks eignaréttar, ákvæða laga um hefð, nr. 46/1905, og til vatnalaga, nr. 15/1923. Einnig er vísað til ákvæða þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Jarðeigandi vísar að auki til landamerkjalaga, nr. 41/1919, og eldri laga um sama efni, nr. 5/1882, sem og til girðingarlaga, nr. 135/2001, og til eldri laga um sama efni nr. 10/1965.

### *6.3.2.5 Hofsstaðir*

*Almennt um sjónarmið jarðeiganda*

Eigandi Hofsstaða mótmælir þjóðlendukröfu íslenska ríkisins, enda sé hún í grófu ósamræmi við þinglýst landamerki á svæðinu. Þá sé þjóðlendukrafan í mótsögn við fyrri lögskipti íslenska ríkisins hvað varðar jarðir á kröfusvæðinu.

Fyrir liggi að íslenska ríkið lýsi þjóðlendukröfu sem kljúfi það landsvæði sem afmarkað sé í þinglýstri landamerkjalýsingu Hofsstaða og Ytra-Lágafells. Nánar tiltekið lýsi ríkið kröfu m.a. frá þeim stað þar sem vötnum fari fyrst að halla til landsuðurs ofan í Dufgusdal og frá tiltekinni vörðu, sjónhendingu til suðurs í Urðarmúlahorn (Urðarhausa), sem skagi næst Straumfjarðará, þaðan sé sjónhending suður í Urðarmúla, þaðan sjónhending í Þvergil, þaðan í Frakkaskarð og þaðan sé farið vestur og síðan norður eftir fjallseggjum, yfir Djúpagil og áfram norður í ysta klofning á Markgili, sem sé á hreppamörkum, þaðan sé farin sjónhending vestur eftir háeggjum fjallsins Elliða, vestur að Faxasteini.

Þessi kröfugerð fari þvert gegn sameiginlegri landamerkjalýsingu Hofsstaða og Ytra-Lágafells sem afmarki meðal annars land milli Draugagilsár og Straumfjarðarár allt að Baulárvallavatni. Fyrir liggi að Ytra-Lágafell hafi verið þjóðjörð við gerð landamerkjalýsingarinnar. Stafi lýsingin því meðal annars frá ríkinu sjálfu. Kröfugerðin fari jafnframt gegn lýsingum í eldri landamerkjabréfum Hofsstaða sem þó hafi ekki lýst merkjum með jafn nákvæmum hætti og gert hafi verið í merkjalýsingunni 1964.

Jarðeigandi byggi á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem hann telji til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

*Landnám*

Í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns sé gerð ítarleg grein fyrir landnámi á svæðinu. Byggt sé á því að sá hluti Hofsstaða sem sé innan kröfusvæðis íslenska ríkisins hafi verið numinn í öndverðu.

Jarðeigandi byggi á því að þegar við landnám hafi verið stofnað til beins eignarréttar yfir ágreiningslandinu. Engin gögn liggi fyrir um að sá beini eignarréttur hafi fallið niður heldur þvert á móti, sbr. gildandi landamerkjabréf á svæðinu sem gerð séu af íslenska ríkinu. Jarðeigandi byggi á því að rekja megi eignarhald óslitið allt frá landnámi og til vorra daga. Sé ágreiningslandið nú undirorpið eignarétti jarðeiganda og verði ekki af honum tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

*Ágreiningssvæði innan þinglýstra landamerkja*

Hinn 17. mars 1882 hafi tekið gildi landamerkjalög, nr. 5/1882. Í 3. gr. laganna hafi komið fram að eigandi hverrar jarðar væri skyldur til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Fram komi að merkjalýsingu þessa skyldi sýna hverjum þeim sem land ætti á móti eða ætti ítak í landið. Skyldu þeir aðilar rita á lýsinguna samþykki sitt, hver fyrir sína jörð, nema þeir álítu lýsinguna eigi rétta. Í kjölfar gildistöku laganna hafi farið í gang mikil vinna um allt land við gerð landamerkjabréfa fyrir jarðir og önnur landsvæði. Enn hafi verið hnykkt á skyldu til gerðar merkjalýsinga með nýjum landamerkjalögum, nr. 41/1919.

Landamerkjalýsing Ytra-Lágafells og Hofsstaða hafi eins og áður segir verið undirrituð 20. apríl 1964. Lýsi bréfið merkjum upp í Baulárvallavatn. Á þeim tíma hafi Ytra-Lágafell verið í ríkiseigu og lýsingin því undirrituð af ríkinu.

Óumdeilt sé að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríka sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða. Sú regla gildi að sá sem hafi þinglýsta heimild yfir fasteign sé talinn eiga þann rétt sem slík heimild greini frá þar til annað sannist. Þannig sé ákveðinn áreiðanleiki eða opinbert trúgildi bundið við þinglýstar heimildir og þinglýsingabækur

sem réttarvernd sé reist á. Í þessu felist jafnframt að treysta megi að þinglýsingabækur greini frá tilvist allra réttinda yfir eignum þannig að ekki sé um önnur réttindi yfir þeim að ræða en þau sem bækurnar greini frá, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli 457/2011 (landamerki á Reykjanesi).

Byggt sé á því að landamerkjalýsing Ytra-Lágafells og Hofsstaða samrýmis vel eldri heimildum um merki jarðanna. Vesturamtið hafi tekið málefni Baulárvalla til skoðunar árið 1889. Í bréfi amtsins til sýslumannsins í Snæfellssýslu, dagsettu 26. mars 1889, hafi verið fjallað um gildi þeirrar útmælingargjörðar sem fram hafi farið 7. júlí 1823. Í bréfinu segi m.a.:

> Það virðist nefnilega eftir þeim skýrslum, er þér herra sýslumaður, hafið meðdeilt Amtinu, að vera in cofesso, að allt það land, er Baulárvöllum hefur verið útmælt, hafi áður tilheyrt, eða verið innan landamerkja konungsjarðanna: Elliða, Lágafells, Dals, Horns og Hraunsfjarðar. [Leturbr. lögmanns.]

Af þessu tilefni skuli áréttað að nýbýli hafi verið hægt að stofna jafnt í eignarlandi sem eigendalausu landi.

*Aðkoma íslenska ríkisins og fyrri lögskipti þess*

Með afsali dagsettu 12. maí 1908 hafi Landssjóður Íslands selt jörðina Ytra-Lágafell til Kristjáns Elíassonar. Ytra-Lágafell hafi aftur komist í eigu ríkisins 31. október 1939. Ábúandi Ytra-Lágafells, Ársæll Jóhannesson hafi svo keypt jörðina 28. janúar 1992. Í afsali fyrir jörðinni hafi án fyrirvara verið vísað til landamerkjabókar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Eðli málsins samkvæmt hafi kaupandi mátt ganga út frá því að afmörkun jarðarinnar væri samkvæmt þinglýstri landamerkjalýsingu.

Jarðeigandi byggi á því að þjóðlendukrafan í máli þessu fari í bága við fyrri lögskipti og athafnir íslenska ríkisins. Vísað sé til þess að íslenska ríkið hafi staðfest með beinum og óbeinum hætti að jarðirnar Horn, Selvellir, Hraunsfjörður, Elliði, Ytra-Lágafell og Dalur ættu allar eignarland að Baulárvallavatni. Þannig liggi fyrir að íslenska ríkið hafi verið eigandi Dals, Horns, Selvalla og Ytra-Lágafells þegar gildandi landamerkjalýsingar jarðanna voru gerðar. Þá liggi fyrir að fulltrúi íslenska ríkisins hafi samþykkt með áritun sinni gildandi landamerkjabréf Elliða.

Þá sé bent á að landbúnaðarráðherra hafi heimilað jarðeiganda Dals að leysa til sín veiðiréttindi í Baulárvallavatni árið 1980 en til þess að slíkt væri heimilt að lögum hafi viðkomandi jörð þurft að eiga eignarland að viðkomandi veiðivatni, sbr. 3. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Hæstiréttur Íslands hafi í nokkrum dómum hafnað þjóðlendukröfu með vísan til þess að krafan væri ósamrýmanleg fyrri lögskiptum og aðkomu íslenska ríkisins sjá dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II), 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Í fyrstnefnda dómnum hafi Hæstiréttur talið að í þátttöku íslenska ríkisins að landskiptum Skaftafells hefði falist afstaða til þess að landsvæðið væri eignarland. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, **ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar** í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu Laufeyju, Önnu Maríu, Stefáni og Árna eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda. [Leturbr. lögmanns.]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (Hellisheiði) megi sjá að ósamrýmanleg lögskipti geti haft áhrif á eignarréttarlega stöðu jarða í næsta nágrenni. Málið hafi varðað land á Hellisheiði en íslenska ríkið hafi átt aðild að kaupsamningi sem hafi mátt túlka sem viðurkenningu á því að landið væri háð beinum eignarrétti jarðeigenda í Ölfusi. Í dómi Hæstaréttar segi:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða **mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra.** Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum Ytri-Þurá, Eystri-Þurá, Núpum I, II og III, Kröggólfsstöðum, Vötnum, Þúfu, Litla-Saurbæ og Stóra-Saurbæ, var þessu alls ósamrýmanleg. [Leturbr. lögmanns.]

Í þriðja hæstaréttardómnum í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) hafi íslenska ríkið átt aðkomu að landskiptum og töku lands úr landbúnaðarnotum. Talið hafi verið að með þeirri aðkomu hafi íslenska ríkið viðurkennt að ágreiningslandið væri háð beinum eignarrétti. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda.

Jarðeigandi byggi á því að fyrri lögskipti íslenska ríkisins hafi verið til marks um að ríkið hafi ávallt lagt til grundvallar að jarðir á svæðinu ættu eignarland að Baulárvallavatni. Sú aðkoma sé á allan hátt fjölþættari og umfangsmeiri en í þeim tilvikum sem voru til umfjöllunar í hæstaréttardómum í málum nr. 496/2005 (Skaftafell II), 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti) og 94/2017 (Hvassafellsdalur).

Hæstiréttur hafi í fjölmörgum dómum áréttað að landamerkjabréf séu í eðli sínu samningar og þeir sem áriti þau séu bundnir við þau. Í því sambandi er vísað til dóma Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki á Reykjanesi), 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 (Reykjahlíð o.fl.), 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir og Hrollaugsstaðir), 10. september 2015 í máli nr. 637/2014 (Brekka og Snartarstaðir) og 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey).

Jarðeigandi mótmæli að íslenska ríkið geti á einhvern hátt borið brigður á undirritanir landamerkjabréfa jarðar hans. Um þetta allt megi vísa til eftirfarandi ummæla Hæstaréttar í dómi frá 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir).

> Sú skipan mála um merki milli Ásgrímsstaða og Hrollaugsstaða sem þar er mælt fyrir um hefur staðið óbreytt frá upphafi og án þess að gögn málsins beri með sér að eigendur Ásgrímsstaða hafi nokkru sinni hreyft andmælum gegn gildi þess fyrr en í aðdraganda þess að mál þetta var höfðað. Hafa jarðirnar þó báðar gengið kaupum og sölum í millitíðinni. Eins og nánar greinir í dómum Hæstaréttar 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 og 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 eru landamerkjabréf í eðli sínu samningar séu þau samþykkt af eigendum eða umráðamönnum aðliggjandi jarða. Þegar litið er til þessa eðlis landamerkjabréfa er fallist á með gagnáfrýjanda að aðaláfrýjandi geti ekki nú, tæpum 90 árum eftir gerð landamerkjabréfs Hrollaugsstaða og athugasemdalausan þinglestur þess, haft uppi andmæli gegn gildi bréfsins vegna þess hvernig háttað var undirritunum á það. Er réttur hans í þeim efnum því fallinn niður fyrir tómlætis sakir af hálfu eigenda Ásgrímsstaða.

*Hagnýting jarðeiganda*

Jarðeigandi byggi á því að hagnýting og ráðstöfun hans á ágreiningslandinu sé til marks um það að þar sé enga þjóðlendu að finna. Sama gildi um hagnýtingu forvera hans.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líður þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905, um hefð. Jarðeigendur hafi í meira en öld verið í góðri trú og haft öll umráð landsins. Fullnægt sé öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

Árið 2003 hafi hafist undirbúningur að gerð Múlavirkjunar sem standi við Straumfjarðará, skammt neðan við útfall hennar úr Baulárvallavatni. Samningar um virkjunina hafi verið undirritaðir 2004 og framkvæmdir hafist sama ár. Meðal þeirra samninga sem hafi verið undirritaðir hafi verið lóðaleigusamningar sem meðal annars taki til lands innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Í því sambandi sé vísað til þriggja þinglýstra leigusamninga sem Múlavirkjun ehf. hafi gert við eigendur Hofsstaða, Dals og Horns. Ljóst sé að íslenska ríkið hafi átt aðkomu að virkjuninni sem leyfisveitandi. Af hálfu íslenska ríkisins hafi því aldrei verið hreyft að landsréttindi virkjunarinnar séu utan eignarlanda jarða á svæðinu.

Sérstaklega sé áréttað að kröfusvæði íslenska ríkisins taki ekki til hefðbundinna afréttarsvæða. 15. janúar 1920 hafi sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu svarað fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dagsettri 29. desember 1919, um almenninga í sýslunni. Í svari sýslumannsins hafi komið fram að engir almenningar væru í sýslunni heldur eingöngu heimalönd. Þá segi þar:

> Lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnessfjallgarðsins jaðra hvarvetna saman á háfjallgarðinum að því er sjeð verður af landamerkjabók sýslunnar. Í sýslunni eru eigi til afrjettarlönd í eigu sveitarfjelaga og því hvergi hjer í sýslunni að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða.

Oddviti Miklaholtshrepps hafi fengið fyrirspurn frá félagsmálaráðuneytinu 20. febrúar 1989 um afréttarmálefni sveitarfélagsins. Í svari oddvita hreppsins frá 4. desember 1989 segi:

> Varðandi spurningu ráðuneytisins um afrétti er því að svara að í Miklaholtshreppi er enginn sameiginlegur afréttur. Eingöngu er um heimalönd jarða að ræða bæði á láglendi og til fjalla. Væntanlega svarar þetta spurningu ráðuneytisins frá 20/2 1989.

Byggt er á því að af framansögðu ætti þannig að vera hafið yfir vafa að enga afrétti sé að finna innan landamerkja Hofsstaða eins og þeim sé lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar.

*Önnur atriði*

Sérstaklega er mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins.

*Lagarök*

Til stuðnings kröfum sínum vísar jarðeigandi til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísar jarðeigandi til almennra meginreglna íslensks eignaréttar, ákvæða laga um hefð, nr. 46/1905, og til vatnalaga, nr. 15/1923. Einnig er vísað til ákvæða þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Jarðeigandi vísar að auki til landamerkjalaga, nr. 41/1919, og eldri laga um sama efni, nr. 5/1882, sem og til girðingarlaga, nr. 135/2001, og til eldri laga um sama efni, nr. 10/1965.

### *6.3.2.6 Syðra-Lágafell*

Af hálfu eigenda Syðra-Lágafells er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Á því er byggt að landsvæðið sem hér er deilt um eignarrétt á sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt, og því séu ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umræddra gagnaðila ríkisins byggist á þinglýstum afsölum, lögfestum, máldögum og jarðbókum og fleiri skjölum er varða jörðina. Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðjist við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er haldi öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Megi í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt).

Samkvæmt framangreindum eignarheimildum og öðrum sem vísað sé til í málinu sé ljóst að allt land jarðarinnar samkvæmt landamerkjum sem kröfulýsingin byggist á sé háð beinum eignarrétti og tilheyri allt land innan þeirra merkja jörðinni Syðra-Lágafelli.

Samkvæmt framangreindum heimildum hafi eigendur Syðra-Lágafells óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan fyrrgreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum Syðra-Lágafells, þá sé ljóst að sé hún löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum landeigenda verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar í dómasafni 1961, bls. 629. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkomin eign umræddra gagnaðila ríkisins.

Málskostnaðarkrafa sé byggð á 17. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrárinnar, einkum 72. gr. hennar. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar og reglna um hefð.

*Mótmæli við kröfulýsingu ríkisins*

Af hálfu eigenda Syðra-Lágafells er kröfugerð ríkisins mótmælt í heild að því er varðar jörðina.

Syðra-Lágafell sé ein þeirra jarða sem á land sem liggi að kröfusvæði ríkisins í fjalllendi Elliða og Lágafells, auk Baulárvalla (í Staðarsveit, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit). Með kröfum ríkisins um framangreint landsvæði virðist farið inn á land Syðra-Lágafells, en fjalllendi það sem um ræðir sé í óskiptri sameign Ytra- og Syðra-Lágafells. Samkvæmt máldögum virðist sem Ytra-Lágafell sé nýbýli út úr Lágafelli sem síðan sé nefnt Syðra-Lágafell. Fjalllendi það sem um ræðir sé innan þeirra marka sem máldagar og önnur gögn tilgreini sem landamerki Lágafellanna. Hvorki Lágafellsháls né Urðarmúli séu nefnd í máldögum né öðrum gögnum sem afréttur eða landsvæði sem einhver hafi kröfur til sem upprekstrarlands.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land á Snæfellsnesi hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið námi lands til eignar. Land jarðarinnar Syðra-Lágafells sé greinilega allt innan landnáms. Landamerki Syðra-Lágafells séu mjög gömul og jarðarinnar sé getið í fornum ritum.

Hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, virðist úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Samkvæmt skjölum sé ljóst að allt land á svæðinu hafi verið háð beinum eignarrétti. Ekkert sé fram komið sem bendi til þess að svæðið hafi verið undirorpið annars konar eignarrétti. Þessu svæði hafi ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti. Núverandi landamerkjum hafi verið þinglýst athugasemdalaust og þau hafi verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Sé þetta skýlaus sönnun þess að land þetta sé háð beinum eignarrétti.

*Almennt um eignarrétt*

Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigendur að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign" í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum hvernig farið hefði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (Papamichalopoulos o.fl. gegn Grikklandi), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (fyrrum Grikklandskonungur o.fl. gegn Grikklandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (Beyeler gegn Ítalíu).

Þá byggi landeigendur einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær séu byggðar á sanngjörnu og réttlætanlegu trausti á réttargerningi sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (Pine Valley Developments Ltd. o.fl. gegn Írlandi), dóms MDE frá 24. júní 2003 (Stretch gegn Bretlandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (Kopecký gegn Slóvakíu).

*Land innan landamerkja*

Við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðan nr. 41/1919 hafi ætlun löggjafans verið sú að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku hafi valdsmönnunum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því sé byggt að landsvæðið sem hér sé deilt um eignarrétt á sé innan marka upphafslegs landnáms á Snæfellsnesi. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt og því séu ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Landeigendur vísa til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra að jörðinni Syðra-Lágafells í gegnum tíðina. Beri þar meðal annars að nefna landamerkjabréf fyrir þjóðeignina Lágafell syðra í Miklaholtshreppi, dagsett 30. desember 1888, þar sem segi um landamerki jarðarinnar:

> Að utanverðu úr Gróutjörn og þaðan í Pálshamar og þaðan í Selmúla á fjalli upp og að austanverðu í Frakkaskarð á Syðra-Lágafellshyrnu, og þaðan í Hánefshóla og svo þaðan eins og götur ráða í Gráutjörn, að norðanverðu. Frekari landamerki veit ég ekki fyrir ofanskrifaðri þjóðjörð.

Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og þinglesið. Þá sé einnig vísað til landamerkjabréfs frá 29. desember 1888 fyrir þjóðeignina Lágafell ytra í Miklaholtshreppi, þar sem segi m.a.:

> 1. Milli Lágafellanna eru landamerki úr Pálshamri og þaðan sjónhending í Merkjalæk, hann ræður til Gróutjarnar, úr vesturenda tjarnarinnar sjónhending í Gróuhól, þaðan sjónhending í Merkjapytt. 2. svo milli Elliða og Lágafells ytra, sjónhending úr Merkjapytt í stein á Hrísholti eða Deildarholti þaðan í ysta Klofning á Markgili þar sem það klýfur sig úr brún, en landamerki veit maður ekki glögg fyrir fjall landinu en sem þó ættu að fást ef máldagar eru til fyrir því.

Einnig sé vísað til landskiptagjörðar vegna nýbýlis að Lágafelli syðra frá 17. október 1951 og afsals frá 20. maí 1957 þar sem afsalað er nýbýlinu Lágafelli syðra II. Þar segi um landamerki nýbýlisins frá aðaljörðinni:

> Syðsti framræsluskurðurinn skiptir túnum jarðanna, svo ræður sjónhending merkjum úr neðri enda skurðsins í Leirskál við Langholtsveg, þaðan eins og Langholt ræður til móts við Gaularland, í syðri enda Gróutjarnar, þá ræður lækur er fellur í sunnanverða Gróutjörn merkjum (milli nýbýlisins og ytra Lágafells) að upptökum frá þeim sjónhending í Pálshamar. Að norðan og austan ræður girðing merkjum milli óræktaðs lands eða beitilands og nýræktarlandsins.

Um landamerki jarðarinnar gagnvart Baulárvöllum vísist til útmælingargjörðar fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 6. apríl 1847, þar sem vísað sé til brúnar Urðarmúla um merki milli Baulárvalla og Lágafellanna.

Um landamerki jarðarinnar að neðanverðu, gagnvart jörðinni Gaul, sé vísað til landamerkjaskrár fyrir þjóðeigninni Gaul í Staðarsveit frá 23. júní 1885.

Um landamerki jarðarinnar að austanverðu, gagnvart jörðinni Hofsstöðum, sé að auki vísað til landamerkjaskráa fyrir jörðina Hofsstaði í Miklaholtshreppi frá 19. mars 1886 og 2. janúar 1890.

Þá liggi fyrir ýmis eldri gögn til stuðnings lýsingum í landamerkjabréfinu, og þar með beinum eignarrétti að landsvæðinu. Krafa landeigenda byggist á þinglýstum afsölum, *Sýslu- og sóknalýsingum*, jarðamati og jarðabókum og fleiri skjölum er varði Syðra-Lágafell og vísað sé til. Lýsingin eigi sér meðal annars stoð í tveimur vitnisburðum, báðum ársettum árið 1380, öðrum um landamerki á milli Lágafells og Elliða í Staðarsveit, en hinum um landamerki á milli Lágafellanna beggja, þ.e. Lágafells syðra og Lágafells ytra í Miklaholtshreppi. Einnig í landamerkjalýsingum fyrir landamerki á milli Hofsstaða og Lágafella sem taldar séu vera frá því um 1380.

Með vísan til *Landnámu*, sem og fyrrgreindra skjala, sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afréttur. Landeigendur telji að fyrir liggi að allt land á Snæfellsnesi hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki Syðra-Lágafells séu mjög gömul, en jarðanna sé getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað frá landnámi og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars svar oddvita Miklaholtshrepps, dagsett 4. desember 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afréttarmálefni sveitarfélagsins, frá. 20. febrúar 1989, þar sem segi: „Varðandi spurningu ráðuneytisins um afrétti er því að svara að í Miklaholtshreppi er enginn sameiginlegur afréttur. Eingöngu er um heimalönd jarða að ræða bæði á láglendi og til fjalla.“

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið námi lands til eignar. Land Syðra-Lágafells sé greinilega allt innan landnáms og eins og sjá megi á vísunum til þess í framangreindum gögnum hafi verið byggt á því alla tíð að umrætt svæði sé eign Syðra-Lágafells og innan landamerkja þeirrar jarðar á sama máta og annað landsvæði hennar.

Hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti virðist úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði, sem lýst sé hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land á Snæfellsnesi hafi verið háð beinum eignarrétti. Ekkert sé fram komið sem bendi til þess að landsvæðið hafi verið undirorpið annars konar eignarrétti. Svæðið sé beintengt hinum hluta jarðarinnar og ekkert sérstakt sem skilji þar á milli á þann hátt að ótækt sé að telja það hluta jarðarinnar sem eignarland, rétt eins og aðra hluta hennar.

Á því sé byggt að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu, og fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðjist við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrðina fyrir því. Megi í þessu sambandi vísa til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði í Þistilfirði) og 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu) og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt).

*Sönnunargildi landamerkjabréfa*

Landamerkjalýsingar þær sem gerðar voru í kjölfar landamerkjalaganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna hafi orðið til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í *Almennum niðurstöðum* sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. mál nr. 48/2004, þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði. Merkjalýsingar nái hér víða upp á háfjöll, á vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyri vissum jörðum til.

Syðra-Lágafell sé jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem ekki fari í bága við eldri heimildir. Þess vegna hafi ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að innan merkja jarðarinnar

sé þjóðlendu að finna. Hér sé um eignarland að ræða og því ber að hafna þjóðlendukröfu til þess. Vísað er til þess að þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysivíðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

*Notkun, staðhættir og gróðurfar*

Vísað er til fyrirliggjandi lýsinga landsvæðanna í framlögðum gögnum, sögulegs yfirlits í kröfulýsingu landeigenda og í kröfulýsingu ríkisins, sem og til sögulegs yfirlits Þjóðskjalasafns Íslands.

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé svæðið umlukið öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi hvorki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almenningsafrétta, né heldur hafi það staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti, „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að það hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnist um slíkt. Þau fáu skrif sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða en í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Miklaholtshrepp frá árinu 1714 segi að Ytra-Lágafell sé konungsjörð og liggi til Stapaumboðs, þá segi í jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 að Ytra-Lágafell sé Stapaumboðsjörð. Einnig er vísað til tveggja vitnisburða, beggja ársettra 1380, annars um landamerki á milli Lágafells og Elliða í Staðarsveit, en hins um landamerki á milli Lágafellanna beggja, þ.e. Lágafells syðra og Lágafells ytra í Miklaholtshreppi. Enn fremur er vísað til lýsinga á landamerkjum milli Hofsstaða og Lágafella sem séu taldar frá því um árið 1380.

Ítreka beri hve geysiverðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi hvað þetta varðar benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitilönd ofan skógarmarka hafi verið meðan birki og

víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að eigendur þeirra jarða sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mætti.

*Hefðarsjónarmið*

Í ljósi ofangreinds sé því haldið fram að land innan þinglýstra landamerkja Syðra-Lágafells sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og hún sé skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga um hefð, nr. 46/1905. Fyrstu grein þeirra sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þá hljóti þeim mun fremur að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1955, bls. 108 (Landmannaafréttur I), sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttareign. Hið sama megi lesa út úr lokamálsgrein 3. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Fræðimenn hafi talið að eignarhefð verði unnin á landi, hvort sem það sé afréttur eða almenningur, ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt, en gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að ræða. Því sé alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. gróðurfar og heimildir um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðila.

Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1997, bls. 2792 (Laugavellir), hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1939, bls. 28 (Einarsnes), hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

*Réttmætar væntingar*

Í ljósi framangreindra heimilda telji landeigendur að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu,

hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum þeirra sé fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi Mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmálann, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þessu ljósi verði þjóðlendulög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðili ríkisins þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert að umrædd landsvæði, eins og þau séu afmörkuð í landamerkjabréfum, séu utan þjóðlendu.

Kröfugerð landeigenda byggist m.a á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem hann hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum fyrir aðliggjandi jarðir. Á því er byggt að heimildarbréf jarðanna séu löglega frá gengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðisins og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu landeigenda. Um landsvæðið vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð og þeirra heimilda sem hafi fylgt kröfulýsingu kirkjunnar. Þar sé landnámi og staðháttum í sveitinni lýst. Ekki verður af heimildum þessum ráðið annað en allt land land á Snæfellsnesi hafi verið numið í öndverðu.

Landeigendur leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

*Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd*

Vísað er til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem byggist á almennum óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12 gr. laganna beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi að því er varðar íþyngjandi ákvarðanir, og ríkisvaldinu beri að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls. Landeigendur verði á þeim grundvelli ekki sviptir eignaréttindum sínum bótalaust, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

*Reglur um sönnun*

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi sé vísað til dóms Hæstaréttar í dómasafni 1961, bls. 629. Landeigendur telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki í mót heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeigenda sé ekki fullkomin eign þeirra.

Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum hafi verið sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt hafi það verið niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeigendum í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands einnig komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þótt rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

*Jafnræðissjónarmið*

Vísað er sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál skuli hljóta sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Einnig hafi verið litið til þess af Mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum mannréttindadómstólsins verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttar hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigendur hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jarðirnar væru í heild háðar beinum eignarrétti. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

*Sérstök mótmæli við kröfulýsingu ríkisins*

Kröfugerð ríkisins um þjóðlendur, inn á landsvæði landeigenda, sé mótmælt. Svo virðist sem einkum sé byggt á því að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í

öndverðu og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu landeigenda. Með kröfum ríkisins um framangreint landsvæði sé farið inn á land Syðra-Lágafells.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. Í dómaframkvæmd hafi *Landnáma* einnig verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Sem dæmi þar um megi nefna dóm Hæstaréttar um Skeljabrekku í máli frá 1960, bls. 726 í dómasafni og dóm Hæstaréttar um Geitland frá 1994, bls. 2228. Landeigendur telji að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstudda, enda sé hún ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.

Ósannaðar séu röksemdir fjármálaráðherra þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðin hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Sé þetta skýlaus sönnun þess að land þetta sé háð beinum eignarrétti.

Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi) og 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðihóls, Hólssels og Nýhóls) að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi. Ríkið viðurkenni að land aðliggjandi jörðinni sé eignarland og því hljóti að gilda það sama um önnur aðliggjandi lönd.

Fjalllendi það sem um ræðir sé í óskiptri sameign Ytra- og Syðra-Lágafells. Samkvæmt máldögum virðist sem Ytra-Lágafell sé nýbýli út úr Lágafelli sem síðan sé nefnt Syðra-Lágafell. Fjalllendi það sem um ræðir sé innan þeirra marka sem máldagar, fornir vitnisburðir og landamerkjalýsingar og önnur gögn tilgreini sem landamerki Lágafellanna. Hvorki Lágafellsháls né Urðarmúli séu nefnd í máldögum né öðrum gögnum sem afréttur eða landsvæði sem einhver hafi kröfur til sem upprekstrarlands. Þó sé áréttað að kröfur ríkisins nái töluvert lengra inn á land Syðra-Lágafells en sem nemi umræddu sameiginlegu fjalllendi Lágafellanna. Bent sé á að lög um landamerki hafi verið til að fastsetja þau og þess vegna hafi þess oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða.

Í landamerkjabréfi fyrir Ytra-Lágafell frá 29. desember 1888, sé punkturinn Markgil/Merkjagil nefndur, og virðist vera hæsti punktur sem sé tiltekinn um landamerki, en þó nefnt að landamerki nái upp á fjall og vísað um nánari afmörkun landsvæðisins til

fjalla til máldaga. Þessi punktur afmarki hið sameiginlega fjalllendi Lágafellanna að vestanverðu.

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir þjóðeignina Lágafell syðra í Miklaholtshreppi segi að landamerki jarðarinnar nái úr Selmúla á fjalli upp. Þannig afmarkist í Selmúla neðri mörk hins sameiginlega fjalllendis á milli Lágafellanna.

Af þessu og framangreindum heimildum megi sjá að landamerki Syðra-Lágafells nái upp í hæstu fjallseggjar. Um merki fjalllendis Lágafellanna að austanverðu sé austurbrún Urðarmúla nefnd í landamerkjabréfi jarðarinnar Hofsstaða, dags. 19. mars. 1886.

Í landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hofsstöðum, frá 1890, sé Urðarmúli einnig nefndur. Í landamerkjalýsingu um landamerki milli Hofsstaða og Lágafella frá því um 1380 sé Gjálparstapi og þaðan hærra Víðilækjarbotn nefndir sem hornpunktar landamerkjanna. Víðilækjarbotn sé ekki þekkt örnefni á svæðinu í dag.

Í áframhaldandi lýsingu merkja Hofsstaðalands sé um landamerki á svæðinu vísað til Urðarmúla og Vallnár þar til hún renni í Straumfjarðará. Í samræmi við þessar lýsingar dragi landeigendur kröfulínur upp eftir Urðarmúla að austanverðu.

Um landamerki jarðarinnar gagnvart Baulárvöllum vísist til útmælingargjörðar fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 6. apríl 1847, þar sem vísað sé til brúnar Urðarmúla um merki milli Baulárvalla og Lágafellanna.

Vakin sé athygli á því af hálfu landeigenda að þeir telji að eigendur Hofsstaða miði við rangt skarð að því er varðar Frakkaskarð, sem afmarki landamerki milli jarðanna. Telji eigendur Syðra-Lágafells, að eigendur Hofsstaða miði við Breiðaskarð í stað Frakkaskarðs. Af örnefnalýsingum megi sjá að Frakkaskarð sé austan við nafnlausan hnjúk sem sjá megi á ljósmynd sem lögð hafi verið fram með greinagerð landeigenda. Einnig virðist kröfulínur ríkisins taka mið af rangri staðsetningu þessa skarðs.

Einnig veki landeigendur athygli á því að þeir telji að miða beri við hornpunktinn „stein í Þröngubrún“ sem tilgreindur sé í landamerkjalýsingu milli Hofsstaða og Lágafella, frá því um 1380, en ekki Þvergil/Marklæk sem tilgreindur sé í landamerkjabréfi Hofsstaða frá 19. mars 1886.

Byggist þetta m.a. á því að landeigendur telji ekki grundvöll fyrir því að Marklækur hafi breyst í Þvergil, eins og lýst sé í landamerkjabréfinu. Í samræmi við það sé Marklækur ekki kenndur við Þvergil í seinna landamerkjabréfinu fyrir Hofsstaði frá 2. janúar 1890.

Að auki bendi landeigendur á að punkturinn Selmúli komi fram í landamerkjabréfi fyrir Syðra-Lágafell frá 30. desember 1888 og beri að miða við hann um landamerki jarðarinnar, en ekki Djúpagil líkt og virðist miðað við af hálfu ríkisins.

Landeigendur telji rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Landeigendur árétti að almennt sé miðað við vatnaskil og háeggjar um efri merki jarða á svæðinu og

almennt hafi ekki þótt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð.

*Lagatilvísanir*

Vísað er til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar. Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjalaga, nr. 41/1919, laga nr. 46/1905, um hefð, og laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Vísað er til þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998, einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

### *6.3.2.7 Ytra-Lágafell*

*Almennt um sjónarmið jarðeigenda*

Eigendur Ytra-Lágafells mótmæla þjóðlendukröfu íslenska ríkisins, enda sé hún í grófu ósamræmi við þinglýst landamerki á svæðinu. Þá sé þjóðlendukrafan í mótsögn við fyrri lögskipti íslenska ríkisins hvað varðar jörðina Ytra-Lágafell og aðrar jarðir á svæðinu.

Fyrir liggi að íslenska ríkið lýsi þjóðlendukröfu sem kljúfi það landsvæði sem afmarkað sé í þinglýstri landamerkjalýsingu Ytra-Lágafells og Hofsstaða. Nánar tiltekið lýsi ríkið kröfu m.a. frá þeim stað þar sem vötnum fari fyrst að halla til landsuðurs ofan í Dufgusdal og frá tiltekinni vörðu, sjónhendingu til suðurs í Urðarmúlahorn (Urðarhausa), sem skagi næst Straumfjarðará, þaðan sé sjónhending suður í Urðarmúla, þaðan sjónhending í Þvergil, þaðan í Frakkaskarð og þaðan sé farið vestur og síðan norður eftir fjallseggjum, yfir Djúpagil og áfram norður í ysta klofning á Markgili, sem sé á hreppamörkum. Þaðan sé farin sjónhending vestur eftir háeggjum fjallsins Elliða, vestur að Faxasteini.

Þessi kröfugerð fari þvert gegn sameiginlegri landamerkjalýsingu Hofsstaða og Ytra-Lágafells sem afmarkar meðal annars land milli Draugagilsár og Straumfjarðarár allt að Baulárvallavatni. Fyrir liggi að Ytra-Lágafell hafi verið þjóðjörð við gerð landamerkjalýsingarinnar. Stafi lýsingin því beinlínis frá ríkinu sjálfu. Ytra-Lágafell hafi síðar verið selt og eðli málsins samkvæmt hafi þinglesin landamerkjalýsing verið lögð til grundvallar við kaupin.

Jarðeigendur byggi á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem þeir telji til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

*Landnám*

Í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns sé gerð ítarleg grein fyrir landnámi á svæðinu. Byggt sé á því að sá hluti Ytra-Lágafells sem sé innan kröfusvæðis íslenska ríkisins hafi verið numinn í öndverðu.

Jarðeigendur byggi á því að þegar við landnám hafi verið stofnað til beins eignarréttar yfir ágreiningslandinu. Engin gögn liggi fyrir um að sá beini eignarréttur hafi fallið niður heldur þvert á móti, sbr. gildandi landamerkjabréf á svæðinu sem gerð séu af íslenska ríkinu. Jarðeigendur byggi á því að rekja megi eignarhald óslitið allt frá landnámi og til vorra daga. Sé ágreiningslandið nú undirorpið eignarétti jarðeigenda og verði ekki af þeim tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

*Ágreiningssvæði innan þinglýstra landamerkja*

Hinn 17. mars 1882 hafi tekið gildi landamerkjalög, nr. 5/1882. Í 3. gr. laganna hafi komið fram að eigandi hverrar jarðar væri skyldur til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Fram komi að merkjalýsingu þessa skyldi sýna hverjum þeim sem land ætti á móti eða ætti ítak í landið. Skyldu þeir aðilar rita á lýsinguna samþykki sitt, hver fyrir sína jörð, nema þeir álítu lýsinguna eigi rétta. Í kjölfar gildistöku laganna hafi farið í gang mikil vinna um allt land við gerð landamerkjabréfa fyrir jarðir og önnur landsvæði. Enn hafi verið hnykkt á skyldu til gerðar merkjalýsinga með nýjum landamerkjalögum, nr. 41/1919.

Landamerkjalýsing Ytra-Lágafells og Hofsstaða hafi eins og áður segi verið undirrituð 20. apríl 1964. Bréfið lýsi merkjum upp í Baulárvallavatn. Á þeim tíma hafi Ytra-Lágafell verið í ríkiseigu og lýsingin því undirrituð af ríkinu.

Óumdeilt sé að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríka sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða. Sú regla gildi að sá sem hafi þinglýsta heimild yfir fasteign sé talinn eiga þann rétt sem slík heimild greini frá þar til annað sannist. Þannig sé ákveðinn áreiðanleiki eða opinbert trúgildi bundið við þinglýstar heimildir og þinglýsingabækur sem réttarvernd sé reist á. Í þessu felist jafnframt að treysta megi að þinglýsingabækur greini frá tilvist allra réttinda yfir eignum þannig að ekki sé um önnur réttindi yfir þeim að ræða en þau sem bækurnar greini frá, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli 457/2011 (landamerki á Reykjanesi).

Byggt sé á því að landamerkjalýsing Ytra-Lágafells og Hofsstaða sé í samræmi við eldri heimildir um merki jarðanna. Vísist þar til dæmis til lýsingar frá 1380 en þar segi

að merki milli Lágafells og Elliða séu úr læknum sem fellur af brúninni fyrir austan Elliðatinda.

Vesturamtið hafi tekið málefni Baulárvalla til skoðunar árið 1889. Í bréfi amtsins til sýslumannsins í Snæfellssýslu 26. mars 1889 hafi verið fjallað um gildi þeirrar útmælingargjörðar sem fram fór 7. júlí 1823. Í bréfinu segi m.a.:

> Það virðist nefnilega eftir þeim skýrslum, er þér herra sýslumaður, hafið meðdeilt Amtinu, að vera in cofesso, að allt það land, er Baulárvöllum hefur verið útmælt, hafi áður tilheyrt, eða verið innan landamerkja konungsjarðanna: Elliða, Lágafells, Dals, Horns og Hraunsfjarðar. [Leturbr. lögmanns.]

Af þessu tilefni sé áréttað að nýbýli hafi verið hægt að stofna jafnt í eignarlandi sem eigendalausu landi.

*Aðkoma íslenska ríkisins og fyrri lögskipti þess*

Með afsali dagsettu 12. maí 1908 hafi Landssjóður Íslands selt jörðina Ytra-Lágafell til Kristjáns Elíassonar. Ytra-Lágafell hafi aftur komist í eigu ríkisins 31. október 1939. Ábúandi Ytra-Lágafells, Ársæll Jóhannesson, hafi svo keypt jörðina 28. janúar 1992. Í afsalinu hafi án fyrirvara verið vísað til landamerkjabókar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Eðli málsins samkvæmt hafi kaupandi mátt ganga út frá því að afmörkun jarðarinnar væri samkvæmt þinglýstri landamerkjalýsingu.

Jarðeigendur byggi á því að þjóðlendukrafan í máli þessu fari í bága við fyrri lögskipti og athafnir íslenska ríkisins. Vísað sé til þess að íslenska ríkið hafi staðfest með beinum og óbeinum hætti að jarðirnar Horn, Selvellir, Hraunsfjörður, Elliði, Ytra-Lágafell og Dalur ættu allar eignarland að Baulárvallavatni. Þannig liggi fyrir að íslenska ríkið hafi verið eigandi Horns, Selvalla, Hraunsfjarðar, Dals og Ytra-Lágafells þegar gildandi landamerkjalýsingar jarðanna voru gerðar. Þá liggi fyrir að fulltrúi íslenska ríkisins hafi samþykkt með áritun sinni gildandi landamerkjabréf Elliða.

Þá sé bent á að landbúnaðarráðherra hafi heimilað jarðeiganda Dals að leysa til sín veiðiréttindi í Baulárvallavatni árið 1980 en til þess að slíkt væri heimilt að lögum hafi viðkomandi jörð þurft að eiga eignarland að viðkomandi veiðivatni, sbr. 3. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Hæstiréttur Íslands hafi í nokkrum dómum hafnað þjóðlendukröfu með vísan til þess að krafan væri ósamrýmanleg fyrri lögskiptum og aðkomu íslenska ríkisins, sjá dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II), 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Í fyrstnefnda dómnum hafi Hæstiréttur talið að í þátttöku íslenska ríkisins í landskiptum Skaftafells hefði falist afstaða til þess að landsvæðið væri eignarland. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, **ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar** í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890.

> Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu Laufeyju, Önnu Maríu, Stefáni og Árna eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda. [Leturbr. lögmanns.]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (Hellisheiði) megi sjá að ósamrýmanleg lögskipti geti haft áhrif á eignarréttarlega stöðu jarða í næsta nágrenni. Málið hafi varðað land á Hellisheiði en íslenska ríkið hafi átt aðild að kaupsamningi sem hafi mátt túlka sem viðurkenningu á því að landið væri háð beinum eignarrétti jarðeigenda í Ölfusi. Í dómi Hæstaréttar segi:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða **mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra.** Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum Ytri-Þurá, Eystri-Þurá, Núpum I, II og III, Kröggólfsstöðum, Vötnum, Þúfu, Litla-Saurbæ og Stóra-Saurbæ, var þessu alls ósamrýmanleg. [Leturbr. lögmanns.]

Í þriðja hæstaréttardómnum í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) hafi íslenska ríkið átt aðkomu að landskiptum og töku lands úr landbúnaðarnotum. Talið hafi verið að með þeirri aðkomu hafi íslenska ríkið viðurkennt að ágreiningslandið væri háð beinum eignarrétti. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda.

Jarðeigendur byggi á því að fyrri lögskipti íslenska ríkisins hafi verið til marks um að ríkið hafi ávallt lagt til grundvallar að jarðirnar Elliði, Hofsstaðir, Ytra-Lágafell, Dalur, Selvellir og Horn ættu allar eignarland að Baulárvallavatni. Sé sú aðkoma á allan hátt fjölþættari og umfangsmeiri en í þeim tilvikum sem voru til umfjöllunar í hæstaréttardómum í málum nr. 496/2005 (Skaftafell II), 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti) og 94/2017 (Hvassafellsdalur).

Hæstiréttur hafi í fjölmörgum dómum áréttað að landamerkjabréf séu í eðli sínu samningar og þeir sem áriti þau séu bundnir við þau. Í því sambandi er vísað til dóma Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki á Reykjanesi), 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 (Reykjahlíð o.fl.), 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir og Hrollaugsstaðir), 10. september 2015 í máli nr. 637/2014 (Brekka og Snartarstaðir) og 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey). Jarðeigendur mótmæli að íslenska ríkið geti á einhvern hátt borið brigður á undirritanir

landamerkjabréfa jarða þeirra. Um þetta allt megi vísa til eftirfarandi ummæla Hæstaréttar í dómi frá 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir):

> Sú skipan mála um merki milli Ásgrímsstaða og Hrollaugsstaða sem þar er mælt fyrir um hefur staðið óbreytt frá upphafi og án þess að gögn málsins beri með sér að eigendur Ásgrímsstaða hafi nokkru sinni hreyft andmælum gegn gildi þess fyrr en í aðdraganda þess að mál þetta var höfðað. Hafa jarðirnar þó báðar gengið kaupum og sölum í millitíðinni. Eins og nánar greinir í dómum Hæstaréttar 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 og 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 eru landamerkjabréf í eðli sínu samningar séu þau samþykkt af eigendum eða umráðamönnum aðliggjandi jarða. Þegar litið er til þessa eðlis landamerkjabréfa er fallist á með gagnáfrýjanda að aðaláfrýjandi geti ekki nú, tæpum 90 árum eftir gerð landamerkjabréfs Hrollaugsstaða og athugasemdalausan þinglestur þess, haft uppi andmæli gegn gildi bréfsins vegna þess hvernig háttað var undirritunum á það. Er réttur hans í þeim efnum því fallinn niður fyrir tómlætis sakir af hálfu eigenda Ásgrímsstaða.

*Hagnýting jarðeigenda*

Jarðeigendur byggi á því að hagnýting og ráðstöfun þeirra á ágreiningslandinu sé til marks um það að þar sé enga þjóðlendu að finna. Sama gildi um hagnýtingu forvera þeirra.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líður þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905, um hefð. Jarðeigendur hafi í meira en öld verið í góðri trú og haft öll umráð landsins. Fullnægt sé öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

Sérstaklega sé áréttað að kröfusvæði íslenska ríkisins taki ekki til hefðbundina afréttarsvæða. 15. janúar 1920 hafi sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu svarað fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember árið 1919, um almenninga í sýslunni. Í svari sýslumannsins hafi komið fram að engir almenningar væru í sýslunni heldur eingöngu heimalönd. Þá segi:

> Lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnessfjallgarðsins jaðra hvarvetna saman á háfjallgarðinum að því er sjeð verður af landamerkjabók sýslunnar. Í sýslunni eru eigi til afrjettarlönd í eigu sveitarfjelaga og því hvergi hjer í sýslunni að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða.

Oddviti Miklaholtshrepps hafi fengið fyrirspurn frá félagsmálaráðuneytinu 20. febrúar 1989 um afréttarmálefni sveitarfélagsins. Í svari oddvita hreppsins frá 4. desember árið 1989 segi:

> Varðandi spurningu ráðuneytisins um afrétti er því að svara að í Miklaholtshreppi er enginn sameiginlegur afréttur. Eingöngu er um heimalönd jarða að ræða bæði á láglendi og til fjalla. Væntanlega svarar þetta spurningu ráðuneytisins frá 20/2 1989.

Af framansögðu ætti þannig að vera hafið yfir vafa að enga afrétti sé að finna innan merkja Ytra-Lágafells eins og þeim er lýst í landamerkjalýsingu jarðarinnar.

*Önnur atriði*
Sérstaklega er mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins.

*Lagarök*
Til stuðnings kröfum sínum vísar jarðeigandi til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísar jarðeigandi til almennra meginreglna íslensks eignaréttar, ákvæða laga um hefð, nr. 46/1905, og til vatnalaga, nr. 15/1923. Einnig er vísað til ákvæða þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Jarðeigandi vísar að auki til landamerkjalaga, nr. 41/1919, og eldri laga um sama efni, nr. 5/1882, sem og til girðingarlaga, nr. 135/2001, og til eldri laga um sama efni nr. 10/1965.

*6.3.2.8 Elliði*

*Almennt um sjónarmið jarðeiganda*
Jarðeigandi mótmælir þjóðlendukröfu íslenska ríkisins, enda sé hún í grófu ósamræmi við þinglýst landamerki á svæðinu. Þá sé þjóðlendukrafan í mótsögn við fyrri lögskipti íslenska ríkisins hvað varðar jarðir á kröfusvæðinu.

Fyrir liggi að íslenska ríkið lýsi þjóðlendukröfu sem kljúfi það landsvæði sem afmarkað sé í þinglýstri landamerkjalýsingu Elliða. Nánar tiltekið lýsi ríkið kröfu m.a. frá þeim stað þar sem vötnum fari fyrst að halla til landsuðurs ofan í Dufgusdal og frá tiltekinni vörðu, sjónhendingu til suðurs í Urðarmúlahorn (Urðarhausa), sem skagi næst Straumfjarðará, þaðan sé sjónhending suður í Urðarmúla, þaðan sjónhending í Þvergil, þaðan í Frakkaskarð og þaðan sé farið vestur og síðan norður eftir fjallseggjum, yfir Djúpagil og áfram norður í ysta klofning á Markgili, sem sé á hreppamörkum, þaðan sé farin sjónhending vestur eftir háeggjum fjallsins Elliða, vestur að Faxasteini sem standi ofarlega í Elliðahamri, þaðan sé sjónhending norður í Sóldeyjardalsöxl hina hærri, þaðan sjónhending í suðaustasta Tröllatind á suðurenda Kjósarhryggs, þaðan í Klettaborg (Breiðaborg), sem sé rétt sunnan við upptök Hvanngils, þaðan ofan í Hvanngil, sem ráði merkjum ofan í Hraunsfjarðarvatn.

Þessi kröfugerð fari þvert gegn landamerkjalýsingu Elliða frá 1. janúar 1964 sem árituð hafi verið um samþykki af hálfu íslenska ríkisins. Byggt sé á því að lýsingin fari jafnframt gegn lýsingu í eldri landamerkjabréfi jarðarinnar frá 29. desember 1888.

Jarðeigandi byggi á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem hann telji til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarrétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

*Landnám*

Í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns sé gerð ítarleg grein fyrir landnámi á svæðinu. Byggt sé á því að sá hluti Elliða sem sé innan kröfusvæðis íslenska ríkisins hafi verið numinn í öndverðu.

Jarðeigandi byggi á því að þegar við landnám hafi verið stofnað til beins eignarréttar yfir ágreiningslandinu. Engin gögn liggi fyrir um að sá beini eignarréttur hafi fallið niður heldur þvert á móti, sbr. gildandi landamerkjabréf á svæðinu sem gerð séu af íslenska ríkinu. Jarðeigandi byggi á því að rekja megi eignarhald óslitið allt frá landnámi og til vorra daga. Sé ágreiningslandið nú undirorpið eignarétti jarðeiganda og verði ekki af honum tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

*Ágreiningssvæði innan þinglýstrar landamerkjalýsingar*

Hinn 17. mars 1882 hafi tekið gildi landamerkjalög, nr. 5/1882. Í 3. gr. laganna hafi komið fram að eigandi hverrar jarðar væri skyldur til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Fram komi að merkjalýsingu þessa skyldi sýna hverjum þeim sem land ætti á móti eða ætti ítak í landið. Skyldu þeir aðilar rita á lýsinguna samþykki sitt, hver fyrir sína jörð, nema þeir álítu lýsinguna eigi rétta. Í kjölfar gildistöku laganna hafi farið í gang mikil vinna um allt land við gerð landamerkjabréfa fyrir jarðir og önnur landsvæði. Enn hafi verið hnykkt á skyldu til gerðar merkjalýsinga með nýjum landamerkjalögum, nr. 41/1919.

Landamerkjalýsing Elliða hafi eins og áður segir verið undirrituð 1. janúar 1964. Lýsi bréfið merkjum meðal annars upp í Baulárvallavatn og sé samþykkt sérstaklega af íslenska ríkinu.

Óumdeilt sé að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríka sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða. Sú regla gildi að sá sem hafi þinglýsta heimild yfir fasteign sé talinn eiga þann rétt sem slík heimild greini frá þar til annað sannist. Þannig sé ákveðinn áreiðanleiki eða opinbert trúgildi bundið við þinglýstar heimildir og þinglýsingabækur sem réttarvernd sé reist á. Í þessu felist jafnframt að treysta megi að þinglýsingabækur greini frá tilvist allra réttinda yfir eignum þannig að ekki sé um önnur réttindi yfir þeim að ræða en þau sem bækurnar greini frá, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli 457/2011 (landamerki á Reykjanesi).

Byggt sé á því að landamerkjalýsing Elliða samrýmist vel eldri heimildum um merki jarðarinnar. Vesturamtið hafi tekið málefni Baulárvalla til skoðunar árið 1889. Í bréfi amtsins til sýslumannsins í Snæfellssýslu 26. mars 1889 hafi verið fjallað um gildi þeirrar útmælingargjörðar Baularvalla sem fram fór 7. júlí 1823. Í bréfinu segi m.a.:

> Það virðist nefnilega eftir þeim skýrslum, er þér herra sýslumaður, hafið meðdeilt Amtinu, að vera in cofesso, að <u>allt það land, er Baulárvöllum hefur verið útmælt, hafi áður tilheyrt, eða verið innan landamerkja konungsjarðanna: Elliða, Lágafells, Dals, Horns og Hraunsfjarðar.</u> [Leturbr. lögmanns.]

Af þessu tilefni skuli áréttað að nýbýli hafi verið hægt að stofna jafnt í eignarlandi sem eigendalausu landi.

*Aðkoma íslenska ríkisins og fyrri lögskipti þess*

Með afsali dagsettu 23. maí árið 1908 hafi Landssjóður Íslands jörðina Elliða til Kristjáns Elíassonar. Jarðeigandi byggi á því að þjóðlendukrafan í máli þessu fari í bága við fyrri lögskipti og athafnir íslenska ríkisins. Vísað sé til þess að íslenska ríkið hafi staðfest með beinum og óbeinum hætti að jarðirnar Horn, Selvellir, Hraunsfjörður, Elliði, Ytra-Lágafell og Dalur ættu allar eignarland að Baulárvallavatni. Þannig liggi fyrir að íslenska ríkið hafi verið eigandi Dals, Horns, Selvalla og Ytra-Lágafells þegar gildandi landamerkjalýsingar jarðanna voru gerðar. Þá liggi fyrir að fulltrúi íslenska ríkisins hafi samþykkt með áritun sinni gildandi landamerkjalýsingu Elliða.

Þá sé bent á að landbúnaðarráðherra hafi heimilað jarðeiganda Dals að leysa til sín veiðiréttindi í Baulárvallavatni árið 1980 en til þess að slíkt væri heimilt að lögum hafi viðkomandi jörð þurft að eiga eignarland að viðkomandi veiðivatni, sbr. 3. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Hæstiréttur Íslands hafi í nokkrum dómum hafnað þjóðlendukröfu með vísan til þess að krafan væri ósamrýmanleg fyrri lögskiptum og aðkomu íslenska ríkisins, sjá dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II), 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Í fyrstnefnda dómnum hafi Hæstiréttur talið að í þátttöku íslenska ríkisins í landskiptum Skaftafells hefði falist afstaða til þess að landsvæðið væri eignarland. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, **<u>ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar</u>** í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu Laufeyju, Önnu Maríu, Stefáni og Árna eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda. [Leturbr. lögmanns.]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (Hellisheiði) megi sjá að ósamrýmanleg lögskipti geti haft áhrif á eignarréttarlega stöðu jarða í næsta nágrenni. Málið hafi varðað land á Hellisheiði en íslenska ríkið hafi átt aðild að kaupsamningi sem hafi mátt túlka sem viðurkenningu á því að landið væri háð beinum eignarrétti jarðeigenda í Ölfusi. Í dómi Hæstaréttar segi:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða **<u>mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra.</u>** Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum Ytri-Þurá, Eystri-Þurá, Núpum I, II og III, Kröggólfsstöðum, Vötnum, Þúfu, Litla-Saurbæ og Stóra-Saurbæ, var þessu alls ósamrýmanleg. [Leturbr. lögmanns.]

Í þriðja hæstaréttardómnum í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) hafi íslenska ríkið átt aðkomu að landskiptum og töku lands úr landbúnaðarnotum. Talið hafi verið að með þeirri aðkomu hafi íslenska ríkið viðurkennt að ágreiningslandið væri háð beinum eignarrétti. Um þetta segi í dómi Hæstaréttar:

> Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda.

Jarðeigandi byggi á því að fyrri lögskipti íslenska ríkisins hafi verið til marks um að ríkið hafi ávallt lagt til grundvallar að jarðir á svæðinu ættu eignarland að Baulárvallavatni. Sú aðkoma sé á allan hátt fjölþættari og umfangsmeiri en í þeim tilvikum sem voru til umfjöllunar í hæstaréttardómum í málum nr. 496/2005 (Skaftafell II), 617/2012 (jarðamörk gagnvart Ölfusafrétti) og 94/2017 (Hvassafellsdalur).

Hæstiréttur hafi í fjölmörgum dómum áréttað að landamerkjabréf séu í eðli sínu samningar og þeir sem áriti þau séu bundnir við þau. Í því sambandi er vísað til dóma Hæstaréttar frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki á Reykjanesi), 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 (Reykjahlíð o.fl.), 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir og Hrollaugsstaðir), 10. september 2015 í máli nr. 637/2014 (Brekka og Snartarstaðir) og 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey). Jarðeigandi mótmæli að íslenska ríkið geti á einhvern hátt borið brigður á undirritanir landamerkjabréfa jarðar hans. Um þetta allt megi vísa til eftirfarandi ummæla Hæstaréttar í dómi frá 18. september 2014 í máli nr. 360/2013 (Ásgrímsstaðir):

> Sú skipan mála um merki milli Ásgrímsstaða og Hrollaugsstaða sem þar er mælt fyrir um hefur staðið óbreytt frá upphafi og án þess að gögn málsins beri með sér að eigendur Ásgrímsstaða hafi nokkru sinni hreyft andmælum gegn gildi þess fyrr en í aðdraganda þess að mál þetta var höfðað. Hafa jarðirnar þó báðar gengið kaupum og sölum í millitíðinni. Eins og nánar greinir í dómum Hæstaréttar 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 og 26. september 2013 í máli nr. 547/2012 eru landamerkjabréf í eðli sínu samningar séu þau samþykkt af eigendum eða umráðamönnum aðliggjandi jarða. Þegar litið er til þessa eðlis landamerkjabréfa er fallist á með gagnáfrýjanda að aðaláfrýjandi geti ekki nú, tæpum 90 árum eftir gerð landamerkjabréfs Hrollaugsstaða og athugasemdalausan þinglestur þess, haft uppi andmæli gegn gildi bréfsins vegna þess hvernig háttað var undirritunum á það. Er réttur hans í þeim efnum því fallinn niður fyrir tómlætis sakir af hálfu eigenda Ásgrímsstaða.

*Hagnýting jarðeiganda*

Jarðeigandi byggi á því að hagnýting og ráðstöfun hans á ágreiningslandinu sé til marks um það að þar sé enga þjóðlendu að finna. Sama gildi um hagnýtingu forvera hans.

Umrædd nýting sé hvað sem öðru líður þannig að hún uppfylli skilyrði eignarhefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905, um hefð. Jarðeigandi hafi ávallt verið í góðri trú og haft öll umráð landsins. Fullnægt sé öllum skilyrðum um hefðartíma,

virk umráð og huglæga afstöðu. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist á landinu, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

Sérstaklega sé áréttað að kröfusvæði íslenska ríkisins taki ekki til hefðbundina afréttarsvæða. Hinn 15. janúar árið 1920 hafi sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu svarað fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember 1919, um almenninga í sýslunni. Í svari sýslumannsins hafi komið fram að engir almenningar væru í sýslunni, heldur eingöngu heimalönd. Þá segi þar:

> Lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnessfjallgarðsins jaðra hvarvetna saman á háfjallgarðinum að því er sjeð verður af landamerkjabók sýslunnar. Í sýslunni eru eigi til afrjettarlönd í eigu sveitarfjelaga og því hvergi hjer í sýslunni að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða.

Sé þannig byggt á því að enga afrétti sé að finna innan þess lands sem afmarkað sé í þinglýstri landamerkjalýsingu Elliða.

*Önnur atriði*

Sérstaklega er mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins.

*Lagarök*

Til stuðnings kröfum sínum vísar jarðeigandi til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísar jarðeigandi til almennra meginreglna íslensks eignaréttar, ákvæða laga um hefð, nr. 46/1905, og til vatnalaga, nr. 15/1923. Einnig er vísað til ákvæða þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Jarðeigandi vísar að auki til landamerkjalaga, nr. 41/1919, og eldri laga um sama efni, nr. 5/1882, sem og til girðingarlaga, nr. 135/2001, og til eldri laga um sama efni nr. 10/1965.

### *6.3.3 Niðurstaða*

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar ágreiningssvæðisins, auk Baulárvalla, Horns, Selvalla, Hraunsfjarðar, Dals, Hofsstaða, Syðra-Lágafells, Ytra-Lágafells og Elliða er rakin í 5. kafla hér að framan.

Á grundvelli krafna gagnaðila íslenska ríkisins, sem taka til einstakra hluta ágreiningssvæðisins og sumar skarast, skiptist svæðið í allmarga hluta. Að norðanverðu er svæði sem gerð er krafa til af hálfu Stykkishólmskirkju og vísað er til sem lands Baulárvalla. Þessi hluti svæðisins, að Baulárvallavatni frátöldu, er jafnframt undirorpinn kröfum af hálfu annarra gagnaðila íslenska ríkisins sem skarast við kröfur kirkjunnar. Þetta eru jarðirnar Horn, Selvellir og Hraunsfjörður í Helgafellssveit, Dalur og Hofsstaðir í Eyja- og Miklaholtshreppi, og Ytra-Lágafell og Elliði í Snæfellsbæ. Sunnan þess svæðis sem kirkjan vísar til sem lands Baulárvalla er svæði sem gerðar eru kröfur til vegna Syðra-Lágafells í Snæfellsbæ og þriggja áðurnefndra jarða, þ.e. Ytra-Lága-

fells, Hofsstaða og Elliða. Kröfur vegna Syðra-Lágafells skarast að nokkru leyti við kröfur vegna Ytra-Lágafells annars vegar og Hofsstaða hins vegar.

Kemur hér fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og kröfujarðanna. Þar sem gagnaðila ríkisins greinir að nokkru leyti á um landamerki er rétt að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða það, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til kafla 3 og 6.3.1 og úrskurðarkorts málsins.

Fyrst verða heimildir um merki Baulárvalla skoðaðar og að því búnu heimildir um aðrar jarðir sem hér voru nefndar.

Einungis liggja fyrir tvö skjöl sem varða merki Baulárvalla, þ.e. útmælingargerð frá 7. júlí 1823 vegna áforma um stofnun nýbýlis á Baulárvöllum og lögfesta Arnfinns Arnfinnssonar fyrir Baulárvelli frá 7. júní 1847.

Í útmælingargerðinni frá 1823 er merkjum Baulárvalla lýst svo:

> Í Landsudur rædur Urdarmúlahorn, sem næst skagar Straumfiardará og eptir sem Brún hanns rædur til útsudurs í klettahnúk þann er kallast Stackur. sem er í Hádegisstad ad siá frá bæarstædinu. þaðan í vestur í vördu þá sem nefnist Södulsborg, þadan í einstakan stórann stein sem stendur á landsudurs sídu Moldarmúla, þadan Siónhending vestur í efstu Fossa, sem falla frá Fiöllum í austari Breiddalsbotna, þadan í vördu sem stendur á klettaborg kipp korn austan Hvanngil, og svo í Gilid. Sídan rædur Hvanngil, sem rennur(r) ofan eptir sokolludum vestari Breiddal landi fyrir vesturátt uns þad fellur í Hraunsfiardarvatn, þadan Siónhending yfir vatnshorned í útnordur horn á Vatnafelli, þaðan frá til nordurs í vördu á Griótborg þeirri er kallast Kista. Sídan ráda vordur fyrir nordri til austurs eptir vatnahryggium ad Raudalæk, og þadan austur eptir Vatnamýrar Breckum í stóra vördu er stendur á Breckna brúninni þar sem fyrst hallar vötnum til landsudurs ofan ad Dugfúsdal og svo úr tjádri vördu Siónhending til Sudurs í ádurnefnt Urdarmúlahorn.

Þá er merkjunum lýst svo í lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 1847:

> J Landsudur rædur Urdarmulahorn, sem nærst skagar Straumfjardará, og eptir sem brún hans [svo] rædur til hásudurs a Klettahniúk er kallast Stakkur, sem er í hádeigisstad frá bænum.
>
> Þadann í Vestur í vördu þá sem stendur á borg þeirri er nú kallast Södulsborg, þadann í einstakann stórann Stein, sem stendur á Landsudur sídu Nordurmúla, þadann siónhendíng vestur í efstu Fossa sem falla frá fiöllum í austari Breiddalsbotna, þadann í vördu sem stendur á Klettaborg, kippkorn fyrir austann Hvanngil, og so í gilid. Sídann rædur Hvanngil sem rennur ofanneptir svokolludum vestari Breiddal[s]Lundi í vestur átt, uns þad fellur í Hraunsfjardarvatn.
>
> Þadan siónhendíng yfir Vatnshornid, í Utnordurshorn á Vatnafelli. Þadan frá til Nordurs í vördu á Griótborg þeirri er kallast Kista.
>
> Sídan ráda Vördur fyrir nordri til austurs eftir Vatnahriggium ad Raudalæk, og þadann austur eftir Vatnamýrarbrekkum í stóra vördu, sem stendur á Brekknabrúninni, þar sem fyrst hallar votnum til Landsudurs, ofann ad Dugfúsdal [svo] og svo úr tédri vördu, siónhendíng til sudurs, í fyrstnefndt Urdarmúlahorn.

Efnislega er að mestu fullt samræmi milli þessara heimilda. Þrjú atriði eru þó mismunandi. Í útmælingunni frá 1823 er stefnan frá brún Urðarmúla í Stakk tilgreind til útsuðurs en til hásuðurs í lögfestunni frá 1847. Þá er tilgreind varða sögð nefnast Söðulsborg í útmælingunni en í lögfestunni er hún sögð standa á „borg“ með því nafni. Enn fremur er steinn sem vísað er til sagður standa á Moldarmúla í útmælingunni en á Norðurmúla í lögfestunni.

Kröfugerð Stykkishólmskirkju lýtur að því að land Baulárvalla sé eignarland innan þeirra merkja sem lýst er í þessum tveimur heimildum. Þau örnefni sem þar er vísað til hafa verið merkt inn á kröfulínukort málsins af hálfu kirkjunnar og ekki er ágreiningur milli aðila um staðsetningu þeirra. Stakkur er af hálfu kirkjunnar merktur því sem næst í beina stefnu í vestur frá brún Urðarmúla þrátt fyrir að í útmælingargerðinni frá 1823 sé sú stefna tilgreind í útsuður og í hásuður í lögfestunni frá 1847. Enginn vafi virðist þó leika á um staðsetningu Stakks. Brún Urðarmúla er í kröfugerð kirkjunnar auðkennd með fjórum hnitsettum punktum (nr. 2–4) og með kröfulýsingunni fylgdu myndir sem sýna að þar sem punktarnir eru staðsettir er um að ræða brún á Urðarmúla og skil í landslagi. Það er til þess fallið að styðja að þetta sé sú brún sem miðað var við þegar merki Baulárvalla voru ákvörðuð 1823 og áréttuð með lögfestu 1847. Að mati óbyggðanefndar er þó ekki unnt að útiloka út frá staðháttum að litið hafi verið svo á að Urðarmúli næði lengra til norðurs. Það væri í betra samræmi við það að stefnan er tilgreind til útsuðurs þaðan í Klakk í útmælingargerðinni og hásuðurs í lögfestunni. Úrlausn um nákvæma staðsetningu þeirrar brúnar Urðarmúla sem vísað er til í umræddum heimildum hefur einungis þýðingu ef í ljós kemur að um sé að ræða mörk þjóðlendu gagnvart eignarlandi, enda ekki á valdsviði óbyggðanefndar að skera úr um merki milli eignarlanda.

Í útmælingargerðinni frá 1823 eru merkin dregin „í vördu þá sem nefnist Södulsborg“ en í lögfestunni frá 1847 „í vördu þá sem stendur á borg þeirri er nú kallast Södulsborg“. Munurinn lýtur einungis að því hvort umrædd varða heiti Söðulsborg eða borgin sem hún stendur á beri það nafn. Það misræmi veldur ekki vafa um túlkun merkjalýsinganna, enda ekki ágreiningur milli ríkisins og gagnaðila þess um hvaða vörðu sé um að ræða. Þá er í útmælingargerðinni getið um „einstakan stóran stein sem stendur á landsuðurs sídu Moldarmúla“ en í lögfestunni er steinninn sagður standa „á Landsudur sídu Nordurmúla“. Örnefnið Norðurmúla er ekki að finna á fyrirliggjandi kortum eða örnefnaskrám en samkvæmt málatilbúnaði Stykkishólmskirkju hefur þessi steinn verið staðsettur á Moldarmúla sem punktur nr. 8 á kröfulínu kirkjunnar og er þar sagður vera „á landsuður síðu Norðurmúla“ í samræmi við lögfestuna. Af hálfu kirkjunnar hefur þessi punktur verið hnitsettur og kröfugerðinni fylgdi mynd sem sýnir þar stein eða vörðu. Ekki er deilt um staðsetningu þessa steins. Að teknu tilliti til þessara atriða verður að mati óbyggðanefndar að telja að staðsetning þessa punkts á kröfulínu kirkjunnar eigi sér stoð bæði í útmælingargerðinni og lögfestunni.

Að öðru leyti er kröfulína Stykkishólmskirkju í fullu samræmi við merkjalýsingar útmælingargerðarinnar frá 1823 og lögfestunnar frá 1847.

Endanleg kröfulína íslenska ríkisins fer saman við kröfulínu Stykkishólmskirkju allt frá punkti nr. 5 og þar til komið er fram hjá punkti nr. 12 á kröfulínu ríkisins, enda lagaði ríkið kröfulínu sína milli punkta nr. 8 og 12 að kröfulínu kirkjunnar undir rekstri málsins. Um er að ræða þann hluta kröfulínu Stykkishólmskirkju sem liggur frá punkti nr. 10 við Hvanngil til norðausturs um punkta nr. 11 og 12 í punkt nr. 13, þaðan til austurs um punkt nr. 15 í punkt nr. 16 og þaðan til suðurs í punkt nr. 1 á Urðarmúlahorni. Þessar kröfulínur afmarka nyrsta hluta ágreiningssvæðis málsins að norðvestan-, norðan- og austanverðu. Að sunnanverðu er þessi hluti ágreiningssvæðisins ekki sérstaklega afmarkaður af hálfu ríkisins, enda er þar sunnan við svæði sem þjóðlendukrafan lýtur einnig að.

Að teknu tilliti til þess sem hér var rakið er afmörkun kröfulínu Stykkishólmskirkju að mati óbyggðanefndar í samræmi við fyrirliggjandi heimildir, þ.e. útmælingargerðina frá 1823 og lögfestuna frá 1847, þó að því gættu að ef í ljós kemur að um sé að ræða mörk þjóðlendu gagnvart eignarlandi kann nákvæm staðsetning merkjapunkts á Urðarmúlahorni að þarfnast nánari skoðunar. Afmörkun kröfulínu íslenska ríkisins er einnig í samræmi við fyrirliggjandi heimildir að því er varðar norðvestur-, norður- og austurmörk Baulárvalla.

Næst verða skoðaðar heimildir um merki þeirra jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu en íslenska ríkið og eigendur þeirra greinir á um hvort land jarðanna nái inn á svæðið. Fyrst verða skoðaðar heimildir um merki Horns og Selvalla, þá Hraunsfjarðar, því næst Elliða, þá Ytra- og Syðra-Lágafells, svo Hofsstaða og loks Dals.

Land Horns og Selvalla liggur austanvert við Hraunsfjörð sem gengur inn í landið til suðurs frá Seljafirði sem liggur austur úr Kolgrafafirði. Land Hraunsfjarðar er þar sunnan við. Eignarhald Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar er nú á sömu hendi og hafa landeigendur lýst kröfum sameiginlega fyrir þessar jarðir. Fyrir liggur landamerkjabréf „fyrir þjóðeignina Horn og Selvelli í Helgafellssveit“, dagsett 30. apríl 1889 og þinglýst 13. júní sama ár.[209] Einnig liggja fyrir í *Íslenzku fornbréfasafni* tvær útgáfur af kaupbréfi vegna kaupa Ásgríms ábóta og klaustursins á Helgafelli á Horni af Snorra Andréssyni fyrir fjórðungi í Berserkseyri. Með annarri útgáfunni er tilgreint ártalið 1360 en með hinni, sem ber yfirskriftina „Kaupbrief firer Horne J Helgafellssueijt“ er tilgreint ártalið 1377.[210] Enn fremur koma fram upplýsingar um merki Horns í fundargerð útmælingarréttar sem fram fór á Baulárvöllum 7. júlí 1823 vegna áðurnefndra áforma um stofnun nýbýlis þar.

Í landamerkjabréfi Horns og Selvalla frá 1889 er þeim hluta merkja Horns sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo: „… sjónhending í Hraunsfjarðarvatn svo ræður

[209] Hér eftir er vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Horns og Selvalla frá 1889.

[210] Í *Íslenzku fornbréfasafni* er spurningarmerki fyrir aftan ártalið 1377, sem gefur til kynna að óvissa sé um það.

Vatnaá til Baulárvallavatns. Þaðan aftur í Rauðsteinalæk, og ræður sá lækur í fjall upp, þaðan aftur sjónhending í svo kallaða Sátu.“ Auk undirritana vegna Horns og Selvalla hefur landamerkjabréfið að geyma áritanir um samþykki af hálfu ábúanda Hraunsfjarðar og sóknarnefndar Stykkishólmskirkju. Hluti ágreiningssvæðisns að norðvestanverðu er innan merkja Horns samkvæmt þessari lýsingu, þ.e. sá hluti sem er norðan Vatnár og austan Baulárvallavatns og Rauðsteinalækjar. Auk eigenda Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar gerir Stykkishólmskirkja kröfu um að þessi hluti ágreiningssvæðisins sé eignarland.

Í kaupbréfinu vegna kaupa Ásgríms ábóta og klaustursins á Helgafelli á Horni af Snorra Andréssyni fyrir fjórðungi í Berserkseyri á síðari hluta 14. aldar er ekki að finna heildstæða merkjalýsingu fyrir Horn. Í þeirri útgáfu kaupbréfsins sem birt er í *Íslenzku fornbréfasafni* með ártalinu 1360 er merkjum lýst svo: „mitt hraunskard aa fra þorustadafirdi millum hornzselia og kothraunz“ og í hinni sem talin er frá 1377 er þeim lýst svo: „mitt Hronskard vt fra þorustada firde. millum Horns. selia og Kothrons.“ Þessar lýsingar eru samsaga um þau merki sem þar er lýst en varða ekki ágreiningssvæðið. Þar sem þessari merkjalýsingu virðist einungis hafa verið ætlað að lýsa hluta af merkjum Horns verður hún þó að mati óbyggðanefndar ekki talin mæla landamerkjabréfinu frá 1889 í mót um að land Horns nái inn á ágreiningssvæðið.

Í fundargerð útmælingarréttar frá 7. júlí 1823, sem haldinn var vegna áforma um stofnun nýbýlis á Baulárvöllum, kemur fram að nábýlismenn við „eydiplátsed Baulárvelli“ hafi verið skriflega aðvaraðir af sýslumanninum um að mæta til réttarins. Á meðal þeirra sem mættu samkvæmt fundargerðinni var Sigurður Sigurðarson á Horni. Hann er þar sagður hafa borið eftirfarandi:

> … ad hann eckert tilkall egi til lands í Baulárvalla óbygd enn gamler menn segi ábylisjörd sina land ega ad Vatnaá, sem fellur á milli Hraunsfiardar og Baulárvallavatns ad þadan í Raudalæk. enn eckert skriflegt authentiskt bevís kunni hann hér fyrir ad færa.

Af þessu verður ráðið að heimildarmenn Sigurðar hafi talið land Horns ná að Vatná og Rauðsteinalæk, a.m.k. verður að telja líklegt að með Rauðalæk sé átt við Rauðsteinalæk, en ekki hafi legið fyrir skrifleg skjöl þar að lútandi. Sú afmörkun er í samræmi við landamerkjabréf Horns og Selvalla frá 1889 og kröfur vegna þeirra jarða í málinu. Síðar í fundargerðinni kemur fram að þar sem útmælingarmennirnir hafi álitið beitiland nýbýlisins ónógt sunnan Baulárvallavatns hafi að auki land norðan vatnsins verið lagt til nýbýlisins. Það var gert þrátt fyrir andmæli ábúenda Horns og Dals með eftirfarandi rökstuðningi:

> … þar þeir hvörke gátu nockra máldaga edr önnur löggylld skilríki fyrir því sýnt ad jarder þeirra ættu land þad, þótt endrum og sinnum eitthvad brúkad hefdu, og ei helldur halladi vötnum þadan ofan ad löndum þeirra enda siást engin merki til ad landid hafi um langa tíma yrkt vered. og vard því ad alítast teked af ódýrkudu óbygdarlandi, sem enginn kynni ser ödrum fremur löglega ad tileinka, eins lítid sem siálfa Baulárvelli sunnann vatnid.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er sá hluti ágreiningssvæðisins sem afmarkast af Vatná að sunnanverðu, Baulárvallavatni að austan- og sunnanverðu, Rauðsteinalæk að austanverðu og kröfulínu íslenska ríkisins að norðvestan- og norðanverðu innan merkja Horns samkvæmt landamerkjabréfi Horns og Selvalla frá 1889. Það á sér einnig stoð í því sem fram kom af hálfu Sigurðar Sigurðarsonar, ábúanda á Horni, við útmælinguna á Baulárvöllum 7. júlí 1823. Þessi hluti ágreiningssvæðisins er, eins og áður hefur komið fram, einnig innan merkja Baulárvalla samkvæmt útmælingargerðinni frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 7. júní 1847.

Land Hraunsfjarðar liggur austanvert við samnefndan fjörð. Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Hraunsfjörð, dagsett 15. október 1888 og þinglýst 13. júní 1889, og einnig örnefnaskrá þar sem m.a. er lýst staðsetningu örnefna sem getið er um í landamerkjabréfinu. Í landamerkjabréfinu er merkjum milli Horns og Hraunsfjarðar lýst um Hraunsfjarðará og Gyltugil „og beina sjónhending upp úr gilinu í Hraunsfjarðarvatn“. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Horns. Í ódagsettri örnefnaskrá fyrir Hraunsfjörð, sem Þorleifur Jóhannesson skráði, er m.a. greint frá þessum hluta merkjanna og skráin varpar ljósi á staðsetningu þeirra örnefna sem getið er um í landamerkjabréfinu. Í örnefnaskránni segir:

> Dalurinn niður frá bæjunum Hraunsfirði og Horni heitir Bæjardalur (10), eftir dalnum fellur smá á, sem heitir Hraunsfjarðará, skiptir hún löndum Hraunsfjarðar og Horns, þar til gil sem heitir Gyltugil (11), fellur í hana austanfrá, ræður það merkjum eftir það upp í kletta, er heita Hádegisklettar (12).

Hádegisklettar eru vestan við Hraunsfjarðarvatn og Gyltugil og Hraunsfjarðará eru jafnframt til vesturs og norður frá vatninu. Því er ljóst að túlka verður þann hluta landamerkjabréfsins þar sem merkjum er lýst frá Gyltugili í Hraunsfjarðarvatn á þann veg að þar sé lýst merkjum í vestanvert vatnið. Merkjum Hraunsfjarðar gagnvart Horni er því ekki lýst lengra til austurs en í vestanvert Hraunsfjarðarvatn í landamerkjabréfinu.

Þá er merkjum milli Hraunsfjarðar og Fjarðarhorns lýst svo í landamerkjabréfi Hraunsfjarðar: „ræður svokallaður Simbalækur úr hyrnukolli niður til sjóar“. Eyðijörðin Fjarðarhorn er næsta jörð sunnan Hraunsfjarðar við samnefndan fjörð, vestan við Hraunsfjarðarvatn sem er vestan við nyrsta hluta ágreiningssvæðisins. Á milli Hraunsfjarðarvatns og Hraunsfjarðar eru m.a. Krákuhyrna og Hádegisklettar og þar austan við renna vötn í átt að Hraunsfjarðarvatni.

Simbalækjar og Hyrnulækjar er ekki getið sem örnefna í fyrirliggjandi örnefnaskrá fyrir Hraunsfjörð, kröfulínukorti málsins eða kortum sem birt eru í vefsjá Landmælinga Íslands. Í áðurnefndri örnefnaskrá fyrir Hraunsfjörð, sem Þorleifur Jóhannesson skráði, segir þó eftirfarandi: „Landamerki milli Hraunsfjarðar og Fjarðarhorns eru um læk er kemur ofan Hraunsfjarðarhlíð vestarlega og fellur í Hraunsfjörð austan við Vaðilshöfða (36) (Vaðalshöfða (37)).“ Telja verður líklegt að þarna sé átt við læk þann sem nefndur er Simbalækur í landamerkjabréfinu.

Ljóst er að framangreind lýsing landamerkjabréfsins á merkjum milli Hraunsfjarðar og Fjarðarhorns snertir ekki ágreiningssvæðið, enda geta upptök Simbalækjar ekki

verið austar en á vatnaskilum austan fjarðarins Hraunsfjarðar. Ekki liggja fyrir fleiri gögn um merki Hraunsfjarðar. Fyrirliggjandi heimildir um landamerki Hraunsfjarðar styðja því ekki að land jarðarinnar nái inn á ágreiningssvæðið. Í því sambandi er þó til þess að líta að í kröfugerðum eigenda Horns, Selvalla, Hraunsfjarðar og Elliða kemur fram að fyrir liggi samkomulag milli eiganda jarðarinnar Elliða annars vegar og eigenda Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar hins vegar um að merki síðarnefndu jarðanna gagnvart Elliða skuli miðast við Moldargilsá upp í Kjósarhrygg þar sem hann er hæstur. Moldargilsá og Kjósarhryggur eru innan ágreiningssvæðisins, á vesturmerkjum þess hluta svæðisins sem kröfur vegna Elliða taka til. Heimildir um landamerki Elliða koma því einnig til skoðunar í sambandi við þann hluta ágreiningssvæðisins sem gagnaðilar ríkisins byggja á að sé innan sameiginlegra merkja Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar en næst verður fjallað um þær heimildir.

Óumdeilt eignarland eyðijarðarinnar Elliða er sunnan við ágreiningssvæðið en bæjarhúsin á Elliða stóðu sunnan við Elliðatinda og Elliðahamar sem eru við suðurmörk þess. Af hálfu eiganda Elliða er byggt á því að land jarðarinnar nái mun lengra til norðurs, allt norður að Baulárvallavatni og vestur að austurmörkum þess svæðis sem krafa er gerð til vegna Hraunsfjarðar. Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Elliða, dagsett 29. desember 1888, en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst. Landamerkjabréfið er undirritað af hálfu Kristjáns Elíassonar á Lágafelli, Jóns Jónssonar ábúanda, Kristjáns Sigurðssonar á Furubrekku og Jóns Jónssonar sem ritar undir sem „umboðsmaður“. Að auki liggja fyrir eftirfarandi heimildir um landamerki Elliða: Skjal sem talið er frá 1380, varðveitt í *Íslenzku fornbréfasafni* og hefur að geyma vitnisburð Ólafs Björnssonar sem hann hefur eftir Snorra Bjarnarsyni og Jóni Bárðarsyni um landamerki milli Lágafells og Elliða; virðingargjörð á Elliða, dagsett 15. mars 1897, þar sem landamerkja er getið; skjal sem ber yfirskriftina „Yfirlýsing um landamerki jarðarinnar Elliða í Staðarsveit“, dagsett 1. janúar 1964 og þinglýst 25. febrúar sama ár. Enn fremur er að finna frekari upplýsingar um landamerkin í fyrirliggjandi örnefnaskrám, sem fjallað verður um eftir því sem við á.

Í landamerkjabréfi Elliða frá 1888 er merkjum jarðarinnar að vestanverðu, gagnvart Furubrekku, sem er vestan Elliða, lýst svo: „… sjónhending í Kaplastein og þaðan í Faxastein, sem stendur fremst á fjallsbrúninni.“ Í ódagsettri og óársettri örnefnaskrá fyrir Elliða, sem Elías Kristjánsson skráði, er staðsetningu Kaplasteins lýst svo: „… er við komum niður hlíðina vestan Elliðahrauns[s], sjáum við stóran klett þá hjá veginum með hlíðinni. Sá heitir <u>Kaplasteinn</u> (53), og eru merkin milli Elliða og Furubrekku í hann.“ Af þessari lýsingu verður ráðið að Kaplasteinn sé utan ágreiningssvæðisins. Faxasteins er ekki getið í þessari örnefnaskrá en hans er aftur á móti getið í örnefnaskrá sem Svavar Sigmundsson skráði 8. desember 1966 eftir Kristjáni Elíassyni. Þar segir: „Faxasteinn (102) er merkjasteinn í fjallsbrúninni austast á Kúlu. Dregur nafn af því, að hann líkist hesti í lögun.“ Staðsetningu örnefnisins *Kúlu* er ekki ekki nánar lýst. Í hinni ódagsettu örnefnaskrá Elíasar Kristjánssonar er þó getið um *Árgilskúlu*, þar sem segir:

„Vestan Árgils er Árgilskúla (25) og vestan við hana, Þjófasteinn (26), stór klettur, klofinn í tvennt.“ Staðsetning Árgils er þekkt. Íslenska ríkið staðsetur Faxastein „ofarlega á Elliðahamri“ í kröfugerð sinni sem punkt nr. 1 á kröfulínu. Á kröfulínukorti er sá punktur staðsettur á fjallsbrún vestan við innsta hluta Árgils. Sá punktur fer ekki saman við kröfulínu gagnaðila ríkisins vegna Elliða. Í kröfugerð gagnaðilans er vísað um merkin til yfirlýsingarinnar um landamerki Elliða frá 1964, þar sem m.a. er miðað við Faxastein hvað vesturmerkin varðar. Kröfulínan er þar dregin nokkru vestar en kröfulína íslenska ríkisins. Vesturmerki Elliða eru þannig dregin utan ágreiningssvæðisins samkvæmt kröfugerð gagnaðilans án þess þó að gerð hafi verið grein fyrir því af hans hálfu hvar hann telji Faxastein staðsettan á kröfulínunni. Umræddri yfirlýsingu um landamerki Elliða frá 1964 fylgdi uppdráttur þar sem Faxasteinn er merktur nokkru vestar en punktur nr. 1 á kröfulínu ríkisins og sú staðsetning virðist geta samræmst legu kröfulínu gagnaðila ríkisins vestan ágreiningssvæðisins. Síðar verður fjallað nánar um efni umræddrar yfirlýsingar um landamerki Elliða frá 1964.

Að mati óbyggðanefndar getur staðsetning íslenska ríkisins á Faxasteini eftir atvikum samræmst því sem fram kemur í hinum tilvitnuðu örnefnaskrám, þó svo að ekki verði fullyrt út frá því sem þar kemur fram hvort *Kúla* sú þar sem Faxasteinn er í annarri þeirra sagður vera sé í reynd *Árgilskúla* sem getið er um í hinni. Einnig kann að vera að hann sé í reynd vestar og utan ágreiningssvæðisins eins og gagnaðili íslenska ríkisins virðist byggja á. Þessi munur lýtur að því hvort Faxasteinn sé í reynd á mörkum ágreiningssvæðisins eða utan þess en fyrirliggjandi heimildir benda aftur á móti ekki til þess að hann sé innan ágreiningssvæðisins. Að því leyti verður landamerkjabréf Elliða frá 1888 því ekki túlkað á þann veg að land Elliða nái inn á ágreiningssvæðið.

Í sama landamerkjabréfi frá 1888 er merkjum Elliða gagnvart Ytra-Lágafelli lýst svo: „Milli Elliða og Ytra-Lágafells eru landamerki, úr ysta klofningi á Markgili sjónhending í stein á Hrísholti (eða Deildarholti). Þaðan í merkjapytt.“ Nyrsti punkturinn í þessari merkjalýsingu er ysti klofningur á Markgili, sem jafnframt er punktur nr. 17 á kröfulínu íslenska ríkisins á suðurmörkum ágreiningssvæðisins. Málsaðila greinir ekki á um að sá punktur sé rétt staðsettur af hálfu ríkisins og fyrirliggjandi heimildir benda heldur ekki til annars að mati óbyggðanefndar.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir er merkjum Elliða ekki lýst að ágreiningssvæðinu í landamerkjabréfinu og nær lýsing bréfsins því ekki lengra til norðurs en að suðurmörkum svæðisins. Því verður talið að landamerkjabréfið veiti því ekki nokkra stoð að land Elliða nái inn á ágreiningssvæðið.

Í vitnisburði Ólafs Björnssonar frá 1380 um landamerki milli Lágafells og Elliða kemur fram að Snorri Bjarnarson og Jón Bárðarson hafi …

> … reiknad so ad hann heyrde í millum Ellida og Lagafelltz. ad þar rædur Lækur sa er fellur af bruninne firir austann Ellidatinda. er hann þrikloferm uppe j bruninne. enn hinn jndre firir nedan brunina oc suo firir utan þann stein er stendur aa hrijsholltte eda deyldar holltte.

Við skýrslutökur í málinu var spurt um staðsetningu Hrísholts og Deildarholts án þess að svör fengjust. Fyrirliggjandi örnefnaskrár fyrir Elliða veita þó nokkra vísbendingu þar að lútandi. Í örnefnaskrá þeirri sem Svavar Sigmundsson skráði 8. desember 1966 eftir Kristjáni Elíassyni segir:

> Bumsulækjardrög (112) eru neðan við Markgilseyrar (79), þar sem smálækir renna saman og mynda Bumsulæk (75).
>
> Efra-Hrísholt (113) (eða Deildarholt (114), sem er eldra örnefni) er á merkjum Elliða og Lágafells, austan Bumsulækjar (austurmörk). […] Neðra-Hrísholt (115) er hins vegar beint í suður frá Deildarholti í Lágafellslandi. Það er hátt, bungumyndað holt með allmiklu skógarkjarri.

Þá segir eftirfarandi í ódagsettri og óársettri örnefnaskrá fyrir Elliða sem Elías Kristjánsson skráði:

> Austan Sóldeyjarlækjar eru mörg smáholt, sem heita Sóldeyjaholt (63), austan við þau eru Stekkjarholt (64). Var þar býli frá Elliða þar til nú fyrir hér um bil 50–60 árum. Austan Stekkjarholts rennur Bæjarlækur (65) ofan frá Elliðatúni. Smáhóll er með honum austan Stekkjarholts, sem heitir Rauðhóll (66). Klettur er í mýrinni ofan við hann, sem gat er í gegnum, sá heitir Gati (67). Upp af honum hærra í mýrinni eru þrír stórir steinar, heita Engjasteinar (68). Holt er neðan og sunnan frá, er heitir Engjaholt (69). Sunnan þá og það er lækur, sem heitir Engjalækur (70) og Engjalág (71) efst með læknum. Austur af Stekkjarholtum eru þrjú holt, sem heita Engjaholt (72). Austan við þau er lág, sem heitir Votumýri (73). Fyrir ofan hana er rúst, sem heitir Engjarúst (74). Sunnan við hana og Votumýri er Bumsulækur (75), ofan við hann, neðan við Elliðahlið (76), heita Dýjahringir (77), dýjaklasi mikill, og austan við þá með hlíðinni er jarðfalla pyttaklasi, sem heita Hraunpyttir (78). Þeir eru suður undir landamörkum Elliða og Lágafells, skammt vestan Markgilseyrar (79).

Af örnefnaskránum verður ráðið að Hrísholt, sem jafnframt hafi verið nefnt Deildarholt, sé í grennd við Bumsulæk sem renni sunnan vatnaskilanna sem eru við suðurmörk ágreiningssvæðisins gagnvart óumdeildu eignarlandi Elliða. Því verður ekki séð að merkjum Elliða og Lágafells sé lýst inn á ágreiningssvæðið í vitnisburðinum frá 1380.

Í virðingargerð vegna Elliða frá 15. mars 1897 er merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Landamerki jarðarinnar eru talinn úr stakk sem er borg inná fjalli, og eins og götur ráda á Baulárvallavegi ofan í marksgil sem er fyrir vestan Lágafellsstíga, og úr því sjónhendíngu ofan í stein á ofanverðu Hrýsholti, og úr honum beint ofaní merkjapitt, sem skilur merki milli Lágafells og Bergholtslág úr nefndum pitti útí grástein og úr honum útí Baltarholt [svo] og úr nefndu holt[i] uppí kaplastein, og úr honum í stein uppá brúninni sem nefndur er fattasteirn, vestann Elliðahamar úr því getur ábúandi ekki upplýst okkur um merki þaðan að fyr nefndum stakk.

Ljóst virðist að merkjum er þarna lýst lengra til norðurs en í landamerkjabréfinu frá 1888. Stakkur er, eins og áður segir, á suðurmerkjum Baulárvalla samkvæmt útmælingargerðinni frá 7. júlí 1823. Í hinni ódagsettu og óársettu örnefnaskrá fyrir Elliða sem Elías Kristjánsson skráði segir um Stakk: „Norðan við [Urðardal] er hár stuðlabergskastali á landamörkum Baulárvalla og Elliða, sá heitir Stakkur (22).“ Að framan er fjallað um staðsetningu Faxasteins sem er punktur nr. 1 á kröfulínu ríkisins. Telja verður mjög sennilegt að þegar getið er um „fattasteirn“ í tengslum við landamerki Elliða í virðingargerðinni sé átt við Faxastein, enda kemur það heim og saman við þá

lýsingu landamerkjabréfsins að merkin séu dregin frá Kaplasteini í Faxastein. Af þessu verður ráðið að þegar virðingargerðin fór fram hafi ábúandi Elliða talið merki jarðarinnar ná allt norður í Stakk en að hann hafi þó ekki getað lýst merkjunum milli Stakks og Faxasteins.

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að land Elliða „liggi til fjalls, þar sem jörðin eigi upprekstrarland". Af þessu verður ráðið að við gerð fasteignamatsins hafi verið talið að jörðinni Elliða fylgdi upprekstrarréttur lengra til norðurs en að kröfulínu íslenska ríkisins á fjallsbrúninni norðan bæjarins, án þess þó að ljóst sé hvort það landsvæði hafi verið talið hluti af jörðinni.

Fram kemur í byggingarbréfi fyrir Elliða, dagsettu 3. október 1941, að landamerki jarðarinnar séu „samkv. landamerkjaskrá frá 29/12. 1888 í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu." Ljóst er að þar er átt við landamerkjabréf Elliða frá 1888 sem áður hefur verið gerð grein fyrir.

Fyrir liggur skjal sem ber yfirskriftina „Yfirlýsing um landamerki jarðarinnar Elliða í Staðarsveit", dagsett 1. janúar 1964 og þinglýst 25. febrúar sama ár. Yfirlýsingin hefst með eftirfarandi orðum:

> Eg undirritaður, Kristján Elíasson frá Elliða, yfirfiskmatsmaður í Reykjavík, réttur og löglegur eigandi téðrar jarðar, Elliða í Staðarsveit, lýsi hérmeð og lögfesti landamerki jarðarinnar, að því er tekur til fjalllendis hennar. Lýsi ég merkjum þessum að gefnu tilefni, og að öllu í samræmi við það, sem verið hafa gildandi landamerki jarðarinnar frá fornu fari um ómunatíð, enda í samræmi við staðhætti og náttúrulega aðstöðu, sem og sérstaklega fjallskilareglugerðir sýslunnar, hvað hreppamörkin snertir, og skrifar hreppsnefnd Staðarsveitar hér undir, þeim til staðfestu. Er því sem fyrr mótmælt, að merkjum jarðarinnar hið efra hafi nokkru sinni verið breytt, með neinum löglegum hætti, eða þá þær breytingar fyrir löngu niður fallnar, og merkin þannig komin í hið upprunalega og rétta horf, enda þótt dregist hafi að færa þau í landamerkjabók sýslunnar, á tilsvarandi hátt og t.d. Dalur gerði 1887 og Botnajarðir 1889, en þær jarðir eiga lönd um sömu slóðir þar efra og eru merki þar í samræmi við það, sem hér fer á eftir. Merkjalýsingu þessari til staðfestu skrifa hér undir fyrirsvarsmenn hliðarliggjandi jarða, sem og nokkrir fleiri gjörkunnugir menn.

Að þessum inngangi loknum er merkjunum lýst á eftirfarandi hátt:

> Samkvæmt þessu lýsi ég og lögfesti landamerki jarðarinnar hið efra, sem hér segir:
>
> <u>Austurmörk:</u> Úr ysta klofningi Markgils, þar sem það fellur fram af fjallsbrúninni, sjónhending í Kistugil, þar sem gljúfrin enda, — af brúninni séð. Þaðan eins og Baulárvallavegur ræður inn að Draugagilsá, á móti Stakk. Þaðan ræður svo Draugagilsá í Baulárvallavatn.
>
> <u>Norðurmörk</u>: Baulárvallavatn að Vatnaá, þá Vatnaá í Hraunsfjarðarvatn, þá Hraunsfjarðarvatn að Hvanngili. Þaðan ræður Hvanngil upp eftir Breiðdal hinum vestari. Úr Hvanngili efst ræður sjónhending í merkjavörðu á Breiðuborg, sem er stutt frá upptökum Hvanngils í suðurátt.
>
> <u>Vesturmörk</u>: Úr merkjavörðu á Breiðuborg, upp eftir Kjósarhrygg þar sem hann er hæstur, þaðan eins og vötnum hallar í suðaustasta Tröllatindinn. Þaðan ræður sjónhending í Sóldeygjardalsöxl hina hærri úr henni sjónhending í Faxastein, sem stendur fremst í fjallsbrúninni upp af Kaplasteini.

Því næst segir:

> Landamerki jarðarinnar niður af fjallsbrúnum beggja vegna eru áður skráð í merkjalýsingum jarðanna, en geta má þess, að merkin milli Elliða og Lágafells eru á herforingjaráðskortunum sýnd miklu austar, en vera ber.

Yfirlýsingin hefur að geyma áritanir um samþykki vegna Ytra-Lágafells, Syðra-Lágafells, Foss og Furubrekku, fyrir hönd hreppsnefndar Staðarsveitar og „fyrir hönd jarðeignadeildar ríkisins“ af hálfu skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu og við undirritun hans er stimpill ráðuneytisins. Skjalinu var þinglýst hjá embætti sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 25. febrúar 1964 með eftirfarandi athugasemd: „Embættið gerir þá athugasemd að það hefir ekki borið landamerkjalýsingu þessa saman við eldri heimildarskjöl varðandi hér greint landsvæði.“

Í yfirlýsingunni um landamerki Elliða frá 1964 er merkjum Elliða lýst mun lengra til norðurs en í landamerkjabréfi Elliða frá 1888 og öðrum fyrirliggjandi heimildum um landamerki jarðarinnar. Merkjalýsingin frá 1964 tekur til alls svæðisins sem krafa er gerð til vegna Elliða í málinu, austur að Baulárvallavegi og Draugagilsá, norður að Baulárvallavatni og vestur að Moldargilsá og Kjósarhrygg. Að auki tekur hún til hluta þess svæðis sem kröfur vegna Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar taka til, allt norður að Vatná, Hraunsfjarðarvatni og Hvanngili og vestur að merkjavörðu á Breiðuborg. Eins og áður segir byggja eigendur Elliða, Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar á því að fyrir liggi óformlegt samkomulag milli þeirra um að merki Elliða til vesturs skuli miðast við Moldargilsá, upp í Kjósarhrygg þar sem hann er hæstur.

Í texta eftir Jón Lúthersson frá Brautarholti, dagsettum 3. október 1999, sem varðveittur er með örnefnaskrám Elliða á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, er óbeint vísað til yfirlýsingarinnar um landamerki Elliða frá 1964. Þar segir: „Stór hluti af upphaflegu fjalllandi Elliða var tekinn undan jörðunni við stofnun nýbýlis á Baulárvöllum árið 1823. Örnefni á þessu landsvæði koma því ekki fram á örnefnaskrá Elliða. Það land sem tekið var náðist aftur undir jörðina um 1964.“

Eins og hér hefur verið rakið styður landamerkjabréf Elliða frá 1888 ekki að land Elliða nái inn á ágreiningssvæðið, andstætt því sem gagnaðili íslenska ríkisins byggir á, og ekki verður heldur fundin stoð fyrir því í vitnisburði Ólafs Björnssonar um landamerki milli Elliða og Lágafells frá 1380. Samkvæmt virðingargerð fyrir Elliða frá 1897 virðist ábúandi jarðarinnar á þeim tíma þó hafa litið svo á að merki jarðarinnar næðu inn á ágreiningssvæðið, án þess þó að hann gæti gert grein fyrir merkjum jarðarinnar að norðanverðu með heildstæðum hætti. Vægi síðastnefndu heimildarinnar er eðli málsins samkvæmt mun minna en landamerkjabréfsins við greiningu á landamerkjum jarðarinnar. Aftur á móti er merkjum jarðarinnar lýst mun lengra til norðurs í yfirlýsingunni um landamerki Elliða frá 1964 en gert er í landamerkjabréfinu frá 1888 og öðrum heimildum um merki jarðarinnar.

Austan við það svæði sem kröfur eru gerðar til vegna Elliða, og austan Baulárvallavegar og Draugagilsár, er svæði sem eigendur Ytra-Lágafells og Syðra-Lágafells gera

kröfur um að teljist eignarland. Að mestu leyti skarast kröfur vegna þessara tveggja jarða. Nærri suðurmörkum ágreiningssvæðisins, austur og norður af punkti nr. 16 á kröfulínu ríkisins, er þó svæði sem einungis eigendur Ytra-Lágafells gera kröfu til sem eignarlands. Að norðanverðu skarast kröfur eigenda Ytra-Lágafells við kröfur Stykkishólmskirkju vegna Baulárvalla en kröfur eigenda Syðra-Lágafells til þess hluta ágreiningssvæðisins eru aftur á móti einungis gerðar til vara að geymdum betri rétti Stykkishólmskirkju, eins og áður segir. Að teknu tilliti til skörunar krafna eigenda Ytra- og Syðra-Lágafells og þess að heimildir um merki jarðanna eru að nokkru leyti hinar sömu verður hér fjallað sameiginlega um merki þeirra, enda lýtur rannsókn óbyggðanefndar að því hvort ágreiningssvæðið sé innan merkja eignarlanda en ekki að merkjum milli þeirra.

Til er landamerkjabréf fyrir Ytra-Lágafell, dagsett 29. desember 1888, en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Elliða og Syðra-Lágafells og af hálfu umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Jafnframt er til landamerkjabréf fyrir Syðra-Lágafell sem dagsett er degi síðar en ekki liggur heldur fyrir hvort því var þinglýst. Það er áritað um samþykki vegna Ytra-Lágafells og af hálfu umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs vegna jarðarinnar Gaular. Þá liggur, eins og áður segir, fyrir vitnisburður frá 1380 um landamerki milli Lágafells og Elliða en honum voru gerð skil hér að framan í umfjöllun um landamerki Elliða. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar var sú að ekki verði séð að merkjum Elliða og Lágafells sé lýst inn á ágreiningssvæðið í vitnisburðinum frá 1380. Um það atriði vísast til þess sem að framan greinir um umrætt skjal. Jafnframt er varðveitt í *Íslenzku fornbréfasafni* „skrá um landamerki milli Lágafellanna beggja í Miklaholtshrepp", sem einnig er talin vera frá 1380. Þar mun vera átt við þær jarðir sem nú eru nefndar Ytra- og Syðra-Lágafell og hefur skjalið að geyma vitnisburð sem hafður er eftir Ólafi Björnssyni og Þorláki Magnússyni.[211] Einn vitnisburður til viðbótar, sem talinn er vera frá því um 1380, er enn fremur varðveittur í tveimur útgáfum í *Íslenzku fornbréfasafni* og ber þar yfirskriftina „Landamerki Hofstaða í Miklaholtshreppi til móts við jarðir Helgafellsklausturs, er Þorsteinn taldi."[212] Þar er lýst landamerkjum milli Hofsstaða og Lágafella en þar mun einnig vera átt við Ytra- og Syðra-Lágafell. Enn fremur er að finna frekari upplýsingar um landamerkin í fyrirliggjandi örnefnaskrám sem fjallað verður um eftir því sem við á. Loks liggur fyrir yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða, dagsett 20. apríl 1964 og þinglýst 12. maí sama ár.

Í landamerkjabréfi Ytra-Lágafells frá 1888 er merkjum gagnvart Elliða lýst svo af hálfu Kristjáns Elíassonar, ábúanda jarðarinnar, sem skrifaði undir bréfið:

> … svo milli Elliða og Lágafells ytra, sjónhending úr Merkjapytt í stein á Hrísholti eða Deildarholti þaðan í ysta Klofning á Markgili þar sem það klýfur sig úr brún, en

211 Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem vitnisburðar um merki milli Lágafellanna frá 1380.

212 Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem vitnisburðar frá 1380 um landamerki Hofsstaða gagnvart jörðum Helgafellsklausturs.

> landamerki veit maður ekki glögg fyrir fjall landinu en sem þó ættu að fást ef máldagar eru til fyrir því.

Rétt eins og í landamerkjabréfi Elliða frá sama ári er nyrsta kennileitið sem getið er um í tengslum við merki milli jarðanna ysti klofningur á Markgili, sem jafnframt er punktur nr. 17 á kröfulínu íslenska ríkisins á suðurmörkum ágreiningssvæðisins. Málsaðila greinir, eins og áður segir, ekki á um að sá punktur sé rétt staðsettur af hálfu ríkisins og fyrirliggjandi heimildir benda heldur ekki til annars að mati óbyggðanefndar. Ábúandinn sem ritaði undir landamerkjabréfið virðist þó hafa talið að merki jarðarinnar næðu lengra til norðurs þótt hann hafi ekki getað lýst merkjum þar, sbr orðin: „landamerki veit maður ekki glögg fyrir fjall landinu en sem þó ættu að fást ef máldagar eru til fyrir því.“ Síðar verður fjallað um eldri heimildir sem liggja fyrir um þennan hluta merkjanna.

Í sama landamerkjabréfi er merkjum milli Ytra- og Syðra-Lágafells lýst svo: „… úr Pálshamri og þaðan sjónhending í Merkjalæk, hann ræður til Gróutjarnar …“ Landamerkjabréfið er m.a. áritað um samþykki vegna Syðra-Lágafells. Pálshamar er því nyrsti punkturinn sem tilgreindur er á merkjum jarðanna. Af hálfu gagnaðila ríkisins er staðsetning hans tilgreind utan ágreiningssvæðisins, nokkuð sunnan við kröfulínu ríkisins og ekki er deilt um þá staðsetningu. Í ódagsettri og óársettri örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar fyrir Syðra-Lágafell er Pálshamar sagður vera í hlíðinni milli bæjanna Syðra- og Ytra-Lágafells. Þá er staðsetning og lögun Pálshamars nánar skýrð í viðaukum og lagfæringum Sigvalda Jóhannssonar frá 21. ágúst 1972 við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar. Þar segir:

> **Keldan** (20), einnig nefnd **Lágakelda** (29), er lækur, sem myndast af flóaseytlinu og fellur í (ekki úr) Gróutjörn. Efsti pytturinn í þessum læk heitir **Merkjapyttur** (30). Keldan ræður merkjum milli Ytra- og Syðra-Lágafells niður í Gróutjörn, en úr Merkjapytti ræður sjónhending í **Pálshamar** (21), nú landamerkjaskurður þar á milli. Í miðjum Pálshamri er djúp klettaglufa, hann stendur rétt fyrir ofan fjárgötu, og ekki verður villst á honum og öðrum klettum, þar eð hann er eini hamarinn, sem svo er klofinn.

Þá er Pálshamar sagður vera „smásnagi með glufu í“ í viðaukum og lagfæringum við örnefnaskrá Elíasar Kristjánssonar fyrir Ytra-Lágafell, dagsettum 17. september 1933, sem skráðar voru eftir Ársæli Jóhannessyni, bónda á Ytra-Lágafelli, 25. ágúst 1972.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um staðsetningu Pálshamars er ljóst að merkjum milli Ytra- og Syðra-Lágafells er ekki lýst inn á ágreiningssvæðið í landamerkjabréfi Ytra-Lágafells frá 1888. Þeim er aftur á móti lýst lengra til norðurs í landamerkjabréfi Syðra-Lágafells frá sama ári. Þar segir um merkin:

> Að utanverðu úr Gróutjörn og þaðan í Pálshamar og þaðan í Selmúla á fjalli upp og að austanverðu í Frakkaskarð á Syðra-Lágafellshyrnu, og þaðan í Hánefshóla og svo þaðan eins og götur ráða í Gróutjörn, að neðanverðu.

Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Ytra-Lágafells en ekki vegna Hofsstaða sem eru næsta jörð austan við Syðra-Lágafell. Ekki er deilt um staðsetningu Selmúla. Hann er af hálfu eigenda Syðra-Lágafells staðsettur sem punktur nr. 8 á kröfulínu þeirra og af hálfu eigenda Ytra-Lágafells sem punktur nr. 82 á Lágafellshálsi. Ekki er

minnst á Selmúla í fyrirliggjandi örnefnaskrám fyrir Syðra-Lágafell en hans er aftur á móti getið í áðurnefndri örnefnaskrá Elíasar Kristjánssonar fyrir Ytra-Lágafell frá 1933. Þar segir:

> Hér er skráð lýsing og örnefnaheiti öll í Lágafellslandi niðri, en svo er að bregða sér inná Lágafellsháls, og er þá bezt að byrja þar, sem frá var horfið þar hjá Löngubrekku. Frá henni að norðan ganga sandflesjur innað Krókabrekkum, sem eru óreglulegar brekkur framan við **Selmúla** (72), sem er urðarhæð á miðjum hálsinum. Vestur af Selmúla eru 2 tjarnir, sem kallaðar eru **Tjarnirnar** (73) austan Djúpugilsborgina.

Selmúla er einnig getið í athugasemdum sem Brynjólfur Sæmundsson skráði í ágúst 1972 eftir Kjartani Eggertssyni, Hofsstöðum, Margréti Oddnýju Hjörleifsdóttur, Hrísdal, og Sigvalda Jóhannssyni frá Syðra-Lágafelli vegna ódagsettrar og óársettrar örnefnaskrár Þorleifs Jóhannessonar fyrir Hofsstaði. Þar segir:

> Kristján [Sigurðsson í Hrísdal] sagði, að Þvergil kæmi þvert ofan af hálsi frá Selmúla og ofan í Þrengslalæk. Hann sagði, að **Þrengslalækur** (26) héti svo til upptaka. Merkin væru úr upptökum hans í Hvítfossagil, m.ö.o. um **Selmúla** (50) eða **Selmúlabrún** (51). SJ [Sigvaldi Jóhannsson] sagði einnig, að Þvergil væri rétta nafnið; „Enginn hér um slóðir nefnir það Markgil," sagði hann. Markgil er hins vegar til milli Elliða og Lágafells.

Í örnefnaskrá Elíasar Kristjánssonar fyrir Ytra-Lágafell kemur sem sagt fram að Selmúli sé urðarhæð á miðjum Lágafellshálsi og það sem kemur fram í síðast tilvitnaðri örnefnaskrá getur samræmst því. Að teknu tilliti til þessa er að mati óbyggðanefndar rétt að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að Selmúli sé rétt staðsettur af hálfu gagnaðila ríkisins. Frá þeim stað eru um 5 km til norðnorðvesturs að suðausturhorni Baulárvallavatns.

Aðila málsins greinir á um staðsetningu Frakkaskarðs. Af hálfu ríkisins er Frakkaskarð staðsett sem punktur nr. 15 á kröfulínu þess en gagnaðilar ríkisins staðsetja það sunnar og utan ágreiningssvæðisins. Til glöggvunar um staðsetningu skarðsins og um leið annarra örnefna sem koma við sögu í lýsingum á þessum merkjum skal nú vitnað til fyrirliggjandi örnefnaskráa. Í hinni ódagsettu og óársettu örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar fyrir Syðra-Lágafell segir:

> Í austur frá túninu er hryggur, sem heitir **Háihryggur** (5); milli hans og næsta holts er grunn graslaut. Eftir henni rennur lækjarsytra. Fyrir austan lautina er hátt holt með klettagirðingu að suðvestanverðu. Uppi á holtinu er varða. Holt þetta heitir **Dagmálaholt** (6). Í hlíðinni upp frá Dagmálaholti er stekkjarrúst, sem kölluð er **Lágafellsstekkur** (7). Fellið upp og austnorður af bænum er oftast kölluð Lágafellshyrna. Umhverfis hana að sunnan og vestan er klettagirðing. Austan til í hyrnunni er skarð upp í gegnum klettana, sem heitir **Breiðaskarð** (8). Fyrir austan skarðið er nafnlaus hnúkur, en næsta skarð fyrir austan hann heitir **Frakkaskarð** (9). Niður undan því, þó heldur vestanvert, er skógi vaxinn hóll með klettum að sunnanverðu. Hóll þessi heitir **Grjóthóll** (10). Landamerki milli Lágafells og Hofstaða eru úr Frakkaskarði í Grjóthól. Fyrir neðan Grjóthól eru skógi vaxin börð og mýrahallar, sem nefnd eru **Hólabörð** (11). Úr Grjóthól eru merkin milli bæjanna sjónhending í Márstaðabyrgi.

Þá segir í áðurnefndum viðaukum og lagfæringum Sigvalda Jóhannssonar frá 1972 við örnefnaskrá Þorleifs:

> Landamerki milli Lágafellanna og Hofstaða eru þessi, að sögn Sigvalda: Sjónhending úr **Frakkaskarði** (9) í stakan stein vestast í **Steinahlíð** (22), þar sem **Þrengsli** (28) heita. Í gömlum heimildum eru þessi Þrengsli nefnd **Þröngabrún** (31). Úr ofangreindum steini eru merkin í **Gjálparstap**a (32), síðan ræður sjónhending úr Gjálparstapa í **Reiðholtsbotn** (33), þaðan í **Múlabekksgil** (34), úr því sjónhending í **Urðarhausa** (35) og síðan í **Stokkalæ**k (36*),* sem rennur í Straumfjarðará.
>
> Þá sagði Sigvaldi, að merkin væru úr **Grjóthól** (10) í **Másstaðakeldu** (37), en ekki Má(r)sstaðabyrgi, eins og segir í lýsingu Þorl. Jóh.

Jafnframt liggja fyrir athugasemdir sem Svavar Sigmundsson skráði eftir Sigvalda 13. júlí 2001 og varða síðast tilvitnaða texta. Þar segir:

> Á milli (34) og (35) vantar: Eftir (34) komi: „Síðan ræður eystri brún Urðarmúla (45) og þaðan í Urðarhausa (35).“
>
> Frakkaskarð (9): „Sjónhending úr eystri brún Frakkaskarðs í stakan stein er stendur við Þröngubrún (31) Þrengsli (28)).“
>
> Ekki merki úr Grjóthól (10): „Sjónhending í stein við Másstaðakeldu, þaðan í Frakkaskarð vestan Hánefshóla“ komi í stað þess sem haft er eftir Sigvalda i lýsingunni (Brynj. Sæm.).
>
> 9. lína: „… og síðan í Stokkalæk (36) sem rennur í Straumfjarðará „skammt neðan ósupptöku ur Baulárvallavatni“.“

Enn fremur er getið um Frakkaskarð í fyrrnefndum athugasemdum sem Brynjólfur Sæmundsson skráði í ágúst 1972 eftir Kjartani Eggertssyni, Hofsstöðum, Margréti Oddnýju Hjörleifsdóttur, Hrísdal, og Sigvalda Jóhannssyni frá Syðra-Lágafelli vegna ódagsettrar og óársettrar örnefnaskrár Þorleifs Jóhannessonar fyrir Hofsstaði, þar sem segir:

> KE [Kjartan Eggertsson] áleit lýsingu Þorleifs J. á landamerkjunum nógu góða og landamerki væru enn í Frakkaskarð eins og lýst er í Fornbréfasafni. Hins vegar álítur KE, að hér kunni örnefni að hafa færzt til, það skarð sem nefnt er Frakkaskarð í Fornbréfasafni, sé sennilega það sama og nú er nefnt Breiðaskarð, landamerkin séu í Frakkaskarði hvar sem það sé. Samkvæmt lýsingu KE eru þá **Hánefshólar** (22) í Hofstaðalandi.

Af því sem hér hefur verið rakið verður dregin sú ályktun að Frakkaskarð sé í austanverðri Lágafellshyrnu, þótt meiningarmunur sé um hvaða skarð í austanverðri hyrnunni sé að ræða, og Hánefshólar, sem einnig er getið um í landamerkjabréfi Syðra-Lágafells frá 1888, séu austan þess. Hánefshólar eru líka sagðir vestur af Stórhól sem sé útundir Lágafellshyrnu í ódagsettri og óársettri örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar fyrir Hofsstaði. Þá segir um sama örnefni í fyrrnefndum athugasemdum við örnefnaskrá Þorleifs sem Brynjólfur Sæmundsson skráði í ágúst 1972:

> Um **Hánefshóla** (22) sagði KE [Kjartan Eggertsson á Hofsstöðum], að þar væri nef á hyrnunni. SJ gat þess einnig, að þeir væru eins og nef og svartir, en nefndi þá **Háningshóla** (62); sagði hann það hafa verið skoðun föður síns, að það væri afbökun fyrir **Áningshólar** (63).

Þrátt fyrir þessar upplýsingar um staðsetningu Frakkaskarðs er punktur nr. 15 á kröfulínu ríkisins staðsettur í málatilbúnaði þess neðarlega í norðurhlíðum Lágafellshyrnu, sunnan við svonefnd Þrengsli. Enn fremur er ótvírætt að Gróutjörn er mun sunnar en suðurmörk ágreiningssvæðisins. Selmúli er því eina örnefnið sem getið er um í landamerkjabréfinu og er innan ágreiningssvæðisins. Lína sem dregin er á milli Pálshamars, Selmúla og Frakkaskarðs nær inn á ágreiningssvæðið að hluta. Landamerkjabréfið styður því að land Syðra-Lágafells nái að því leytinu til inn á ágreiningssvæðið en ekki lengra til norðurs. Þá er merkjum Ytra-Lágafells ekki lýst lengra til norðurs en að ysta klofningi á Markgili, sem er á suðurmörkum ágreiningssvæðisins, í landamerkjabréfi þeirrar jarðar sem einnig er frá 1888.

Næst verða eldri heimildir um merki Ytra-Lágafells og Syðra-Lágafells skoðaðar. Þegar hefur verið gerð grein fyrir vitnisburði um merki milli Lágafells og Elliða frá 1380 í umfjöllun um merki síðarnefndu jarðarinnar og komist að þeirri niðurstöðu að merkjum sé þar ekki lýst inn á ágreiningssvæðið. Í vitnisburði um merki milli Lágafellanna frá 1380 er merkjum lýst svo: „ur Valhamri er stendur firir ofan reidgautur er sionhending ofan j kroklæk. rædur þa lækurinn ofann j Groutiaurnn.“

Þau örnefni sem þarna koma fyrir eru ekki nefnd í fyrirliggjandi örnefnaskrám. Við aðalmeðferð málsins kom fram af hálfu fulltrúa eigenda Syðra-Lágafells að Valhamar eða Valshamar væri næsti hamar norðan og ofan við Pálshamar og að hann stæði fyrir ofan götu sem væri gömul þjóðleið frá Lágafelli yfir á Hrísdal og Hofsstaði. Hann drægi nafn sitt af kletti sem kæmi upp úr honum og liti út eins og valur. Ljóst virðist að Valhamar sé nyrsta örnefnið sem getið er um í tilvitnuðum vitnisburði frá 1380 um merki milli Lágafellanna og af vitnisburði eigenda Syðra-Lágafells fyrir óbyggðanefnd verður ráðið að hann sé sunnar en Selmúli en hann er nyrsta örnefnið sem getið er um í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1888.

Í vitnisburðinum frá 1380 um landamerki Hofsstaða gagnvart jörðum Helgafellsklausturs er merkjunum milli Hofsstaða og Lágafellanna lýst svo:

> … ad gata su skilur. er liggur epter Langhollte. og svo a motz vid Gaularland. steinar ij standa sinumeigen gotu hvor. sionhending ur hinum nedra j hinn efra. enn ur hinum efra sionhending j frackaskard. enn ur austanuerda skardinu j stein þann er stendur a þrongubrun. oc þadan j Gialparstapa. og sionhending i Vidilækiar botn ur stapanum. enn firir utan er sionhending ur Groutiorn j stackgardz brot þat er stendur under saudabolzhollte. enn ur holltinu j kielldu þa er fellur ur floalæk. þa skilur lækurenn upp þar til ad upp kiemvr ad efra floa. og þadan sionhending j stackgardzbrot þad er stendur undir saudabolsas. og þadan eptir asnum upp þar sem hann er hvassastur og j stackgardz brot þad er firir ofan stendur asinn. og þadan sionhending j markgil. enn markgil rædur til uppsprettu þeirrar er þad fellur ur.

Önnur útgáfa af sama vitnisburði, sem einnig er varðveitt í *Íslenzku fornbréfasafni*, hefur að geyma svohljóðandi lýsingu á sömu merkjum:

> at gata su skilr er liggur epter langahollte. oc suo til motz vid Gaular land. Steinar ij. standa sijnu meiginn gautu huorer. Sionhending ur hinum nedra j hinn efra. En ur hinum efra sionhending j frackaskard. En ur austanverdu skardinu j stein þann er stendur aa þraungua brun. oc þadan j Gialparstapa oc sionhending j vijdelækiarbotn ur

> stapanum. Enn firir utann er sionhending j Groutiaurnn j stackgardz brot þad er stendur under saudabolzs holltte. enn ur holltinu j kielldu þa er fellur j floalæk. þa skilur lækurinn upp þar til ad upp kiemur ad efra floa. oc þadan j stackgardz broth þad er stendur nedan under saudabolsas. og þadan epter asnum upp þar sem hann er huassastur. oc j stackgardz brot þad er fyrer ofann stendur asenn. oc þadan upp sionhending j markgyl. enn markgyl rædur til uppsprettu þeirrar er þad [svo] fellur ur.

Af fyrirliggjandi örnefnaskrám fyrir Ytra- og Syðra-Lágafell er ljóst að Langholt og Gróutjörn eru utan ágreiningssvæðisins. Þá kemur fram í viðaukum og lagfæringum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar fyrir Syðra-Lágafell sem Brynjúlfur Sæmundsson skráði 21. ágúst 1972 eftir Sigvalda Jóhannssyni að Þröngabrún sé annað nafn á Þrengslum. Þrengsli eru merkt inn á kort í gilinu norðan Lágafellshyrnu, aðeins norðar en punktur 15 á kröfulínu ríkisins og því innan ágreiningssvæðisins, nærri suðurmörkum þess. Af hálfu eigenda Syðra-Lágafells er steinn í Þröngubrún þó merktur sem punktur nr. 20, skammt austan við punkt nr. 14 á kröfulínu ríkisins og utan ágreiningssvæðisins. Gögn málsins skera ekki úr um hvort örnefnið Þrengsli, og þá eftir atvikum jafnframt Þröngabrún, kunni jafnframt að eiga við um það svæði þar sem sá punktur er staðsettur. Af hálfu eiganda Hofsstaða er aftur á móti byggt á því að merki Hofsstaða gagnvart Lágafellsjörðunum liggi vestar. Í sömu athugasemdum Sigvalda Jóhannssonar frá 1972 er getið um Gjálparstapa í tengslum við merki milli Lágafellanna og Hofsstaða, án þess þó að staðsetning hans sé útskýrð. Af hálfu eigenda Syðra-Lágafells er Gjálparstapi merktur sem punktur nr. 19, skammt austan við austurmörk kröfusvæðis ríkisins þar sem kröfulína þess er dregin milli punkta nr. 13 og 14. Eigandi Hofsstaða byggir sem fyrr segir á því að vesturmörk Hofsstaða liggi vestar. Gjálparstapi hefur ekki verið staðsettur af hans hálfu í málinu og ekki heldur af hálfu ríkisins.

Í ódagsettri og óársettri örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar fyrir Hofsstaði segir eftirfarandi um staðsetningu Gjálparstapa, Sauðabólsholts og fleiri nærliggjandi örnefna:

> Skammt fyrir austan Þrengslalæk er **Prjónhúfulækur** ((37), á milli lækjanna er **Sauðabólsholt** (38), hátt og mikið holt skógi vaxið að suðvestanverðu. Fyrir austan Sauðabólsholt fellur Prjónhúfulækur í Þrengslalæk. Úr því skiptir lækurinn löndum milli Hofstaða og Hrísdals þannig, að Prjónhúfulækur kemur úr tjörn upp á Skarðabrúnum (39) úr tjörninni í **Gjálparstapa** (40) sem er í norðvestur frá tjörninni, úr Gjálparstapa í **Vallná** (41), þar sem **Múlabergslækur** (42) kemur í hana, en það er smálækur, sem hefur upptök sín í Urðarmúla. Urðarmúli er hár og snarbrattur að austanverðu og liggur frá norðri til suðurs; innst (norðast) á honum er Urðarhaus.

Þrengslalækur rennur til austurs úr Þrengslum sem eru eins og áður segir skammt norðan við þann hluta suðurmarka ágreiningssvæðisins þar sem kröfulína ríkisins er dregin milli punkta 14 og 15. Víðilækjarbotn, Stakkgarðsbrot, Flóalækur og Sauðabólsás eru allt örnefni sem nefnd eru í vitnisburðinum frá 1380, um landamerki Hofsstaða, en þeirra er ekki getið í þeim örnefnaskrám sem liggja fyrir og eru heldur ekki merkt inn á fyrirliggjandi kort. Sauðabólsholts er þó getið í athugasemdum og viðbætum sem skráðar voru árið 1972 eftir Kjartani Eggertssyni, Hofsstöðum, Margréti Oddnýju Hjörleifsdóttur, Hrísdal, og Sigvalda Jóhannssyni frá Syðra-Lágafelli vegna

örnefnaskrár Þorleifs Jóhannessonar fyrir Hofsstaði. Þar segir: „Í Fornbr.s. er einnig nefnt **Sauðabólsholt** (48), og telur KE líklegt, að þar sé átt við **Steinsás** (5), sem nú er nefndur.“ Ljóst virðist af örnefnaskrá Þorleifs að Steinsás sé utan ágreiningssvæðisins.

Af því sem hér var rakið verður ráðið að sum þeirra örnefna sem getið er um í vitnisburðinum frá 1380 um landamerki Hofsstaða gagnvart jörðum Helgafellsklausturs séu norðar en suðurmörk ágreiningssvæðisins og að land Lágafells kunni því að hafa verið talið ná inn á syðsta hluta þess. Þau örnefni sem þar er getið og eru þekkt í dag virðast þó öll vera sunnar en Selmúli sem er nyrsta örnefnið sem getið er um í landamerkjabréfi Syðra-Lágafells frá 1888. Að teknu tilliti til þess að staðsetning sumra örnefnanna er óljós og að nyrstu þekktu örnefnin úr vitnisburðinum virðast tiltölulega skammt sunnan Selmúla, verður vitnisburðurinn þó ekki talinn mæla því í mót að land Syðra-Lágafells nái norður að Selmúla, eins og fram kemur í landamerkjabréfinu. Vitnisburðurinn veitir því aftur á móti enga stoð að land jarðarinnar nái lengra til norðurs. Þá benda hinar eldri heimildir ekki til þess að land Ytra-Lágafells hafi náð lengra til norðurs en að ysta klofningi á Markgili, sem er á suðurmörkum ágreiningssvæðisins og nyrsti punkturinn sem getið er um í landamerkjabréfi Ytra-Lágafells frá 1888. Þær styðja þó að land jarðarinnar hafi náð svo langt til norðurs, enda er merkjum milli Lágafells og Elliða lýst um læk sem falli af brúninni fyrir austan Elliðatinda í vitnisburði frá 1380 um merki milli jarðanna og má ætla að þar sé átt við Markgil.

Fyrir liggur skjal sem ber yfirskriftina „Yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofstaða í Miklaholtshreppi“. Það er dagsett 20. apríl 1964 á Ytra-Lágafelli og fyrir ofan undirritanir vegna Hofsstaða er apríl 1964 tilgreindur án dagsetningar. Í skjalinu segir:

> Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi, lýsum hér með landamerkjum jarðanna, að því er tekur til fjalllendis þeirra hið efra. Er það gert að gefnu tilefni, þar sem landamerkjaskrár hafa ekki að geyma glögg ákvæði um merki á þessum slóðum. Er merkjunum lýst hér á eftir í samræmi við það, sem gilt hefir að fornu fari og frá ómunatíð, enda í samræmi við staðhætti og náttúrulega aðstöðu, sem og sérstaklega fjallskilareglugerðir sýslunnar, hvað hreppamerki snertir, og skrifar hreppsnefnd Miklaholtshrepps hér undir því til staðfestingar. Er því, sem fyrr mótmælt að merkjum jarðanna á þessum slóðum hafi nokkru sinni verið breytt, með neinum löglegum hætti, eða þá þær breytingar fyrir löngu fallnar niður, og merkin þannig komin í hið upprunalega og rétta horf, enda þótt dregist hafi að færa þau inn í landamerkjaskrár sýslunnar, á tilsvarandi hátt og aðrar aðliggjandi jarðir hafa gert, Dalir 1887, og Elliði nú með sérstakri lögfestu þar að lútandi, en fyrirsvarsmenn þeirra jarða skrifa hér upp á til samþykkis af þeirra hálfu.
>
> Það skal tekið fram að við lýsum merkjum þessum í fjalllendum sameiginlega, en munum hinsvegar sjálfir gera nánari ráðstöfun þar um, hvort heldur við eigum landið í óskiptri sameign áfram, eða skiptum því með ákveðnum merkjum milli jarðanna innbyrðis.
>
> Mörkin samkv. ofanskrifuðu eru úr Baulárvallavatni: A) Á móti Dal ræður Straumfjarðará úr vatninu á móts við Urðarmúlahorn og niður. B) Á móti Elliða ræður Draugagilsá úr vatninu allt á móts við Stakk og þaðan eftir hinum forna Baulárvallavegi. Við ákveðum sjálfir innbyrðis hversu langt hið sameiginlega land nær frá Baulárvallavatni og niður eftir fjalllendinu.

Undir yfirlýsinguna var skrifað vegna Hofsstaða, Syðra-Lágafells, hreppsnefndar Miklaholtshrepps og jarðakaupasjóðs vegna Ytra-Lágafells af hálfu skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu sem skrifaði undir með skammstöfuninni „F.H.R.“, þ.e. fyrir hönd ráðherra. Yfirlýsingunni var þinglýst 12. maí 1964 með svohljóðandi athugasemd: „Embættið gerir þá athugasemd að það hafi ekki borið framanritaða landamerkjalýsingu við eldri heimildarskjöl varðandi framangreint landsvæði.“

Ljóst er að í yfirlýsingunni er merkjum lýst mun lengra til norðurs og inn á ágreiningssvæðið en í öðrum heimildum um merki Ytra-Lágafells sem að framan eru raktar, þ.e. allt norður að Baulárvallavatni, vestur að Draugagilsá og Baulárvallavegi, og austur að Straumfjarðará. Samkvæmt yfirlýsingunni er merkjum Ytra-Lágafells og Hofsstaða þar lýst sameiginlega að þessu leyti, án aðgreiningar milli jarðanna. Yfirlýsingin kemur því til frekari umfjöllunar í tengslum við merki Hofsstaða hér á eftir.

Næst verður fjallað um merki Hofsstaða. Suðurhluti óumdeilds eignarlands Hofsstaða liggur austan við óumdeilt eignarland Syðra-Lágafells en norðurhluti þess liggur að austurmörkum ágreiningssvæðisins. Að austanverðu afmarkast land Hofsstaða gagnvart landi Dals af Straumfjarðará.

Landamerkjabréf fyrir Hofsstaði er dagsett 19. mars 1886 og varðveitt í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Hrísdals og Borgarholts en ekki annarra aðliggjandi jarða. Jafnframt er til annað landamerkjabréf fyrir jörðina, dagsett 2. janúar 1890, en því var þinglýst á manntalsþingi á Fáskrúðsbakka 10. júní 1891. Það er áritað um samþykki vegna Melkots og af hálfu umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs „fyrir landssjóðsjarðirnar“. Þá liggur fyrir framangreind yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða, dagsett 20. apríl 1964 og þinglýst 12. maí sama ár. Auk þess eru fyrir hendi áðurnefndur vitnisburður frá 1380 um landamerki Hofsstaða gagnvart jörðum Helgafellsklausturs, í tveimur útgáfum, og lögfesta Þorleifs Bjarnasonar fyrir Hofsstaði ásamt eyðihjáleigunni Hálsi, dagsett 17. mars 1774 og þinglýst 13. júní sama ár.

Í landamerkjabréfinu frá 1886 er þeim hluta merkja Hofsstaða sem eru næst ágreiningssvæðinu lýst svo:

> … í Frakkaskarð fyrir utan Hánefshóla, þaðan í Marklæk, (nú kallað Þvergil), þaðan í Hvítfossagil og svo eftir austurbrún Urðarmúla í Urðarhausa, þaðan í Straumfjarðará, skamt frá því er hún rennur úr Baulárvallavatni, svo ræður Straumfjarðará þangað að, sem Vallnaá rennur í hana, þá ræður sjónhending frá Vallná þar sem Múlabekksgil rennur í hana og ofan í Gjálparstapa, þaðan í Prjónhúfulæk, svo ræður hann til þess hann rennur í Þrengslalæk, þá ræður Þrengslalækur þar til hann rennur í Straumfjarðará, sem svo ræður merkjum að áðurnefndum steini í austari árbakkanum á Gissurarvöllum.

Þá er umræddum hluta merkjanna lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1890:

> … í Frakkaskarð fyrir utan Hánefshóla, þaðan sjónhending í Marklæk, þaðan í Urðarmúla eða Hvítfossagil, þaðan sjónhending í Urðarhausa við Straumfjarðará; þá ræður Straumfjarðará merkjum ofan til marks þess, er fyr var ritað, nfl. steins þess, er stendur á eystri árbakkanum á Gissurarvöllum.

Hvað varðar merki gagnvart ágreiningssvæðinu ber landamerkjabréfunum saman að því leyti að í báðum tilvikum er merkjunum lýst um Frakkaskarð, Marklæk eða Þvergil, Urðarhausa og Straumfjarðará. Sá munur er þó á lýsingunum að í eldra landamerkjabréfinu er merkjunum lýst frá Marklæk eða Þvergili, „þaðan í Hvítfossagil og svo eftir austurbrún Urðarmúla í Urðarhausa“ en í því yngra frá Marklæk „í Urðarmúla eða Hvítfossagil, þaðan sjónhending í Urðarhausa“. Meginmunurinn lýtur þó að því að í bréfinu frá 1886 er merkjunum lýst með nánar tilgreindum hætti frá Straumfjarðará um Vallná, Gjálparstapa, Prjónahúfulæk og Þrengslalæk og þaðan aftur í Straumfjarðará en samkvæmt bréfinu frá 1890 er Straumfjarðará fylgt alla leið á þessum kafla. Framangreint varðar merki Hofsstaða að austanverðu gagnvart landi Dals, utan ágreiningssvæðisins, og þarfnast því ekki frekari skoðunar við úrlausn málsins.

Hvítfossagil er af hálfu eiganda Hofsstaða merkt inn á kröfulínukort málsins í sunnanverðum Urðarmúla, norðan Vallnár, og á kortum sést að þar gengur gil suður úr múlanum. Kröfulína eiganda Hofsstaða vegna vesturmerkja jarðarinnar er dregin um þennan stað. Í ódagsettri og óársettri örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar fyrir Hofsstaði segir eftirfarandi um staðsetningu Hvítfossagils og fleiri nærliggjandi örnefna:

> Merki milli Hofstaða og Syðra-Lágafells eru úr **Frakkaskarði** (24) (sjá Lágafell) í **Markgil** (25), sem er upptök **Þrengslalækjar** (26), og úr Markgili í Hvítfossagil (27), sem hefur upptök sín í brekku austanvert við **Steinahlíð** (28), úr því aftur í **Urðarmúla** (29), og ræður hann merkjum norður í Urðarhaus (30), sem er við **Straumfjarðará** (31).

Einnig liggja fyrir athugasemdir og viðbætur vegna örnefnaskrárinnar sem skráðar voru í ágúst 1972 eftir Kjartani Eggertssyni, Hofsstöðum, Margréti Oddnýju Hjörleifsdóttur, Hrísdal, og Sigvalda Jóhannssyni frá Syðra-Lágafelli. Þar er eftirfarandi haft eftir Kjartani: „**Hvítfossagil** (27) steypist fram af **Urðarmúla** (29) og er **Steinahlíð** (28) óviðkomandi; Það er Markgil, sem steypist fram af Steinahlíð.“ Fram kemur að með Markgili hafi hann trúlega átt við Þvergil. Punktur nr. 14 á kröfulínu ríkisins er í Þvergili og gagnaðilar ríkisins staðsetja gilið einnig þar. Þar eru Þrengsli merkt inn á fyrirliggjandi kort og úr þeim rennur Þrengslalækur til austurs í Straumfjarðará.

Þegar það sem hér var rakið er skoðað með hliðsjón af fyrirliggjandi kortum, þ.e. kröfulínukorti málsins og kortum sem birt eru í vefsjá Landmælinga Íslands, verður ráðið að lína sem dregin er um Hvítfossagil sjónhendingu í Urðarhausa við Straumfjarðará, líkt og gert er í landamerkjabréfinu frá 1890, liggi nokkru vestar en lína sem dregin er eftir austurbrún Urðarmúla frá Hvítfossagili í Urðarhausa. Sú ályktun hvílir þó á þeirri forsendu að Hvítfossagil sé rétt staðsett af hálfu gagnaðila ríkisins sem gæti þó þarfnast nánari skoðunar ef í ljós kæmi að um mörk eignarlands og þjóðlendu væri að ræða. Hin vestari af umræddum tveimur línum virðist fara saman við kröfugerð eiganda Hofsstaða en sú eystri virðist liggja nærri kröfulínu ríkisins. Báðum landamerkjabréfunum ber þó saman um að merki jarðarinnar nái norður í Urðarhausa en gagnaðili ríkisins byggir á því að þeir séu við norðurmörk þess svæðis sem krafan vegna Hofsstaða nær til, nálægt þeim stað þar sem Straumfjarðará rennur úr Baulárvallavatni. Sú

staðsetning getur samræmst því sem fram kemur í áður tilvitnuðum texta í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar fyrir Hofsstaði, enda verður að ætla að Urðarhausar og Urðarhaus séu í reynd sama kennileitið.

Merkjalýsing vitnisburðarins frá 1380 um landamerki Hofsstaða gagnvart jörðum Helgafellsklausturs var rakin í umfjöllun um landamerki Ytra- og Syðra-Lágafells hér að framan. Þar var m.a. höfð hliðsjón af örnefnaskrá fyrir Hofsstaði við skoðun á staðsetningu þeirra örnefna sem getið er um í vitnisburðinum. Með vísan til þess sem þar er rakið verður ekki séð að vitnisburðurinn styðji að land Hofsstaða nái eins langt til norðurs og lýst er í landamerkjabréfum jarðarinnar.

Í lögfestu Þorleifs Bjarnasonar fyrir Hofsstaði frá 1774 er merkjum lýst svo:

> Úr Steine þeim er stendur i austare árbackanum á Gissurarvöllum, siónhending i Ostleifa hamar, er sumer kalla Brattholl, og Sagt er nu sie kallad Nónklettar fra Straumfiardartungu, hvar Hamar stendur i austur fyrer sunnann Reydgötu, þadann i stein þann sem stendur á Steins Ás, og sumer kalla Reydgautu klett, þadann aptur Siónhending i steina tvo nidur a Myrum, er kallast Tvisteinar, ur steinum þeim siónhennding i stackgard a midgautu hollte, ur Stackagarde þeim i gilldrubrot a Bálkastödum, þadann siónhending i Stein vid Mástada kielldu, þadann i frackaskard, fyrer utann Hánefs hóla, þadann siónhending i Marklæk, þadann i Urdarmula, þá rædur Vallaa þar umm merkium, er hún fellur i Straumfiardaraa, þá rædur – Straumfiardar aa ofann til marks þess sem fyrr var ritad, nefnelega steins þess sem stendur i austare árbackanum á Gissurar völlum.

Af ódagsettri og óársettri örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar fyrir Hofsstaði verður ráðið að Gissurarvellir, Oddleifshamar (eða Ostleifahamar), Steinsás, Tvísteinar og Másstaðir séu utan ágreiningssvæðisins. Fyrri hluti þessarar merkjalýsingar varðar því ekki ágreiningssvæðið. Að framan var fjallað um staðsetningu Frakkaskarðs og dregin sú ályktun af fyrirliggjandi gögnum að það sé í austanverðri Lágafellshyrnu. Þá segir eftirfarandi í sömu örnefnaskrá:

> Merki milli Hofstaða og Syðra-Lágafells eru úr **Frakkaskarði** (24) (sjá Lágafell) í **Markgil** (25), sem er upptök **Þrengslalækjar** (26), og úr Markgili í Hvítfossagil (27), sem hefur upptök sín í brekku austanvert við **Steinahlíð** (28), úr því aftur í **Urðarmúla** (29), og ræður hann merkjum norður í Urðarhaus (30), sem er við **Straumfjarðará** (31).

Telja verður líklegt að Markgil, sem þarna er nefnt, sé hið sama og nefnt er Marklækur í lögfestunni enda er merkjum í báðum tilvikum lýst þangað frá Frakkaskarði. Staðsetningu Vallnár er einnig lýst í örnefnaskránni en telja verður líklegt að Vallá sú sem getið er um í lögfestunni sé Vallná:

> Fyrir austan Sauðabólsholt fellur Prjónhúfulækur í Þrengslalæk. Úr því skiptir lækurinn löndum milli Hofstaða og Hrísdals þannig, að Prjónhúfulækur kemur úr tjörn upp á Skarðabrúnum (39) úr tjörninni í **Gjálparstapa** (40) sem er í norðvestur frá tjörninni, úr Gjálparstapa í **Vallná** (41), þar sem **Múlabergslækur** (42) kemur í hana, en það er smálækur, sem hefur upptök sín í Urðarmúla.

Vallná er merkt inn á kröfulínukort málsins og kortagrunn Landmælinga Íslands í gili sunnan við Urðarmúla, rúmlega 1 km norðar en Selmúli er samkvæmt framansögðu staðsettur af hálfu eigenda Syðra-Lágafells en um 4 km frá suðausturhorni Baulárvalla-

vatns. Sú staðsetning var staðfest af hálfu eiganda Hofsstaða við skýrslutökur í málinu. Áin rennur þar til austurs í Straumfjarðará. Í lögfestunni frá 1774 virðist gert ráð fyrir að Vallná ráði norðurmerkjum Hofsstaða en ekki verður ráðið af henni að merki jarðarinnar hafi verið talin ná lengra til norðurs. Vitnað var til lögfestunnar um merki Hofsstaða í tengslum við makaskipti á Hofsstöðum og Villingadal í Dölum 2. janúar 1856 og fram kemur að lögfestan hafi verið afhent við kaupin.

Efni yfirlýsingar um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi frá 1964 er rakið hér að framan í umfjöllun um merki Ytra- og Syðra-Lágafells. Þar er sameiginlegum merkjum Ytra-Lágafells og Hofsstaða eins og áður segir lýst svo:

> Mörkin samkv. ofanskrifuðu eru úr Baulárvallavatni: A) Á móti Dal ræður Straumfjarðará úr vatninu á móts við Urðarmúlahorn og niður. B) Á móti Elliða ræður Draugagilsá úr vatninu allt á móts við Stakk og þaðan eftir hinum forna Baulárvallavegi.

Merkjunum er þarna lýst jafn langt til norðurs og í landamerkjabréfum Hofsstaða frá 1886 og 1890, þ.e. að Straumfjarðará þar sem hún kemur úr Baulárvallavatni, en aftur á móti mun lengra til norðurs en stoð er fyrir í eldri heimildum, þar sem lögfestan frá 1774 styður aðeins að land Hofsstaða nái norður að Vallná og merkjunum er lýst enn skemur til norðurs í vitnisburðinum frá 1380. Tekin er afstaða til þýðingar þessa mismunar í umfjöllun um eignarréttarlega stöðu svæðisins hér á eftir.

Loks verða merki Dals tekin til skoðunar. Óumdeilt eignarland Dals liggur austan við óumdeilt eignarland Hofsstaða og að norðanverðu skilur Straumfjarðará þar á milli. Samkvæmt málatilbúnaði gagnaðila ríkisins nær land jarðarinnar allt norður í Kerlingarskarð, austan Hafrafells sem er norðaustur af Baulárvallavatni. Eigandi Dals byggir kröfur sínar á því að land Dals nái allt vestur að austanverðu Baulárvallavatni en íslenska ríkið byggir á því að svæðið næst vatninu sé þjóðlenda, að línu sem dregin er frá Rauðalæk (punkti 10) (sama læk og nefndur er Rauðsteinalækur í umfjölluninni hér að framan) austur eftir Vatnamýrabrekkum í stóra vörðu sem stendur á brekkubrúninni þar sem vötnum fer fyrst að halla til landsuðurs ofan í Dufgusdal (einnig nefndur Dökkólfsdalur) (punkr 11) og frá fyrrgreindri vörðu, sjónhending til suðurs í Urðarmúlahorn (Urðarhausa) (punkt 12). Stykkishólmskirkja gerir eins og áður segir einnig kröfur til umrædds hluta ágreiningssvæðisins.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Dal, dagsett 28. september 1887, sem varðveitt er í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst. Undir landamerkjabréfið ritaði Jón Jónsson, umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs sem „umboðsmaður ofan nefndrar jarðar“, þ.e. Dals. Þá er landamerkjabréfið áritað um samþykki vegna Hjarðarfells en ekki annarra jarða. Einnig koma tilteknar upplýsingar um merki Dals fram í fundargerð útmælingarréttar sem fram fór á Baulárvöllum 7. júlí 1823 vegna áðurnefndra áforma um stofnun nýbýlis þar.

Í landamerkjabréfi Dals frá 1887 er þeim hluta merkja jarðarinnar sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo:

> 2. Köldukvísl skilur löndin milli Hjarðarfells og Dals, inn í Fúsaskurð, svo úr Fúsaskurðum í Þrívörður og svo úr Þrívörðum í Rauðsteinalæk þá tekur Baulárvallavatn við og Straumfjarðará úr því ofan á Langholt, og svo ræður sýsluvegurinn suður að Grasrótarbyrgi

Merkjum Dals er þarna lýst allt norður og vestur að Rauðsteinalæk, Baulárvallavatni og Straumfjarðará sem er í samræmi við kröfur eiganda jarðarinnar í málinu.

Í fundargerð vegna útmælingarréttarins sem fram fór á Baulárvöllum 1823 er eftirfarandi bókað:

> Frá Miklaholtshrepp mættu bóndinn Narfi Þorleifsson frá Dal. sem framfærir munnlega ad hann eckert tilkall egi til lands vestanverdu Straumfiardarár og Baularvallavatns, enn Dals land hefir hingad til kallad vered til Raudalækiar sem tekur sig upp hia Þrívördum og fellur í Baulárvallavatn ad austanverdu. enn fyrir þessu gefi hann þó eckert skriflegt löglegt bevís fært.

Af þessu verður ráðið að Narfi Þorleifsson hafi talið land Dals ná að Rauðsteinalæk, enda verður að telja líklegt að með Rauðalæk sé átt við Rauðsteinalæk, en ekki hafi legið fyrir skrifleg skjöl þar að lútandi. Sú afmörkun er í samræmi við landamerkjabréf Dals frá 1887 og kröfur eiganda Dals í málinu. Hafi land Dals þá verið talið ná að Rauðsteinalæk verður að telja líklegt að það hafi jafnframt verið talið ná að austanverðu Baulárvallavatni og nyrsta hluta Straumfjarðarár, enda er Rauðsteinalækur nyrstur þessara kennileita.

Síðar í fundargerðinni frá 1823 kemur, eins og áður segir, fram að þar sem útmælingarmennirnir hafi álitið beitiland nýbýlisins ónógt sunnan Baulárvallavatns hafi að auki land norðan vatnsins verið lagt til nýbýlisins. Það var gert þrátt fyrir andmæli ábúenda Horns og Dals með eftirfarandi rökstuðningi:

> … þar þeir hvörke gátu nockra máldaga edr önnur löggylld skilríki fyrir því sýnt ad jarder þeirra ættu land þad, þótt endrum og sinnum eitthvad brúkad hefdu, og ei helldur halladi vötnum þadan ofan ad löndum þeirra enda siást engin merki til ad landid hafi um langa tíma yrkt vered. og vard því ad alítast teked af ódýrkudu óbygdarlandi, sem enginn kynni ser ödrum fremur löglega ad tileinka, eins lítid sem siálfa Baulárvelli sunnann vatnid.

Kröfugerð eiganda Dals er samkvæmt framansögðu í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar frá 1887 og merkjalýsing landamerkjabréfsins á sér einnig stoð í því sem fram kom af hálfu Narfa Þorleifssonar, ábúanda í Dal, við útmælinguna á Baulárvöllum 7. júlí 1823. Þessi hluti ágreiningssvæðisins er eins og áður hefur komið fram einnig innan merkja Baulárvalla samkvæmt útmælingargerðinni frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 7. júní 1847.

Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið leiðir skoðun á fyrirliggjandi heimildum um merki Baulárvalla og kröfujarða í ljós að nyrsti hluti ágreiningssvæðisins er innan merkja Baulárvalla samkvæmt útmælingargerð frá 1823 vegna áforma um stofnun nýbýlis á Baulárvöllum og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar fyrir Baulárvelli frá 1847. Kröfulína Stykkishólmskirkju vegna Baulárvalla er í samræmi við þessar heimildir og einnig þjóðlendukröfulína ríkisins frá punkti nr. 5 að punkti nr. 12 í Urðarmúlahorni, þó að því gættu að ef í ljós kemur að um sé að ræða mörk þjóðlendu gagnvart eignar-

landi kann nákvæm staðsetning Urðarmúlahorns að þarfnast nánari skoðunar. Norðvestasti hluti sama hluta ágreiningssvæðisins er jafnframt innan merkja Horns samkvæmt landamerkjabréfi Horns og Selvalla frá 1889, suður að Vatná og austur að Rauðsteinalæk. Sá hluti ágreiningssvæðisins sem er austan Rauðsteinalækjar og Baulárvallavatns og nær suður að Straumfjarðará er innan landamerkja Dals samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1887, auk þess að vera innan merkja Baulárvalla samkvæmt framangreindum heimildum. Eldri heimildum en landamerkjabréfunum er þó ekki til að dreifa til stuðnings þessari afmörkun Horns og Dals, að því frátöldu sem bókað var eftir ábúendum jarðanna í fundargerð vegna útmælingar á Baulárvöllum 1823.

Vesturhluti ágreiningssvæðisins, allt norður að Baulárvallavatni, Vatná, Hraunsfjarðarvatni, Hvanngili, vestur að Breiðuborg, Sóldeyjardalsöxl og Faxasteini, og austur að Markgili, Baulárvallavegi og Draugagilsá er innan lýstra merkja samkvæmt yfirlýsingu um landamerki Elliða frá 1964. Þar með talið er allt svæðið sem kröfur eiganda Elliða í málinu lúta að og einnig suðurhluti þess svæðis sem kröfur eigenda Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar ná til en eins og áður segir byggja umræddir landeigendur á því að í gildi sé samkomulag þeirra á milli um að mörk Elliða gagnvart landi Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar liggi austar en fram kemur í umræddri yfirlýsingu frá 1964, þ.e. um Moldargilsá. Að norðanverðu er vesturhluti ágreiningssvæðisins, sem hér var lýst, einnig innan merkja Baulárvalla samkvæmt útmælingargerðinni frá 1823 og lögfestunni frá 1847. Landamerkjabréf fyrir Hraunsfjörð og Elliða, bæði frá 1888, og aðrar eldri heimildir en yfirlýsingin frá 1964 styðja aftur á móti ekki að land Elliða, Hraunsfjarðar, Horns eða Selvalla nái inn á þennan hluta ágreiningssvæðisins.

Að norðanverðu er sá hluti ágreiningssvæðisins sem kröfur eigenda Ytra-Lágafells og Syðra-Lágafells varða, og liggur austan við það svæði sem kröfur eiganda Elliða taka til, innan þeirra merkja sem lýst er í yfirlýsingu um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða frá 1964, allt norður að Baulárvallavatni og vestur að Draugagilsá og Baulárvallavegi. Merkjalýsing yfirlýsingarinnar tekur enn fremur til svæðis þar austan við, sem kröfur eiganda Hofsstaða ná til, austur að Straumfjarðará, allt frá Baulárvallavatni. Nyrst er því þessi hluti ágreiningssvæðisins bæði innan sameiginlegra merkja Ytra-Lágafells og Hofsstaða samkvæmt yfirlýsingunni og merkja Baulárvalla samkvæmt útmælingargerðinni 1823 og lögfestunni 1847. Eldri heimildir styðja aftur á móti ekki að land Ytra- og/eða Syðra-Lágafells nái svo langt til norðurs. Selmúli er nyrsta örnefnið sem getið er um í landamerkjabréfi Syðra-Lágafells frá 1888 og eldri heimildir mæla því ekki í mót að mati óbyggðanefndar að land jarðarinnar nái norður að Selmúla, sem er inni á ágreiningssvæðinu, nærri suðurmörkum þess. Þá er merkjum Ytra-Lágafells ekki lýst lengra til norðurs en að ysta klofningi á Markgili, sem er á suðurmörkum ágreiningssvæðisins, í landamerkjabréfi þeirrar jarðar sem einnig er frá 1888 og eldri heimildir styðja að mati nefndarinnar að land jarðarinnar hafi náð þangað en ekki lengra til norðurs.

Landamerkjabréf Hofsstaða frá 1890 styður að land Hofsstaða nái eins langt til norðurs og vesturs og eigandi Hofsstaða byggir á í málinu en í öðru landamerkjabréfi fyrir sömu jörð sem er fjórum árum eldra er merkjum jarðarinnar lýst skemur til vesturs gagnvart ágreiningssvæðinu. Báðum landamerkjabréfunum ber þó saman um að merki Hofsstaða nái norður í Urðarhausa eins og eigandi jarðarinnar byggir á. Þinglýst yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða frá 1964 styður einnig þá afmörkun gagnaðila ríkisins. Í eldri heimildum er merkjum Hofsstaða aftur á móti lýst skemur til norðurs, þ.e. að Vallná í lögfestu 1774 og enn skemur til norðurs í vitnisburði frá 1380.

Samkvæmt framansögðu er allt ágreiningssvæðið innan merkja jarða, ýmist samkvæmt landamerkjabréfum eða hinum þinglýstu yfirlýsingum frá 1964. Nyrsti hluti þess er jafnframt innan merkja Baulárvalla samkvæmt útmælingargerð frá 1823. Eldri heimildir en yfirlýsingarnar frá 1964 mæla því þó í mót að land Elliða, Ytra-Lágafells og Syðra-Lágafells hafi náð eins langt til norðurs og eigendur þessara jarða byggja á. Þá er ekki fyrir að fara eldri heimildum en landamerkjabréfunum frá 1889 og 1887 til stuðnings því að land Horns og Dals nái inn á ágreiningssvæðið, að frátöldu því sem fram kom af hálfu ábúenda jarðanna við útmælingu á Baulárvöllum 1823. Um eignarréttarlega þýðingu þessa verður fjallað hér á eftir.

– – – – –

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 6.2 hér að framan er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að staðhættir og fjarlægðir mæli því ekki í mót að ágreiningssvæðið kunni að hafa verið numið.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki

getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins."

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Í kafla 5.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er lýst þeirri afstöðu nefndarinnar að hafi landamerkjabréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt sé ljóst að þinglýstir eigendur hafi um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Í þeim málum sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar á svæði 9B, þar á meðal því máli sem hér er til úrlausnar, eru allmörg dæmi um að ekki liggi fyrir upplýsingar um hvort og þá hvenær landamerkjabréfum jarða sem tengjast ágreiningssvæðunum hafi verið þinglýst og það þótt landamerkjabréfin séu varðveitt í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Á öðrum svæðum sem nefndin hefur haft til meðferðar hefur upplýsingar um þetta oftast verið að finna í dóma- og þingbókum viðkomandi sýslu, í registrum þinglýsingarbóka og/eða á landamerkjabréfunum sjálfum.

Í þessu sambandi skal þess getið að skv. 4. gr. eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, skyldi landeigandi, eftir að hann hafði aflað samþykkis eigenda aðliggjandi jarða á merkjalýsinguna (landamerkjabréfið), fá hana sýslumanni í hendur til þinglesturs á næsta manntalsþingi. Þá skyldi sýslumaður skv. 6. gr. laganna „hafa löggilta landamerkjabók, til að rita í allar merkjalýsingar, samninga og dóma um landamerki, sem á þingi eru lesnir". Núgildandi landamerkjalög, nr. 41/1919, leystu lög nr. 5/1882 af hólmi. Í 5. gr. þeirra kemur fram að í hverju lögsagnarumdæmi skuli vera löggilt landamerkjabók og skuli sýslumaður[213] rita í hana alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Þá kemur fram í 2. gr. laganna að eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skuli færa hreppstjóra merkjaskrá eftir að aflað hafi verið áritana vegna aðliggjandi landsvæða og hreppstjóri skuli, eftir athugun á skránni, senda sýslumanni hana til þinglýsingar.

[213] Í upphaflegri gerð þessarar greinar laganna og allt þar til henni var breytt með 6. gr. laga nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl., var orðið *valdsmaður* notað þar sem nú segir *sýslumaður*. Að öðru leyti er þessi lagagrein óbreytt. Ljóst er að sýslumaður bar þó frá upphafi þær skyldur valdsmanns sem kveðið er á um í greininni.

Af þessu verður ráðið að allt frá gildistöku eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, hafi gilt reglur sem fólu í sér að ekki skyldi færa landamerkjabréf í landamerkjabók nema þeim hefði verið þinglýst. Jafnframt er ljóst að frá upphafi hefur sú skylda hvílt á sýslumönnum að halda landamerkjabækur, auk þess sem það hefur verið á þeirra hendi að annast þinglýsingar. Það að þau landamerkjabréf sem hér um ræðir sé að finna í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu bendir a.m.k. til þess að þeir sem kölluðu til réttinda á grundvelli þeirra hafi uppfyllt þá skyldu að afhenda þau viðkomandi sýslumannsembætti til þinglýsingar og varðveislu í landamerkjabók eða, séu bréfin frá því eftir gildistöku laga nr. 41/1919, afhenda þau hreppstjóra sem síðan hafi sent þau til sýslumanns. Í ljósi þessa verður að mati óbyggðanefndar engu slegið föstu um að óvissa um þinglýsingu umræddra landamerkjabréfa á Snæfellsnesi bendi til þess að eigendur viðkomandi jarða hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt landamerkjalögum. Þessi landamerkjabréf hafa því eftir sem áður ríkt sönnunargildi um landamerki jarðanna, að öðrum framangreindum skilyrðum uppfylltum.

Í máli þessu reynir sem endranær á hvort ágreiningssvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli og sá réttur hafi viðhaldist síðan. Leiði skoðun nefndarinnar í ljós að svæðið hafi frá upphafi verið utan merkja jarða eða að eignarréttur sem kunni að hafa stofnast til við landnám hafi fallið niður getur reynt á hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á því með öðrum hætti síðar. Eins og hér háttar til getur þá þurft að skoða hvort fyrri lögskipti ríkisins við þá sem gagnaðilar ríkisins leiða rétt sinn frá leiði til niðurstöðu um að einstakir hlutar ágreiningssvæðisins séu eignarlönd, eins og byggt er á í málinu af hálfu eigenda Horns, Selvalla, Hraunsfjarðar, Elliða, Ytra-Lágafells og Hofsstaða. Jafnframt getur þurft að skoða hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á Baulárvöllum á grundvelli stofnunar nýbýlis, samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776, eins og byggt er á af hálfu Stykkishólmskirkju, leiði önnur framangreind atriði ekki til niðurstöðu um eignarland.

Ekki er ágreiningur milli ríkisins og gagnaðila þess um að Horn, Selvellir, Hraunsfjörður, Elliði, Ytra-Lágafell, Syðra-Lágafell, Hofsstaðir og Dalur séu eða hafi verið jarðir og séu háðar beinum eignarrétti á þeim grundvelli heldur lýtur ágreiningurinn einungis að afmörkun þessara jarða gagnvart ágreiningssvæðinu. Eftirfarandi umfjöllun tekur mið af þessu, enda leikur ekki vafi á að um jarðir sé að ræða, sbr. umfjöllun um sögu þeirra í 5. kafla. Þá hafa heimildum um merki jarðanna verið gerð ítarleg skil hér að framan. Hér á eftir er því einkum beint sjónum að þeim heimildum sem varða ágreiningssvæðið sérstaklega. Þar er ekki síst um að ræða heimildir um Baulárvelli, enda lýtur ágreiningur ríkisins og Stykkishólmskirkju að eignarréttarlegri stöðu Baulárvalla en ekki afmörkun, ólíkt því sem á við um framangreindar jarðir sem liggja að ágreiningssvæðinu og kröfur eru gerðar vegna.

Í máldaga kirkjunnar á Staðarstað frá 1274 er getið um fjallhaga á Vatnaheiði. Þá kemur fram í máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar fyrir sömu kirkju frá 1354 að kirkjan

eigi stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði. Hið sama kemur fram í máldaga Vilchins biskups fyrir kirkjuna á Staðarstað frá 1397 og í Gíslamáldaga fyrir sömu kirkju frá því um 1570. Biskupsvísitasíur fyrir Staðarstað frá 3. september 1642, 6. september 1676, 5. september 1701, 30. september 1724, 29. ágúst 1751, 31. maí 1759 og 9. september 1783 vitna einnig um stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði.

Í kaflanum um Staðarsveit í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1714 er þess getið að kirkjan á Staðarstað eigi „[s]tóðhrossabeit á Gaulárvöllum [sem] brúkast enn nú. Jafnframt segir að jörðin Gaul eigi selstöðu „þar sem heita Gaulárvellir norður á fjöllum [fyrir]vestan Kellíngarskarð“. Ljóst er að með Gaulárvöllum er þar átt við Baulárvelli. Í kaflanum um Miklaholtshrepp í sömu heimild, einnig frá 1714, segir í umfjöllun um Dal að sumir vilji kalla land jarðarinnar afrétt, án þess þó að staðsetningar hins ætlaða afréttar sé þar getið. Nánar tiltekið segir:

> Geldfjárupprekstur og lamba leyfir ábúandi stundum í þessarar jarðar land sem sumir vilja kalla afrjett en sumir ekki, á tollunum fær hann allmisjöfn skil, og þó gjalda margir góðir menn honum v álna virði fyrir xl lömb a ári, sumir annaðhvert ár.

Fyrir liggur bréf dagsett 9. desember 1822 sem Grímur Pálsson á Helgafelli ritaði til hreppstjóra og bænda í Helgafellssveit, ásamt yfirlýsingu Jóns Kolbeinssens og fleiri, um heyskap hans á Baulárvöllum. Í bréfinu segir Grímur að hann hafi leitað „þeirra ördugu Úrræda, ad abla heijja á Fjalli uppi, í Svonefndumm Baulárvalla Óbygdar-Reit“ og að hann hafi „med miklu ómaki, uppbyggt, Vetrar-veru hús, svo vel fyrir Fénadinn, 6. Nautkindur, sem 3. eda 4. Manneskjur, til ad sjá hinum fijrir naudsýnlegri Ummönnun Vetrarlángt“. Með bréfinu óskaði hann upplýsinga frá bændunum um

> … ámijnnst Baularvalla Fjall pláts; svosem: hvört þad tilheijri nockurri Sveit eda Sveita-jörd sérílagi, ellegar sé nú ödruvisi ad álíta, enn, - sem einhvörntíma, - eptir eld-gamallri, – þó ósannadri Sögn, mann af manni, – í Fornöld, ijfirgéfin Bijgd, – lángsamlega lögd til afréttar nærstliggjandi Sveita nla Helgafells- og hinsvegar Stadar-Sveitar-Afrétta; enn mikid leingur enn í manns mijnni, – ecki brúkad eda hagnýtt sér, af nockurrar eirnrar Jardar- eda Sveitar-Bændumm útaf fijrir sig.

Þá segir í yfirlýsingunni sem fylgdi bréfinu:

> Vidvikiande hins vegar skrifudu, kann ing ei annad ad færa til upplisingar, en ad sidan 1794 þa[…]ing kom til Stikkisholms- og Helgafells Sveitar, hefur Fiallplatsed a svo kölludum Baularvöllum vered taled med þeim afrettum sem óuppatalad meige og hafe brukast af hier Sveitar mönnum og ad þángad hafe matt hafa upprekstur hesta og nauta. – elstu menn nu lifande, af hvörium ing tilnefna einkanlega: Steindor Magnusson gamlan hreppstora Sveitar ockar og greindan mann, nu á attrædes aldre, og Jon Jonison blinda, nu á Nirædes Aldre, sem báder eru minnuger, þó heldur sé fyrrnefnde, Steindor, hafa sagt mier ad epter Lögbok, ad þvi leite sem Vötnum hallar, helgest platsed meir Mikla holts hrepp enn Stadarbakka þíngsókn enn liggur þo nær þessare sídarnefndu Sveit; þar vænest hafa vered bygd Jörd hierum 8. ar, Laungu fyrer manna mynne verdur ei sagt hvört hafa leged til Biarnarhafnar Sóknarkyrkiu ellegar Miklaholts; Árid sem þesse Jord lagdest aptur i Eide, seigest ad Folk þadan hafe fared til Jolatida ad Biarnarhöfn, ad tvær manneskiur sem þa voru heima, hafe vid heimkomu kyrkiu folksins, vered undarlega hvorfnar frá Heimelenu og sídan aldrei fundest og vid þetta tilfalle hafe Jördenn lagst i Eide og aldrei bigd sidan. – A þessu ónotada platse hafe á

> seirne Timum reint til ad heia; fyrst Sýsslumadur Jon Árnason a Jngialdshóli og laungu seirna Petur Sal. Sysslumadur a Gördum, fader nu lifande Profasts Sr. Peturs i Stafholti, – enn ad vegna óhægenda, hafe ei notast heied og fúnad þar upp. – Ad í Forn öld hafe Bænhús á Gaul átt 2 hundrud land á Baularvöllum. gietad sie lika um nauta upprekstur fra Stadarstad a Baularvelli. ecke veit eg eda hafi heirt ad þetta hafe vered notad i minne Tid fremur enn nauta og hesta upprekstur hedann fra Sveit. – Steindor hefur sagt mier ad Baularvellir hafe aldrei taldir vered til Fiárupprekstурs ur nokkurre Sveit, enn geted hefur hann þess, ad Jvar Jonsson madur Gudrunar Einarsdottir sem do á Helgafelli ared hierum 1806, hún þa a nírædis aldre – ad hann hafe vered nokkur ár á sama Bæ med hönum og ad hann hafe sagt sier ad Baularvellir hafe ei verid bygder nema hierum 8. ar. og ad Brædur. syner Þorgilsar Sigurssonar sem bió á Hofstödum födur Sr. Jons Þorgilssonar prests vid Hellna, hafe ætlad ad biggia þar Bæ og stunged þar 800 af hnaus og lagt i Búnka enn ecke komst lengra Bigginenn. fyrer hierum 60 arum þa Steindor for þarum vænest hann hafa sied merke til hnausa búnkanna

Neðan við yfirlýsingu Jóns er eftirfarandi athugasemd Gísla Tómassonar og undir hana rituð dagsetningin 16. desember 1822:

> Ofan skrifad veit eg ej betur en þessar baulárvellir hafe vered afriett firer ótamda hesta og naut frá Helgafells sveit sidan eg first til man undur 60, ar, bæde hiedan úr sveit sem annar stadar þángad reked, og fadir minn salúge sagde mier ad fader sinn, Jon Jndrida son sem bio mörg ar á Erlida, hafde ej vitad hverre sveit þeir til heirdu, þettad vil eg stad festa med Eide ef til kinni úr Saurum d 16di Decemb 1822

Því næst er eftirfarandi yfirlýsing, dagsett 18. desember 1822 og undir hana er ritað „G: Jónsson“:

> Þad sama sem hier er ad ofannskrifad, vitna eg ad eg firrumm heirt hafi, áhrærandi Baulárvelli, ad Fólk hafe notad sier þad firgreinda pláts til hesta og nauta upprekstrus, frá Helgaf: Stadar: og Eyrarsveyt umm tyma sé sydast nefnda, eirum hafa a Stadsveytíngar notad sier þetta sama firir lamba og géldfjár afriett; í þridia máta hafi eg notad þad firir mitt géldfie, þess vegna ad þad hefur ei unad annarstadar enn firir Sunnann vötn í a Fiallinu; -

Varðveitt er bréf dagsett 20. desember 1822 frá bændum í suðurhluta Staðarsveitar til hreppstjóranna í Staðarsveit sem varðar nýtingu Gríms Pálssonar á Baulárvöllum. Í bréfinu segir:

> Pró Memóría
>
> þar prófasturinn hr. Grímur Pálsson a Helgafelli hefur á næstlidnu sumri umm sláttarbirjun a sudurstadar sveitar og alt til straumfjardar ár í Miklaholts hrepp venjulegu og frá aldaódli brúkudu upprekstrar plátsi Baulárvöllum svo kölludu bigt Bæ, án allra þeirra vitundar sem þar upprekstur átti og voru þá búnir ad reka þángad sitt géldfé hvar firer fé manna tvístradist víds vegar venju framar sem orsakadi slæmar heimtir ördugri og leingri gaungur med fleirum þar af leidandi óhægdumm, og þess vegna eru allir undirskrifadir hædst óánægdir med þetta prófastsins firir tæki. Því jafnvel þó kóngleg forording leifi ad bigga Bili á afréttumm þá er spursmál þeirra er ádur nefnda forordning hvörki séd eda heitt hafa hvört hún leifi ad bigga þar sem sveitar menn taka skada vid og án þeirra samþickis og vilja. nú er adur nefndt pláts Baulárvellir ecki stærra (þad hagar heita) enn svari 12 til 16 hundrada Jardarlandi hvar í þó Stadar kirkja á vissann part og búfjár hagar næstu bæa ligga þar ad svo búsmali frá þeim hefur verid þángad þrálegasóktur líka qvörtudu botnabæa menn Jnnannfjalls jfir átrodning af fá her sunnan jfir er í sumar venjuframar sókti í slægur þeirra og búfjárhaga þeim til skada og ohægdar. En – haldi nú ádur nefndur prófastur hr. Grímur áframm med þettad sitt adur nefnda firertæki sem þó væri á móti allra hlutad eigenda vilja og í þeirra

forbodi hvört heldur hann hafdi þar bæ selstödu eda slægjur verdur þángad aldeilis eckert fé Rekid og því beidast undirskrifadir áreidanlegs úrskurdar umm hvört þeir skuli Reka sitt geldfé þar sem þeir taka á meiri skada vid eda hafa firerhöfn fyrir enn venjulega verif hefur: þessari ockar ofannskrifadri ummqvörtun til merkis undirskrifumm vid.

Álftavatni þann 20 decemb. 1822

| | |
|---|---|
| Jón Jónsson búandi i Hagaseli | Gudmundur Arnason |
| Sigurdur Þordars. i Haga | Bjarni Jonsson |
| Magnús Þorkéllss. á Slitv. stödum. | Gudrún Jonsdóttir |
| Joseph Jónsson i Tungu ytri | Jon Jonsson |
| Jón Þorst. á Kirkiuholi | Olafur Arnason |
| G G Brandsson á Sidretúngu | Biarne Magnússon |
| | Þórdur Einarsson |
| | Gudmundur Eggertsson |
| | Hermann Hermannsson |
| | Skapti Arnason |

Til hreppstjoranna í Stadarsveit

Framanskrifud umqvörtun Stadsveitungu sumer samhlióda þessara manna Munnlegu klögun um þetta Efni i haust á hreppskilum, tilsendist hér med Ydar hávelborinheitum til velþoknar legrar med ferdar eftir forordning af 15 April 1776 Eftir þvi eg frekast til veit mun ummqvörtun þesse vera sannmæli lika sagde Biarne Magnson á Gaul i haust ad ábílis Jordu hans sem er kóngs Jörd tilheirdi 2 hundrud i lande á Baulárvollum. –

Budum þann 15da Januari 1823. G Gudmundson

Til S: T: hr. Amtmans B. Thorsteinson.

Með bréfi dagsettu 30. apríl 1823 óskaði Grímur Pálsson á Helgafelli eftir því við amtmann að honum yrði útmælt nýbýli á Baulárvöllum. Í bréfinu rekur Grímur ýmislegt sem varðar nýtingu hans á svæðinu og uppbyggingu þar. Ekki hefur fundist svar amtmanns við bréfinu en aftur á móti liggur fyrir að 7. júlí sama ár var haldinn útmælingarréttur á Baulárvöllum vegna stofnunar nýbýlis þar. Í fundargerð vegna útmælingarinnar kemur fram að útmælingarrétturinn hafi verið haldinn af settum („constituerudum“) sýslumanni Snæfellsnessýslu, Ólafi Guðmundssyni, eftir amtskipun frá 20. maí sama ár til að „útmæla prófasti Hr. Grími Pálssyni á Helgafelli land til nýbýlis í eidibigdinni Baulárvollum“. Sýslumaður útnefndi útmælingarmenn sem voru hreppstjórarnir í Eyrarsveit, þeir Helgi Jónsson á Hellnafelli og Jóhannes Pálsson á Mýrum, og bændurnir Jón Hákonarson á Narfeyri og Jón Jónsson á Örlygsstöðum. Fram kemur að „nábýlismenn vid eydiplátsed Baulárvelli“ hafi áður verið skriflega aðvaraðir um að mæta til útmælingarinnar. Guðmundur Jónsson á Staðarstað mætti og lagði fram afrit af máldaga Vilchins biskups um ítök Staðarstaðarkirkju í Baulárvallalandi. Finnur Þórðarson frá Elliða bar að Elliða fylgdi ekkert tilkall til Baulárvalla „utann ad þeir frá henni ásamt ödrum jördum í Stadarsveit. hafi brúkad Baulárvelli um langa Tíma til afrettar sem annars sé mesti skortur á“. Fram

kemur að fleiri hafi ekki mætt úr Staðarsveit. Narfi Þorfleifsson frá Dal í Miklaholtshreppi bar …

> … ad hann eckert tilkall egi til lands vestanverdu Straumfiardarár og Baularvallavatns, enn Dals land hefir hingad til kallad vered til Raudalækiar sem tekur sig upp hia Þrívördum og fellur í Baulárvallavatn ad austanverdu. enn fyrir þessu gefi hann þó eckert skriflegt löglegt bevís fært.

Þá bar Sigurður Sigurðsson á Horni …

> … ad hann eckert tilkall egi til lands í Baulárvalla óbygd enn gamler menn segi ábylisjörd sina land ega ad Vatnaá, sem fellur á milli Hraunsfiardar og Baulárvallavatns ad þadan í Raudalæk. enn eckert skriflegt authentiskt bevís kunni hann hér fyrir ad færa.

Í framhaldi af þessu var útmælt land með þeim merkjum sem fjallað er um hér að framan, hlaðnar vörður á þeim stöðum sem merkin miðuðust við og viðarkol sett í þær. Getið er um áætlun um hversu stórum bústofni væri unnt að framfleyta á Baulárvöllum. Þá kemur fram að beitarland sé talið nægilegt fyrir þann fjölda „af óskerdtum Retti þeim sem framlögd útskrift af Vilchins máldaga, egnar her Stadastadar kirkiu“. Þó er tekið fram að þar sem beitarland sunnan Baulárvallavatns væri ekki talið nægilegt, einkum vegna ítaka Staðarstaðarkirkju, „án þess miög svo ad útiloka Stadsveitinga frá gieldpenings upprekstri edur afrettar tilkalli framvegis á hér nærliggiandi Fiallalenendum“ hafi verið ákveðið að leggja …

> … til beitarlandsins vidurauka nockra landeygn nordan vatned af Eydelande því er ábúendur Horns og Dals ad sönnu villdu ábýlum sínum tileigna og mótmæltu ad útmælt væri af til nýbýlisins, enn sem ei kunni til greina ad takast, þar þeir hvörke gátu nockra máldaga edr önnur löggylld skilríki fyrir því sýnt ad jarder þeirra ættu land þad, þótt endrum og sinnum eitthvad brúkad hefdu, og ei helldur halladi vötnum þadan ofan ad löndum þeirra enda siást engin merki til ad landid hafi um langa tíma yrkt vered. og vard því ad alítast teked af ódýrkudu óbygdarlandi, sem enginn kynni ser ödrum fremur löglega ad tileinka, eins lítid sem siálfa Baulárvelli sunnann vatnid.

Enn fremur er þess getið að hlunnindi í formi silungsveiði í Baulárvallavatni fylgi nýbýlinu.

Af því sem hér var rakið verður ráðið að ákvarðanataka við útmælinguna á Baulárvöllum 1823 hafi m.a. verið byggð á því að landið sem útmælt var til nýbýlisins tilheyrði ekki aðliggjandi jörðum, þrátt fyrir þau sjónarmið sem fram komu af hálfu ábúenda Horns og Dals. Það sem bókað er eftir Finni Þórðarsyni frá Elliða í fundargerðina sýnir ótvírætt að hann leit svo á að Elliða tilheyrði ekki land á því svæði sem mælt var út. Þá ber fundargerðin með sér að ekki hafi verið mætt til útmælingarinnar vegna Hraunsfjarðar, Ytra-Lágafells, Syðra-Lágafells og Hofsstaða, þrátt fyrir skriflega aðvörun um hana til ábúenda nærliggjandi jarða. Í því sambandi er þó rétt að nefna að samkvæmt bréfi frá sýslumanninum í Snæfellsnessýslu til amtmannsins í Vesturamtinu, dagsettu 8. febrúar 1859, mun „umbodshaldari Arnarstapa umbodsjarda“ ekki hafa verið aðvaraður um útmælinguna heldur einungis ábúendur jarðanna. Í Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847 kemur fram að jarðirnar Ytra-Lágafell, Syðra-Lágafell, Dalur, Elliði, Hraunsfjörður og Horn með Selvöllum tilheyri allar Stapaumboði en ekki liggur fyrir í

málinu hvernig því var háttað árið 1823. Við útmælinguna virðist aftur á móti hafa verið litið svo á að svæðið væri undirorpið rétti Staðarstaðarkirkju til afréttarnota og jafnframt að nærliggjandi fjalllendi væri upprekstrarland jarða í Staðarsveit.

Á manntalsþingi á Saurum 28. maí 1824 var þinglýst byggingarbréfi fyrir nýbýli að Baulárvöllum. Í bókun um þinglýsinguna kemur fram að byggingarbréfið hafi verið útgefið af amtmanninum B. Thorsteinssyni 15. ágúst 1823 og að með því sé prófastinum Grími Pálssyni á Helgafelli byggt „nybylid Baularvelli med ollum þeim Rettugheitum sem forord. af 15da apr. 1776 tilseigir þeim mönnum sem uppbyggia nybili“. Af því sem hér hefur verið rakið verður ótvírætt ráðið að með útmælingunni 7. júlí 1823 og þinglýsingu byggingarbréfs fyrir Baulárvelli rúmum mánuði síðar, með vísan til nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776, hafi verið litið svo á að um væri að ræða stofnun nýbýlis á grundvelli tilskipunarinnar.

Á manntalsþingi höldnu að Syðri-Görðum, 10. maí 1839, var þinglesið kaupbréf fyrir Baulárvelli frá 29. nóvember árið áður, með hverju Guðmundur Sumarliðason á Baulárvöllum seldi „þessar Jardar hálflendu 7 hundruð“ prófastinum P. Péturssyni og Þorleifi Þorleifssyni hreppstjóra. Á manntalsþingi höldnu að Saurum fimm dögum síðar var sama kaupbréf þinglesið aftur. Í bókun vegna þeirrar þinglýsingar kemur fram að um sé að ræða „kaupbréf fyrir ½ Baularvöllum 7 hundruð“ og jafnframt að „hr factor“ Smith í Stykkishólmi hafi gert athugasemd þess efnis að jarðarparturinn væri veðsettur honum.

Í lýsingu á Staðarstaðarsókn frá 1839 sem birt er í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsness segir eftirfarandi: „Geta má þess, að bak við Elliðahamar að norðanverðu liggja Baulárvellir, sem var afrétt frá austari parti sveitarinnar, hvar nú fyrir nokkrum árum er búið að byggja nýbýli. Þaðan hallar öllum vötnum í suðaustur.“ Í sömu heimild segir: „*Afréttarlönd* eru engin í sókninni nema áðurnefnd skörð upp í fjallgarðinn, sem í er rekið á sumrin. 2 réttir eru í sveitinni, önnur á Elliða, önnur á Bláfeldi, sem réttaðar eru í 21tu viku sumars.“ Enn fremur er þess getið að kirkjan á Staðarstað eigi stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði. Þá segir um Baulárvelli í lýsingu á Miklaholts- og Rauðamelssóknum frá því um 1840 sem birt er í sama riti:

> Á bak við Miklaholtssókn, frá norðvestri til landsuðurs, liggur sá sami fjallgarður sem á bak við Staðastaðarsókn, nema hvað hann verður þá lægri og beygist meir til suðurs, til þess lægð, kölluð Vatnsskarð, skiptir hönum í sundur. Er fjallland þettað ekki breitt, sumstaðar grösugt, þó meiri hluti grjót og klettar. Er þar nýbýli í fornöld þó byggt, Baulárvellir að nafni, hérumbil á miðju fjallinu millum sveitanna Miklaholtshrepps að útsunnan og Helgafellssveitar að austanverðu; er þó lagt til Staðastaðarkirkjusóknar og Helgafellsþingsóknar.

Enn fremur segir í lýsingu á Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknum frá 1842 í sama riti: „*Nýbýli* er hér í sóknum ekkert utan *Selvellir*, hvörra áður er getið, eiginlega ½ Horn. Þeir eru byggðir hér um fyrir 20 árum. *Baulárvellir*, byggðir 1823 á miðju fjallinu, heyra til Staðastaðarsókn, en Sauraþinghá.“

Með bréfi dagsettu 27. maí 1843 komu hreppstjórar og bændur í Vesturamtinu á framfæri við sýslumann athugasemdum vegna nýbýlisins á Baulárvöllum. Lutu athugasemdirnar að því að tilvist nýbýlisins skaðaði nýtingu lands á svæðinu til upprekstrar. Í bréfinu segir meðal annars:

> En um hid sídara, Baularvallabyggínguna, er nú einmidt tími ad tala, þar er alkunnugt, og mörgum hlytur þad minnistædt vera, ad á Baularvöllum var sumarid 1823 mælt út nýbýli, 14 hundrud ad dýrleika, eptir ósk þáverandi prófasts, nú Pastors emeriti, Séra Gríms Paulssonar á Þíngvelli og skipun Vesturamtsins, þvert á móti vilja flestra hlutadeiganda í kríngumliggjandi sveitum, Stadarsveit, Miklaholtshrepp, og Helgafellssveit. Sérhvör heilvitamadur í tédum sveitum sé sumsé strax fyrirfram, hvílíkt skadrædi ad Byggíng þessi á Baularvöllum yrdi fyrir alla og óborna í nálægum sveitum, þared Baularvellir, einsog alkunnugt er, hartnær má heita sá eini grasblettur á fjallhriggnum milli sveita þessara, sem ad gagni er til afréttar. Eystri hluti Stadarsveitar misti þanninr algjörlega svo ad kalla afrétt sína, því honum tilheyrdi eginlega Baularvellir, og þó nokkrir smáblettir þar í kríng, og svokalladir Breiddalir séu ætladir hönum til afréttar, þá hefir nú reynslan sýnt, einsog sjáanlegt var, ad þar er hvört tveggja, ad hönum nægir ekki þetta, þared margir bæir þadan hafa sídan keypt upprekstur í Eyrarbotni og í Seljafelli í Miklaholtshrepp, og líka flæmist sökum stigdarinnar frá Baularvöllum, strax fé þeirra, er reka þángad, híngad ofaní Helgafellssveit, til óreiknanlegs skada bædi fyrir þá, er þad eiga, og hana, er ágóng þennan þola meiga, en þad eru allir bæir frá Arnabotni innad Drápuhlid, sem land eiga upp ad fjalli, hvar búsmali þeirra gengur á sumrum; málnytan er mikid minni sökum ágóngsins og urdsins af fjalla fénu, og í ruglíng þennann tínist tídum mörg ærin, og er þá búid mjólkurgagn hennar þar sumarid, þó apturkumi ad hausti, sem mjög er óvíst, því mörg ein kua hefur aldrei sídan sést. eí hinni litlu afrétt, sem vid eigum hér um midja Helgafellssveit, verdur sami ruglíngur, því ávallt géngur rekstruinn þángad á sunnanfénu, en svo mætir þad aptur stigdinni á Baulárvöllum, svo auk málnytu missirsins, verdur líka géldaféid af ónædi þessu miklu lekara, enn ella. Jnnsveitarmenn í Helgafellssveit verda og fyrir sama tjóninu af Baularvalla byggíngunni, þó þar sé ei beinlínis, heldur stendur svo á því, ad allir sem fá, og sumir kannskí leyfislaust reka géldfé sitt á fjall þvi, sem eirnig er lítid, en af því ofsett er í hagana, hleypur þad fljótt ofan aptur, og saman vid búféid, fá þeir því lítt tjón og hinir.
>
> Þannig er þad næstum öll Helgafellssveit, sem lídur óbætanlegan skada vid bygdina á Baularvöllum, og ad líku skapi Miklaholtshreppur, og eystri hluti Stadarsveitar, þó ei hinir sídarnefndu, nema máské fáir bæir í Miklaholtshrepp, á málnytunni, og þannig má þad augljóst virdast, hvílíkt skadrædi ekki einasta vid Helgafellíngar, heldur og hinar adrar nefndu sveitir lída vid bygd þessa; og hvör er nú á hina síduna ávöxturinn af bygd á Baularvöllum fyrir ábúandan þar sjálfan, eda sveitarfélagid. Reynslan hefir sýnt þad best. Sira Grímur, sem stofnadi nýbýlid héldt nokkra stund vid, og reyndi med ymsu móti ad nota Baularvelli, en hætti þó brádum, og vid höldum þar sé öllum kunnugt, eptir þar, hann hafdi bodid þann skada af því fyrirtæki, hvörs hann aldrei bætur bídur. Svo komu þángad ymsir ábúendur, sem stundum voru 1 eda 2 ár, fóru svo í burtu aptur, og þóktust gódu bættir, ad géta slórt þar fram á vorid, eda flosnudu upp, eins og Jón heitin Brinjúlfsson. Sídum var og nýbýli þetta í eydi milli ábúenda þessara, og fá hús uppistandandi þar. Loksins keypti hálflenduna Gudmundur Sumarlidason, sem nú býr á henni, enn hestir opt ekki verid þar, nema einsamall med köflum, þángadtil nú fyrir 2r eda 3r árum, þá vid baslbúskap. Sgr. Jónas Samsonsson, fyrrum á Berserkjahrauni bygdi þar loks upp bæ, reisuglegan í hitt ed fyrra, og hestir nú: 2 ár reynt ad búa þar, þá med tilstirk annarar bestu jardar, Berserkjahrauns, og er alkunnugt, hvílíkan skada hann, med öllum dugnadi sínum, hefir þó lidid, af ad búa þar.
>
> Og til þess nú ad þvílíkt býli skyldi framvegis vidhaldast hvar, ad allra vitni, sem vit á hafa, bóndi aldrei gétur þrifist, sem bóndi, til þess skyldu bændur og húsfedur í 3r

sveitum lída árlega óbætanlegt tjón, bædi á búsmala sínum og géldfé? gétur þad þenkst, ad vera tilgángur hins gódgjarna löggjafara? En – hvad sem um þad er, bygd var sett á Baularvöllum, sem sagt 1823, og land þar útmælt eptir bædi amtsins, bygdu á tilskipuninni um nýbíli, og er ei framar þar um ad tala; en mörgum, nú fullordnum mun þó í barnsminni svo stránglega þá var fylgt bókstaf Tilskipunar þessarar, til ad reka mótmæli bænda, einkum Stadarsveitúnga, sem þá stódu mest á móti nýbílinu. En – einsog bygdin var þannig sett, og landid úmælt, ad bodi yfirvaldsins eptir optáminstri Tilskipan, þannig virdist okkur sem þar sé nú eirnig skylda sama yfirvalds, amtsins, ad láta Sýslumanninn, med tilteknum mönnum skada, hvört allt er gért vid nýbíli þetta, sem þessi hin sama Tilskipan sinntar, edur réttara sagt: hvört nokkru því sé þar fullnægt, sem hún krefur, ad vid nýbíli sé gjört, til þess þad, eptir 20 ár, géti komist í tölu annara jarda, og gengid, sem prívat eign, mann frá manni, og þad því heldur, sem þad er alkunnugt, ad nybílid Baularvellir hefir tídum verid í eydi á þessum 20 árum, og sídan Sira Grímur slepti búi þar, þángad til Sgr Jónas kom þángad, optast verid sóda- og trassalega setid af flestum hinum, sem þar hafa hángid vid hús, einsog allt þar sýnir sig sjálfs, ad eg undantaki byggíngar Jónasar, því ekkért tún gétur þar heitid, því sídur ad túngardur sé þar komin, sem Tilskipunin þó heimtar, auk alls annars. Eptir okkar meiníngu gétr ei ábúandi nybílis ödlast eignarrétt þess, nema med sífeldri, rækslusamri og alúdarfullri ábúd þess, samtengtt í 20 ár, ad hvörjum lidnum hann og hafi girdíngu fullgilda kríngum túnid, þad sjálft vel ræktad í gódu standi, og hafi þess utan sýnt hvörja adra jardarrækt; þetta virdist okkur sé þad, sem af hönum á, og hlýtur ad krefjast, vilji hann verda eigandi nýbílisins, því útmælíngin veitir honum ei eignarrétt, heldur tækifæri til eignarréttar, því – ad okkar meiníngu – á þad ad vera dugnadur og atorka sjálfs hans, sem þannig gérir hann ad jardeigandi manni. En – ekkert af þessu hefir sést á Baularvöllum og fyrst yfirvaldid vard ad hlyda Tilsk: í því ad láta mæla landid út, þá óskad var, þótt þar væri svo ótalmörgum til skada, þá virdist ockur þar og sjálfsagt, ad hid sama yfirvald, eins á hina síduna, heimti allt þetta af ábúendum Baularvalla, sem nú vilja eignast þá, og sannist þad, ad þad hafi ei verid í té látid, ad þar þá og eirnig frelsi almenníng vid ólífjan þessa, bygdina á Baularvöllum, því margt hvad þúngbært, sem verdi ad vera, hvílir samt á almenníngi, þó nýbíli þetta gángi undan.

Sökum hins framansagda krefjum vid undirskrifadir, okkar og annara vidkomandi Helgfellínga vegna: ad Vesturamtid Láti nú í sumar hid fyrsta á kostnad almenníngs nefnda skodunargjörd yfir nýbílinu Baularvöllum fyrirtaka, sem og uppáleggi Sýslumanninum, samkvæmt henni, med dóms atkvædi, ad ákvarda: hvört nýbíli þetta hér eptir skuli álitast sem hvör önnur bygd jörd, med egindómsrétti, eda þad, sökum trassalegrar ábúdar og annars fleira mist hafi nybílisrétt sinn. Og vonum vid, ad ockur verdi ei neitad þessarar sanngjörnu, almanna heill vardandi kröfu.

Undir þetta rituðu Jón Guðmundsson prestur; Sumarliði Þorkelsson, bóndi; Jón Jónsson, fyrrum hreppstjóri í Helgafellssveit; A. O. Thorlacius og N. Þorleifsson, hreppstjórar í Helgafellssveit; og Sveinn Sveinsson bóndi.

Hinn 8. ágúst sama ár skrifaði sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu amtmanninum í Vesturamtinu um nýbýlið Baulárvelli og hvort bygging þess hafi uppfyllt skilyrði nýbýlatilskipunar frá 1776. Amtmaður svaraði sýslumanni með bréfi dagsettu 25. ágúst sama ár. Þar kvaðst amtmaður fús til að taka til rannsóknar hvort nýbýlið hefði verið stofnað í samræmi við lög og uppfyllt ákvæði nýbýlatilskipunarinnar. Síðan segir í svarbréfi amtmanns:

Forövrigt da kan jeg, dog blot til Herr Sysselmands egen underregning ikke tilbageholde den ytring, ad jeg meget paatvivler, om Baularvellir ved nogen Dom, paa det af Dem og af andre Vedkommende under Sagen anbragte Resonnements, skulde blive anseet for, ætter at være bleve Ødestrækning, og den Mand eller de Mænd, som maatte

> prætendere nu at være Eiere af gaarden der, skjönt under mislige Omstændigheder, allerede har bestaaet i 20 Aar, antages at have tabt sin Ret, ligesom og selv i dette Tilfælde andre derved ikke er betagen Leileghed til, i Strækninngen Baularvollum igen at stifte Nybygger saa længe Forordningen af 15de April 1776 beholder sin Kraft og Gyldighed, om hvis sorre eller mindre hvor det offentlige gavnlige Anvendelighed for m[0000] sted der en casu kommende aldrig egentlig [0000] har været nogen Sporgsmalla, men blot om, i Foge Embedspligt, at opfylde Forordningens bud.

Þannig lýsti amtmaður efasemdum um að Baulárvellir gætu, miðað við það sem lægi fyrir í málinu, talist svæði í eyði, en nýbýlatilskipuninni frá 1776 var ætlað að taka til eyðijarða og annarra svæða sem lægju í eyði. Jafnframt lýsti hann þó efasemdum um að ætlaður eigandi eða eigendur svæðisins hefðu misst þann rétt sem þar hefði verið stofnað til.

Á manntalsþingi í Stykkishólmi 7. júní 1847 var þinglesin lögfesta Arnfinns Arnfinnssonar, sem þá bjó á Ytra-Lágafelli, fyrir Baulárvelli. Fram kemur að Arnfinnur lögfesti „Jardarinnar Tún og Eniar, holt og haga, Votn og Veidistadi, samt alt hvad nefndri Jordu tilheyrir og tilheyra ber“ innan þeirra landamerkja sem að framan greinir. Þá segir í lok lögfestunnar: „Er þessi Logfesta bygd á Baularvalla Utmælíngar Réttar Úrskurdi, dagsettum á Baularvöllum þann 7da Julii 1823, stadfestum og loggyltum, af Amtmanni þann 15da Aug. s[ama] á[r] samquæmt forordn: af 15da April 1776.“

Í *Jarðatali* Jóns Johnsen frá 1847 er þess getið í kafla um Staðarstað að „stóðupprekstur á Baulárvöllum hefir að nýjúngu eigi verið notað“.

Fyrir liggja nokkur bréf frá 6. áratug 19. aldar sem varða deilur um Baulárvelli. Í bréfi til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, dagsettu 14. október 1854, er gerð grein fyrir deilum Guðmundar Sumarliðasonar, er bjó á hálfum Baulárvöllum, við nágranna sinn. Þá skrifuðu Árni Thorlacius og Jón Jónsson, hreppstjórar í Helgafellssveit, sýslumanninum í Snæfellsnessýslu 2. janúar 1858 um ágreining út af byggingu Baulárvalla. Þar eru Baulárvellir kallaðir eyðijörð og fram kemur að hún hafi ýmist verið í byggingu eða staðið auð en að því er þeir best viti verið tíunduð síðan 1834. Þá kemur fram að bréfritarar hafi árið 1855 fengið upplýsingar um sölu eða áform um sölu á Baulárvöllum til Sveins Níelssonar á Staðarstað og hann hafi síðan notað jörðina fyrir afrétt eða upprekstrarland. Hann hafi neitað að greiða tíund af henni með vísan til þess að ekki ætti að greiða tíund af eyði- eða afréttarlöndum. Bréfritarar báru undir sýslumann hvort „nokkur lagastadir eda úrskurdur“ væri fyrir því að skylda til greiðslu tíundar félli niður af þeirri ástæðu. Bréf séra Sveins Níelssonar til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu frá 12. mars 1858 varðar sama efni. Þar segir meðal annars:

> Fyrir sína og opt ítrekada umkvörtun hreppstjóra og fleiri málsmetandi sveitarmanna hér í Stadarsveit um, ad Baulárvellir, sem um lángar aldir hefdu verid upprekstrar land eda afréttur Stadarsveitar, voru sídan 1823 frá numdir þessari aldeilis ómissanlegu notkun, og gjördir ad einstaks manns eign, til sérstakra búnytja, og sídan til ábúdar – af þessum umkvörtunum, sem mér virtust, þá eg kynntist hér, á gódum rökum byggdar, rédist eg í, vorid 1855 ad kaupa téda eydijörd, og þad einúngis í þeim tilgángi, ad bæta úr tédum vanhag sveitúnga minna, med því ad leggja alla landareign tédrar eydijardar afdráttarlaust til afréttar, handa svo miklum hluta Stadarsveitar, sem þurfa og nægja þætti. Sama vorid og eg keypti landid, baud eg þad sveitúngum mínum fram á þíngi til

> afréttar, og var því þá af öllum vel tekid. Nú vóru þá Baulárvellir, med allri landareign sinni, aptur horfnir til sömu notkunar, sem ad fornu, ordnir nefnilega afréttur, og, ad mínum tilgángi og ætlun, alkomnir úr jarda og byggdra bóla tölu. En þared eg hvorgi veit til, ad af afréttarlandi, hvort þad er stærra eda minna, sé nokkur tíund goldin, þá skildist mér ekki réttar, en ad þessi notkunar breytíng sem nú var ordin á Baulárvöllum, ætti, ad almennri lands venju ad hafa þad í för med sér, ad bædi tíundir og adrar kvadir, sem af beinlínis eda óbeinlínis byggdum jördum vanalega eru goldnar, ekki framar ad greidast af Baulárvöllum, medan þannig stædi. Og þad er því af þessum ástædum ad eg hefi færst undan ad gjalda fátækra tíund af optnefndri eydijörd.
>
> […]
>
> En hvad mig í því tilliti áhrærir, þá leyfi eg mér ad skýrskota til þess, en eg hefi hér á undan sagt, nefnilega: ad eg keypti landid einúngis í þeim tilgángi, ad sveitúngar mínir mættu nota þad árlega sem afrétt fyrir geldfé sitt, og gat mér þá ekki til hugar komid ad reyna til ad vidhalda þar ábúd á nokkurn hátt; Enda sýnast mér margar líkur láta ad því, ad hvernig sem fer um uppreksturinn á Baulárvöllum, þá muni eydijörd þessi naumast komast sídan af stöduglega í byggdra jarda tölu.
>
> Þá er eptir ad minnast á ardinn, sem eg hefi haft af Baulárvöllum, og þar fátt og lítid af ad segja; því þótt eg fyrir marg ítrekada umkvörtun sveitarmanna hér, og eftir nokkurra þeirra ósk keypti þessa opt nefndu eydijörd, undireins og hún vard föl, og fram bydi sveitúngum mínum hana sídan opinberlega, sem afréttarland fyrir geldfé sitt, móti einhverri sanngjarnlegri borgun, eptir samkomulagi, þá hafa þó færri, en líklegt þótti, rekid þángad sídan geldfé sitt, og þó en færri goldid mér nokkurn afréttar toll. Vid söluna tilskyldi seljandinn sér ókeypis upprekstur í landid, og notar hann þad til beytar í því skyni, vor, sumar og haust fyrir sitt þar landvana fé. Þó eg teldi grannt þad eptirgjald, sem eg þessi árin þannig hefi feingid eptir Baulárvelli, nær þad ekki ad upphæd laga leigu kaupverdsins.

Í framhaldi af þessu sendi sýslumaður amtmanni bréf sem dagsett er 6. maí 1858. Þar lýsti hann m.a. efasemdum, með vísan til ákvæða Jónsbókar, um að eiganda jarðar væri heimilt að ákveða að leggja hana í eyði og til afréttar án þess að bjóða hana fyrst fram til ábúðar. Síðar í bréfinu segir:

> Næst eptir þannig ad hafa skýrt frá þessu álíti mínu, skal eg géta þess, ad jördin Baulárvellir árid 1823. hefir verid tekin upp sem nýbýli, samkvæmt útmælingargjörd af 7 Juli 1823; ad jörd þessi hefir á því tímabili verid af og til óbygd aptur og aptur, enn aptur bygd ár og ár, þannig á tímabilinu 1841–50. verid bygd í 5 ár, enn eptir 1850 einúngis 1 ár eda árid 1854. var þá jördin, einsog fyr er umgétid lögd til afréttarlands. Øll þau ár, sem jörd þessi þannig hefir verid í eydi, er af henni mótmælalaust greidd fátækra tíund, þángadtil núverandi egandi keypti jördina. – Þared egandi jardarinnar Baulárvalla eptir fyrrnefndu bréfi hans, af 12 Marts þ.á. felur málefni þetta Ydar Hávelborinheita úrskurdi, og eg fyrir mitt leiti, ad því leiti taka má ennþá hina ógoldnu fátækra tíund af jördunni med fjárnámi, hefi ekki strax, án þess ad heyra jardaregandans álit, viljad géfa þessa skipan, verd eg því ad leifa mér ad géra fyrir spurn um:
>
> 1º) Hvort fátækratíundar skuli krefjast af jördinni Baulárvöllum fyrir sídustu 3 ár?
>
> Eda hvort þá í Helgafellssveitar fátækrareikníng til til umtektar færda tíund af þessari jörd, skuli aptur fara til útgiptar, sem óréttilega krafna?

Enn fremur liggur fyrir skýrsla um byggingu og tíundargjald af nýbýlinu Baulárvöllum á árabilinu 1823–1855, dagsett 24. janúar 1859. Um efni hennar vísast til kafla 5.3. Þá liggur fyrir bréf, dagsett 8. febrúar sama ár, frá sýslumanninum í Snæfellsnessýslu til amtmannsins í Vesturamtinu, viðvíkjandi tíundargreiðslur af eyðibýlinu Baulárvöllum. Þar segir meðal annars:

> … land þad sem árid 1823 var lagt undir nýbýli þetta, ekki mun hafa verid tíundad sérstaklega fyrir þann tíma, heldur í dýrleika kringliggjandi jarda, sem áttu land þar sem nýbýlid var upptekid.– Enda þótt eg egi hafi séd skilríki umm landamerki þeirra jarda, sem þannig ega lönd ad, en sem munu vera konungsjardirnar Ellidi, Lágafell, Dalur Horn Hraunsfjördur, og bændaegnirnar Hrísdalur og Berserkjahraun, þá er mér þad kunnugt ad landamerkjum tédra jarda til fjalls mun hafa verid svo hagad, ad ekkert óskipt afréttarland hafi til verid á fjallendi því, þar sem Baulárvellir eru, því þad er ekki breidara en svo, ad þad á þeim stad má allt telja sem búfjárhaga á sumrum. Þad mun vera komid af einhvörjum misskilningi ad land þad sem árid 1823 var útmælt til jardarinnar Baulárvalla er kallad eydi plats eda eydibygd, svo sem þad væri afréttarland, er einnig styrkist vid þad ad Stadastadar kyrkju eptir máldögum er egnadur stódupprekstrarrettur sem ítak á Baulárvöllum (sbr Johnseni jardatalbli 16v:) en alls ekki géldfjáruppprekstur.
>
> Þad er athugavert vid útmælingargjördina ad einungis ábúendur nærliggjandi jarda en alls ekki umbodshaldari Arnarstapa umbodsjarda, frá hvörjum ad land var tekid, voru advaradir til ad vera vid útmælingargjördina – og ad þad med öllu er ósannad ad Stadsveitingar, þó því sé hreyft í útmælingargjördinni hafi haft tilkall til afréttarnotkunar á svokölludum Baularvöllum. En enda þótt svo hefdi verid er þad þó án alls efa, úr því einns inni nýbýlid var stofnad og þad fékk réttindi bygdra jarda, öldungis lögum gagnstæt, ad núverandi egandi jardarinnar géti fríad sig vid gjöld af jördinni, fyrrenn hann á lögbodinn hátt gétur sannad, ad hún ekki lengur sé byggjanleg og brýn naudsyn beri til ad leggja hana í eydi, eda afmá úr bygdra jarda tölu.

Á manntalsþingi höldnu í Stykkishólmi 27. maí 1868 var þinglesið afsalsbréf fyrir Baulárvelli, dagsett 4. apríl sama ár, „með hvörju Sra Sveinn Nielsson afhendir Egilsson í Stykkishólmi jörðina Baulárvelli, 4,8 hundruð að dýrleika“. Egill Sveinbjarnarson Egilsson gaf svo Stykkishólmskirkju Baulárvelli með afsalsbréfi sem er dagsett 9. september 1882 og var þinglýst í Stykkishólmi 13. júní 1883. Þar segir:

> Jeg undiskrifaður Egill Sveinbjarnarson Egilsson, alþingismaður og fulltrúi Reykjavíkur kaupstaðar, gef og afhendi með þessu mínu brjefi, til Stykkishólms kirkju eignarjörð mín Baulárvelli liggjandi í Helgafellssveit innan Snæfellsness sýslu með öllum þeim rjettindum sem henni fylgja og fylgja ber að fornu og nýju til lands og vatns hverju nafni sem nefnist, en áskil að Sóknarnefnd Stykkishólms sóknar hafi jafnan alla umsjón með tjeðri jörð kirkjunnar vegna, og gjöri hana henni svo arðsama sem frekast má og sjái enn fremur um að jörð þessi aldrei verði frá kirkjunni seld og aldrei veðsett, hvorki í kirkjunnar þarfir nje annarra.

Í biskupsvísitasíu fyrir Stykkishólmskirkju frá 19. júlí 1891 er þess getið að kirkjan eigi „eyðijörðina Baulárvelli, sem henni var gefin.“ Þá er greint frá því í átta prófastsvísitasíum fyrir Stykkishólmskirkju frá árunum 1898–1952 að kirkjan þar eigi Baulárvelli.

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Baulárvellir hafi verið eyðijörð í tugi ára en hafi verið nýtt af Guðmundi Guðmundssyni, héraðslækni í Stykkishólmi. Baulárvellir eru sagðir eign Stykkishólmskirkju og sóknarnefnd Stykkishólmskirkjusóknar umráðandi jarðarinnar. Baulárvellir liggi á fjalli uppi á milli Staðarsveitar og Helgafellssveitar og land jarðarinnar er sagt vel fallið til upprekstrar. Í sama fasteignamati segir um Elliða að land jarðarinnar liggi til fjalls, þar sem jörðin eigi upprekstrarland. Í ljósi staðhátta verður að ætla að þar hafi verið átt við land innan ágreiningssvæðisins, enda mjög skörp skil milli fjalllendis og undirlendis við suðurmörk ágreiningssvæðisins, ofan við óum-

deilt eignarland Elliða, eins og áður segir. Þá kemur fram í umræddu fasteignamati að jarðirnar Dalur og Hofsstaðir eigi mikið fjallland. Um Ytra-Lágafell segir að land jarðarinnar liggi til fjalls þar sem hún eigi upprekstur en aftur á móti segir að lítið fjalllendi fylgi Syðra-Lágafelli.

Í svari sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dagsettu 15. janúar 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dagsettri 29. desember 1919, um almenninga kemur fram að í sýslunni séu „engir almenníngar, heldur eingöngu heimalönd". Jafnframt segir: „Í sýslunni eru eigi til afrjettarlönd [í] eigu sveitarfjelaga og því hvergi hjer í sýslunni [um] að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða." Í svari bæjarstjóra Stykkishólms, dagsettu 20. nóvember 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afréttarmálefni sveitarfélagsins, dagsettrar 20. febrúar sama ár, segir: „Afréttur er frá löndum Helgafellssveitar og í landi Baulárvalla á Vatnaheiði. Mörk hans liggja á hreppamörkum Helgafellssveitar og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar og Eyrarsveitar, og Helgafellssveitar og Skógarstrandar." Fram kemur að íbúar Helgafellssveitar eigi upprekstrarrétt á afréttinn. Í svari oddvita Miklaholtshrepps, dagsettu 4. febrúar 1989, við samhljóða fyrirspurn ráðuneytisins sem einnig var dagsett 20. febrúar 1989, segir að enginn sameiginlegur afréttur sé í hreppnum, heldur sé eingöngu um að ræða heimalönd jarða, bæði á láglendi og til fjalla.

Samkvæmt því sem að framan er rakið varða heimildir um ágreiningssvæðið fyrst og fremst beitarréttindi og afréttarnot allt fram til þess tíma þegar séra Grímur Pálsson á Helgafelli hóf frekari nýtingu á svæðinu og fékk í framhaldi af því útmælt svæði til stofnunar nýbýlis þar 1823. Þannig greina máldagar Staðarstaðarkirkju frá 1274 og síðar frá því að kirkjan eigi stóðhrossabeit á Baulárvöllum og geldnautarekstur á Vatnaheiði og hið sama kemur fram í biskupsvísitasíum kirkjunnar frá 17. og 18. öld og í *Sýslu- og sóknalýsingum* frá 1839. Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1714 er sömuleiðis getið um stóðhrossabeit kirkjunnar á Baulárvöllum og einnig selstöðu kirkjunnar þar. Þá liggur fyrir að við útmælinguna á Baulárvöllum 1823 lagði Guðmundur Jónsson á Staðarstað fram afrit af máldaga Vilchins biskups um ítök Staðarstaðarkirkju í Baulárvallalandi. Það sem fram kemur í fundargerðinni vegna útmælingarinnar þess efnis að land norðan vatnsins hafi verið lagt til nýbýlisins til að auka við beitiland þess, í ljósi ítaka Staðarstaðarkirkju, bendir til þess að ætlunin væri sú að kirkjan héldi þessum réttindum þrátt fyrir stofnun nýbýlisins. Stóðhrossabeitar Staðarstaðarkirkju á Baulárvöllum er enn fremur getið í *Jarðatali* J. Johnsen frá 1847 en þar kemur þó fram að umrædd réttindi hafi ekki verið notuð nýverið. Bréfaskipti í aðdraganda stofnunar nýbýlis á Baulárvöllum bera einnig með sér að svæðið hafi verið nýtt sem afréttur jarða í Staðarsveit og ef til vill einnig Helgafellssveit og Eyrarsveit, m.a. fyrir nautgripi og hross.

Bréf Gríms Pálssons til amtmanns 9. desember 1822 bendir til þess að munnmæli hafi verið um forna byggð á Baulárvöllum, sbr. orðin „sem einhvörntíma, - eptir eldgamallri, – þó ósannadri Sögn, mann af manni, – í Fornöld, ijfirgéfin Bijgd, – láng-

samlega lögd til afréttar nærstliggjandi Sveita“. Þá kemur eins og áður segir fram í *Sýslu- og sóknalýsingum* 1840: „Er þar nýbýli í fornöld þó byggt, Baulárvellir að nafni …“ Af þessu verður að mati óbyggðanefndar ekkert ráðið með vissu um hvort einhvern tíma hafi verið byggð á Baulárvöllum fyrir stofnun nýbýlis þar 1823, enda liggur ekkert annað fyrir um þá ætluðu byggð. Þá bendir fundargerð útmælingarréttar vegna stofnunar nýbýlisins 1823 eins og áður segir til þess að litið hafi verið svo á að landið sem mælt var út og lagt til nýbýlisins væri utan landamerkja jarða.

Heimildir um afnot ágreiningssvæðisins fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not, svo sem veiði, og ekki liggja fyrir neinar samtímaheimildir eða önnur atriði sem staðfesta að þar hafi verið byggð fyrr en á 19. öld. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið, ásamt öðru, til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignaréttindi í formi afréttareignar eða upprekstrarréttar. Hér er þó til fleiri atriða að líta.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimiluð var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897. Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar gat slík býlisstofnun hvort heldur sem er verið í eignarlandi annarra, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar, eða „afréttaralmenníngum og óbygðum landplázum fyrir ofan bygðir“, sbr. 4. gr. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt, sem síðan skyldi þinglýst og „álítast og gilda sem viss og óbrigðul heimild“. Ef stofnað var til nýbýlis með lögformlegum hætti utan merkja jarðar á grundvelli tilskipunarinnar, sbr. einkum 4. gr. hennar, gat áður eigendalaust land á þeim grundvelli orðið undirorpið beinum eignarrétti. Við mat á því hvort svo hátti til þarf að gæta að því hvort skilyrði nýbýlatilskipunarinnar þar að lútandi hafi verið uppfyllt. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Útgáfa byggingarbréfs og þinglýsing þess tekur þannig af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum, sbr. dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Að öðru leyti þarf að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan.

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja allir á því að land innan framangreindra merkja Baulárvalla sé eignarland en greinir aftur á móti á um það innbyrðis hverjum þeirra eignarréttur á því landi tilheyri. Óbyggðanefnd úrskurðar um mörk þjóðlendna gagnvart eignarlöndum en sker aftur á móti ekki úr um merki milli eignarlanda eða hverjum eignarréttur á landsvæðum utan þjóðlendna tilheyri, sbr. þjóðlendulög, nr. 58/1998. Að þessu gættu og einnig því að unnt var á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 að stofna til nýbýlis hvort sem var á eigendalausum svæðum eða svæðum sem áður voru háð beinum eignarrétti, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, verður hér fyrst leyst úr því hvort önnur atriði en stofnun nýbýlisins 1823 leiði til niðurstöðu um eignarland.

Einungis í því tilfelli að svo reynist ekki vera kemur til úrlausnar hvort nýbýlisstofnunin á Baulárvöllum 1823 hafi uppfyllt skilyrði nýbýlatilskipunarinnar 1776 fyrir stofnun beins eignarréttar á eigendalausu svæði.

Eins og áður segir hafa landamerkjabréf jarða almennt haft meira vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Undantekningar frá því varða einkum tilvik þar sem eldri heimildir mæla afmörkun landamerkjabréfanna í mót, enda gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt með gerð landamerkjabréfs.

Niðurstaða framangreindrar skoðunar á landamerkjum Horns er sú að norðvestasti hluti ágreiningssvæðisins sé innan merkja Horns samkvæmt landamerkjabréfi Horns og Selvalla frá 1889, nánar tiltekið sá hluti ágreiningssvæðisins sem afmarkast af Vatná, Baulárvallavatni og Rauðsteinalæk en að öðru leyti af kröfulínu ríkisins. Kaupbréf vegna Horns frá síðari hluta 14. aldar mælir þessari lýsingu ekki í mót að mati óbyggðanefndar, enda hefur það ekki að geyma heildstæða merkjalýsingu fyrir jörðina. Það sem fram kom af hálfu Sigurðar Sigurðarsonar á Horni við útmælinguna á Baulárvöllum 1823 er einnig í samræmi við það sem fram kemur í landamerkjabréfinu, þó að hann hafi ekki getað fært fram skrifleg skjöl þar að lútandi. Að mati óbyggðanefndar verða eigendur Horns ekki látnir bera hallann af því að ekki voru til skrifleg skjöl um merki jarðarinnar fyrir tíma landamerkjabréfsins 1889, enda var ekki fyrir að fara skyldu landeigenda til að skrá merki jarða sinna fyrr en með gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882. Er því hafnað kröfu íslenska ríkisins um að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi Horns og Selvalla frá 1889 sé þjóðlenda.

Niðurstaða framangreindrar skoðunar á merkjum jarðarinnar Dals var að sá hluti ágreiningssvæðisins sem afmarkast af Rauðsteinalæk, Baulárvallavatni og Straumfjarðará og að öðru leyti af kröfulínu ríkisins væri innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi Dals frá 1887 og að eldri heimildir mæltu þeirri afmörkun ekki í mót. Ekki er fyrir að fara öðrum eldri heimildum um merki Dals en því sem bókað var eftir Narfa Þorleifssyni, ábúanda jarðarinnar við útmælinguna á Baulárvöllum 1823. Líkt og á við um Horn er það sem þar kom fram af hans hálfu í samræmi við landamerkjabréf Dals frá 1887, þótt hann hafi ekki getað fært fram skrifleg gögn þar að lútandi. Með sömu rökum og að framan greinir varðandi Horn er því hafnað kröfu ríkisins um að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi Dals frá 1887 sé þjóðlenda.

Vesturhluti ágreiningssvæðisins, allt norður að Baulárvallavatni, Vatná, Hraunsfjarðarvatni, Hvanngili, vestur að Breiðuborg, Sóldeyjardalsöxl og Faxasteini og austur að Markgili, Baulárvallavegi og Draugagilsá er innan lýstra merkja samkvæmt þinglýstri yfirlýsingu um landamerki Elliða frá 1964. Þar með talið er allt svæðið sem kröfur eiganda Elliða í málinu lúta að og einnig suðurhluti þess svæðis sem kröfur eigenda Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar ná til en eins og áður segir byggja umræddir land-

eigendur á því að í gildi sé samkomulag þeirra á milli um að mörk Elliða gagnvart landi Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar liggi austar en fram kemur í umræddri yfirlýsingu frá 1964, þ.e. um Moldargilsá. Landamerkjabréf fyrir Hraunsfjörð og Elliða, bæði frá 1888, og aðrar eldri heimildir en yfirlýsingin frá 1964 styðja aftur á móti ekki að land Elliða, Hraunsfjarðar, Horns eða Selvalla nái inn á þennan hluta ágreiningssvæðisins.

Þessi staða gæti leitt til niðurstöðu um þjóðlendu á þeim hluta ágreiningssvæðisins sem kröfur vegna Elliða og Horns, Selvalla og Hraunsfjarðar ná til ef ekki kæmu til önnur atriði, enda gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt með gerð yfirlýsingarinnar 1964. Í því sambandi vísast til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 sem varðar efstu jarðir í Biskupstungum. Hér þarf þó sérstaklega að skoða réttaráhrif þess að yfirlýsingin frá 1964 er m.a. árituð um samþykki vegna jarðakaupasjóðs ríkisins af hálfu skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu sem undirritaði hana fyrir hönd ráðherra.

Að norðanverðu er sá hluti ágreiningssvæðisins sem kröfur eigenda Ytra-Lágafells, Syðra-Lágafells og Hofsstaða varða, og liggur austan við svæðið sem kröfur eiganda Elliða taka til, innan þeirra merkja sem lýst er í yfirlýsingu um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða frá 1964, allt norður að Baulárvallavatni og vestur að Draugagilsá og Baulárvallavegi og austur að Straumfjarðará, allt frá Baulárvallavatni. Landamerkjabréf og eldri heimildir styðja aftur á móti ekki að land Ytra- og/eða Syðra-Lágafells nái svo langt til norðurs. Selmúli er nyrsta örnefnið sem getið er um í landamerkjabréfi Syðra-Lágafells frá 1888 og eldri heimildir mæla því ekki í mót að mati óbyggðanefndar að land jarðarinnar nái norður að Selmúla, sem er inni á ágreiningssvæðinu, nærri suðurmörkum þess. Þá er merkjum Ytra-Lágafells ekki lýst lengra til norðurs en að ysta klofningi á Markgili, sem er á suðurmörkum ágreiningssvæðisins, í landamerkjabréfi þeirrar jarðar sem einnig er frá 1888. Eldri heimildir styðja að mati nefndarinnar að land jarðarinnar hafi náð þangað en ekki lengra til norðurs. Þessu er öðruvísi farið í tilviki Hofsstaða að því leyti að fyrir liggja landamerkjabréf fyrir Hofsstaði frá 1896 og 1890 sem styðja að land Hofsstaða nái eins langt til norðurs og eigandi Hofsstaða byggir á í málinu, þó svo að merkjunum sé lýst skemur til vesturs í eldra bréfinu. Í eldri heimildum er merkjum Hofsstaða aftur á móti lýst skemur til norðurs, þ.e. að Vallná í lögfestu frá 1774 og enn skemur til norðurs í vitnisburði frá 1380. Að mati óbyggðanefndar mælir lögfestan frá 1774 því í mót að land Hofsstaða hafi náð lengra til norðurs en að Vallná, enda hefur lögfestan að geyma heildstæða lýsingu á merkjum jarðarinnar og virðist ótvírætt gengið út frá því þar að Vallná ráði norðurmerkjum jarðarinnar. Þessi staða gæti leitt til niðurstöðu um þjóðlendu á því svæði sem kröfur vegna Ytra-Lágafells, Syðra-Lágafells og Hofsstaða ná til og er norðan ysta klofnings á Markgili, Selmúla og Vallnár ef ekki kæmu til önnur atriði. Rétt eins og í tilviki áðurnefndrar yfirlýsingar um landamerki Elliða þarf sérstaklega að skoða réttaráhrif þess að yfirlýsingin frá 1964 er m.a. árituð um samþykki vegna jarðakaupasjóðs af hálfu skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu sem undirritaði yfirlýsinguna fyrir hönd ráðherra. Efni þessara tveggja yfir-

lýsinga varðar allt það svæði sem hér stendur eftir að skera úr um, þ.e. þann hluta ágreiningssvæðisins sem er sunnan Vatnár, Baulárvallavatns og Straumfjarðarár.

Í köflum 6.1.2.3 í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1–4/2013 á svæði 8A (Húnavatnssýsla vestan Blöndu ásamt Skaga), sem kveðnir voru upp 19. desember 2014, er fjallað um dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og var þeirri umfjöllun síðar bætt við sem kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Í báðum tilvikunum voru það fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem réðu niðurstöðu Hæstaréttar þess efnis að ágreiningssvæðin væru eignarlönd en ekki þjóðlendur.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var um að ræða landsvæði á Skeiðarársandi sem var innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfi Skaftafells II en Hæstiréttur taldi þó að eldri heimildir styddu ekki að það hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Aftur á móti taldi rétturinn að með tilteknum gerðum í tengslum við áform um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hefðu menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð „ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra“. Dómkröfur ríkisins um að svæðið væri þjóðlenda væru þessu alls ósamrýmanlegar. Þau lögskipti sem þar um ræðir fólust m.a. í því að menntamálaráðherra undirritaði árið 1966 afsal fyrir hönd ríkisins sem kaupanda að landinu, þar sem vísað var til landamerkjabréfsins varðandi landamerki jarðarinnar, og Náttúruverndarráð gaf út yfirlýsingu 1987 um að ágreiningssvæðið utan þjóðgarðsins væri í eigu lögbýlisins.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 var sú staða uppi að íslenska ríkið var meðal þeirra sem seldu hluta ágreiningssvæðisins til Orkuveitu Reykjavíkur 1999 og við kaupin var gengið út frá því að svæðið væri innan merkja jarða og háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli. Jafnframt var þar gengið út frá því að hið sama ætti við um svæði sem Orkuveitan keypti af eigendum nærliggjandi jarða. Réð þetta atriði úrslitum um þá niðurstöðu réttarins að svæðið væri eignarland en ekki þjóðlenda, þrátt fyrir að rétturinn teldi eldri heimildir mæla gegn þeirri lýsingu landamerkjabréfa umræddra jarða að svæðið væri innan merkja þeirra. Talið var að ríkið hefði með þeim gerðum sem um ræddi viðurkennt í lögskiptum sínum við Orkuveituna að svæðið sem deila hennar við ríkið laut að væri háð beinum eignarrétti og að ríkinu hefði jafnframt mátt vera ljóst að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Krafa ríkisins um mörk þjóðlendu var talin alls ósamrýmanleg þessu.

Um þetta segir í áðurnefndum kafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*:

> Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að

umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Eftir að þetta var ritað féll einn dómur til viðbótar í Hæstarétti þar sem reyndi á sambærilegt álitaefni, þ.e. dómur frá 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þar réðu fyrri lögskipti eiganda Hvassafells við íslenska ríkið úrslitum um þá niðurstöðu að Hvassafellsdalur væri eignarland, þrátt fyrir að rétturinn teldi að fyrirliggjandi heimildir styddu „á engan hátt að land á svæðinu, sem málið varðar, hafi með námi orðið háð beinum eignarrétti“, heldur hnigju þær þvert á móti eindregið að því „að eigendur Hvassafells hafi notið óbeinna eignarréttinda yfir landinu, sem falist hafi í hefðbundnum notum til upprekstrar búfjár og öðru því sem afréttir hafa í aldanna rás almennt verið hafðir til“. Þau lögskipti sem um ræðir fólu í sér að landbúnaðarráðherra samþykkti landskipti á því landi sem deilt var um í málinu og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land jarðar væri að ræða. Í forsendum fyrir niðurstöðu dómsins segir:

> Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda. Er því óhjákvæmilegt að taka til greina kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 um að landsvæðið Hvassafellsdalur sé þjóðlenda, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012.

Á sambærilegt álitaefni reyndi enn fremur í úrskurði óbyggðanefndar um Sauðafellsselland í máli nr. 3/2016, uppkveðnum 3. maí 2018. Þar lá fyrir samningur um fjölnytjaskógrækt, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu fyrir hönd landbúnaðarráðherra, þar sem ótvírætt virtist gert ráð fyrir að svæðið sem samningurinn tók til og var innan ágreiningssvæðis málsins væri hluti af viðkomandi lögbýli og háð beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd taldi að krafa fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að sama svæði væri þjóðlenda væri ósamrýmanleg framangreindri afstöðu land-

búnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins, sem girti jafnframt fyrir að unnt væri að fallast á kröfuna, a.m.k. að því er þann hluta ágreiningssvæðisins varðaði.

Í máli þessu liggur fyrir að skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu undirritaði framangreindar yfirlýsingar frá 1964 um annars vegar landamerki Elliða og hins vegar Ytra-Lágafells og Hofsstaða. Við undirritun hans á yfirlýsinguna um landamerki Elliða stendur skrifað: „Samþykkt fyrir hönd jarðeignadeildar ríkisins“ og þar er einnig embættisstimpill ráðuneytisins. Ætla má að hann hafi skrifað undir skjalið vegna þess að ríkið var á þessum tíma eigandi Ytra-Lágafells. Fyrir ofan undirritun hans á yfirlýsinguna um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða stendur: „F.H. Jarðakaupasjóðs, v/ Ytra Lágafells“ og „F.H.R.“, sem verður að ætla að merki þar „fyrir hönd ráðherra“. Afrit af síðarnefndu yfirlýsingunni er varðveitt í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1883–1967 og liggur fyrir meðal gagna málsins. Jafnframt liggur fyrir afsal fyrir Ytra-Lágafell, dagsett 28. janúar 1992, undirritað af landbúnaðarráðherra. Þar kemur fram að landbúnaðarráðherra f.h. jarðasjóðs ríkisins selji og afsali Ársæli Jóhannessyni jörðinni Ytra-Lágafelli samkvæmt heimild í 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með lögum nr. 90/1984. Þar segir að um landamerki vísist til landamerkjaskrár Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og kaupandi hafi kynnt sér merkin.

Landbúnaðarráðherra og starfsmenn ráðuneytisins voru ekki til þess bærir að breyta eignarréttarlegri stöðu hins umdeilda svæðis með því að undirrita umræddar tvær yfirlýsingar um landamerki 1964 og afsala 1992 stærra svæði en áður tilheyrði Ytra-Lágafelli, sbr. þá meginreglu eignarréttar að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Þrátt fyrir það verður að telja að með þessum gerðum hafi íslenska ríkið viðurkennt gagnvart Ársæli Jóhannessyni, sem keypti Ytra-Lágafell 1992, að sameiginleg landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða væru þau sem greinir í yfirlýsingunni frá 1964. Jafnframt mátti ríkinu vera ljóst að eigendur Hofsstaða og Elliða gætu lagt traust sitt á að í þessu fælist að ríkið viðurkenndi þau landamerki sem lýst er í yfirlýsingunum tveimur frá 1964 sem báðar eru undirritaðar af skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Breytir engu um þetta þótt sýslumannsembættið hafi þinglýst skjölunum með athugasemdum um að embættið hefði ekki borið landamerkjalýsingarnar saman við eldri heimildarskjöl um svæðin. Krafa ríkisins um þjóðlendu innan þeirra merkja sem lýst er í umræddum yfirlýsingum er þessu ósamrýmanleg, sbr. áðurnefnda dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005, 617/2012 og 94/2017, og er henni því hafnað.

Að framan var komist að þeirri niðurstöðu að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er norðan Vatnár, Baulárvallavatns og Straumfjarðarár sé eignarland, á þeim grundvelli að hann sé innan landamerkja Horns og Dals samkvæmt landamerkjabréfum frá 1889 og 1887. Þá hefur verið lýst þeirri niðurstöðu að það svæði sem er innan þeirra merkja sem lýst er í yfirlýsingum um landamerki annars vegar Elliða og hins vegar Ytra-Lágafells og Hofsstaða, báðum frá 1964, sé eignarland á þeim grundvelli að þjóðlendukrafa

ríkisins sé ósamrýmanleg fyrri lögskiptum við eigendur þessara jarða. Þar með hefur verið tekin afstaða til alls ágreiningssvæðisins. Við úrlausn málsins gerist því ekki þörf á að skera úr um hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á Baulárvöllum á grundvelli stofnunar nýbýlis 1823 samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776.

Rétt er að árétta sérstaklega að í niðurstöðu óbyggðanefndar felst ekki úrlausn um merki milli eignarlanda. Niðurstaða um að svæðið sé eignarland byggist á umræddum heimildum um Horn, Dal, Elliða, Ytra-Lágafell og Hofsstaði. Í henni felst þó engin afstaða til þess hvort eignarréttur á svæðinu sé á hendi eigenda þessara jarða. Niðurstaða óbyggðanefndar er grundvölluð á réttarsambandi þessara jarðeigenda við ríkið og byggist á umræddum heimildum óháð réttarsambandi þeirra við aðra sem kalla til eignarréttar á einstökum hlutum sama svæðis, þ.e. Stykkishólmskirkju vegna Baulárvalla og eigenda Syðra-Lágafells vegna hluta af því svæði sem einnig er gerð krafa til vegna Ytra-Lágafells og Hofsstaða. Þannig kann beinn eignarréttur á Baulárvöllum eftir atvikum að hafa orðið til eða yfirfærst með stofnun nýbýlis þar 1823, eftir því hvort skilyrði nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 voru uppfyllt. Þá er heldur ekki tekin afstaða til þess hér hvort og þá með hvaða hætti sá eignarréttur sem mögulega kann að hafa stofnast þá hafi yfirfærst til annarra síðar, að hluta eða í heild, eða eftir atvikum fallið niður.

Baulárvallavatn er í heild innan þess svæðis sem íslenska ríkið afmarkar í kröfugerð sinni um þjóðlendu. Af fyrirliggjandi kortum má ráða að vatnið sé 1,4–1,5 km breitt milli vestur- og austurbakka þess og milli norður- og suðurbakka þess séu 1,3–1,4 km. Þá eru um 1,7 km frá norðvesturhorni þess að útfalli Straumfjarðarár í suðausturhorni þess. Ekki er fyrir að fara eyjum, hólmum eða skerjum í vatninu. Suðausturhorn Hraunsfjarðarvatns er einnig innan þess svæðis sem krafa ríkisins lýtur að. Hraunsfjarðarvatn er enn stærra en Baulárvallavatn og af kortum má ráða að kröfulína ríkisins nái að einhverju leyti inn á þann hluta vatnsins sem er utan netlaga aðliggjandi fasteigna.

Í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. 1. gr. laga nr. 132/2011, er *almenningur* skilgreindur sem sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög landareigna. Þá eru *netlög* skilgreind í 17. tölulið sömu málsgreinar sem vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að. Sambærilegar skilgreiningar á þessum hugtökum er einnig að finna í 2. og 30. tölul. 3. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Fram kemur í 1. mgr. 4. gr. vatnalaga að þegar landareign liggur að stöðuvatni fylgi vatnsbotn þeim bakka sem hann verður talinn framhald af, 115 metra út í vatn (netlög). Í 3. mgr. sömu greinar segir að ef gras vex upp úr vatni við lágflæði fylgi vatnsbotn landi sem þurrt land væri og í 4. mgr. kemur fram að ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni fylgi þeim netlög. Þá segir í 5. mgr. að jafnan skuli miða við lágflæði í vatni. Af athugasemdum við 4. gr. frumvarps sem varð að vatnalögum, nr. 15/1923, verður ótvírætt ráðið að gengið hafi verið út frá því að aðliggjandi fasteignir næðu ekki lengra út í stöðuvötn en næmi netlögunum. Niðurstaða dóms Hæstaréttar sem birtur er á bls. 182 í dómasafni réttarins 1981 (Mývatnsbotn) er í samræmi við

þetta. Veiðiréttur í almenningum stöðuvatna tilheyrir aftur á móti jafnan fasteignum sem að þeim liggja, sbr. 6. gr. laga um lax- og silungsveiði. Samkvæmt þessu verður að telja að almenningar stöðuvatna teljist að jafnaði til landsvæða utan eignarlanda í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga og eigi því að falla í flokk þjóðlendna samkvæmt lögunum, enda verður að telja að *landsvæði* í þessum skilningi geti bæði átt við um vatn og þurrlendi. Ekki verður þó útilokað fyrir fram að í einstökum tilvikum kunni að hafa stofnast til beinna eignarréttinda á slíkum svæðum, t.d. á grundvelli hefðar.

Þrátt fyrir þetta verður ekki ráðið af þeim gögnum sem varða undirbúning þess að þjóðlendulög voru sett að litið hafi verið til almenninga stöðuvatna í því sambandi og framkvæmd laganna hefur einnig endurspeglað það. Á þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur fjallað um til þessa eru fjölmörg dæmi um stöðuvötn sem eru það stór að þar gætu verið almenningar, þ.e. vötnin breiðari en 230 metrar. Þessi vötn eru ýmist innan eða utan svæða sem kröfugerðir íslenska ríkisins um þjóðlendur hafa lotið að. Í þeim tilvikum þar sem vötnin hafa verið innan marka þjóðlendukrafna hefur málatilbúnaður ríkisins ekki lotið sérstaklega að almenningum þeirra heldur byggst á því að vötnin væru, ýmist að hluta eða heild, innan stærri svæða sem væru þjóðlendur á öðrum grundvelli. Að sama skapi hafa úrlausnir óbyggðanefndar ráðist af stöðu viðkomandi svæða og ekki hefur verið úrskurðað um almenninga vatnanna sérstaklega.

Í máli þessu hefur íslenska ríkið ekki gert varakröfu um að almenningar Baulárvallavatns og Hraunsfjarðarvatns séu þjóðlendur og ekki heldur byggt málatilbúnað sinn á því að hann sé þjóðlenda á þeim grundvelli að hann sé utan netlaga aðliggjandi fasteigna. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Þá verður ráðið af dómi Hæstaréttar frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú á Jökuldal) að málsástæður aðila kunni að reisa nefndinni skorður hvað varðar niðurstöður sem þó rúmist innan kröfugerða þeirra. Enn fremur verður að telja sjónarmið um jafnræði mæla gegn því að úrskurðað verði um þjóðlendu í almenningi Baulárvallavatns og hluta af almenningi Hraunsfjarðarvatns án þess að aðrir almenningar stöðuvatna sæti sams konar málsmeðferð og rannsókn. Að teknu tilliti til þessara atriða er að mati óbyggðanefndar eðlilegra að úrlausn um almenninga stöðuvatna á landinu fari eftir atvikum fram með heildstæðum hætti síðar og í ljósi þess hvernig þjóðlendulög hafa hingað til verið framkvæmd að þessu leyti kynni lagabreyting, þar sem tekin væru af tvímæli um afstöðu löggjafans til þessa, að vera æskilegur undanfari þeirrar vinnu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka ágreiningssvæðisins, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé

afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. sömu laga.[214] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að árétta að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

### 6.4 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang hvers ágreiningsmáls fyrir sig, og er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

[214] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 7 ÚRSKURÐARORÐ

Ekki eru þjóðlendur á landsvæðinu sem fjallað hefur verið um í máli þessu.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns: Stykkishólmskirkja vegna Baulárvalla: 2.300.000 kr., dánarbú Jensínu Jensdóttur, Kristján Már Magnússon, Ingibjörg Magnúsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Jóhann M. Kristjánsson, Sveinn Magnússon, Ingibjörg Sveina Þórisdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Svava Guðrún Margrétardóttir, Einar Björn Þórður Þórisson, Hafdís Lind Hafsteinsdóttir, Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir og Birgitte Möhl vegna Syðra-Lágafells: 3.100.000 kr.

Vegna Guðjóns Ármannssonar lögmanns: Eggert Kjartansson vegna Hofsstaða, Múlavirkjun hf. vegna Elliða, Elís Fells Elíasson, Magnús Elíasson og Erla Elíasdóttir vegna Ytra-Lágafells, Dufgusdalur ehf. vegna Dals, og Jón Thors og Ásta Thors vegna Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns: samtals 5.400.000 kr.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

________________________
Ása Ólafsdóttir

________________________
Þorsteinn Magnússon

________________________
Aðalheiður Jóhannsdóttir

# ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

— með viðaukum —

ÓBYGGÐANEFND

**Svæði 1–9A**

**Sérprentun 15. ágúst 2019**

# EFNISYFIRLIT


**FORMÁLI** ..... **III**

**1. INNGANGUR** ..... **IV**

**2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR** ..... **IV**

**3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA** ..... **V**

3.1. Landnám ..... V
3.2. Hefð ..... VIII
3.3. Lög ..... XII

**4. FLOKKUN LANDS** ..... **XIII**

4.1. Almennt ..... XIII
4.2. Jörð ..... XIV
4.3. Almenningar ..... XIX
4.4. Afréttir ..... XXI
4.5. Jörð eða afréttur? ..... XXVIII
4.6. Jöklar ..... XXIX
4.7. Fjallskil ..... XXXIV
4.8. Ítök ..... XXXVIII
4.9. Fjörur og rekaeign ..... XLI

**5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD** ..... **XLV**

5.1. Almennt ..... XLV
5.2. Jarðamöt og jarðabækur ..... XLV
5.3. Máldagar og vísitasíur ..... XLVII
5.4. Lögfestur ..... XLIX
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf ..... L
5.6. Afsals- og veðmálabækur ..... LIV
5.7. Aðrar heimildir ..... LVI

**6. NIÐURSTAÐA** ..... **LVII**

**7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5** ..... **LXI**

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum ..... LXI
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða ..... LXII
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi ..... LXIV

**8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6** ..... **LXVI**

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum ..... LXVI
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana ..... LXVI

**9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A** ..... **LXIX**

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum ..... LXIX

**10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B** ..... **LXX**

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum ..... LXX
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar ..... LXXI
10.3. Heimildir um legu jarða til forna ..... LXXII

**11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A** ..... **LXXIV**

11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum ..... LXXIV
11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir ..... LXXIV
11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis ..... LXXVII
11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna ..... LXXX

## FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–8A. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–8A hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A og fer sá texti lítillega styttur hér á eftir, í köflum 7–11.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum og vísa til þeirra.

## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

[1] Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

## 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnáma-

---

2 Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

3 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

frásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fj†llum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn

4 *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

5 *Landnámabók* 1986, s. 321.

6 *Landnámabók* 1986, s. 337.

7 Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

8 Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

---

9 Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

10 Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

### 3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ‚át†lulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi l†gleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

---

[11] *Jónsbók.* Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

[12] Sbr. *Biskupa sögur.* 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

[13] Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder.* 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

[14] *Íslenskt fornbréfasafn.* 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands.* 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands.* 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

[15] *Íslenskt fornbréfasafn.* 13., s. 351.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar

---

16 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

17 *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

18 *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 ágúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað ótalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprekstурs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845 …[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er

[19] *Tíðindi frá Alþingi ... 1845,* s. 466.

[20] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886–1889). Reykjavík 1890. S. 236–241.

[21] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895–1898). Reykjavík 1901. S. 327–330.

[22] *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.

jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[24] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í

23 *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.
24 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

### 3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjánda öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi" jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum", höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gilti einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.[25]

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og

[25] Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.[26]

## 4. FLOKKUN LANDS

### 4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

> Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá ltg fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.[27]

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.[28] Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.[29] Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og

---

26 Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir.* (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

27 *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbþ.).

28 Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island.* 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

29 Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.

inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

## 4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnf†ll deila til sjóvar. …Síðan skipaði hann heraðit sínum fél†gum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fj†rð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.[30]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.[31] Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í †nnur l†nd, eða aðrir menn eigi þanneg 't†k“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fj†ll þau eru, er vatnf†ll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjárgangi á fj†ll upp, kveða skal þar á merki“[32]. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá j†rð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar …“[33]

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

---

30 *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.
31 *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lbþ.).
32 *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.–32. k. llb.).
33 *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[34] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[35]

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[36] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.[37] Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.[38] Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.[39] Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.[40] Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma

---

[34] Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

[35] Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

[36] Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

[37] Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

[38] Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

[39] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. llb.).

[40] Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. llb.).

löggjöf.[41] Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.[42] Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.[43] Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.[44]

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.[45] Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.[46] Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábýli*.[47] Hjáleigubyggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.[48]

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.[49] Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar

---

41 Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

42 *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

43 Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

44 Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

45 *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbþ.).

46 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

47 Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

48 Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.

49 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[50] Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

*Lögbýli* var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.[51] Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

> Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimal†ndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga s†k á því.[52]

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggi næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.[53]

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist heimaland stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn

[50] Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Ósló. S. 213–215, 226.
[51] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. *Fylgiskjö*l. Reykjavík. S. 24.
[52] *Jónsbók* 1904, s. 292.
[53] *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubyggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.[54]

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

> *Heimalönd.* Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:
> a. *Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan stafli̇ð.
> b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.[55]

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu Lýsing Íslands að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.[56]

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.[57]

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi

---

54 Björn Teitsson,1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.
55 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.
56 Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.
57 Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

### 4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.[58] Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.[59] Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.[60] Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli

[58] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn.* 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn.* 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

[59] Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

[60] Bjarni Jónsson frá Vogi, 1917–1919: *Almenningar og afrjettir.* Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga." *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.[61] Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.[62]

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

> Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.[63]

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

> Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskiv†tn †ll i almenningi eru †llum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsv†ku; þar eigu menn at telgja við ok fœra til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar †ðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bœti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni …[64]

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.[65]

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.[66] Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.[67] Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra" sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað.

---

61 Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s . 27–30.
62 Eggert Briem 1917, s. 61–62.
63 *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
64 *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).
65 *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).
66 Eggert Briem 1917, s. 61–62.
67 Sjá eldri Frostaþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387.* 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387.* 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.[68] Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nytjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.[69]

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.[70] Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.[71] Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nytjar eru af.[72]

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.[73] Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.[74] Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

## 4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands. Síðar

---

68 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

69 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

70 Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

71 Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994.* Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

72 Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

73 Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur.* Reykjavík. S. 83.

74 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.[75]

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.[76] Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.[77]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.[78] Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.[79] Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist

75 Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s. 43.
76 Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.
77 *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lbþ.).
78 *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).
79 Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparhátta verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði …“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.[80] Sjá nánar í kafla 4.7.

[80] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.[81]

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.[82] Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.[83] Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.[84] Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.[85]

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.[86]

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsþarfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

---

[81] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
[82] *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbþ.).
[83] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).
[84] Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
[85] Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.
[86] Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.[87]

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika".[88]

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.[89] Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur,* sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur.* Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo:

---

[87] Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[88] Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

[89] Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

> Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.[90] Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.[91]

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.[92] Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til af-

---

90 Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

91 Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

92 Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

réttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtsdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómar skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnota-afrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

### 4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnist allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar

um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

## 4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum" og í „óbyggðum".[93] Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.[94]

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.[95] Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málspaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.[96] Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.[97] Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

> Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.[98]

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosið í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.[99] Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við rit-

93 Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272–273.
94 *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki…"
95 Sigurður Þórarinsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline." *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1–2, 15.
96 Sigurður Þórarinsson 1960, s. 14–15.
97 Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.
98 *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)
99 *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

gerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukenninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.[100] Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.[101]

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.[102] Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.[103] Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nytjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.[104]

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

> Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.[105]

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

---

100 *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinsson 1960, s. 16–17).

101 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

102 Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

103 Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

104 Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almannaréttur er bundinn við“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

105 Þskj. 598. Alþtíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

Um ákvörðun eignarmarka/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarka sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda. [106] Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.[107] Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.[108] Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.[109] Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands

[106] Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

[107] Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

[108] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

[109] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.[110] Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok nítjándu aldar og byrjun

---

[110] Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma." Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands", dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate." Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland." *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinsson, 1974: „Ofgnótt jökla." *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalög og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalög eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul" ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalínu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að

frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

### 4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.[111] Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælst til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.[112] Jarðeigandi átti

[111] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).
[112] *Jónsbók* 1904, s. 292.

einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.[113]

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.[114]

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

> Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er l†gr¬tt skal vera, skipa svá †ðrum g†ngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri m†rk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti g†nguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.[115]

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi

[113] *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).
[114] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.).
[115] *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.

mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.[116]

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að

[116] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða hátta þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá

sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

## 4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.[117] Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.[118]

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

> Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í †nnur l†nd, eða aðrir menn eigi þanneg ít†k; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.[119]

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.[120] Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,[121] og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.[122] Elsta skjallega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.[123] Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki

---

[117] Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

[118] Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.

[119] *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

[120] Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147–148, 150.

[121] Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

[122] Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

[123] *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.[124] Ítökum fjölgaði síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.[125]

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).[126] Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrísaskóg og raptvidahögg í jördunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.[127] Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.[128]

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparhátta og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.[129] Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.[130] Það var einkum gert með því að banna að tiltekin

---

124 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

125 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hris/hrísrif/hrístak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaítak, reki/rekaítak*.

126 Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

127 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

128 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

129 Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

130 Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.[131] Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[132] Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.[133] Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397[134] og Gíslamáldaga frá 1570.[135] Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.[136] Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

---

131 Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögunum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

132 Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögunum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

133 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

134 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

135 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

136 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

### 4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.[137] Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.[138] Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.[139]

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.[140] Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema l†gum sé frá komit.“[141] Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.[142] Allan reka utan *rekamarka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.[143]

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.[144] Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.[145] Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri

137 Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

138 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

139 Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

140 Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

141 *Jónsbók* 1904, s. 194.

142 *Grágás* 1992, s. 351–352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194–195.

143 *Grágás* 1992, s. 353–354. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

144 *Grágás* 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis *út fyrir* netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlÄg, þá á sá allan er veiðir“ (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

145 Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

land fyrir“.[146] Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

> Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrvir [fellur út] utast.[147]

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.[148]

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

> Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.
>
> Þad var logtekid um rekamark a Auxararþijnge af badum l1gm1nnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast þad landeigande hvort þad er trie edur hvalur.[149]

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

> Ef maðr kaupir reka af landi manns at l†gmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fj†ru þeiri álnarl†ng kefli †ll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.[150]

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi[151], ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.[152] Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af

---

146 *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353–354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

147 *Grágás* 1992, s. 353–354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

148 Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

149 *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.

150 *Jónsbók* 1904, s. 196–197.

151 Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

152 *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.[153] Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.[154]

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.[155] Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skrám aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.[156] Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *rekagrunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.[157] Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Öræfum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.[158] Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.[159] Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.[160]

*Netlögum* má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

> Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.[161]

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gilti einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.[162] Eins og áður hefur komið fram virðist

---

153 *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.
154 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.
155 Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).
156 Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).
157 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
158 Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.
159 *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.
160 Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.
161 *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.
162 *Jónsbók* 1904, s. 197.

fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.[163] Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almenningur*.[164] Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.[165] Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.[166] Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.[167] Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.[168] Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.[169]

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög

---

163 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

164 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

165 Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

166 Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

167 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

168 Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.

169 Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

# 5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

## 5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

## 5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).[170]

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.[171] Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.[172]

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir

[170] Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

[171] Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Islands jordebok under förindustriell tid.* Lundi. S. 18.

[172] Björn Lárusson 1967, s. 63.

Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.[173] Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“[174]

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.[175] Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.[176] Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.[177] Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.[178] Hjáleigur voru

---

173 Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island.* Kaupmannahöfn. S. 165–175.

174 *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

175 Björn Lárusson 1982, s. 17.

176 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

177 *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.

178 *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland.* Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

> Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.
>
> Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

## 5.3. Máldagar og vísitasíur

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

> Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.[179]

---

[179] *Grágás* 1992, s. 12.

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.[180] Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.[181]

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.[182] Jafnframt gilti sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.[183]

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildar-

180 Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis.* Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.

181 Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

182 Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands.* 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.

183 Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar.* Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

innar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.[184] Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.[185]

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentiskt“ kirkjuregistur.[186] Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.[187]

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

### 5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gilti almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gilti aðeins í 12 mánuði (llb. 17).[188]

---

184 *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

185 Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

186 *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.

187 Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

188 Sbr. Sigurður Líndal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

> Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal l†gfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek l†gfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at l†gmáli réttu…

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum", þ.e. fylgja máli eftir til laga.[189] Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu". Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.[190] Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.[191]

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.[192] Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga[193] virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

## 5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.[194] Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki

[189] Páll Vídalín, 1854: *Skýríngar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast...* Reykjavík. S. 165.
[190] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* Reykjavík 1993. S. 162.
[191] *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.
[192] Sjá *Alþingisbækur.* 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.
[193] Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.
[194] Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.[195] Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.[196] Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.[197] Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.[198] Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.[199] Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gilti því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða

195 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.

196 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s.197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

197 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

198 Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

199 Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.[200] Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrám þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrám hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.[201] Orðin landamerkjalýsing og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða

---

200 Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.
201 Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum …“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).[202]

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðhátta, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).[203] Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri

---

[202] Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

[203] Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

## 5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmálum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.[204] Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lögmála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðaþáttar í Jónsbók.[205]

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellísins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmanni falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetníngar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur

[204] *Grágás* 1992, s. 300 (14. k. lbþ.).
[205] *Jónsbók* 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).

um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetníngar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þíngi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar …“[206] Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skrám þeirra.[207] Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.[208]

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skrám og framlagningu þeirra.[209] Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.[210] Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður

---

206 Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peníngabrúkun á Íslandi.* Kaupmannahöfn. S. 57.
207 Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur.* Reykjavík. S. 29.
208 *Alþingistíðindi* A 1977–1978, s. 1382.
209 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.
210 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

## 5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómar hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómar sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

## 6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum

lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem

samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir

hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

## 7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

### 7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum[211]

[…]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006

[211] Kafli 6.1 í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

(mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[…]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. […]

### *7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða*[212]

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin

[212] Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú

að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

> … nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

### *7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi*[213]

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[214] Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg

213 Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).
214 Sbr. kafla 3.3. […].

lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[215] Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

215 Sbr. kafla 4.2. […].

# 8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

## 8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[216]

[…]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp […] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafjall/ Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á […] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

## 8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana[217]

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* […]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotaafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo

[216] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).
[217] Kafli 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendur og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenninga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

> … nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenninga, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr.

497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnessýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafrétta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almenningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðhátta, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrír dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskupstungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitaefni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## 9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

### 9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[218]

[…]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli

[218] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öræfum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kærenda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kærenda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

## 10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

### 10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[219]

[…]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009 (Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi),

[219] Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningsskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafréttur); tveir dómar frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrír dómar frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirliggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirliggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

## 10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar[220]

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu

[220] Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómar Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi árétta þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitaefni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

## 10.3. Heimildir um legu jarða til forna[221]

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

[221] Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitaefni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormóðsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

## 11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A

### 11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum [222]

[…]

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi [10] dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómar fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

[…]

### 11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir[223]

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrra atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið

[222] Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).
[223] Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdist öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings

eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykkt á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla

að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

## 11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis[224]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir

[224] Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

> óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum […], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirliggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalínu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lög-

býlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu […] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. […] Aðrir fyrirliggjandi dómar hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.[225]

[225] Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

## 11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna[226]

[…]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklaustur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

> Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Múnkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfirréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirliggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklausturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfirréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklaustri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfirréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfirréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklaustri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfirréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirliggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklaustur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

[226] Kafli 6.1.2.4 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluaðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áðurnefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lægju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum

Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómar Landsyfirréttar kunni að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómar þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfirrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðaefndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnessýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómsþings Árnessýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignar-

dómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. [...] Aðrir fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

## FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ

| | |
|---|---|
| Þjóðlendur: | Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins |
| Baulárvellir: | Stykkishólmskirkja |
| Syðra-Lágafell: | Dánarbú Jensínu Jensdóttur, Kristján Már Magnússon, Ingibjörg Magnúsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Jóhann M. Kristjánsson, Sveinn Magnússon, Ingibjörg Sveina Þórisdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Svava Guðrún Margrétardóttir, Einar Björn Þórður Þórisson, Hafdís Lind Hafsteinsdóttir, Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir og Birgitte Möhl |
| Elliði: | Múlavirkjun ehf. |
| Ytra-Lágafell: | Elís Fells Elíasson, Magnús Elíasson og Erla Elíasdóttir |
| Hofsstaðir: | Eggert Kjartansson |
| Dalur: | Dufgusdalur ehf. |
| Hraunsfjörður:[1] | Jón Thors og Ásta Thors |
| Selvellir:[1] | Jón Thors og Ásta Thors |
| Horn:[1] | Jón Thors og Ásta Thors |

[1] Gerð er sameiginleg krafa af hálfu Jóns Thors og Ástu Thors vegna jarðanna Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns, sbr. kafla 3.8.

## FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ

### *a) Efnisflokkuð skjalaskrá*[1]

### Skjöl lögð fram í máli nr. 4/2018
### (OBN 18060010)

### Lagt fram af Eddu Andradóttur lögmanni og Indriða Þorkelssyni lögmanni f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | | Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 8.2.2018. |
| | 1(1) | Skjalaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 8.2.2018. |
| | 1(2) | Tilvísanaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 8.2.2018, ásamt viðkomandi gögnum: 1) Efni úr Landnámabók í Íslenzkum fornritum I; 2) efni úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, V. bindi; 3) efni um Snæfellsnes úr Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenzka bókmennta-félags; 4–5) efni úr Árbókum Ferðafélags Íslands 1932 og 1986; 6) efni úr Byggðum Snæfellsness; 7–12) uppskriftum Þjóðskjalasafns Íslands úr dóma-bókum 1847 og afsals- og veðmálabókum 1824–1883; 13–14) örnefnaskrá Kristjáns Elíassonar 1963 og korti sem fylgdi henni. |
| | 1(3) | Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 9 hjá óbyggðanefnd, dags. 17.9.2014. |
| | 1(4) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 9, dags. 12.12.2014. |
| | 1(5) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 22.12.2014. |
| | 1(6) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 9, dags. 25.2.2015. |
| | 1(7) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 19.3.2015. |
| | 1(8) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9, dags. 29.5.2015. |
| | 1(9) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 29.5.2015. |
| | 1(10) | Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um skiptingu svæðis 9 og kröfulýsingafresti, dags. 30.9.2015. |
| | 1(11) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins um skiptingu svæðis 9, dags. 30.9.2015. |
| | 1(12) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 9.3.2016. |
| | 1(13) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 14.3.2016. |
| | 1(14) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 5.9.2016. |
| | 1(15) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 6.9.2016. |

[1] Skjöl undir nr. 2 og 4 eru ekki í númeraröð heldur efnisflokkuð, sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“: https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/frumgagnayfirlit.pdf

| | | |
|---|---|---|
| | 1(16) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanna íslenska ríkisins um tafir á gagnaöflun vegna svæðis 9B og mögulega framlengingu kröfulýsingarfrests, dags. 28.11.2016. |
| | 1(17) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 30.11.2016. |
| | 1(18) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 6.12.2016. |
| | 1(19) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanna íslenska ríkisins um tafir á gagnaöflun vegna svæðis 9B og mögulega framlengingu kröfulýsingarfrests, dags. 23.8.2017. |
| | 1(20) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 30.8.2017. |
| | 1(21) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 1.9.2017. |
| | 1(22) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanna íslenska ríkisins um afmörkun svæðis 9B hjá óbyggðanefnd, dags. 28.1.2018. |
| | 1(23) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 30.1.2018. |
| | 1(24) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 31.1.2018. |
| | 1(25) | Uppskriftir landamerkjabréfa fyrir Elliða (29.12.1888) og yfirlýsing um landamerki Elliða (1.1.1964), Lágafell (29.12.1888), Lágafell syðra (30.12.1888), Gaul (23.6.1885), Dal (28.9.1887), Hofsstaði (19.3.1886 og 2.1.1890) og yfirlýsing um landamerki milli Ytri-Lágafells og Hofsstaða (apríl 1964), Horn og Selvelli (30.4.1889), Hraunsfjörð (15.10.1888). |
| | 1(26) | Dómur Hæstaréttar í máli nr. 566/2016, dags. 30.3.2017. |
| | 1(27) | Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 26.11.2018. |

## Lagt fram af óbyggðanefnd:

| | | |
|---|---|---|
| 2 | | Yfirlit/heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 26.7.2019 (uppfært). |

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(1) a–b | Elliði, landamerki, dags. 29.12.1888, þinglýsingar ekki getið. Merkt 1. |
| | 2(2) a–b | Lágafell-ytra, landamerki, dags. 29.12.1888, þinglýsingar ekki getið. Merkt 2. |
| | 2(3) a–b | Lágafell-syðra, landamerki, dags. 30.12.1888, þinglýsingar ekki getið. Merkt 3. |
| | 2(4) a–b | Lágafell-ytra og Hofsstaðir, yfirlýsing um landamerki, dags. 20.4.1964; athugasemd dags. og þinglýst 12.5.1964. Merkt 4 a–b. |
| | 2(5) a–b | Helgafell og Hofsstaðaland, yfirlýsing um landamerki, dags. 22.5.1891, þinglýsingar ekki getið. Merkt 5 a–b. |
| | 2(6) a–b | Staðarstaður, landamerki allra Staðarstaðarkirkjujarða, dags. 20.8.1884, þinglýsingar ekki getið. Merkt 6 a–c. |
| | 2(7) a–b | Gaul, landamerkjaskrá, dags. 23.6.1885, þinglýsingar ekki getið. Merkt 7 a–b. |
| | 2(8) a–b | Dalur, landamerki, dags. 28.9.1887, þinglýsingar ekki getið. Merkt 8. |
| | 2(9) a–b | Hraunháls og Berserkjahraun, landaskiptagjörð, dags. 1.8.1914, þinglýst 19.6.1916. Merkt 9 a–b. |
| | 2(10) a–b | Horn og Selvellir, landamerki, dags. 30.4.1889, þinglýsingar ekki getið. Merkt 10 a–b. |
| | 2(11) a–b | Hraunsfjörður, landamerki, dags. 15.10.1888, þinglýsingar ekki getið. Merkt 11. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(117) a–b | Hofsstaðir, landamerki dags. 19.3.1886, þinglýsingar ekki getið. Merkt 67 a–b. |
| | 2(118) a–b | Hofsstaðir, landamerki dags. 2.1.1890, þinglýsingar ekki getið. Merkt 68 a–b. |

*Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(51) a–b | Baulárvellir; settur útmælingarréttur til að útmæla land til nýbýlis í eyðibyggðinni Baulárvöllum; landamerkja getið; dags. 7.7.1823. Merkt 22 a–f. |
| | 2(52) a–b | Hofsstaðir, lögfesta fyrir jörðina ásamt eyðihjábýlinu Hálsi, dags. 17.3.1774. Landamerkjum lýst nákvæmlega og ítaka getið. Merkt 23 a–c. |
| | 2(53) a–b | Hofsstaðir, kaupbréf, dags. 10.7.1779. Merkt 24 a. |
| | 2(54) a–b | Hofsstaðir, kaupbréf, dags. 4.6.1800. Merkt 25 a–b. |
| | 2(55) a–b | Hofsstaðir, afsal, dags. 5.7.1836. Merkt 26 a–b. |
| | 2(56) a–b | Hofsstaðir, kaupbréf, dags. 26.10.1837. Merkt 27 a–b. |
| | 2(57) a–b | Hofsstaðir, makaskipti 2.1.1856. Merkt 28 a–b. |

*Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(32) a–b | Baulárvellir, afsal, dags. 9.9.1882, þinglýst 13.6.1883. Egill Sveinbjarnarson Egilsson gefur Stykkishólmskirkju jörðina Baulárvelli í Helgafellssveit. Afrit fylgir á staðfestri uppskrift af sömu síðum, dags. 4.3.1963. Merkt 1 a–d. |
| | 2(33) a–b | Elliði, afsal, dags. 23.5.1908, þinglýst 10.6.1908. Landsjóður selur Sæmundi Sigurðssyni ábúanda þjóðjörðina Elliða. Merkt 2. |
| | 2(34) a–b | Ytra-Lágafell, afsal, dags. 12.5.1908, þinglýst 9.6.1909. Landsjóður selur Kristjáni Elíassyni ábúanda þjóðjörðina Lágafell ytra. Merkt 10. |

*Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(50) | Fasteignamat 1916–1918: Skrá og undirmat: Selvellir, Horn, Hraunsfjörður, Baulárvellir, Hraunháls, Berserkjahraun, Elliði, Lágafell ytra, Hofsstaðir, Staðarstaður, Helgafell, Gaul, Dalur. Merkt 1 a–v, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8 a–b, 9 a–b, 10 a–b, 11 a–b, 12, 13 a–b, 14 a–b. |
| | 2(58) | Jarðamat Snæfellsnessýslu 1804: Elliði, Hraunsfjörður, Horn og Hofsstaðir. Merkt 15a, 16a, 17a, 18a. |
| | 2(59) | Jarðamatið 1849–1850: Jarðaskrá og Elliði, Gaul, Horn og Hraunsfjörður. Merkt 1 a–r, 18 a–b, 20 a–c, 21 a–b. |

*Uppskriftir úr dómabókum sýslumanna (skjalaflokkur A.6.b):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(72) a–b | Útmælingarréttur 7.7.1823. Vilchinsmáldagi lagður fram varðandi ítök Staðastaðarkirkju á Baulárvöllum. Bændur sem mættu sögðust ekkert ítak eiga í jörðina en hún hefði lengi verið notuð sem afréttur. Landamerki skráð. Jörðin ákvörðuð 14 hundruð að dýrleika. Merkt 43 a–c. |
| | 2(73) a–b | Manntalsþing 28.5.1824. Upplesið var byggingarbréf fyrir Baulárvelli, útgefið af Bjarna Thorsteinssyni amtmanni 15.8.1823 fyrir sr. Grím Pálsson á Helgafelli með öllum réttindum skv. tilskipun frá 15.4.1776. Merkt 44 a–b. |
| | 2(74) a–b | Manntalsþingsréttur 24.6.1828. Upplesið var tilboð sr. Gríms Pálssonar um að taka Baulárvelli til ábýlis eða eignar en enginn vildi hana. Merkt 45 a–b. |
| | 2(75) a–b | Manntalsþingsréttur 28.5.1832. Þinglýst var kaupbréfi hvar mad. A. Steinbak seldi Guðmundi Sumarliðasyni hálfa Baulárvelli. Merkt 46 a. |
| | 2(76) a–b | Manntalsþingsréttur 10.5.1839. Lesinn var kaupgjörningur, dags. 29.11.1838, þar sem Guðmundur Sumarliðason seldi hálfa jörðina Baulárvelli til sr. P. Péturssonar og Þorleifs Þorleifssonar hreppstjóra. Merkt 47 a–b. |
| | 2(77) a–b | Manntalsþingsréttur 15.5.1839. Upplesið var kaupbréf fyrir hálfum Baulár-völlum hvar Guðmundur Sumarliðason seldi sr. P. Péturssyni og Þorleifi Þor-leifssyni eignina. Smith, faktor í Stykkishólmi, kom fyrir réttinn og sagði jarðarpartinn vera skriflega veðsettan sér. Merkt 48 a–b. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(78) a–b | Manntalsþingsréttur 7.6.1847. Upplesin var lögfesta fyrir landamerkjum Baulárvalla, inntaks ekki getið. Merkt 49 a–b. |
| | 2(79) a–b | Manntalsþing 27.5.1868. Auglýst var afsalsbréf, dags. 4.4.1868, þar sem sr. Sveinn Níelsson afhenti Agli Egilsen í Stykkishólmi jörðina Baulárvelli. Merkt 50 a–b. |
| | 2(80) a–b | Manntalsþing 13.6.1883. Upplesið var gjafabréf fyrir Baulárvöllum til Stykkis-hólmskirkju frá Agli Egilsen alþingismanni; jörðin var síðan boðin upp til ábúðar og afnota en ekkert boð fékkst. Merkt 51 a–b. |
| | 2(81) a–b | Manntalsþing 25.6.1881. Auglýst var afsalsbréf fyrir Elliða frá Elíasi Kjernesteð á Borg, dags. 30.4.1881, til Guðmundar Sigurðssonar á Borg. Merkt 52 a. |
| | 2(82) a–b | Aukaréttur 10.3.1897. Björn Andrésson og Siggeir Sigurðsson voru dómkvaddir til að meta Elliða. Merkt 53 a. |
| | 2(83) a–b | Manntalsþing 3.6.1907. Björn Andrésson og Þorgils Guðmundsson staðfestu matsgjörð fyrir jörðina Elliða. Merkt 54 a–b. |
| | 2(84) a–b | Manntalsþing 13.6.1774. Upplesin var lögfesta fyrir Hofsstaði, dags. 17.3.1774, inntaks ekki getið. Merkt 55 a–b. |
| | 2(85) a–b | Manntalsþing 24.4.1805. Upplesin var lögfesta fyrir Hofsstaði, inntaks ekki getið. Merkt 56 a. |
| | 2(86) a–b | Manntalsþing 10.6.1891. Lesin var landamerkjaskrá fyrir Hofsstaði, inntaks ekki getið. Merkt 57 a. |
| | 2(87) a–b | Manntalsþing 13.6.1889. Þinglesin voru landamerkjabréf Hraunsfjarðar, Horns og Selvalla; inntaks ekki getið. Merkt 58 a–c. |
| | 2(88) a–b | Aukaréttur 22.4.1916. Guðbrandur Sigurðsson og Sigurður Jónsson voru dóm-kvaddir til að gera lýsingu á jörðinni Horni. Merkt 59 a–b. |
| | 2(89) a–b | Manntalsþingsréttur 18.5.1850. O.M. Thorberg friðlýsti heimalandi Helgafells og öllum kirkjunnar eignum og ítökum í hreppnum. Merkt 60 a–b. |
| | 2(90) a–b | Manntalsþingsréttur 25.6.1836. Upplesið var byggingarbréf jarðanna Ber-serkjahrauns og Hraunháls, dags. 11.9.1835. Merkt 61 a–b. |

*Dómsskjöl (skjalaflokkur A.6.c):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(91) a–b | Bréf, dags. 14.10.1854, um að Guðmundur Sumarliðason hafi verið búandi á hálfum Baulárvöllum á móti Jóni Sigurðssyni. Síðar hafi Jón flutt á Gröf í Miklaholtshreppi og Jónas Samsonsson tekið við ábýlinu. Mikill ófriður hafi verið milli Guðmundar og nágranna hans. Merkt 2 a–c. |
| | 2(92) a–b | Elliði, byggingarbréf, dags. 3.10.1941. Merkt 3. |
| | 2(93) a–b | Hofsstaðir, lögfesta, dags. 17.3.1774. Merkt 4 a–b. |

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.e):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(115) a–b | Bréf vegna Baulárvalla frá amtmanninum í Vesturamti til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu dags. 25.8.1843. Merkt 1 a–b. |

*Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(12) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 15.9.1642. Merkt 10 a–d. |
| | 2(13) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 16.9.1676. Merkt 24 a–c. |
| | 2(14) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 25.8.1701. Merkt 30 a–b. |
| | 2(15) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 21.9.1724. Merkt 44 a–d. |
| | 2(16) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 9.9.1751. Merkt 64 a–b. |
| | 2(17) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 23.9.1758. Merkt 71 a–c. |
| | 2(18) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 29.8.1783. Merkt 87 a–c. |
| | 2(19) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 7.8.1831. Merkt 104 a–c. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(20) a–b | Vísitasía Stykkishólms, dags. 19.7.1891. Merkt 108 a–b. |
| | 2(21) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 3.9.1642. Merkt 5 a–c. |
| | 2(22) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 6.9.1676. Merkt 19 a–c. |
| | 2(23) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 5.9.1701. Merkt 35 a–b. |
| | 2(24) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 19.9.1713. Merkt 40 a–b. |
| | 2(25) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 30.9.1724. Merkt 49 a–b. |
| | 2(26) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 29.8.1751. Merkt 59 a–c. |
| | 2(27) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 31.5.1759. Merkt 76 a–c. |
| | 2(28) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 9.9.1783. Merkt 92 a–c. |
| | 2(29) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 30.7.1831. Merkt 99 a–c. |
| | 2(116) | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 26.7.1891. Merkt 112 a–b. |

*Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(35) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 10.7.1824. Merkt 2 a–b. |
| | 2(36) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 8.7.1825. Merkt 3 a–b. |
| | 2(37) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 16.7.1840. Merkt 5 a–b. |
| | 2(38) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 5.10.1843. Merkt 6 a–b. |
| | 2(39) a–b | Staðarstaður, úttekt árið 1883. Merkt 7 a–c. |
| | 2(40) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 9.6.1874. Merkt 19 a–b. |
| | 2(41) a–b | Staðarstaður, úttekt, dags. 19.1.1878. Merkt 29 a–d. |
| | 2(42) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 22.6.1898. Merkt 20 a–b. |
| | 2(43) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 10.10.1902. Merkt 21 a–b. |
| | 2(44) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 17.6.1906. Merkt 22 a–b. |
| | 2(45) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 12.7.1910. Merkt 23 a–b. |
| | 2(46) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 21.12.1913. Merkt 24 a–b. |
| | 2(47) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 3.9.1917. Merkt 25 a–c. |
| | 2(48) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 4.6.1935. Merkt 26 a–b. |
| | 2(49) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 14.7.1952. Merkt 27 a–b. |

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(60) a–b | Elliði, virðingargjörð á jörðinni, dags. 15.3.1897. Landamerkja getið. Merkt 2 a–c. |
| | 2(61) a–b | Bréf frá sýslumanni Snæfellsnessýslu til amtmanns í Vesturamti um tíundargreiðslur af eyðibýlinu Baulárvöllum; einnig fjallað um landamerki og afréttarland; dags. 8.2.1859. Merkt 3 a–b. |
| | 2(62) a–b | Afrit úr dóma- og þingbók Snæfellsnessýslu af útmælingarrétti að Baulárvöllum, dags. 7.7.1823. Merkt 4 a–c. |
| | 2(63) a–b | Skýrsla um byggingu og tíundargjald af nýbýlinu Baulárvöllum 1823–1855, dags. 24.1.1859. Merkt 5 a–b. |
| | 2(64) a–b | Bréf frá sýslumanni Snæfellsnessýslu til amtmanns í Vesturamti um byggingu jarðarinnar Baulárvalla, dags. 6.5.1858. Merkt 6 a–b. |
| | 2(65) a–b | Bréf frá A. Thorlacius til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu um ágreining út af byggingu jarðarinnar Baulárvalla, dags. 2.1.1858. Merkt 7 a–b. |
| | 2(66) a–b | Bréf frá S. Níelsson til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu vegna ágreinings um tíund og byggingu jarðarinnar Baulárvalla, dags. 12.3.1858. Merkt 8 a–b. |
| | 2(67) a–b | Bréf frá sýslumanni Snæfellsnessýslu til amtmanns í Vesturamti um hvort bygging nýbýlisins Baulárvalla hafi uppfyllt skilyrði eyðibýlatilskipunar frá 15. apríl 1776, dags. 8.8.1843. Merkt 9 a–b. |
| | 2(68) a–b | Bréf hreppstjóra og bænda í Helgafellssveit til sýslumanns um ýmis sveitarmál, m.a. afréttarmál og Baulárvelli, dags. 27.5.1843. Merkt 10 a–c. |

| | | |
|---|---|---|
| | 2(69) a–b | Bréf frá Grími Paulssyni á Helgafelli til amtmanns í Vesturamti um útmælingu nýbýlis á Baulárvöllum og um nytjar og eldri byggingar á staðnum, dags. 30.4.1823. Merkt 11 a–b. |
| | 2(70) a–b | Bréf frá Grími Paulssyni á Helgafelli til hreppstjóra og bænda í Helgafellssveit um heyskap hans á Baulárvöllum, dags. 9.12.1822. Með fylgir yfirlýsing, dags. 14.12.1822, frá J. Kolbeinssen og fleirum um afréttarplássið Baulárvelli. Merkt 12 a–c. |
| | 2(71) a–b | Pro memoria frá bændum í Staðarsveit og Miklaholtshreppi vegna upprekstrarplássins á Baulárvöllum, dags. 20.12.1822. Merkt 13 a–b. |

*Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands og dansk-íslenskrar stjórnsýslu (skjalaflokkur A.11):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(98) a–b | Bréf, dags. 15.1.1920, frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, svar við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919. Merkt 122. |
| | 2(99) | Kaupbréf, dags. 3.5.1910, um að Jónas Sigurðsson kaupi Helgafell. Merkt 106 a–b. |
| | 2(100) a–b | Bréf, dags. 11.1.1910, þar sem biskup gefur Stjórnarráðinu umsögn um sölu á Helgafelli. Merkt 107 a–b. |
| | 2(101) a–b | Bréf, dags. 15.11.1909, frá Sigurði Gunnarssyni prófasti til Stjórnarráðsins þar sem hann tjáir sig um sölu Helgafells. Merkt 108 a–b. |
| | 2(102) a–b | Matsgjörð á Helgafelli, dags. 20.11.1908, lögð fram á manntalsþingi 14.6.1909. Merkt 109 a–b. |
| | 2(103) a–b | Skýrsla um Helgafell, dags. 12.10.1908, frá Sigurði Gunnarssyni til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Merkt 110 a–b. |
| | 2(104) a–b | Bréf, dags. 10.3.1908, frá Jónasi Sigurðssyni til Stjórnarráðsins með beiðni um að fá að kaupa Helgafell. Merkt 111. |
| | 2(105) a–b | Bréf, dags. 10.3.1908, frá Jónasi Sigurðssyni, ábúanda á Helgafelli, til sýslumanns þar sem beðið er um meðmæli sýslumanns og sýslunefndar til að kaupa jörðina og senda erindi hans til stjórnarráðsins. Merkt 112. |
| | 2(106) a–b | Útskrift úr dómsmálabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um manntalsþing þar sem virðingagjörð Helgafells er staðfest, dags. 14.6.1909. Merkt 113 a–b. |
| | 2(107) a–b | Útskrift úr dómsmálabók Snæfellsness- og Hnappadalssýlu um aukarétt þar sem menn eru útnefndir til að meta Helgafell, dags. 8.10.1908. Merkt 114 a–b. |
| | 2(108) a–b | Útskrift úr landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um landamerki Helgafells, dags. 22.5.1891. Merkt 115 a–e. |
| | 2(109) a–b | Bréf, dags. 3.5.1910, þar sem Stjórnarráðið sendir sýslumanni veðskuldabréf Jónas Sigurðssonar fyrir Helgafelli. Merkt 116 a–b. |
| | 2(110) | Uppkast að skuldabréfi Jónasar Sigurðssonar fyrir Helgafelli, dags. 3.5.1910. Merkt 117 a–b. |
| | 2(111) a–b | Umboð, dags. 15.4.1910, frá Jónasi Sigurðssyni, ábúanda á Helgafelli, til séra Haraldar Níelssonar til að gera kaupsamning og skrifa undir skuldabréf fyrir sig. Merkt 118 a–b. |
| | 2(112) a–b | Bréf, dags. 23.2.1910, frá Stjórnarráðinu til prófasts Snæfellsnesprófastsdæmis þar sem tilkynnt að jörðin Helgafell verði seld. Merkt 119 a–b. |
| | 2(113) a–b | Kaups leitað í Helgafell og rætt um verðið á jörðinni, dags. 21.2.1910. Merkt 120 a–c. |
| | 2(114) a–b | Bréf, dags. 10.1.1910, þar sem Stjórnarráðið biður biskup um umsögn varðandi sölu á Helgafelli. Merkt 121. |

*Klausturumboð (skjalaflokkur A.13):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(30) a–b | Arnarstapaumboð, skoðunargerð 1778. Getið um deilu á milli Dals og Hofsstaða sem hefðu lögfest landið Króka sem væri þó í landi Dals. Merkt 2 a–c. |
| | 2(31) a–b | Arnarstapaumboð, skoðunargerð 1778. Ábúandi Syðra-Lágafells getur þess að Hofsstaðir hafi lögfest stóran hluta af landi Syðra-Lágafells. Merkt 3 a–c. |

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16):*

| | | |
|---|---|---|
| | 2(94) | Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afréttarmálefni sveitarfélaga, dags. 20.2.1989. Merkt 8. |
| | 2(95) | Svar oddvita Eyjahrepps, dags. 4.3.1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989, um afréttarmálefni sveitarfélagsins. Merkt 5. |
| | 2(96) | Svar bæjarstjórans í Stykkishólmi, dags. 4.3.1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989, um afréttarmálefni sveitarfélagsins. Merkt 6. |
| | 2(97) | Svar oddvita Miklaholtshrepps, dags. 4.12.1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989, um afréttarmálefni sveitarfélagsins. Merkt 7. |

*Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3):*
*Skjöl frá sýslumanninum á Vesturlandi:*

| | | |
|---|---|---|
| | 4(21) | Elliði, yfirlýsing um landamerki, dags. 1.1.1964, þinglýst 20.2.1964, ásamt örnefnaskrá og uppdrætti með landamerkjum, auk mótmæla sóknarnefndar Stykkishólmskirkju við þinglýsingunni, dags. 24. 7.1964, þinglýst 23.9.1964. |
| | 4(24) | Baulárvellir, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(25) | Elliði, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(26) | Lágafell ytra, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(27) | Lágafell syðra, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(28) | Hofsstaðir, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(29) | Dalur, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(30) | Selvellir, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(31) | Hraunsfjörður, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(32) | Berserkjahraun, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(33) | Hraunháls, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. |
| | 4(34) | Baulárvellir, lögfesta, dags. 6.4.1847, þinglýst 7.6.1847. |

*Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):*

| | | |
|---|---|---|
| | 4(35) | Skrá um kanúkasetur og staðarforráð að Helgafelli. [Um 1186.] Í.f. I, bls. 280–282. |
| | 4(36) | Skrá um landamerki staðarins á Helgafelli, ítök o.fl. [Um 1250.] Í.f. I, bls. 574–578. |
| | 4(37) | Máldagi Helgafellskirkju. [Um 1274.] Í.f. II, bls. 115–116. |
| | 4(38) | Máldagi Þórðar Sturlusonar fyrir rekum Helgafellsklausturs fyrir sunnan heiði. [Um 1280.] Í.f. II, bls. 164. |
| | 4(39) | Rekaskrá Helgafellsklausturs. 1355. Í.f. III, bls. 105–106. |
| | 4(40) | Máldagi Helgafellsklausturs. [1377–1378.] Í.f. III, bls. 325–329. |
| | 4(41) | Máldagi Helgafellsklausturs (Vilchinsmáldagi). 1397. Í.f. IV, bls. 165–172. |
| | 4(42) | Rekaskrá Helgafellsklausturs. 1398. Í.f. III, bls. 632–634. |
| | 4(43) | Helgafellsklaustur og eignir þess selt á leigu. 25.7.1556. Í.f. XIII, bls. 147–148. |
| | 4(44) | Konungur leggur fyrir Eggert lögmann Hannesson að úrskurða um jarðir er komnar séu undan Helgafellsklaustri. 20.3.1563. Í.f. XIV, bls. 62–63. |

| | | |
|---|---|---|
| | 4(45) | Máldagi Helgafellskirkju (Gíslamáldagi). Um 1570. Í.f. XV, bls. 602–603. |
| | 4(46) | Máldagi Staðarstaðar. [Um 1274.] Í.f. II, bls. 114. |
| | 4(47) | Máldagi Staðarstaðar. [1354.] Í.f. III, bls. 80–81. |
| | 4(48) | Máldagi Staðarstaðar (Vilchinsmáldagi). 1397. Í.f. IV, bls. 175–177. |
| | 4(49) | Máldagi Staðarstaðar (Gíslamáldagi) Um 1570. Í.f. XV, bls. 607–608. |
| | 4(50) | Máldagi Hofsstaðakirkju í Miklaholtshreppi. [1375.] Í.f. III, bls. 305. |
| | 4(51) | Máldagi Hofsstaðakirkju í Miklaholtshreppi. [1491–1518.] Í.f. VII, bls. 65. |
| | 4(52) | Máldagi Hofsstaðakirkju í Miklaholtshreppi (Gíslamáldagi). Um 1570. Í.f. XV, bls. 608–609. |
| | 4(53) | Úr Hítardalsbók um Staðarkirkju, Helgafellsklaustur o.fl. Í.f. III, bls. 226. |
| | 4(54) | Bréfságrip um Hraunsfjörð. 1362. Í.f. III, bls. 182. |
| | 4(55) | Testamentisbréf Einars Þorlákssonar, gjafabréf fyrir Hraunsfirði. 14.1.1362. Í.f. VI, bls. 14–15. |
| | 4(56) | Afsals- og landamerkjabréf um Horn í Helgafellssveit. [1377?] Í.f. III, bls. 313–314. |
| | 4(57) | Kaupbréf um Horn og Berserkseyri. [1360/1365.] Í.f. VI, bls. 12–13. |
| | 4(58) | Vitnisburður um landamerki Gaular í Staðarsveit. [Um 1380?] Í.f. III, bls. 344. |
| | 4(59) | Landamerki milli Hofsstaða í Miklaholtshreppi og Lágafella. [Um 1380?] Í.f. III, bls. 344–346. |
| | 4(60) | Landamerki milli Lágafella beggja. [Um 1380?] Í.f. III, bls. 346. |
| | 4(61) | Landamerki milli Lágafells og Elliða. [Um 1380?] Í.f. III, bls. 346–347. |
| | 4(62) | Skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur þær í Skálholtsbiskupsdæmi er presta þarf til að fá. Um 1200. Í.f. XII, bls. 1–15. |
| | 4(63) | Skipan um kirkju og sóknir um Snæfellsnes. 27.9.1563. Í.f. XIV, bls. 152–155. |
| | 4(64) | Fjarðatal á Íslandi. [1312.] Í.f. III, bls. 13–17. |
| | 4(65) | Máldagi Gaularkirkju (Gíslamáldagi). Um 1570. Í.f. XV, bls. 608. |

*Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2):*

| | | |
|---|---|---|
| | 4(1) | Ný jarðabók 1861, bls. 56–65. |
| | 4(2) | Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 134–162. |
| | 4(3) | Fasteignabók 1921, bls. 40–53. |
| | 4(4) | Fasteignabók 1932, bls. 35–40. |
| | 4(5) | Fasteignabók 1942–1944, opna 6–10. |

*Dómar (skjalaflokkur B.3):*

| | | |
|---|---|---|
| | 4(22) | Landsyfirréttardómur nr. 33/1890. Landamerki Hofsstaða og veiði í Straumfjarðará. |

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4):*

| | | |
|---|---|---|
| | 4(6) | Reglugjörð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjármörk, rjettahöld og eyðingu refa, m.fl., nr. 76/1894. |
| | 4(7) | Reglugjörð um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 74/1904. |
| | 4(8) | Reglugjörð um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 7/1911. |
| | 4(9) | Reglugjörð um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 100/1916. |
| | 4(10) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m.m., nr. 76/1930. |
| | 4(11) | Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m.m. frá 24. júlí 1930, nr. 90/1932. |

| | | |
|---|---|---|
| | 4(12) | Reglugerð um breytingar og viðauki við fjallskilareglugerð m.m. fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 24. júlí 1930, nr. 120/1940. |
| | 4(13) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 7/1948. |
| | 4(14) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 100/1956. |
| | 4(15) | Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 100 17. júlí 1956, nr. 151/1958. |
| | 4(16) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 253/1968. |
| | 4(17) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 376/1975. |
| | 4(18) | Fjallskilasamþykkt fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 404/1986. |
| | 4(19) | Fjallskilasamþykkt fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 647/1998. |
| | 4(20) | Fjallskilasamþykkt fyrir umdæmi sýslumanns Snæfellinga, nr. 791/2012. |

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6):*

| | | |
|---|---|---|
| | 4(23) | Samþykkt fyrir Veiðifélag Straumfjarðarár, nr. 84/1939 og arðskrár fyrir félagið nr. 85/1939 og 69/1968. |

*Landnáma (skjalaflokkur B.7):*

| | | |
|---|---|---|
| | 4(66) | Úr Landnámabók. Íslenzk fornrit I (1968), bls. 98–125. |
| | 4(67) | Úr Landið og Landnáma eftir Harald Matthíasson (1982), bls. 155–174 og kort. |

*Annað:*

| | | |
|---|---|---|
| | 5(1) | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 7.5.2018. |
| | 5(2) | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög II, dags. 27.8.2018. |
| | 5(3) | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, lokadrög, dags. 30.10.2018. |
| | 5(4) | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, lokagerð, dags. 31.10.2018. |

## Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Baulárvalla:

| | | |
|---|---|---|
| 6 | | Baulárvellir, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 6(1) | Baulárvellir, veðbókarvottorð, dags. 30.5.2018 |
| | 6(2) | Baulárvellir, útprentun úr fasteignaskrá, dags. 25.5.2018. |
| | 6(3) | Baulárvellir, uppdráttur af landamerkjum, okt. 2014. |
| | 6(4) | Baulárvellir, hornpunktaskrá, ásamt bls. 63 úr bókinni Eyðibýli í Helgafells-sveit með lögfestu fyrir Baulárvelli, dags. 6.4.1847, uppskrift af bls. 179–183 úr dómabók Snæfellssýslu 1820–1824 um útmælingu Baulárvalla, dags. 7.7.1823. |
| | 6(5) | Baulárvellir, eigendasaga, dags. 2.9.2015, ásamt ljósriti úr veðmálaregistri. |
| | 6(6) | Mótmæli sóknarnefndar Stykkishólmskirkju vegna landamerkja, dags. 24.7.1964. |
| | 6(7) | Samningur um leigu hreppsnefndar Stykkishólmshrepps á eyðibýlinu Baulárvöllum að meðtöldum veiðirétti í Baulárvallavatni, dags. 1.8.1942. |
| | 6(8) | Baulárvellir, fimmtán ljósmyndir af hnitsettum punktum með upplýsingum um örnefni og hnit. |

| | | |
|---|---|---|
| | 6(9) | Baulárvellir, greinargerð, dags. 10.1.2019. |
| | 6(10) | Afrit af byggingarbréfi fyrir Baulárvelli, dags. 15.8.1823, ásamt uppskrift. |

## Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Syðra-Lágafells:

| | | |
|---|---|---|
| 7 | | Syðra-Lágafell, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 7(1) | Syðra-Lágafell 1, veðbókarvottorð, dags. 30.5.2018. |
| | 7(2) | Syðra-Lágafell 1, útprentun úr fasteignaskrá, dags. 30.5.2018. |
| | 7(3) | Syðra-Lágafell 2, afsal, dags. 20.5.1957. |
| | 7(4) | Syðra-Lágafell, greinargerð, dags. 10.1.2019. |
| | 7(5) | Fylgiskjal 1 með greinargerð: Hornpunktaskrá fyrir Syðra-Lágafell. |
| | 7(6) | Fylgiskjal 2 með greinargerð: Ýmis gögn um örnefnaskráningu. |
| | 7(7) | Fylgiskjal 3 með greinargerð: Sex ljósmyndir af Frakkaskarði og Breiðaskarði, Lágafellshálsi, Hvítfossagili, Urðarmúla o.fl. |

## Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Elliða:

| | | |
|---|---|---|
| 8 | | Elliði, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 8(1) | Elliði, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 8(2) | Yfirlýsing um landamerki Elliða, dags. 1.1.1964, ásamt uppdráttum. Merkt nr. 51 sbr. skjal 15(1). |

## Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Ytra-Lágafells:

| | | |
|---|---|---|
| 9 | | Ytra-Lágafell, kröfulýsing, dags. 10.6.2018. |
| | 9(1) | Ytra-Lágafell, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 9(2) | Yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi, apríl 1964, þinglýst 12.5.1964. Merkt nr. 9 sbr. skjal 15(1). |
| | 9(3) | Uppdráttur af landi Hofsstaða og Ytra-Lágafells, júlí 2011. Merkt nr. 10 sbr. skjal 15(1). |
| | 9(4) | Ytra-Lágafell, afsal, dags. 31.10.1939. Merkt nr. 15 sbr. skjal 15(1). |
| | 9(5) | Ytra-Lágafell, afsal, dags. 7.9.1994. Merkt nr. 16 sbr. skjal 15(1). |
| | 9(6) | Ytra-Lágafell, afsal, dags. 1.6.1995. Merkt nr. 17 sbr. skjal 15(1). |
| | 9(7) | Ytra-Lágafell, afsal dags. 28.1.1992. Merkt nr. 22 sbr. skjal 15(1). |

## Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Hofsstaða:

| | | |
|---|---|---|
| 10 | | Hofsstaðir, kröfulýsing, dags. 10.6.2018. |
| | 10(1) | Hofsstaðir, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 10(2) | Yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi, apríl 1964, þinglýst 12.5.1964. Merkt nr. 9 sbr. skjal 15(1). |
| | 10(3) | Uppdráttur af landi Hofsstaða og Ytra-Lágafells, júlí 2011. Merkt nr. 10 sbr. skjal 15(1). |
| | 10(4) | Landsyfirréttardómur nr. 33/1890. Landamerki Hofsstaða og veiði í Straumfjarðará. Merkt nr. 13 sbr. skjal 15(1). |
| | 10(5) | Lóðarleigusamningur milli eiganda Hofsstaða og Múlavirkjunar, dags. 15.9.2004. Merkt nr. 36 sbr. skjal 15(1). |
| | 10(6) | Stofnskjal vegna Múlavirkjunar, dags. 2.12.2003. Merkt nr. 39 sbr. skjal 15(1). |

## Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Dals:

| | | |
|---|---|---|
| 11 | | Dalur, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 11(1) | Dalur, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 11(2) | Tvær síður úr registri afsals- og veðmálabóka um Dal. Merkt nr. 14 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(3) | Skuldaviðurkenning vegna Dals, dags. 8.7.1896. Merkt nr. 21 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(4) | Dalur, afsal, dags. 22.2.1971. Merkt nr. 23 sbr. skjal 15(1). |

| | | |
|---|---|---|
| | 11(5) | Dalur, afsal, dags. 21.11.1968. Merkt nr. 24 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(6) | Matsgerð vegna veiðiréttinda í Baulárvallavatni, dags. 8.1.1980. Merkt nr. 25 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(7) | Afsal vegna veiðiréttinda í Baulárvallavatni, dags. 17.1.1945 og 2.5.1945. Merkt nr. 26 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(8) | Sex bréf frá árinu 1979 vegna innlausnarbeiðni um veiðirétt í Baulárvallavatni. Merkt nr. 27–32 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(9) | Afsal vegna veiðiréttinda í Baulárvallavatni, dags. 10.9.1982. Merkt nr. 33 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(10) | Lóðarleigusamningur milli eigenda Dals og Múlavirkjunar, dags. 15.9.2004. Merkt nr. 35 sbr. skjal 15(1). |

## Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns:

| | | |
|---|---|---|
| 12 | | Hraunsfjörður, Selvellir og Horn, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 12(1) | Hraunsfjörður, Selvellir og Horn, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 12(2) | Selvellir, afsal, dags. 25.9.1918. Merkt nr. 18 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(3) | Horn, afsal, dags. 4.4.1918. Merkt nr. 19 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(4) | Selvellir, afsal, dags. 16.6.1898. Merkt nr. 20 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(5) | Bréf, dags. 22.10.1979, frá Jóni Thors til sóknarprestsins í Stykkishólmi um landamerki Horns og Selvalla. Merkt nr. 34 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(6) | Lóðarleigusamningur milli eiganda Horns og Múlavirkjunar, dags. 30.9.1994. Merkt nr. 37 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(7) | Stofnskjal vegna stíflusvæðis, dags. 19.7.2004. Merkt nr. 38 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(8) | Landamerkjaskrár fyrir Horn og Selvelli, og Hraunsfjörð, dags. 30.4.1889 og 15.10.1888. Merkt 54 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(9) | Horn, afsal, dags. 12.9.1961. |

## Lagt fram af lögmönnum málsaðila og óbyggðanefnd:

| | | |
|---|---|---|
| 13 | | Yfirlitskort, mál nr. 4/2018. Kröfulínur málsaðila, vinnukort, dags. 22.6.2018. |
| | 13(2) | Yfirlitskort, mál nr. 4/2018. Kröfulínur málsaðila, dags. 27.8.2018. |
| | 13(3) | Yfirlitskort, mál nr. 4/2018. Kröfulínur málsaðila, dags. 27.11.2018. |

## Lagt fram af óbyggðanefnd:

| | | |
|---|---|---|
| 14 | 14(1) | Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 22.6.2018. |
| | 14(2) | Fundargerð vettvangsferðar, dags. 31.8.2018. |
| | 14(3) | Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 13.9.2018. |
| | 14(4) | Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 12.10.2018. |
| | 14(5) | Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 5.11.2018. |
| | 14(6) | Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 26.11.2018. |
| | 14(7) | Fundargerð 6. fyrirtöku, dags. 14.1.2019. |
| | 14(8) | Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 28.2.2019 |
| | 14(9) | Fundargerð 8. fyrirtöku, dags. 14.8.2019. |

## Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Elliða, Ytra-Lágafells, Hofsstaða, Dals, Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns:

| | | |
|---|---|---|
| | 15(1) | Skjalaskrá Guðjóns Ármannssonar, lögmanns, lögð fram við aðalmeðferð 28.2.2019. |
| | 15(2) | Bréf Vesturamtsins, dags. 26.3.1889, til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu um tíund af Baulárvöllum. Merkt nr. 7 sbr. skjal 15(1). |
| | 15(3) | Kæra varðandi Baulárvelli, dags. 27.5.1843, uppskrift. Merkt nr. 8 sbr. skjal 15(1). |

| | | |
|---|---|---|
| | 15(4) | Kort af Baulárvallavatni og nágrenni. Merkt nr. 11 sbr. skjal 15(1). |
| | 15(5) | Upplýsingar úr manntölum frá árunum 1703–1910. Merkt nr. 12 sbr. skjal 15(1). |
| | 15(6) | Útmælingargjörð vegna Baulárvalla, dags. 7.7.1823, afrit úr dómabók Snæfellsnessýslu ásamt tveimur uppskriftum. Merkt nr. 40 sbr. skjal 15(1). |

## Skrá yfir skjöl lögð fram til hliðsjónar í máli nr. 4/2018 (OBN 18060010).

### Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

| | |
|---|---|
| H-1 | Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 3.5.2018. |
| H-2 | Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 10.4.2015. |
| H-3 | Gagnaskilaáætlun 2018. Svæði 9b. Snæfellsnes. Áætlun Þjóðskjalasafns Íslands um gagnaskil vegna svæðis 9B. |
| H-4 | Jarðalisti um svæði 9B sem notaður er við leit að gögnum á Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 12.2.2018. |
| H-5 | Örnefnaskrár frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir Baulárvelli, Dal, Elliða, Hofsstaði, Horn, Hraunsfjörð, Hrísdal, Selvelli, Syðra-Lágafell og Ytra-Lágafell. |
| H-6 | Jarðalisti um svæði 9B sem notaður er við leit að gögnum á Þjóðskjalasafni Íslands, uppfærður, dags. 14.8.2018. |
| H-7 | Minnisblað um leit óbyggðanefndar í skjalaflokki B.3. Dómar fyrir svæði 9B, dags. 26.2.2019. |
| H-8 | Minnisblað um leit óbyggðanefndar í skjalaflokki B.6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum fyrir svæði 9B, dags. 26.2.2019. |
| H-9 | Minnisblað um leit óbyggðanefndar í skjalaflokki B.9. Alþingisbækur Íslands fyrir svæði 9B, dags. 26.2.2019. |
| H-23 | Skýrslur í máli nr. 4/2018 hjá óbyggðanefnd við aðalmeðferð 28.2.2019 (26 bls., skrifaðar upp eftir hljóðupptöku). |

### Lagt fram til hliðsjónar af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Elliða, Ytra-Lágafells, Hofsstaða, Dals, Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns:

| | |
|---|---|
| H-10 | Örnefnaskrár frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir Hofsstaði, Horn, Selvelli, Dal, Elliða og Hraunsfjörð. Merkt nr. 1–6 sbr. skjal 15(1). |
| H-11 | Grein úr dagblaðinu Tímanum 24.2.1963 eftir Sigurð Ólason um Baulárvelli. Merkt nr. 41 sbr. skjal 15(1). |
| H-12 | Grein úr dagblaðinu Tímanum 6.1.1963 eftir Guðlaug Jónsson um Baulárvelli. Merkt nr. 42 sbr. skjal 15(1). |
| H-13 | Grein í dagblaðinu Tímanum 6.7.1963 eftir Sigurð Ólason um Baulárvelli. Merkt nr. 43 sbr. skjal 15(1). |
| H-14 | Grein í Búnaðarritinu 1903 um ferð um Snæfellsness- og Dalasýslu sumarið 1902. Merkt nr. 44 sbr. skjal 15(1). |
| H-15 | Auglýsing í Ísafold 22.3.1890 um að nokkrar jarðir fáist til ábúðar, þar á meðal Dalur. Merkt nr. 45 sbr. skjal 15(1). |
| H-16 | Frétt í Ísafold 10.6.1914. Merkt nr. 46 sbr. skjal 15(1). |
| H-17 | Fjórar auglýsingar í dagblöðum um sölu veiðileyfa í Baulárvallavatni. Merkt nr. 47 sbr. skjal 15(1). |
| H-18 | Grein í Breiðfirðingi 1957: „Séð upp til Selja“ eftir Guðbrand Sigurðsson. Merkt nr. 48 sbr. skjal 15(1). |
| H-19 | Minningargreinar um Ársæl Jóhannesson í Dal, í Morgunblaðinu 15.3.2003. Merkt nr. 49 sbr. skjal 15(1). |

| | |
|---|---|
| H-20 | Blaðsíður úr byggðasögu Snæfellinga. Merkt nr. 50 sbr. skjal 15(1). |
| H-21 | Nýbýlatilskipun 15. apríl 1776: „Forordning om friheder for bebyggere af öde jorder i Island“. Merkt 52 sbr. skjal 15(1). |
| H-22 | Landamerkjalög nr. 5/1882. Merkt nr. 53 sbr. skjal 15(1). |

*b) Skjalaskrá í númeraröð*

## Skjöl lögð fram í máli nr. 4/2018
## (OBN 18060010)

### Lagt fram af Eddu Andradóttur lögmanni og Indriða Þorkelssyni lögmanni f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | | Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 8.2.2018. |
| | 1(1) | Skjalaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 8.2.2018. |
| | 1(2) | Tilvísanaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 8.2.2018, ásamt viðkomandi gögnum: 1) Efni úr Landnámabók í Íslenzkum fornritum I; 2) efni úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, V. bindi; 3) efni um Snæfellsnes úr Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenzka bókmenntafélags; 4–5) efni úr Árbókum Ferðafélags Íslands 1932 og 1986; 6) efni úr Byggðum Snæfellsness; 7–12) uppskriftum Þjóðskjalasafns Íslands úr dómabókum 1847 og afsals- og veðmálabókum 1824–1883; 13–14) örnefnaskrá Kristjáns Elíassonar 1963 og korti sem fylgdi henni. |
| | 1(3) | Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 9 hjá óbyggðanefnd, dags. 17.9.2014. |
| | 1(4) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 9, dags. 12.12.2014. |
| | 1(5) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 22.12.2014. |
| | 1(6) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 9, dags. 25.2.2015. |
| | 1(7) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 19.3.2015. |
| | 1(8) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9, dags. 29.5.2015. |
| | 1(9) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 29.5.2015. |
| | 1(10) | Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um skiptingu svæðis 9 og kröfulýsingafresti, dags. 30.9.2015. |
| | 1(11) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins um skiptingu svæðis 9, dags. 30.9.2015. |
| | 1(12) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 9.3.2016. |
| | 1(13) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 14.3.2016. |
| | 1(14) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 5.9.2016. |
| | 1(15) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 6.9.2016. |
| | 1(16) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanna íslenska ríkisins um tafir á gagnaöflun vegna svæðis 9B og mögulega framlengingu kröfulýsingarfrests, dags. 28.11.2016. |
| | 1(17) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 30.11.2016. |
| | 1(18) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 6.12.2016. |

| | | |
|---|---|---|
| | 1(19) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanna íslenska ríkisins um tafir á gagnaöflun vegna svæðis 9B og mögulega framlengingu kröfulýsingarfrests, dags. 23.8.2017. |
| | 1(20) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 30.8.2017. |
| | 1(21) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 1.9.2017. |
| | 1(22) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanna íslenska ríkisins um afmörkun svæðis 9B hjá óbyggðanefnd, dags. 28.1.2018. |
| | 1(23) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9B, dags. 30.1.2018. |
| | 1(24) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 31.1.2018. |
| | 1(25) | Uppskriftir landamerkjabréfa fyrir Elliða (29.12.1888) og yfirlýsing um landamerki Elliða (1.1.1964), Lágafell (29.12.1888), Lágafell syðra (30.12.1888), Gaul (23.6.1885), Dal (28.9.1887), Hofsstaði (19.3.1886 og 2.1.1890) og yfirlýsing um landamerki milli Ytri-Lágafells og Hofsstaða (apríl 1964), Horn og Selvelli (30.4.1889), Hraunsfjörð (15.10.1888). |
| | 1(26) | Dómur Hæstaréttar í máli nr. 566/2016, dags. 30.3.2017. |
| | 1(27) | Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 26.11.2018. |

## Lagt fram af óbyggðanefnd:

| | | | Skjala-flokkur[1] |
|---|---|---|---|
| 2 | | Yfirlit/heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 26.7.2019 (uppfært). | |
| | 2(1) a–b | Elliði, landamerki, dags. 29.12.1888, þinglýsingar ekki getið. Merkt 1. | A.1 |
| | 2(2) a–b | Lágafell-ytra, landamerki, dags. 29.12.1888, þinglýsingar ekki getið. Merkt 2. | A.1 |
| | 2(3) a–b | Lágafell-syðra, landamerki, dags. 30.12.1888, þinglýsingar ekki getið. Merkt 3. | A.1 |
| | 2(4) a–b | Lágafell-ytra og Hofsstaðir, yfirlýsing um landamerki, dags. 20.4.1964; athugasemd dags. og þinglýst 12.5.1964. Merkt 4 a–b. | A.1 |
| | 2(5) a–b | Helgafell og Hofsstaðaland, yfirlýsing um landamerki, dags. 22.5.1891, þinglýsingar ekki getið. Merkt 5 a–b. | A.1 |
| | 2(6) a–b | Staðarstaður, landamerki allra Staðarstaðarkirkjujarða, dags. 20.8.1884, þinglýsingar ekki getið. Merkt 6 a–c. | A.1 |
| | 2(7) a–b | Gaul, landamerkjaskrá, dags. 23.6.1885, þinglýsingar ekki getið. Merkt 7 a–b. | A.1 |
| | 2(8) a–b | Dalur, landamerki, dags. 28.9.1887, þinglýsingar ekki getið. Merkt 8. | A.1 |
| | 2(9) a–b | Hraunháls og Berserkjahraun, landaskiptagjörð, dags. 1.8.1914, þinglýst 19.6.1916. Merkt 9 a–b. | A.1 |
| | 2(10) a–b | Horn og Selvellir, landamerki, dags. 30.4.1889, þinglýsingar ekki getið. Merkt 10 a–b. | A.1 |
| | 2(11) a–b | Hraunsfjörður, landamerki, dags. 15.10.1888, þinglýsingar ekki getið. Merkt 11. | A.1 |
| | 2(12) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 15.9.1642. Merkt 10 a–d. | A.8 |
| | 2(13) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 16.9.1676. Merkt 24 a–c. | A.8 |
| | 2(14) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 25.8.1701. Merkt 30 a–b. | A.8 |
| | 2(15) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 21.9.1724. Merkt 44 a–d. | A.8 |

[1] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“: https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/frumgagnayfirlit.pdf

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 2(16) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 9.9.1751. Merkt 64 a–b. | A.8 |
| | 2(17) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 23.9.1758. Merkt 71 a–c. | A.8 |
| | 2(18) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 29.8.1783. Merkt 87 a–c. | A.8 |
| | 2(19) a–b | Vísitasía Helgafells, dags. 7.8.1831. Merkt 104 a–c. | A.8 |
| | 2(20) a–b | Vísitasía Stykkishólms, dags. 19.7.1891. Merkt 108 a–b. | A.8 |
| | 2(21) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 3.9.1642. Merkt 5 a–c. | A.8 |
| | 2(22) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 6.9.1676. Merkt 19 a–c. | A.8 |
| | 2(23) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 5.9.1701. Merkt 35 a–b. | A.8 |
| | 2(24) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 19.9.1713. Merkt 40 a–b. | A.8 |
| | 2(25) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 30.9.1724. Merkt 49 a–b. | A.8 |
| | 2(26) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 29.8.1751. Merkt 59 a–c. | A.8 |
| | 2(27) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 31.5.1759. Merkt 76 a–c. | A.8 |
| | 2(28) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 9.9.1783. Merkt 92 a–c. | A.8 |
| | 2(29) a–b | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 30.7.1831. Merkt 99 a–c. | A.8 |
| | 2(30) a–b | Arnarstapaumboð, skoðunargerð 1778. Getið um deilu á milli Dals og Hofsstaða sem hefðu lögfest landið Króka sem væri þó í landi Dals. Merkt 2 a–c. | A.13 |
| | 2(31) a–b | Arnarstapaumboð, skoðunargerð 1778. Ábúandi Syðra-Lágafells getur þess að Hofsstaðir hafi lögfest stóran hluta af landi Syðra-Lágafells. Merkt 3 a–c. | A.13 |
| | 2(32) a–b | Baulárvellir, afsal, dags. 9.9.1882, þinglýst 13.6.1883. Egill Sveinbjarnarson Egilsson gefur Stykkishólmskirkju jörðina Baulárvelli í Helgafellssveit. Afrit fylgir á staðfestri uppskrift af sömu síðum, dags. 4.3.1963. Merkt 1 a–d. | A.3 |
| | 2(33) a–b | Elliði, afsal, dags. 23.5.1908, þinglýst 10.6.1908. Landsjóður selur Sæmundi Sigurðssyni ábúanda þjóðjörðina Elliða. Merkt 2. | A.3 |
| | 2(34) a–b | Ytra-Lágafell, afsal, dags. 12.5.1908, þinglýst 9.6.1909. Landsjóður selur Kristjáni Elíassyni ábúanda þjóðjörðina Lágafell ytra. Merkt 10. | A.3 |
| | 2(35) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 10.7.1824. Merkt 2 a–b. | A.9 |
| | 2(36) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 8.7.1825. Merkt 3 a–b. | A.9 |
| | 2(37) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 16.7.1840. Merkt 5 a–b. | A.9 |
| | 2(38) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 5.10.1843. Merkt 6 a–b. | A.9 |
| | 2(39) a–b | Staðarstaður, úttekt árið 1883. Merkt 7 a–c. | A.9 |
| | 2(40) a–b | Prófastsvísitasía Staðarstaðar, dags. 9.6.1874. Merkt 19 a–b. | A.9 |
| | 2(41) a–b | Staðarstaður, úttekt, dags. 19.1.1878. Merkt 29 a–d. | A.9 |
| | 2(42) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 22.6.1898. Merkt 20 a–b. | A.9 |
| | 2(43) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 10.10.1902. Merkt 21 a–b. | A.9 |
| | 2(44) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 17.6.1906. Merkt 22 a–b. | A.9 |
| | 2(45) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 12.7.1910. Merkt 23 a–b. | A.9 |
| | 2(46) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 21.12.1913. Merkt 24 a–b. | A.9 |
| | 2(47) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 3.9.1917. Merkt 25 a–c. | A.9 |
| | 2(48) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 4.6.1935. Merkt 26 a–b. | A.9 |
| | 2(49) a–b | Prófastsvísitasía Stykkishólmskirkju, dags. 14.7.1952. Merkt 27 a–b. | A.9 |
| | 2(50) | Fasteignamat 1916–1918: Skrá og undirmat: Selvellir, Horn, Hraunsfjörður, Baulárvellir, Hraunháls, Berserkjahraun, Elliði, Lágafell ytra, Hofsstaðir, Staðarstaður, Helgafell, Gaul, Dalur. Merkt 1 a–v, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8 a–b, 9 a–b, 10 a–b, 11 a–b, 12, 13 a–b, 14 a–b. | A.5 |
| | 2(51) a–b | Baulárvellir; settur útmælingarréttur til að útmæla land til nýbýlis í eyðibyggðinni Baulárvöllum; landamerkja getið; dags. 7.7.1823. Merkt 22 a–f. | A.2 |
| | 2(52) a–b | Hofsstaðir, lögfesta fyrir jörðina ásamt eyðihjábýlinu Hálsi, dags. 17.3.1774. Landamerkjum lýst nákvæmlega og ítaka getið. Merkt 23 a–c. | A.2 |
| | 2(53) a–b | Hofsstaðir, kaupbréf, dags. 10.7.1779. Merkt 24 a. | A.2 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 2(54) a–b | Hofssstaðir, kaupbréf, dags. 4.6.1800. Merkt 25 a–b. | A.2 |
| | 2(55) a–b | Hofsstaðir, afsal, dags. 5.7.1836. Merkt 26 a–b. | A.2 |
| | 2(56) a–b | Hofsstaðir, kaupbréf, dags. 26.10.1837. Merkt 27 a–b. | A.2 |
| | 2(57) a–b | Hofsstaðir, makaskipti 2.1.1856. Merkt 28 a–b. | A.2 |
| | 2(58) | Jarðamat Snæfellsnessýslu 1804: Elliði, Hraunsfjörður, Horn og Hofsstaðir. Merkt 15a, 16a, 17a, 18a. | A.5 |
| | 2(59) | Jarðamatið 1849–1850: Jarðaskrá og Elliði, Gaul, Horn og Hraunsfjörður. Merkt 1 a–r, 18 a–b, 20 a–c, 21 a–b. | A.5 |
| | 2(60) a–b | Elliði, virðingargjörð á jörðinni, dags. 15.3.1897. Landamerkja getið. Merkt 2 a–c. | A.10 |
| | 2(61) a–b | Bréf frá sýslumanni Snæfellsnessýslu til amtmanns í Vesturamti um tíundargreiðslur af eyðibýlinu Baulárvöllum; einnig fjallað um landamerki og afréttarland; dags. 8.2.1859. Merkt 3 a–b. | A.10 |
| | 2(62) a–b | Afrit úr dóma- og þingbók Snæfellsnessýslu af útmælingarrétti að Baulárvöllum, dags. 7.7.1823. Merkt 4 a–c. | A.10 |
| | 2(63) a–b | Skýrsla um byggingu og tíundargjald af nýbýlinu Baulárvöllum 1823–1855, dags. 24.1.1859. Merkt 5 a–b. | A.10 |
| | 2(64) a–b | Bréf frá sýslumanni Snæfellsnessýslu til amtmanns í Vesturamti um byggingu jarðarinnar Baulárvalla, dags. 6.5.1858. Merkt 6 a–b. | A.10 |
| | 2(65) a–b | Bréf frá A. Thorlacius til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu um ágreining út af byggingu jarðarinnar Baulárvalla, dags. 2.1.1858. Merkt 7 a–b. | A.10 |
| | 2(66) a–b | Bréf frá S. Níelsson til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu vegna ágreinings um tíund og byggingu jarðarinnar Baulárvalla, dags. 12.3.1858. Merkt 8 a–b. | A.10 |
| | 2(67) a–b | Bréf frá sýslumanni Snæfellsnessýslu til amtmanns í Vesturamti um hvort bygging nýbýlisins Baulárvalla hafi uppfyllt skilyrði eyðibýlatilskipunar frá 15. apríl 1776, dags. 8.8.1843. Merkt 9 a–b. | A.10 |
| | 2(68) a–b | Bréf hreppstjóra og bænda í Helgafellssveit til sýslumanns um ýmis sveitarmál, m.a. afréttarmál og Baulárvelli, dags. 27.5.1843. Merkt 10 a–c. | A.10 |
| | 2(69) a–b | Bréf frá Grími Paulssyni á Helgafelli til amtmanns í Vesturamti um útmælingu nýbýlis á Baulárvöllum og um nytjar og eldri byggingar á staðnum, dags. 30.4.1823. Merkt 11 a–b. | A.10 |
| | 2(70) a–b | Bréf frá Grími Paulssyni á Helgafelli til hreppstjóra og bænda í Helgafellssveit um heyskap hans á Baulárvöllum, dags. 9.12.1822. Með fylgir yfirlýsing, dags. 14.12.1822, frá J. Kolbeinssen og fleirum um afréttarplássið Baulárvelli. Merkt 12 a–c. | A.10 |
| | 2(71) a–b | Pro memoria frá bændum í Staðarsveit og Miklaholtshreppi vegna upprekstrarplássins á Baulárvöllum, dags. 20.12.1822. Merkt 13 a–b. | A.10 |
| | 2(72) a–b | Útmælingarréttur 7.7.1823. Vilchinsmáldagi lagður fram varðandi ítök Staðastaðarkirkju á Baulárvöllum. Bændur sem mættu sögðust ekkert ítak eiga í jörðina en hún hefði lengi verið notuð sem afréttur. Landamerki skráð. Jörðin ákvörðuð 14 hundruð að dýrleika. Merkt 43 a–c. | A.6.b |
| | 2(73) a–b | Manntalsþing 28.5.1824. Upplesið var byggingarbréf fyrir Baulárvelli, útgefið af Bjarna Thorsteinssyni amtmanni 15.8.1823 fyrir sr. Grím Pálsson á Helgafelli með öllum réttindum skv. tilskipun frá 15.4.1776. Merkt 44 a–b. | A.6.b |
| | 2(74) a–b | Manntalsþingsréttur 24.6.1828. Upplesið var tilboð sr. Gríms Pálssonar um að taka Baulárvelli til ábýlis eða eignar en enginn vildi hana. Merkt 45 a–b. | A.6.b |
| | 2(75) a–b | Manntalsþingsréttur 28.5.1832. Þinglýst var kaupbréfi hvar mad. A. Steinbak seldi Guðmundi Sumarliðasyni hálfa Baulárvelli. Merkt 46 a. | A.6.b |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 2(76) a–b | Manntalsþingsréttur 10.5.1839. Lesinn var kaupgjörningur, dags. 29.11.1838, þar sem Guðmundur Sumarliðason seldi hálfa jörðina Baulárvelli til sr. P. Péturssonar og Þorleifs Þorleifssonar hreppstjóra. Merkt 47 a–b. | A.6.b |
| | 2(77) a–b | Manntalsþingsréttur 15.5.1839. Upplesið var kaupbréf fyrir hálfum Baulárvöllum hvar Guðmundur Sumarliðason seldi sr. P. Péturssyni og Þorleifi Þorleifssyni eignina. Smith, faktor í Stykkishólmi, kom fyrir réttinn og sagði jarðarpartinn vera skriflega veðsettan sér. Merkt 48 a–b. | A.6.b |
| | 2(78) a–b | Manntalsþingsréttur 7.6.1847. Upplesin var lögfesta fyrir landamerkjum Baulárvalla, inntaks ekki getið. Merkt 49 a–b. | A.6.b |
| | 2(79) a–b | Manntalsþing 27.5.1868. Auglýst var afsalsbréf, dags. 4.4.1868, þar sem sr. Sveinn Níelsson afhenti Agli Egilsen í Stykkishólmi jörðina Baulárvelli. Merkt 50 a–b. | A.6.b |
| | 2(80) a–b | Manntalsþing 13.6.1883. Upplesið var gjafabréf fyrir Baulárvöllum til Stykkishólmskirkju frá Agli Egilsen alþingismanni; jörðin var síðan boðin upp til ábúðar og afnota en ekkert boð fékkst. Merkt 51 a–b. | A.6.b |
| | 2(81) a–b | Manntalsþing 25.6.1881. Auglýst var afsalsbréf fyrir Elliða frá Elíasi Kjernesteð á Borg, dags. 30.4.1881, til Guðmundar Sigurðssonar á Borg. Merkt 52 a. | A.6.b |
| | 2(82) a–b | Aukaréttur 10.3.1897. Björn Andrésson og Siggeir Sigurðsson voru dómkvaddir til að meta Elliða. Merkt 53 a. | A.6.b |
| | 2(83) a–b | Manntalsþing 3.6.1907. Björn Andrésson og Þorgils Guðmundsson staðfestu matsgjörð fyrir jörðina Elliða. Merkt 54 a–b. | A.6.b |
| | 2(84) a–b | Manntalsþing 13.6.1774. Upplesin var lögfesta fyrir Hofsstaði, dags. 17.3.1774, inntaks ekki getið. Merkt 55 a–b. | A.6.b |
| | 2(85) a–b | Manntalsþing 24.4.1805. Upplesin var lögfesta fyrir Hofsstaði, inntaks ekki getið. Merkt 56 a. | A.6.b |
| | 2(86) a–b | Manntalsþing 10.6.1891. Lesin var landamerkjaskrá fyrir Hofsstaði, inntaks ekki getið. Merkt 57 a. | A.6.b |
| | 2(87) a–b | Manntalsþing 13.6.1889. Þinglesin voru landamerkjabréf Hraunsfjarðar, Horns og Selvalla; inntaks ekki getið. Merkt 58 a–c. | A.6.b |
| | 2(88) a–b | Aukaréttur 22.4.1916. Guðbrandur Sigurðsson og Sigurður Jónsson voru dómkvaddir til að gera lýsingu á jörðinni Horni. Merkt 59 a–b. | A.6.b |
| | 2(89) a–b | Manntalsþingsréttur 18.5.1850. O.M. Thorberg friðlýsti heimalandi Helgafells og öllum kirkjunnar eignum og ítökum í hreppnum. Merkt 60 a–b. | A.6.b |
| | 2(90) a–b | Manntalsþingsréttur 25.6.1836. Upplesið var byggingarbréf jarðanna Berserkjahrauns og Hraunháls, dags. 11.9.1835. Merkt 61 a–b. | A.6.b |
| | 2(91) a–b | Bréf, dags. 14.10.1854, um að Guðmundur Sumarliðason hafi verið búandi á hálfum Baulárvöllum á móti Jóni Sigurðssyni. Síðar hafi Jón flutt á Gröf í Miklaholtshreppi og Jónas Samsonsson tekið við ábýlinu. Mikill ófriður hafi verið milli Guðmundar og nágranna hans. Merkt 2 a–c. | A.6.c |
| | 2(92) a–b | Elliði, byggingarbréf, dags. 3.10.1941. Merkt 3. | A.6.c |
| | 2(93) a–b | Hofsstaðir, lögfesta, dags. 17.3.1774. Merkt 4 a–b. | A.6.c |
| | 2(94) | Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afréttarmálefni sveitarfélaga, dags. 20.2.1989. Merkt 8. | A.16 |
| | 2(95) | Svar oddvita Eyjahrepps, dags. 4.3.1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989, um afréttarmálefni sveitarfélagsins. Merkt 5. | A.16 |
| | 2(96) | Svar bæjarstjórans í Stykkishólmi, dags. 4.3.1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989, um afréttarmálefni sveitarfélagsins. Merkt 6. | A.16 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 2(97) | Svar oddvita Miklaholtshrepps, dags. 4.12.1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989, um afréttarmálefni sveitarfélagsins. Merkt 7. | A.16 |
| | 2(98) a–b | Bréf, dags. 15.1.1920, frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, svar við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919. Merkt 122. | A.11 |
| | 2(99) | Kaupbréf, dags. 3.5.1910, um að Jónas Sigurðsson kaupi Helgafell. Merkt 106 a–b. | A.11 |
| | 2(100) a–b | Bréf, dags. 11.1.1910, þar sem biskup gefur Stjórnarráðinu umsögn um sölu á Helgafelli. Merkt 107 a–b. | A.11 |
| | 2(101) a–b | Bréf, dags. 15.11.1909, frá Sigurði Gunnarssyni prófasti til Stjórnarráðsins þar sem hann tjáir sig um sölu Helgafells. Merkt 108 a–b. | A.11 |
| | 2(102) a–b | Matsgjörð á Helgafelli, dags. 20.11.1908, lögð fram á manntalsþingi 14.6.1909. Merkt 109 a–b. | A.11 |
| | 2(103) a–b | Skýrsla um Helgafell, dags. 12.10.1908, frá Sigurði Gunnarssyni til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Merkt 110 a–b. | A.11 |
| | 2(104) a–b | Bréf, dags. 10.3.1908, frá Jónasi Sigurðssyni til Stjórnarráðsins með beiðni um að fá að kaupa Helgafell. Merkt 111. | A.11 |
| | 2(105) a–b | Bréf, dags. 10.3.1908, frá Jónasi Sigurðssyni, ábúanda á Helgafelli, til sýslumanns þar sem beðið er um meðmæli sýslumanns og sýslunefndar til að kaupa jörðina og senda erindi hans til stjórnarráðsins. Merkt 112. | A.11 |
| | 2(106) a–b | Útskrift úr dómsmálabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um manntalsþing þar sem virðingagjörð Helgafells er staðfest, dags. 14.6.1909. Merkt 113 a–b. | A.11 |
| | 2(107) a–b | Útskrift úr dómsmálabók Snæfellsness- og Hnappadalssýlu um aukarétt þar sem menn eru útnefndir til að meta Helgafell, dags. 8.10.1908. Merkt 114 a–b. | A.11 |
| | 2(108) a–b | Útskrift úr landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um landamerki Helgafells, dags. 22.5.1891. Merkt 115 a–e. | A.11 |
| | 2(109) a–b | Bréf, dags. 3.5.1910, þar sem Stjórnarráðið sendir sýslumanni veðskuldabréf Jónas Sigurðssonar fyrir Helgafelli. Merkt 116 a–b. | A.11 |
| | 2(110) | Uppkast að skuldabréfi Jónasar Sigurðssonar fyrir Helgafelli, dags. 3.5.1910. Merkt 117 a–b. | A.11 |
| | 2(111) a–b | Umboð, dags. 15.4.1910, frá Jónasi Sigurðssyni, ábúanda á Helgafelli, til séra Haraldar Níelssonar til að gera kaupsamning og skrifa undir skuldabréf fyrir sig. Merkt 118 a–b. | A.11 |
| | 2(112) a–b | Bréf, dags. 23.2.1910, frá Stjórnarráðinu til prófasts Snæfellsnesprófastsdæmis þar sem tilkynnt að jörðin Helgafell verði seld. Merkt 119 a–b. | A.11 |
| | 2(113) a–b | Kaups leitað í Helgafell og rætt um verðið á jörðinni, dags. 21.2.1910. Merkt 120 a–c. | A.11 |
| | 2(114) a–b | Bréf, dags. 10.1.1910, þar sem Stjórnarráðið biður biskup um umsögn varðandi sölu á Helgafelli. Merkt 121. | A.11 |
| | 2(115) a–b | Bréf vegna Baulárvalla frá amtmanninum í Vesturamti til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu dags. 25.8.1843. Merkt 1 a–b. | A.6.f |
| | 2(116) | Vísitasía Staðarstaðar, dags. 26.7.1891. Merkt 112 a–b. | A.8 |
| | 2(117) a–b | Hofsstaðir, landamerki dags. 19.3.1886, þinglýsingar ekki getið. Merkt 67 a–b. | A.1 |
| | 2(118) a–b | Hofsstaðir, landamerki dags. 2.1.1890, þinglýsingar ekki getið. Merkt 68 a–b. | A.1 |
| | 4(1) | Ný jarðabók 1861, bls. 56–65. | B.2 |
| | 4(2) | Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 134–162. | B.2 |
| | 4(3) | Fasteignabók 1921, bls. 40–53. | B.2 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 4(4) | Fasteignabók 1932, bls. 35–40. | B.2 |
| | 4(5) | Fasteignabók 1942–1944, opna 6–10. | B.2 |
| | 4(6) | Reglugjörð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjármörk, rjettahöld og eyðingu refa, m.fl., nr. 76/1894. | B.4 |
| | 4(7) | Reglugjörð um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 74/1904. | B.4 |
| | 4(8) | Reglugjörð um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 7/1911. | B.4 |
| | 4(9) | Reglugjörð um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 100/1916. | B.4 |
| | 4(10) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m.m., nr. 76/1930. | B.4 |
| | 4(11) | Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m.m. frá 24. júlí 1930, nr. 90/1932. | B.4 |
| | 4(12) | Reglugerð um breytingar og viðauki við fjallskilareglugerð m.m. fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 24. júlí 1930, nr. 120/1940. | B.4 |
| | 4(13) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 7/1948. | B.4 |
| | 4(14) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 100/1956. | B.4 |
| | 4(15) | Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 100 17. júlí 1956, nr. 151/1958. | B.4 |
| | 4(16) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 253/1968. | B.4 |
| | 4(17) | Reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o.fl., nr. 376/1975. | B.4 |
| | 4(18) | Fjallskilasamþykkt fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 404/1986. | B.4 |
| | 4(19) | Fjallskilasamþykkt fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 647/1998. | B.4 |
| | 4(20) | Fjallskilasamþykkt fyrir umdæmi sýslumanns Snæfellinga, nr. 791/2012. | B.4 |
| | 4(21) | Elliði, yfirlýsing um landamerki, dags. 1.1.1964, þinglýst 20.2.1964, ásamt örnefnaskrá og uppdrætti með landamerkjum, auk mótmæla sóknarnefndar Stykkishólmskirkju við þinglýsingunni, dags. 24. 7.1964, þinglýst 23.9.1964. | A.3 |
| | 4(22) | Landsyfirréttardómur nr. 33/1890. Landamerki Hofsstaða og veiði í Straumfjarðará. | B.3 |
| | 4(23) | Samþykkt fyrir Veiðifélag Straumfjarðarár, nr. 84/1939 og arðskrár fyrir félagið nr. 85/1939 og 69/1968. | B.6 |
| | 4(24) | Baulárvellir, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. | A.3 |
| | 4(25) | Elliði, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. | A.3 |
| | 4(26) | Lágafell ytra, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu. | A.3 |
| | 4(27) | Lágafell syðra, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu. | A.3 |
| | 4(28) | Hofsstaðir, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. | A.3 |
| | 4(29) | Dalur, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. | A.3 |
| | 4(30) | Selvellir, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. | A.3 |
| | 4(31) | Hraunsfjörður, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu. | A.3 |
| | 4(32) | Berserkjahraun, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu. | A.3 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 4(33) | Hraunháls, síða úr registri veðbóka Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. | A.3 |
| | 4(34) | Baulárvellir, lögfesta, dags. 6.4.1847, þinglýst 7.6.1847. | A.3 |
| | 4(35) | Skrá um kanúkasetur og staðarforráð að Helgafelli. [Um 1186.] Í.f. I, bls. 280–282. | B.1 |
| | 4(36) | Skrá um landamerki staðarins á Helgafelli, ítök o.fl. [Um 1250.] Í.f. I, bls. 574–578. | B.1 |
| | 4(37) | Máldagi Helgafellskirkju. [Um 1274.] Í.f. II, bls. 115–116. | B.1 |
| | 4(38) | Máldagi Þórðar Sturlusonar fyrir rekum Helgafellsklausturs fyrir sunnan heiði. [Um 1280.] Í.f. II, bls. 164. | B.1 |
| | 4(39) | Rekaskrá Helgafellsklausturs. 1355. Í.f. III, bls. 105–106. | B.1 |
| | 4(40) | Máldagi Helgafellsklausturs. [1377–1378.] Í.f. III, bls. 325–329. | B.1 |
| | 4(41) | Máldagi Helgafellsklausturs (Vilchinsmáldagi). 1397. Í.f. IV, bls. 165–172. | B.1 |
| | 4(42) | Rekaskrá Helgafellsklausturs. 1398. Í.f. III, bls. 632–634. | B.1 |
| | 4(43) | Helgafellsklaustur og eignir þess selt á leigu. 25.7.1556. Í.f. XIII, bls. 147–148. | B.1 |
| | 4(44) | Konungur leggur fyrir Eggert lögmann Hannesson að úrskurða um jarðir er komnar séu undan Helgafellsklaustri. 20.3.1563. Í.f. XIV, bls. 62–63. | B.1 |
| | 4(45) | Máldagi Helgafellskirkju (Gíslamáldagi). Um 1570. Í.f. XV, bls. 602–603. | B.1 |
| | 4(46) | Máldagi Staðarstaðar. [Um 1274.] Í.f. II, bls. 114. | B.1 |
| | 4(47) | Máldagi Staðarstaðar. [1354.] Í.f. III, bls. 80–81. | B.1 |
| | 4(48) | Máldagi Staðarstaðar (Vilchinsmáldagi). 1397. Í.f. IV, bls. 175–177. | B.1 |
| | 4(49) | Máldagi Staðarstaðar (Gíslamáldagi). Um 1570. Í.f. XV, bls. 607–608. | B.1 |
| | 4(50) | Máldagi Hofsstaðakirkju í Miklaholtshreppi. [1375.] Í.f. III, bls. 305. | B.1 |
| | 4(51) | Máldagi Hofsstaðakirkju í Miklaholtshreppi. [1491–1518.] Í.f. VII, bls. 65. | B.1 |
| | 4(52) | Máldagi Hofsstaðakirkju í Miklaholtshreppi (Gíslamáldagi). Um 1570. Í.f. XV, bls. 608–609. | B.1 |
| | 4(53) | Úr Hítardalsbók um Staðarkirkju, Helgafellsklaustur o.fl. Í.f. III, bls. 226. | B.1 |
| | 4(54) | Bréfságrip um Hraunsfjörð. 1362. Í.f. III, bls. 182. | B.1 |
| | 4(55) | Testamentisbréf Einars Þorlákssonar, gjafabréf fyrir Hraunsfirði. 14.1.1362. Í.f. VI, bls. 14–15. | B.1 |
| | 4(56) | Afsals- og landamerkjabréf um Horn í Helgafellssveit. [1377?] Í.f. III, bls. 313–314. | B.1 |
| | 4(57) | Kaupbréf um Horn og Berserkseyri. [1360/1365.] Í.f. VI, bls. 12–13. | B.1 |
| | 4(58) | Vitnisburður um landamerki Gaular í Staðarsveit. [Um 1380?] Í.f. III, bls. 344. | B.1 |
| | 4(59) | Landamerki milli Hofsstaða í Miklaholtshreppi og Lágafella. [Um 1380?] Í.f. III, bls. 344–346. | B.1 |
| | 4(60) | Landamerki milli Lágafella beggja. [Um 1380?] Í.f. III, bls. 346. | B.1 |
| | 4(61) | Landamerki milli Lágafells og Elliða. [Um 1380?] Í.f. III, bls. 346–347. | B.1 |
| | 4(62) | Skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur þær í Skálholtsbiskupsdæmi er presta þarf til að fá. Um 1200. Í.f. XII, bls. 1–15. | B.1 |
| | 4(63) | Skipan um kirkju og sóknir um Snæfellsnes. 27.9.1563. Í.f. XIV, bls. 152–155. | B.1 |
| | 4(64) | Fjarðatal á Íslandi. [1312.] Í.f. III, bls. 13–17. | B.1 |
| | 4(65) | Máldagi Gaularkirkju (Gíslamáldagi). Um 1570. Í.f. XV, bls. 608. | B.1 |
| | 4(66) | Úr Landnámabók. Íslenzk fornrit I (1968), bls. 98–125. | B.7 |
| | 4(67) | Úr Landið og Landnáma eftir Harald Matthíasson (1982), bls. 155–174 og kort. | B.7 |

| | | |
|---|---|---|
| | 5(1) | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 7.5.2018. |
| | 5(2) | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög II, dags. 27.8.2018. |
| | 5(3) | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, lokadrög, dags. 30.10.2018. |
| | 5(4) | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, lokagerð, dags. 31.10.2018. |

## Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Baulárvalla:

| | | |
|---|---|---|
| 6 | | Baulárvellir, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 6(1) | Baulárvellir, veðbókarvottorð, dags. 30.5.2018 |
| | 6(2) | Baulárvellir, útprentun úr fasteignaskrá, dags. 25.5.2018. |
| | 6(3) | Baulárvellir, uppdráttur af landamerkjum, okt. 2014. |
| | 6(4) | Baulárvellir, hornpunktaskrá, ásamt bls. 63 úr bókinni Eyðibýli í Helgafells-sveit með lögfestu fyrir Baulárvelli, dags. 6.4.1847, uppskrift af bls. 179–183 úr dómabók Snæfellssýslu 1820–1824 um útmælingu Baulárvalla, dags. 7.7.1823. |
| | 6(5) | Baulárvellir, eigendasaga, dags. 2.9.2015, ásamt ljósriti úr veðmálaregistri. |
| | 6(6) | Mótmæli sóknarnefndar Stykkishólmskirkju vegna landamerkja, dags. 24.7.1964. |
| | 6(7) | Samningur um leigu hreppsnefndar Stykkishólmshrepps á eyðibýlinu Baulárvöllum að meðtöldum veiðirétti í Baulárvallavatni, dags. 1.8.1942. |
| | 6(8) | Baulárvellir, fimmtán ljósmyndir af hnitsettum punktum með upplýsingum um örnefni og hnit. |
| | 6(9) | Baulárvellir, greinargerð, dags. 10.1.2019. |
| | 6(10) | Afrit af byggingarbréfi fyrir Baulárvelli, dags. 15.8.1823, ásamt uppskrift. |

## Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Syðra-Lágafells:

| | | |
|---|---|---|
| 7 | | Syðra-Lágafell, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 7(1) | Syðra-Lágafell 1, veðbókarvottorð, dags. 30.5.2018. |
| | 7(2) | Syðra-Lágafell 1, útprentun úr fasteignaskrá, dags. 30.5.2018. |
| | 7(3) | Syðra-Lágafell 2, afsal, dags. 20.5.1957. |
| | 7(4) | Syðra-Lágafell, greinargerð, dags. 10.1.2019. |
| | 7(5) | Fylgiskjal 1 með greinargerð: Hornpunktaskrá fyrir Syðra-Lágafell. |
| | 7(6) | Fylgiskjal 2 með greinargerð: Ýmis gögn um örnefnaskráningu. |
| | 7(7) | Fylgiskjal 3 með greinargerð: Sex ljósmyndir af Frakkaskarði og Breiðaskarði, Lágafellshálsi, Hvítfossagili, Urðarmúla o.fl. |

## Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Elliða:

| | | |
|---|---|---|
| 8 | | Elliði, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 8(1) | Elliði, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 8(2) | Yfirlýsing um landamerki Elliða, dags. 1.1.1964, ásamt uppdráttum. Merkt nr. 51 sbr. skjal 15(1). |

## Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Ytra-Lágafells:

| | | |
|---|---|---|
| 9 | | Ytra-Lágafell, kröfulýsing, dags. 10.6.2018. |
| | 9(1) | Ytra-Lágafell, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 9(2) | Yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi, apríl 1964, þinglýst 12.5.1964. Merkt nr. 9 sbr. skjal 15(1). |

| | | |
|---|---|---|
| | 9(3) | Uppdráttur af landi Hofsstaða og Ytra-Lágafells, júlí 2011. Merkt nr. 10 sbr. skjal 15(1). |
| | 9(4) | Ytra-Lágafell, afsal, dags. 31.10.1939. Merkt nr. 15 sbr. skjal 15(1). |
| | 9(5) | Ytra-Lágafell, afsal, dags. 7.9.1994. Merkt nr. 16 sbr. skjal 15(1). |
| | 9(6) | Ytra-Lágafell, afsal, dags. 1.6.1995. Merkt nr. 17 sbr. skjal 15(1). |
| | 9(7) | Ytra-Lágafell, afsal dags. 28.1.1992. Merkt nr. 22 sbr. skjal 15(1). |

**Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Hofsstaða:**

| | | |
|---|---|---|
| 10 | | Hofsstaðir, kröfulýsing, dags. 10.6.2018. |
| | 10(1) | Hofsstaðir, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 10(2) | Yfirlýsing um landamerki Ytra-Lágafells og Hofsstaða í Miklaholtshreppi, apríl 1964, þinglýst 12.5.1964. Merkt nr. 9 sbr. skjal 15(1). |
| | 10(3) | Uppdráttur af landi Hofsstaða og Ytra-Lágafells, júlí 2011. Merkt nr. 10 sbr. skjal 15(1). |
| | 10(4) | Landsyfirréttardómur nr. 33/1890. Landamerki Hofsstaða og veiði í Straumfjarðará. Merkt nr. 13 sbr. skjal 15(1). |
| | 10(5) | Lóðarleigusamningur milli eiganda Hofsstaða og Múlavirkjunar, dags. 15.9.2004. Merkt nr. 36 sbr. skjal 15(1). |
| | 10(6) | Stofnskjal vegna Múlavirkjunar, dags. 2.12.2003. Merkt nr. 39 sbr. skjal 15(1). |

**Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Dals:**

| | | |
|---|---|---|
| 11 | | Dalur, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 11(1) | Dalur, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 11(2) | Tvær síður úr registri afsals- og veðmálabóka um Dal. Merkt nr. 14 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(3) | Skuldaviðurkenning vegna Dals, dags. 8.7.1896. Merkt nr. 21 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(4) | Dalur, afsal, dags. 22.2.1971. Merkt nr. 23 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(5) | Dalur, afsal, dags. 21.11.1968. Merkt nr. 24 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(6) | Matsgerð vegna veiðiréttinda í Baulárvallavatni, dags. 8.1.1980. Merkt nr. 25 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(7) | Afsal vegna veiðiréttinda í Baulárvallavatni, dags. 17.1.1945 og 2.5.1945. Merkt nr. 26 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(8) | Sex bréf frá árinu 1979 vegna innlausnarbeiðni um veiðirétt í Baulárvallavatni. Merkt nr. 27–32 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(9) | Afsal vegna veiðiréttinda í Baulárvallavatni, dags. 10.9.1982. Merkt nr. 33 sbr. skjal 15(1). |
| | 11(10) | Lóðarleigusamningur milli eigenda Dals og Múlavirkjunar, dags. 15.9.2004. Merkt nr. 35 sbr. skjal 15(1). |

**Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns:**

| | | |
|---|---|---|
| 12 | | Hraunsfjörður, Selvellir og Horn, kröfulýsing, dags. 21.6.2018. |
| | 12(1) | Hraunsfjörður, Selvellir og Horn, greinargerð, dags. 13.1.2019. |
| | 12(2) | Selvellir, afsal, dags. 25.9.1918. Merkt nr. 18 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(3) | Horn, afsal, dags. 4.4.1918. Merkt nr. 19 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(4) | Selvellir, afsal, dags. 16.6.1898. Merkt nr. 20 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(5) | Bréf, dags. 22.10.1979, frá Jóni Thors til sóknarprestsins í Stykkishólmi um landamerki Horns og Selvalla. Merkt nr. 34 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(6) | Lóðarleigusamningur milli eiganda Horns og Múlavirkjunar, dags. 30.9.1994. Merkt nr. 37 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(7) | Stofnskjal vegna stíflusvæðis, dags. 19.7.2004. Merkt nr. 38 sbr. skjal 15(1). |

| | | |
|---|---|---|
| | 12(8) | Landamerkjaskrár fyrir Horn og Selvelli, og Hraunsfjörð, dags. 30.4.1889 og 15.10.1888. Merkt 54 sbr. skjal 15(1). |
| | 12(9) | Horn, afsal, dags. 12.9.1961. |

**Lagt fram af lögmönnum málsaðila og óbyggðanefnd:**

| | | |
|---|---|---|
| 13 | | Yfirlitskort, mál nr. 4/2018. Kröfulínur málsaðila, vinnukort, dags. 22.6.2018. |
| | 13(2) | Yfirlitskort, mál nr. 4/2018. Kröfulínur málsaðila, dags. 27.8.2018. |
| | 13(3) | Yfirlitskort, mál nr. 4/2018. Kröfulínur málsaðila, dags. 27.11.2018. |

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

| | | |
|---|---|---|
| 14 | 14(1) | Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 22.6.2018. |
| | 14(2) | Fundargerð vettvangsferðar, dags. 31.8.2018. |
| | 14(3) | Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 13.9.2018. |
| | 14(4) | Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 12.10.2018. |
| | 14(5) | Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 5.11.2018. |
| | 14(6) | Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 26.11.2018. |
| | 14(7) | Fundargerð 6. fyrirtöku, dags. 14.1.2019. |
| | 14(8) | Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 28.2.2019 |
| | 14(9) | Fundargerð 8. fyrirtöku, dags. 14.8.2019. |

**Lagt fram af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Elliða, Ytra-Lágafells, Hofsstaða, Dals, Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns:**

| | | |
|---|---|---|
| | 15(1) | Skjalaskrá Guðjóns Ármannssonar, lögmanns, lögð fram við aðalmeðferð 28.2.2019. |
| | 15(2) | Bréf Vesturamtsins, dags. 26.3.1889, til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu um tíund af Baulárvöllum. Merkt nr. 7 sbr. skjal 15(1). |
| | 15(3) | Kæra varðandi Baulárvelli, dags. 27.5.1843, uppskrift. Merkt nr. 8 sbr. skjal 15(1). |
| | 15(4) | Kort af Baulárvallavatni og nágrenni. Merkt nr. 11 sbr. skjal 15(1). |
| | 15(5) | Upplýsingar úr manntölum frá árunum 1703–1910. Merkt nr. 12 sbr. skjal 15(1). |
| | 15(6) | Útmælingargjörð vegna Baulárvalla, dags. 7.7.1823, afrit úr dómabók Snæfellsnessýslu ásamt tveimur uppskriftum. Merkt nr. 40 sbr. skjal 15(1). |

## Skrá yfir skjöl lögð fram til hliðsjónar í máli nr. 4/2018 (OBN 18060010).

**Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:**

| | |
|---|---|
| H-1 | Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 3.5.2018. |
| H-2 | Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 10.4.2015. |
| H-3 | Gagnaskilaáætlun 2018. Svæði 9b. Snæfellsnes. Áætlun Þjóðskjalasafns Íslands um gagnaskil vegna svæðis 9B. |
| H-4 | Jarðalisti um svæði 9B sem notaður er við leit að gögnum á Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 12.2.2018. |
| H-5 | Örnefnaskrár frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir Baulárvelli, Dal, Elliða, Hofsstaði, Horn, Hraunsfjörð, Hrísdal, Selvelli, Syðra-Lágafell og Ytra-Lágafell. |
| H-6 | Jarðalisti um svæði 9B sem notaður er við leit að gögnum á Þjóðskjalasafni Íslands, uppfærður, dags. 14.8.2018. |

| | |
|---|---|
| H-7 | Minnisblað um leit óbyggðanefndar í skjalaflokki B.3. Dómar fyrir svæði 9B, dags. 26.2.2019. |
| H-8 | Minnisblað um leit óbyggðanefndar í skjalaflokki B.6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum fyrir svæði 9B, dags. 26.2.2019. |
| H-9 | Minnisblað um leit óbyggðanefndar í skjalaflokki B.9. Alþingisbækur Íslands fyrir svæði 9B, dags. 26.2.2019. |

## Lagt fram til hliðsjónar af Guðjóni Ármannssyni lögmanni vegna Elliða, Ytra-Lágafells, Hofsstaða, Dals, Hraunsfjarðar, Selvalla og Horns:

| | |
|---|---|
| H-10 | Örnefnaskrár frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir Hofsstaði, Horn, Selvelli, Dal, Elliða og Hraunsfjörð. Merkt nr. 1–6 sbr. skjal 15(1). |
| H-11 | Grein úr dagblaðinu Tímanum 24.2.1963 eftir Sigurð Ólason um Baulárvelli. Merkt nr. 41 sbr. skjal 15(1). |
| H-12 | Grein úr dagblaðinu Tímanum 6.1.1963 eftir Guðlaug Jónsson um Baulárvelli. Merkt nr. 42 sbr. skjal 15(1). |
| H-13 | Grein í dagblaðinu Tímanum 6.7.1963 eftir Sigurð Ólason um Baulárvelli. Merkt nr. 43 sbr. skjal 15(1). |
| H-14 | Grein í Búnaðarritinu 1903 um ferð um Snæfellsness- og Dalasýslu sumarið 1902. Merkt nr. 44 sbr. skjal 15(1). |
| H-15 | Auglýsing í Ísafold 22.3.1890 um að nokkrar jarðir fáist til ábúðar, þar á meðal Dalur. Merkt nr. 45 sbr. skjal 15(1). |
| H-16 | Frétt í Ísafold 10.6.1914. Merkt nr. 46 sbr. skjal 15(1). |
| H-17 | Fjórar auglýsingar í dagblöðum um sölu veiðileyfa í Baulárvallavatni. Merkt nr. 47 sbr. skjal 15(1). |
| H-18 | Grein í Breiðfirðingi 1957: „Séð upp til Selja“ eftir Guðbrand Sigurðsson. Merkt nr. 48 sbr. skjal 15(1). |
| H-19 | Minningargreinar um Ársæl Jóhannesson í Dal, í Morgunblaðinu 15.3.2003. Merkt nr. 49 sbr. skjal 15(1). |
| H-20 | Blaðsíður úr byggðasögu Snæfellinga. Merkt nr. 50 sbr. skjal 15(1). |
| H-21 | Nýbýlatilskipun 15. apríl 1776: „Forordning om friheder for bebyggere af öde jorder i Island“. Merkt 52 sbr. skjal 15(1). |
| H-22 | Landamerkjalög nr. 5/1882. Merkt nr. 53 sbr. skjal 15(1). |

## Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

| | |
|---|---|
| H-23 | Skýrslur í máli nr. 4/2018 hjá óbyggðanefnd við aðalmeðferð 28.2.2019 (26 bls., skrifaðar upp eftir hljóðupptöku). |

**FYLGISKJAL III: KORT**